03.1.1 Löggæsla	13.556,7
03.1.2 Brunavarnir	146,2
Samtals	13.702,9
03.2 Dómstólar	2.640,4
03.3 Fangelsi	1.476,0
03.4 Önnur réttar- og öryggismál	4.779,5
Löggæsla og öryggismál samtals	22.598,8

04. Fræðslumál

04.1	Grunnskólastig	617,7
04.2	Framhaldsskólastig	
04.2.1	Almennt framhaldsskólastig	15.853,8
04.2.2	Sérskólastig	3.609,2
	Samtals	19.463,0
04.3	Æðra skólastig	
04.3.1	Háskólastig	26.734,9
	Samtals	26.734,9
04.4	Aðrir skólar, óta.	26,1
04.5	Námsaðstoð	645,7
04.6	Önnur fræðslumál, óta.	1.428,7
	Fræðslumál samtals	48.916,1

05. Heilbrigðismál

05.1	Sjúkrahúsaþjónusta	
05.1.1	Almenn sjúkrahúsaþjónusta	51.844,0
05.1.2	Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	1.118,4
05.1.4	Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	28.557,0
	Samtals	81.519,4
05.2	Heilsugæsla	
05.2.1	Almenn heilsugæsla	18.446,4
05.2.2	Sérstæð heilsugæsla	445,7
05.2.3	Tannlæknisþjónusta	1.541,0
05.2.4	Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla	2.164,0
	Samtals	22.597,1
05.4	Lyf og hjálpartæki	12.679,5
05.6	Önnur heilbrigðismál	3.508,0
	Heilbrigðismál samtals	120.304,0

06. Almannatryggingar og velferðarmál

06.1	Almannatryggingar	
06.1.1	Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	11.709,0
06.1.3	Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	61.685,3
06.1.4	Atvinnuleysisbætur	6.813,0

	m.kr.
06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	12.248,6
06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð	8.590,0
Samtals	101.045,9
06.2 Velferðarmál	
06.2.1 Barna- og unglungaheimili	969,4
06.2.3 Málefni fatlaðra	11.056,6
06.2.4 Önnur velferðarheimili	321,7
06.2.5 Velferðarþjónusta utan stofnana	63,9
06.2.6 Önnur velferðarþjónusta	2.397,7
Samtals	14.809,3
Almannatryggingar og velferðarmál samtals	115.855,2
07. Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál	
07.1 Húsnæðis- og skipulagsmál	
07.1.1 Húsnæðismál	2.282,4
07.1.2 Skipulagsmál	2.621,7
Samtals	4.904,1
07.3 Hreinsunarmál	
07.3.1 Almenn hreinsunarmál	2.050,0
Samtals	2.050,0
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals	6.954,1
08. Menningarmál	
08.0 Menningarmál	
08.0.1 Æskulýðs-, íþróttá- og útivistarmál	622,3
08.0.2 Söfn, listir o.fl.	6.721,3
08.0.3 Fjölmiðlar	3.327,6
08.0.4 Kirkjumál	5.887,5
08.0.5 Önnur menningarmál	325,7
Samtals	16.884,4
Menningarmál samtals	16.884,4

09. Eldsneytis- og orkumál

09.1 Eldsneytismál	450,0
09.2 Orkumál	
09.2.1 Raforkumál	1.663,8
09.2.3 Orkumál	813,5
Samtals	2.477,3
Eldsneytis- og orkumál samtals	2.927,3

10. Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál

10.1 Landbúnaðarmál	
10.1.1 Jarðræktarmál	672,8
10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	10.231,0
10.1.4 Framleiðnistarfsemi	286,0
10.1.6 Farsóttarvarnir	52,0
10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	1.233,5
Samtals	12.475,3
10.2 Skógræktarmál	918,2
10.3 Sjávarútvegsmál	
10.3.3 Tekju- og verðlagsmál sjávarafurða	16,3
10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	2.555,6
10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	1.054,4
Samtals	3.626,3
10.5 Önnur sjávarútvegs- og landbúnaðarmál	719,2
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals	17.739,0

11. Iðnaðarmál

11.2 Iðnaðarstarfsemi	2.148,6
Iðnaðarmál samtals	2.148,6

12. Samgöngumál

12.1 Landsamgöngur	
12.1.1 Vega- og gatnagerð	34.808,6
12.1.2 Umferðarmál	540,5
Samtals	35.349,1

	m.kr.
12.2 Sjó- og vatnasamgöngur	
12.2.2 Sjósamgöngur,	3.553,2
Samtals	3.553,2
12.4 Loftsamgöngur	
12.4.2 Önnur loftsamgöngumál,	5.112,7
Samtals	5.112,7
12.7 Önnur samgöngumál,	2.392,9
Samgöngumál samtals	46.407,9
13. Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	
13.2 Ferðþjónusta	850,9
13.4 Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	5.408,7
13.5 Almenn launa- og atvinnumál	1.908,4
13.6 Önnur atvinnumál,	1.003,4
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals	9.171,4
14. Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0 Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	34.672,7
14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila,	11.027,0
14.0.3 Önnur þjónusta	23.710,6
Samtals	69.410,3
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals	69.410,3
Heildargjöld samtals	507.414,4

Séryfirlit 2
Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2009

m.kr.

Rekstrargjöld

Laun	127.941,9
Lífeyrisskuldbindingar	5.284,0
Önnur gjöld	114.702,7
Sértekjur	-32.401,6
Rekstrargjöld samtals	215.527,0

Fjármagnskostnaður **34.670,0**

Rekstrar- og neyslutilfærslur

Lífeyristryggingar	53.854,0
Sjúkratryggingar	23.641,0
Fæðingarorlofsjóður	10.929,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	10.747,0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	10.184,0
Barnabætur	10.100,0
Afskriftir skattkrafna	10.000,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	9.689,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	8.343,0
Vaxtabætur	7.770,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	7.723,0
Framlag til sókna og kirkjugarða	4.287,2
Ríkisútvarpið	2.945,0
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	2.610,6
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	32.230,8
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	205.053,6

Viðhald

Vegakerfi	4.913,8
Annað	3.574,4
Viðhald samtals	8.488,2

Fjárfesting

Vegakerfi	25.312,9
Hafnarframkvæmdir	2.488,1
Háskólar og framhaldskólar	2.140,0
Heilbrigðisstofnanir	1.869,6
Flugvellir	422,3
Annað	11.415,7
Fjárfesting samtals	43.675,6

Gjöld samtals **507.414,4**

Séryfirlit 3
Markaðar tekjur 2009

m.kr		Sjóðs- hreyfingar
02-977	Höfundarréttargjöld	
	Höfundarréttargjald	77,0
	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir	4,1
	Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef	15,9
	Greitt úr ríkissjóði	97,0
03-611	Útflutningsráð Íslands	
	Markaðsgjald	421,1
	Greitt úr ríkissjóði	421,1
04-215	Fiskistofa	
	Gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni	9,0
	Tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks	16,5
	Gjald vegna eftirlits um borð í fiskiskipum	18,0
	Greitt úr ríkissjóði	43,5
04-234	Matvælastofnun	
	Eftirlitsgjöld með áburði og jarðvegsbætandi efnum, innflutningur og innlend framleiðsla	3,0
	Eftirlitsgjöld með innfluttri sáðvöru	2,3
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum	16,0
	Vinnsluleyfi fiskvinnslustöðva	2,0
	Gjald fyrir landamæraeftirlit	4,5
	Fóðureftirlitsgjald af innlendri framleiðslu	0,5
	Fóðureftirlitsgjald af innflutningi	14,0
	Greitt úr ríkissjóði	42,3
04-818	Búnaðarsjóður	
	Búnaðargjald á búvöruframleiðslu	320,0
	Greitt úr ríkissjóði	320,0
04-827	Fóðursjóður	
	Aðflutningsgjöld af fóðri í Fóðursjóð	115,0
	Greitt úr ríkissjóði	115,0
04-843	Fiskræktarsjóður	
	Gjald af skírum veiðitekjum veiðifélaga	11,0
	Greitt úr ríkissjóði	11,0

07-331	Vinnueftirlit ríkisins	
	Skráning vinnuvéla.....	6,4
	Greitt úr ríkissjóði	6,4
07-515	Framkvæmdasjóður aldraðra	
	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.368,1
	Greitt úr ríkissjóði	1.368,1
07-827	Lífeyristryggingar	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	26.884,8
	Greitt úr ríkissjóði	26.884,8
07-982	Ábyrgðasjóður launa	
	Ábyrgðargjald vegna launa	826,6
	Greitt úr ríkissjóði	787,5
	Viðskiptahreyfing	39,1
07-984	Atvinnuleysistryggingasjóður	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	5.405,0
	Greitt úr ríkissjóði	6.813,0
	Viðskiptahreyfing	-1.408,0
07-987	Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	
	Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnu- tryggingargjaldi	9,9
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	9,9
07-989	Fæðingarorlof	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs	9.034,4
	Greitt úr ríkissjóði	10.447,0
	Viðskiptahreyfing	-1.412,6
08-208	Slysatryggingar	
	Slysatryggingagjald vegna sjómanna	50,0
	Greitt úr ríkissjóði	50,0
08-305	Lýðheilsustöð	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	88,7
	Greitt úr ríkissjóði	88,7

08-397	Lyfjastofnun	
	Gjald vegna innflutnings og sölu óskráðra lyfja	8,0
	Lyfjaeftirlitsgjald.....	86,0
	Árgjald lyfja til Lyfjastofnunar	52,0
	Greitt úr ríkissjóði	107,2
	Viðskiptahreyfing.....	38,8
09-391	Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	
	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.....	1.991,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.991,0
09-402	Fasteignaskrá Íslands	
	Brunabótamatsgjald.....	90,0
	Fasteignamatsgjald	259,0
	Skráningargjald nýrra fasteigna í fasteignaskrá	40,0
	Greitt úr ríkissjóði	389,0
10-211	Rekstur Vegagerðarinnar	
	Oliugjald til reksturs Vegagerðarinnar	675,6
	Leyfis- og eftirlitsgjöld Vegagerðarinnar af flutningum á landi	4,0
	Leyfisgjöld Vegagerðarinnar vegna leigubifreiða.....	6,0
	Greitt úr ríkissjóði	685,6
10-212	Samgönguverkefni	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni til framkvæmda Vegagerðarinnar	7.653,0
	Oliugjald til framkvæmda Vegagerðarinnar.....	6.184,4
	Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald, til framkvæmda Vegagerðarinnar	1.343,0
	Greitt úr ríkissjóði	28.754,4
	Viðskiptahreyfing.....	-13.574,0
10-251	Umferðarstofa	
	Skráningargjöld ökutækja.....	358,9
	Umferðaröryggisgjald	90,2
	Greitt úr ríkissjóði	449,1
10-335	Siglingastofnun Íslands	
	Vitagjald	133,0
	Greitt úr ríkissjóði	133,0
10-471	Flugmálastjórn Íslands	
	Gjald fyrir útgáfu skírteina Flugmálastjórnar til einstaklinga	8,7
	Gjald fyrir útgáfu starfsleyfa og skírteina Flugmálastjórnar til lögaðila	22,4
	Skráning loftfars til atvinnuflugs.....	1,4
	Greitt úr ríkissjóði	32,5

10-475	Flugvellir og flugleiðsögubjónusta	
	Flugvallaskattur	484,0
	Varaflugvallagjald	521,0
	Greitt úr ríkissjóði	764,6
	Viðskiptahreyfing	240,4
10-512	Póst- og fjarskiptastofnunin	
	Rekstrargjald vegna starfsemi á sviði póst- og fjarskipta.....	112,3
	Gjald fyrir úthlutuð símnúmer til fjarskiptafélaga	35,0
	Greitt úr ríkissjóði	147,3
10-513	Jöfnunarsjóður alþjónustu	
	Jöfnunargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna alþjónustu	208,0
	Greitt úr ríkissjóði	208,0
11-245	Samtök iðnaðarins	
	Iðnaðarmálagjald	300,0
	Greitt úr ríkissjóði	300,0
11-299	Iðja og iðnaður, framlög	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	58,6
	Greitt úr ríkissjóði	58,6
11-501	Ferðamálastofa	
	Gjald vegna eftirlits með tryggingum og rekstri ferðaskrifstofa	0,8
	Greitt úr ríkissjóði	0,8
12-190	Ýmis verkefni	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar	8,4
	Greitt úr ríkissjóði	8,4
12-421	Neytendastofa	
	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	60,5
	Gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana Neytendastofu	150,0
	Greitt úr ríkissjóði	210,5
12-811	Flutningssjóður olíuvara	
	Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur	450,0
	Greitt úr ríkissjóði	450,0

14-211	Umhverfisstofnun	
	Gjöld vegna starfsleyfa Umhverfisstofnunar	2,0
	Gjald af veiðikorti	36,0
	Leyfisgjald af veiðileyfi vegna hreindýraveiða.....	3,0
	Veiðileyfi hreindýraráðs.....	99,0
	Greitt úr ríkissjóði	140,0
14-287	Úrvinnslusjóður	
	Úrvinnslugjald.....	750,0
	Greitt úr ríkissjóði	750,0
14-289	Endurvinnslan hf.	
	Skilagjald á einnota umbúðir.....	1.200,0
	Umsýsluþóknun af einnota umbúðum.....	100,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.300,0
14-303	Skipulagsmál sveitarfélaga	
	Skipulagsgjald	300,0
	Greitt úr ríkissjóði	150,0
	Viðskiptahreyfing.....	150,0
14-310	Landmælingar Íslands	
	Birtingarleyfi til Landmælinga Íslands.....	3,0
	Greitt úr ríkissjóði	3,0
14-321	Brunamálstofnun ríkisins	
	Brunavarnargjald	270,0
	Greitt úr ríkissjóði	146,2
	Viðskiptahreyfing.....	123,8
14-381	Ofanflóðasjóður	
	Ofanflóðasjóðsgjald.....	1.270,0
	Greitt úr ríkissjóði	135,9
	Viðskiptahreyfing.....	1.134,1
	Heildartekjur	70.152,0
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði.....	84.810,5
	Mismunur.....	-14.658,5
	Þar af viðskiptahreyfingar.....	-14.658,5

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2009

m.kr		Sjóðs- hreyfingar
02-201	Háskóli Íslands	
	Innritunargjöld, Háskóli Íslands.....	455,2
	Framlag Happraettis HÍ til Háskóla Íslands.....	415,0
02-202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	
	Fisksjúkdómagjald.....	1,0
02-210	Háskólinn á Akureyri	
	Innritunargjöld, Háskólinn á Akureyri.....	63,4
02-216	Landbúnaðarháskóli Íslands	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Landbúnaðarháskóli Íslands.....	3,7
	Innritunargjöld, Landbúnaðarháskóli Íslands.....	26,0
02-217	Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	
	Innritunargjöld, Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal.....	8,0
02-238	Tækjasjóður	
	Leyfisgjald Happraettis Háskóla Íslands.....	150,0
	Greitt úr ríkissjóði	115,0
	Viðskiptahreyfing.....	35,0
02-301	Menntaskólinn í Reykjavík	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn í Reykjavík.....	7,4
02-302	Menntaskólinn á Akureyri	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Akureyri.....	6,3
02-303	Menntaskólinn að Laugarvatni	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Laugarvatni.....	1,4
02-304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Hamrahlíð.....	9,8
02-305	Menntaskólinn við Sund	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Sund	6,0
02-306	Menntaskólinn á Ísafirði	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Ísafirði	2,7

02-307	Menntaskólinn á Egilsstöðum Innritunargjöld, Menntaskólinn á Egilsstöðum	2,7
02-308	Menntaskólinn í Kópavogi Innritunargjöld, Menntaskólinn í Kópavogi	8,9
02-309	Kvennaskólinn í Reykjavík Innritunargjöld, Kvennaskólinn í Reykjavík	4,7
02-350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	10,0
02-351	Fjölbrautaskólinn Ármúla Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn Ármúla	9,6
02-352	Flensborgarskóli Innritunargjöld, Flensborgarskóli	6,1
02-353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurnesja	7,4
02-354	Fjölbrautaskóli Vesturlands Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Vesturlands	4,8
02-355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	1,9
02-356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	3,1
02-357	Fjölbrautaskóli Suðurlands Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurlands	7,1
02-358	Verkmenntaskóli Austurlands Innritunargjöld, Verkmenntaskóli Austurlands	1,5
02-359	Verkmenntaskólinn á Akureyri Innritunargjöld, Verkmenntaskólinn á Akureyri	10,4
02-360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	6,0
02-361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	1,0

02-362	Framhaldsskólinn á Húsavík Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Húsavík	1,1
02-363	Framhaldsskólinn á Laugum Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Laugum	1,0
02-365	Borgarholtsskóli Innritunargjöld, Borgarholtsskóli	9,0
02-367	Fjölbrautaskóli Snæfellinga Innritunargjöld, Snæfellsskóli	1,6
02-516	Iðnskólinn í Hafnarfirði Innritunargjöld, Iðnskólinn í Hafnarfirði.....	4,7
02-971	Ríkisútvarpið Afnotagjöld RÚV	2.945,0
02-974	Sinfóníuhljómsveit Íslands Hluti Reykjavíkurborgar í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands	116,3
04-215	Fiskistofa Gjald vegna eftirlits með eldi nytjastofna sjávar.....	0,4
04-234	Matvælastofnun Eftirlitsgjald fiskeldis- og hafbeitarstöðva	1,5
	Gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat á sláturafurðum.....	10,4
	Gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum.....	94,0
	Gjöld vegna eftirlits með innflutningi dýra.....	4,6
	Gjald vegna matvælaeftirlits	18,0
	Útflutningsvottorð Matvælastofnunar	2,8
	Vottorð Yfirdýralæknis	1,3
04-413	Verkefnasjóður sjávarútvegsins Gjald vegna ólögmæts sjávarafla	35,0
04-831	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins Afgjöld ríkisjarða	47,0
	Sala jarðeigna jarðasjóðs	200,0
06-106	Þjóðskrá Íbúaskrá Þjóðskrár	0,3
	Aðgangur að skrám Þjóðskrárinnar	96,6
	Vottorð Þjóðskrár	9,0

06-190	Ýmis verkefni	
	Prófgjöld vegna prófa dómtúlka og skjalabýðenda	1,5
06-312	Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	
	Tollafgreiðslugjöld til Lögreglustjórans á Suðurnesjum.....	26,5
06-430	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	
	Auglýsingar í Lögbirtingablaði	22,6
07-331	Vinnueftirlit ríkisins	
	Prófgjöld vegna verklegra prófa á vegum Vinnueftirlits ríkisins.....	15,4
	Skoðunargjöld til Vinnueftirlits ríkisins.....	170,9
	Útgáfa skirteina til að stjórna farandvinnuvélum	10,8
07-982	Ábyrgðasjóður launa	
	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum.....	74,7
08-301	Landlæknir	
	Gjald fyrir markaðseftirlit og klínískar prófanir lækningatækja	2,0
08-327	Geislavarnir ríkisins	
	Eftirlitsgjöld vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins	4,5
	Vottorð frá Geislavörnum ríkisins.....	0,7
08-373	Landspítali	
	Slysastofugjöld Landspítalans	130,0
08-397	Lyfjastofnun	
	Markaðsleyfi Lyfjastofnunar	139,0
	Vottorð Lyfjastofnunar	8,0
	Greitt úr rikissjóði	77,3
	Viðskiptahreyfing	69,7
09-201	Ríkisskattstjóri	
	Aðgangur að hlutafélagaskrá.....	62,0
	Aðgangur að fyrirtækjaskrá.....	29,0
	Vottorðsgjöld, hlutafélaga- og fyrirtækjaskrár	7,0
09-402	Fasteignaskrá Íslands	
	Gjald fyrir rafræn veðbandayfirlit	150,0
10-190	Ýmis verkefni	
	Gjald vegna málskots til úrskurðanefndar fjarskipta- og póstmála.....	1,8

10-251	Umferðarstofa	
	Hluti sveitarfélaga í rekstri Umferðarskólans	9,0
10-335	Siglingastofnun Íslands	
	Prófgjöld Siglingastofnunar Íslands	1,0
	Skoðunargjöld skipa	1,3
	Vottorð Siglingastofnunar	1,3
10-471	Flugmálastjórn Íslands	
	Prófgjöld Flugmálastjórnar	12,0
	Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteina Flugmálastjórnar	26,0
	Árgjöld vegna framhaldsvottunar Flugmálastjórnar	183,0
	Ýmsar leyfisheimildir og vottanir Flugmálastjórnar	2,1
10-475	Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	
	Lendingargjöld vegna innanlandsflugs	65,0
	Lendingargjald vegna millilandaflugs	639,1
	Öryggisgjald	513,9
10-512	Póst- og fjarskiptastofnunin	
	Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radiótæki	142,0
12-190	Ýmis verkefni	
	Prófgjöld vegna prófa fasteignasala	2,0
	Gjald til eftirlitsnefndar félags fasteignasala	19,0
12-402	Fjármálaeftirlitið	
	Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitisins	1.116,0
12-421	Neytendastofa	
	Eftirlitsgjald til Neytendastofunnar	10,5
12-431	Einkaleyfastofan	
	Gjöld fyrir einkaleyfi	42,6
	Gjöld fyrir vörumerki	139,5
	Gjöld fyrir hönnunarvernd	1,4
	Faggilding hjá Einkaleyfastofunni	13,7
14-211	Umhverfisstofnun	
	Mengunareftirlitgjald	10,0
14-231	Landgræðsla ríkisins	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Landgræðsla ríkisins	2,0

14-241	Skógrækt ríkisins	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Skógrækt ríkisins.....	5,0
	Heildartekjur	8.654,5
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði.....	8.549,8
	Mismunur	104,7
	Þar af viðskiptahreyfingar.....	104,7

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög 2009

m.kr		Sjóðs- hreyfingar
02-978	Listasjóðir	
	Listamannalaun	366,8
	Greitt úr ríkissjóði	366,8
06-705	Kirkjumálasjóður	
	Kirkjumálasjóður	322,4
	Greitt úr ríkissjóði	322,4
06-735	Sóknargjöld	
	Sóknargjöld	2.505,0
	Greitt úr ríkissjóði	2.505,0
06-736	Jöfnunarsjóður sókna	
	Jöfnunarsjóður sókna	417,1
	Greitt úr ríkissjóði	417,1
08-305	Lýðheilsustöð	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	65,0
	Tannverndarsjóður, lögbundið framlag	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	75,0
10-801	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	
	Lögbundið framlag	10.315,0
	Greitt úr ríkissjóði	10.315,0
	Lögbundin framlög alls	14.001,3
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	14.001,3

Séryfirlit 6
Rammafjárlög fyrir árin 2009 - 2012

m.kr	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>
Æðsta stjórn ríkisins	3.665	3.671	3.678	3.685
Embætti forseta Íslands	217	219	221	223
Alþingi og stofnanir þess	3.030	3.058	3.087	3.116
Ríkisstjórn	269	269	269	269
Hæstiréttur	149	149	149	149
Aðhaldsáform		-24	-48	-72
Forsætisráðuneyti	2.306	2.364	2.342	2.174
Ráðuneyti	553	583	637	491
Hagskýrslur	774	782	790	798
Annað	979	1.019	955	945
Aðhaldsáform		-20	-40	-60
Menntamálaráðuneyti	61.810	63.799	64.819	64.634
Ráðuneyti	711	718	725	732
Háskólar og rannsóknir	21.412	22.439	23.257	23.536
Framhaldsskólar	19.719	20.712	21.244	21.236
Grunnskólar	618	624	630	636
Námsaðstoð	8.369	8.452	8.537	8.622
Söfn, listastofnanir o.fl.	9.421	9.770	9.838	9.760
Annað	1.560	1.561	1.542	1.543
Aðhaldsáform		-477	-954	-1.431
Utanríkisráðuneyti	11.428	11.337	11.220	11.404
Ráðuneyti	1.470	1.471	1.294	1.307
Varnarmál	1.439	1.454	1.468	1.482
Sendiráð og fastanefndir	2.530	2.551	2.576	2.601
Þróunarmál og alþjóðastofnanir	5.568	5.518	5.617	5.827
Útflutningsmál	421	425	429	433
Aðhaldsáform		-82	-164	-246
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	17.785	17.470	17.355	17.193
Ráðuneyti	926	922	928	929
Eftirlitsstofnanir	1.857	1.885	1.904	1.923
Skógrækt og landgræðsla	560	565	571	577
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	10.184	10.092	10.000	9.910
Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar	1.459	1.311	1.304	1.297
Rannsóknir	2.799	2.779	2.816	2.809
Aðhaldsáform		-84	-168	-252

m.kr	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	27.189	24.455	24.653	26.445
Ráðuneyti.....	955	959	1.141	1.119
Dómsmál.....	1.880	1.899	1.918	1.937
Löggæslustofnanir og öryggismál.....	12.462	10.159	10.253	12.148
Sýslumenn.....	4.528	4.572	4.617	4.663
Fangelsismál.....	1.476	1.137	1.148	1.159
Kirkjumál.....	5.888	5.930	5.978	6.022
Aðhaldsáform.....		-201	-402	-603
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	102.480	106.435	106.522	106.888
Ráðuneyti.....	578	569	573	577
Húsnæðismál.....	2.260	2.260	2.260	2.260
Stjórnsýslustofnanir.....	690	696	703	710
Málefni barna.....	969	979	989	999
Málefni fatlaðra.....	10.894	10.959	11.171	11.388
Vinumál.....	19.218	22.005	20.995	20.235
Almannatryggingar.....	64.602	66.869	68.055	69.264
Málefni aldraðra.....	2.130	1.553	1.576	1.600
Annað.....	1.139	895	900	905
Aðhaldsáform.....		-350	-700	-1.050
Heilbrigðisráðuneyti	119.372	122.071	124.256	125.893
Ráðuneyti.....	573	578	584	590
Tryggingamál.....	24.854	25.878	26.919	27.817
Sjúkrahús og sérstæð sjúkrahúsaþjónusta.....	44.421	45.691	46.715	47.298
Öldrunarstofnanir, endurhæfing o. fl.....	22.719	23.825	24.484	25.161
Heilsugæsla.....	7.904	8.052	8.194	8.337
Heilbrigðisstofnanir.....	15.902	16.079	16.424	16.776
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir.....	1.312	1.317	1.320	1.333
Annað.....	1.687	1.697	1.708	1.719
Aðhaldsáform.....		-1.046	-2.092	-3.138
Fjármálaráðuneyti	52.971	54.033	52.795	53.662
Ráðuneyti.....	705	712	719	726
Skatta- og tollamál.....	4.765	4.822	4.870	4.918
Lífeyrir og eftirlaun.....	7.775	8.606	8.839	9.084
Barnabætur, vaxtabætur og eftirlaunauppbætur....	18.460	19.119	19.781	20.446
Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattur.....	12.845	12.512	12.181	12.207
Verðlagsmál.....	2.460	2.760	2.760	2.760
Þjónusta við ríkisaðila.....	4.057	3.748	2.075	2.100
Annað.....	1.904	1.910	1.882	1.889
Aðhaldsáform.....		-156	-312	-468

m.kr	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>
Samgönguráðuneyti	57.315	54.188	51.013	51.780
Ráðuneyti.....	570	574	578	582
Vegamál.....	36.646	33.347	31.624	31.900
Siglingamál.....	3.596	3.855	1.726	1.735
Flugmál.....	4.839	5.152	5.426	5.444
Póst- og fjarskiptamál.....	907	410	413	416
Sveitarstjórnarmál.....	10.757	10.980	11.506	12.093
Aðhaldsáform.....		-130	-260	-390
Iðnaðarráðuneyti	6.479	6.320	6.232	6.227
Ráðuneyti.....	247	250	252	254
Iðnaðarmál.....	1.901	1.970	2.048	2.047
Orkumál.....	2.477	2.398	2.255	2.273
Byggðamál.....	1.003	1.009	1.014	1.019
Ferðamál.....	851	725	727	730
Aðhaldsáform.....		-32	-64	-96
Viðskiptaráðuneyti	2.729	2.727	2.725	2.723
Ráðuneyti.....	312	314	316	318
Viðskiptamál.....	1.967	1.987	2.007	2.027
Flutningsjöfnun.....	450	450	450	450
Aðhaldsáform.....		-24	-48	-72
Umhverfisráðuneyti	7.217	6.947	6.940	6.946
Ráðuneyti.....	658	658	662	666
Umhverfisvernd.....	4.438	4.226	4.296	4.322
Skipulagsmál.....	870	878	854	861
Rannsóknir.....	1.251	1.228	1.214	1.226
Aðhaldsáform.....		-43	-86	-129
Vaxtagjöld ríkissjóðs	34.670	31.324	29.453	28.985
Launa- og verðlagsbreyt., uppsafnað frá 2009 .		15.137	29.319	45.028
Samtals öll ráðuneyti	507.416	522.278	533.322	553.667

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Fjárlagafrumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í *fyrri hluta* er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum og birt stefnumörkun um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í *síðari hluta* eru sex lagagreinar frumvarpsins ásamt fjórum nánari sundurliðunum, sem jafnframt hafa lagagildi, og sex séryfirlitum. Efni lagaákvæðanna er sem hér segir:

- Í 1. gr. er sýndur áætlaður rekstrarreikningur ríkissjóðs, þ.e. tekjur og gjöld, á rekstrargrunni en sjóðshreyfingar eru einnig sýndar. Tekjunum er skipt eftir meginflokkum og helstu skattstofnum. Frekari skiptingu teknanna er að finna í *sundurliðun 1*. Gjöldin eru flokkuð eftir ábyrgðarsviðum, þ.e. eftir ráðuneytum. Nánari skipting á fjárreiðum ríkisaðila í A-hluta er sýnd í *sundurliðun 2*.
- Í 2. gr. er yfirlit yfir sjóðstreymi ríkissjóðs. Niðurstaða rekstrar- og fjármunahreyfinga er hreinn lánsfjárjöfnuður en hann er ein af lykilstærðum í reikningsskilum ríkissjóðs og sá mælikvarði sem þykir gefa einna besta mynd af efnahagsáhrifum ríkisfjármálanna.
- Í 3. gr. eru sýndar lykiltölur úr starfsemi ríkisfyrirtækja í B-hluta sem skipta máli við afgreiðslu og ákvörðun Alþingis. Hér er um að ræða hagnað eða tap hlutaðeigandi fyrirtækis, arðgreiðslu til ríkissjóðs, fjárfestingu þess og lántöku ef um slíkt er að ræða. Fjárreiður B-hluta fyrirtækja koma nánar fram í *sundurliðun 3*.
- Í 4. gr. eru sýndar fjárreiður lánastofnana í C-hluta og er hún eins að uppbyggingu og 3. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta koma nánar fram í *sundurliðun 4*.
- Í 5. gr. eru ákvæði sem snúa að lántökuheimildum ríkisins, heimildum til endurlána til einstakra aðila utan A-hluta og um veitingu ríkisábyrgða og niðurfellingu skulda.
- Í 6. gr. er kveðið á um heimildir fjármálaráðherra sem snerta framkvæmd fjárlaga, svo sem heimildir til eftirgjafar gjalda, ráðstöfunar eigna og fasteignakaupa.

Á eftir lagaákvæðum frumvarpsins eru nokkur séryfirlit sem veita nánari upplýsingar um ríkisfjármálin. Fyrst er yfirlit um *málaflokkaskiptingu gjalda* í A-hluta í samræmi við alþjóðlega staðla og síðan yfirlit um *hagræna skiptingu gjalda* í rekstur, fjármagnskostnað, rekstrartilfærslur, viðhald og fjárfestingu. Enn fremur er séryfirlit um *markaðar tekjur* sem færast á tekjuhlið ríkissjóðs en er varið til fjármögnunar á útgjöldum verkefna í A-hluta ríkissjóðs og annað yfir aðrar *rekstrartekjur* stofnana, sem einnig færast á tekjuhlið ríkissjóðs. Þar á eftir er birt yfirlit um *lögbundin framlög* sem veitt eru til nokkurra aðila. Loks sýnir sjötta yfirlitið *áætlun til næstu fjögurra ára* um útgjaldaramma ráðuneyta og mála-flokka.

Í athugasemdum á eftir lagagreinum er ítarleg umfjöllun sem skiptist þannig:

- Í fyrsta kafla er yfirlit yfir ríkisfjármálin.
- Í öðrum kafla er gerð grein fyrir tekjuhlið A-hluta frumvarpsins þar sem farið er yfir áætlanir um einstaka tekjustofna.
- Í þriðja kafla er að finna ítarlega umfjöllun um gjaldahlið A-hluta frumvarpsins í heild og eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.
- Í fjórða kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum fyrirtækja ríkisins í B-hluta.
- Í fimmta kafla er að finna umfjöllun um fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
- Í sjötta kafla er fjallað um lánsfjármál, þ.e. lántökur, endurlán og ábyrgðir.
- Í sjöunda kafla er fjallað um heimildir fjármálaráðherra.
- Í áttunda kafla er birt yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins.

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinar-gerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *fjarlog.is*.

1 Yfirlit ríkisfjármála

Í kaflanum eru dregnar saman helstu niðurstöður fjárlagafrumvarpsins. Einungis er tæpt á meginatriðum en fjallað er nánar um einstök atriði annars staðar í greinargerðinni, bæði í fyrri og seinni hluta frumvarpsins.

Afkoma ríkissjóðs. Í fjárlagafrumvarpinu er áætlað að afkoma ríkissjóðs versni til muna og verði neikvæð um 56,9 milljarða kr. á næsta ári en til samanburðar er áætlað að tekjuafgangur verði um 3 milljarðar kr. í ár og árið 2007 var hann tæplega 89 milljarðar kr. Í þessari þróun gæti áhrifa af tímabundnum samdrætti í tekjum og auknum útgjöldum sem leiða af versnandi efnahagshorfum því spáð er að landsframleiðsla dragist saman um 1,6% á næsta ári. Þessi þróun var að nokkru leyti fyrir séð og gert ráð fyrir henni í langtíma-áætlunum fyrri ára, m.a. vegna samdráttar í atvinnuvegafjárfestingu við lok stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Hún kemur þó fram 1-2 árum síðar en ætlað var og við óhagstæðari skilyrði sem skapast hafa vegna erfids ástands á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikn. 2007	Fjárlög 2008	Áætlun 2008	Frumvarp 2009
Tekjur	486,1	473,4	463,4	450,5
Gjöld	397,5	434,2	460,5	507,4
Tekjujöfnuður	88,6	39,2	2,9	-56,9
Rekstrarl. sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi ¹	-19,7	-4,9	7,7	3,8
Handbært fé frá rekstri	68,9	34,3	10,6	-53,1
Fjármunahreyfingar ²	-74,6	7,5	-28,9	5,5
Hreinn lánsfjárfjöfnuður ³	-5,7	41,8	-18,3	-47,6

¹ Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

² Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánaþjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

³ Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Viðsnúningurinn í afkomu ríkissjóðs endurspeglar sveiflujafnandi hlutverk ríkisfjármálanna þar sem gert er ráð fyrir að skattar á tekjur og veltu dragist saman að raungildi og að útgjöld atvinnuleysisstrygginga og annarra bótakerfa aukist á sama tíma. Útgjöld aukast einnig vegna áforma um að fylgja eftir stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að styrkja velferðarkerfið og efla innviði samfélagsins. Launa- og verðlagsbreytingar hafa einnig veruleg áhrif á útgjaldahlíðina. Staða ríkissjóðs er hins vegar mjög sterk þar sem byggðar

hafa verið upp miklar inneignir í Seðlabankanum á undanförunum árum, að hluta með eignasölu fyrri ára en að mestu með rekstrarafgangi. Sú staða gerir ríkissjóði betur kleift að mæta tímabundinni efnahagslægd og eru horfur á að þessar inneignir dugi til að fjármagna áætlaðan halla yfir samdráttarskeið næstu 2-3 árin.

Áætlað er að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um 53,1 milljarða kr. árið 2009 og að lánsfjárfjórðunur verði neikvæður um 47,6 milljarða kr. Áformað er að því verði mætt með því að ganga á inneignir í Seðlabanka þannig að ekki þurfi að auka skuldir ríkissjóðs af þeim völdum.

Efnahagsforsendur. Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði 1,7% árið 2008 en að landsframleiðslan dragist síðan saman um 1,6% árið 2009. Spáð er að verðlag hækki að meðaltali um 5,7% milli þessara ára og að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann minnki um 1,4%. Gert er ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um 4,7% milli árána 2008 og 2009 og að atvinnuleysi aukist úr 1,2% í 2,7%. Áætlað er að viðskiptahalli lækki hratt á næstunni eða úr 16,8% árið 2008 í 8,2% árið 2009.

Tekjuhlíð. Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 450,5 milljarðar kr. árið 2009 og dragast saman um nálægt 13 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu á yfirstandandi ári og um 35,6 milljarða kr. frá árinu 2007. Að raungildi lækka tekjurnar um sem nemur 8% á næsta ári miðað við áætlaða útkomu þessa árs. Gera má ráð fyrir að aðlögunin sem hafin er í þjóðarþúskaðum muni koma fljótt fram í tekjuhlíðinni, sérstaklega í þeim skattstofnum sem eru næmastir fyrir hagsveiflunni, s.s. tekjusköttum fyrirtækja og einstaklinga og fjármagnstekjuskatti. Talið er að af þessum sökum verði hlutfall skatttekna af landsframleiðslu lægra en það hefur verið um langt árabíl, eða um 26%. Nánar er fjallað um tekjur ríkissjóðs í kafla 2 hér á eftir.

Gjaldahlíð. Heildargjöld ríkissjóðs eru áætluð 507,4 milljarðar kr. árið 2009. Það er aukning um 46,9 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu þessa árs eða um 3,9% að raunvirði miðað við að útgjöld beggja árána séu færð á sama verðlag með verðvísitölu samneyslu. Veigamesti þátturinn í hækkun útgjaldanna milli ára á rætur að rekja til aukinnar verðbólgu, gengislækkunar krónunnar, kjarasamninga við ríkisstarfsmenn og hækkana á bótum tekju- tilfærslukerfanna. Þessar verðlagshækkningar frá áætlaðri útkomu ársins 2008 nema tæplega 30 milljörðum kr. Almenn rekstrargjöld ríkissjóðs, það er launagreiðslur, þjónustu- og vörukaup, aukast að raungildi um 2,9%. Hækkun rekstrargjaldanna er mest í heilbrigðismálum og öldrunarþjónustu. Einnig eykst rekstrarkostnaður menntakerfisins vegna háskóla, rannsókna og framhaldsskóla auk þess að umfang starfsemi stofnana fyrir fatlaða eykst. Tilfærslur aukast að raungildi um 5,5% en um 6,3% ef leiðrétt er fyrir breytingum í óregluglegum liðum á borð við útgjöld vegna atvinnuleysis. Stærstur hluti aukningarinnar er vegna

breytinga og uppbyggingar á almannatryggingakerfinu. Einnig er reiknað með talsverðri hækkun milli ára í útgjöldum vegna atvinnuleysis í samræmi við spá um að það aukist úr 1,2% í 2,7%. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar umtalsvert vegna breytinga á úthlutunarreglum, fjölgun lánþega og verðlagsáhrifa. Viðhald og stofnkostnaður hækkar um 1,5% að raungildi. Framlög til framkvæmda voru meira en tvöfölduð í fjárlögum 2008 og er fyrst og fremst um að ræða áframhaldandi uppbyggingu í samgöngumálum í samræmi við endurskoðaða samgönguáætlun, niðurgreiðslur vaxta af byggingu nýrra leiguíbúða, smíði á nýrri Vestmannaeyjaferju og fjármuni til að ljúka kaupum á nýju varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Loks hækkar fjármagnskostnaður ríkissjóðs um 13 milljarða kr., einkum vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar til að efla gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans. Nánar er fjallað um útgjaldaáform í kafla 3 hér á eftir.

2 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er gerð grein fyrir tekjuhorfum ríkissjóðs árið 2009, eins og þær eru metnar út frá þeim forsendum sem fjárlagafrumvarpið byggist á. Þá er einnig gerð grein fyrir endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 2008.

2.1 Helstu niðurstöður

Tekjuhorfur 2008. Í fjárlögum ársins 2008 var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs næmu 473 milljörðum króna og yrðu nánast óbreyttar að nafnvirði en drægjust saman um 2,9% að raunvirði frá 2007. Nú liggja fyrir upplýsingar um innheimtu teknanna fyrstu átta mánuði ársins og nýjar spár um efnahagsþróunina fyrir árið í heild auk ársuppgjörs ríkissjóðs í ríkisreikningi 2007. Umtalsverður viðsnúningur hefur orðið í einkaneyslu og eru horfur fyrir árið í heild lakari en reiknað var með síðasta haust. Tekjur ríkissjóðs á árinu hafa verið endurmetnar með hliðsjón af þessu og hljóðar ný áætlun upp á 463 milljarða króna. Ný tekjuáætlun felur í sér 14,5% raunsamdrátt heildartekna árið 2008 í stað 2,9% í áætlun fjárlaga. Hluti þess frávíks skýrist þó af niðurstöðu ríkisreiknings ársins 2007 þar sem óreglulegar tekjur (sala efnislegra eigna og hagnaður af peningalegum eignum) námu alls 35 milljörðum króna. Þar af var endurmat félaga í eigu ríkisins tæpir 15 milljarðar en sá liður er jafnan ekki áætlaður í fjárlögum. Sé þessum óreglulegu liðum sleppt bæði árin er raunsamdráttur tekna milli ára 8,2%.

Megindrættirnir í endurmati tekna ársins eru þeir að skatttekjur eru minni en í áætlun fjárlaga en á móti vega meiri vaxtatekjur. Skatttekjur í heild verða 412 milljarðar á árinu og aukast aðeins um 3 milljarða króna milli ára. Allir helstu skattar á tekjur og hagnað, tryggingagjöld og eignarskattar verða minni en í áætlun fjárlaga en óbeinir skattar heldur meiri. Mest munar um að áætlun um tekjuskatt lögaðila er lækkuð um 11,5 milljarða króna. Í þjóðhagsspá þeirri sem lögð var til grundvallar fjárlögum ársins 2008 var reiknað með 4,8% samdrætti þjóðarútgjalda á árinu sem kæmi í kjölfar 5,2% samdráttar 2007. Sá viðsnúningur sem lengi hafði verið búist við eftir langt þensluskeið gerði vart við sig á fyrri hluta árs 2007 en á þeim síðari stóðu þjóðarútgjöld nánast í stað og merki samdráttar voru lítil framan af ári 2008. Forsendur fjárlaga um 0,4% veikingu gengis krónunnar og 3,3% verðbólgu á árinu eru mjög breyttar og hefur gengis- og verðlagsþróunin allt frá upphafi ársins rýrt kaupmátt verulega. Þá hafa óvissa og lausafjárerfiðleikar á fjármálamörkuðum hægt á hjólum efnahagslífsins og skýr merki samdráttar komið fram á öðrum og þriðja fjórðungi ársins, m.a. í minni tekjum af virðisaukaskatti og ýmsum vörugjöldum. Innheimta skatttekna ríkissjóðs er 0,4% undir áætlun fjárlaga á fyrstu átta mánuðum ársins en innheimta heildartekna er á áætlun. Efnahagshorfur til skamms tíma benda þó vart til annars en

að sú neikvæða leitni sem fram kemur í þróun flestra veltuskatta á undanförunum mánuðum muni halda áfram um sinn. Reiknað er með að slakna muni á vinnumarkaði í vetur og tekjuskattar einstaklinga gefi nokkuð eftir á síðasta þriðjungi ársins og verði undir áætlun fjárlaga. Gangi ný spá um tekjuskatt lögaðila á árinu eftir mun mikið frávik frá áætlun fjárlaga koma fram í innheimtu á síðustu mánuðum ársins. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu var 31,6% á árinu 2007 en verður 28,0% árið 2008 samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun.

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2009. Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2009 er byggð á þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins og öðrum forsendum fjárlaga. Árið 2009 mun einnennast af þeirri aðlögun þjóðarþúskaþarins sem hófst 2008 og reiknað er með að standi fram á árið 2010. Horfur eru á að þjóðarútgjöld muni dragast saman þriðja árið í röð, um 2,5% og að hagvöxtur verði neikvæður um 1,6%. Gengi krónunnar er talið munu styrkjast um 3% milli ársmeðaltala og verðbólga minnka í 5,7%. Þá er reiknað með að kaupmáttur ráðstöfunartekna dragist saman annað árið í röð, um 1,4% á mann og eftir afar lítið atvinnuleysi um langt skeið er reiknað með að slakna muni á vinnumarkaði og atvinnuleysi verði 2,7% að meðaltali á árinu. Gert er ráð fyrir að kólnunin í þjóðarþúskaþnum muni setja svip sinn á tekjur ríkissjóðs á árinu 2009, einkum þá skattstofna sem fylgja hagsveiflunni mest. Tekjur ríkissjóðs af sköttum eru áætlaðar 400 milljarðar og dragast saman milli ára um 8,2% að raunvirði, þar af beinir skattar um 13,6% en óbeinir skattar um 2,6%. Heildartekjur ríkissjóðs munu samkvæmt fjárlagafrumvarpinu nema 450 milljörðum króna sem er samdráttur um 2,8% að nafnvirði en 8,0% að raunvirði frá árinu 2008. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu verður samkvæmt þessu 25,9%, sem er hið lægsta um árabíl.

Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps ársins 2009 er reiknað með að breyting verði gerð á fyrirkomulagi nokkurra skatta og gert ráð fyrir að þeir haldi raungildi sínu. Þetta eru: almennt og sérstakt bensíngjald, olíugjald, bifreiðagjald og kílómetragjald. Einnig er gert ráð fyrir að áfengisgjald og tóbaksgjald haldi raungildi sínu. Þessir skattar námu alls 16,5% af sköttum á vöru og þjónustu í ríkisreikningi 2007.

2.2 Tekjuhorfur ríkissjóðs 2008

Yfirlit. Endurskoðuð áætlun um heildartekjur ríkissjóðs 2008 bendir til að þær verði 463 milljarðar króna, 10 milljörðum minni en í fjárlögum ársins. Þar af eru skatttekjur taldar verða 18,5 milljörðum minni en í fjárlögum og tekjur af sölu eigna 3,2 milljörðum minni en vaxtatekjur 11,2 milljörðum meiri. Hér á eftir verður fjallað nánar um helstu tekjuliði.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2006	Reikningur 2007	Fjárlög 2008	Áætlun ¹ 2008	Frumvarp 2009
I Skatttekjur	377.383	408.997	430.425	411.937	399.763
Skattar á tekjur og hagnað	138.652	154.622	177.969	161.760	142.230
Einstaklingar	103.935	114.466	128.500	123.250	111.000
Tekjuskattur einstaklinga	81.122	85.564	93.500	90.750	87.500
Sérstakur tekjuskattur	331	-43	0	0	0
Skattur á fjármagnstekjur	22.482	28.945	35.000	32.500	23.500
Lögaðilar	32.427	36.584	45.500	34.000	27.200
Ótalið annars staðar	2.290	3.572	3.969	4.510	4.030
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	1.266	2.442	2.665	3.165	2.635
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.024	1.130	1.304	1.345	1.395
Tryggingagjöld	37.813	38.902	41.279	40.419	42.033
Eignarskattar	8.754	11.956	11.723	8.743	8.449
Skattar á vörur og þjónustu	190.616	200.732	196.228	197.932	203.427
Virðisaukaskattur	132.122	137.710	138.000	140.100	145.100
Almenn vörugjöld	19.007	19.281	18.918	18.995	20.020
Vörugjald af ökutækjum	10.083	11.208	8.150	8.150	5.530
Almennt vörugjald af bensíni	2.060	1.948	2.100	1.950	2.150
Sérstakt vörugjald af bensíni	6.935	7.220	7.420	6.933	7.653
Óliugjald	5.560	6.224	6.030	6.409	7.003
Aðrir sértækir veltuskattar	6.824	7.899	7.382	7.478	7.184
Bifreiðagjald	4.110	4.435	4.610	4.730	5.420
Þungaskattur/kilómetragjald	1.172	1.341	1.280	1.398	1.527
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	2.744	3.466	2.339	1.788	1.841
Aðrir skattar	1.548	2.786	3.226	3.083	3.624
II Aðrar rekstrartekjur	28.223	39.555	36.369	48.137	45.921
Arðgreiðslur	1.236	3.581	1.557	1.656	2.130
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	17.873	25.011	25.382	36.618	33.458
Neyslu- og leyfisgjöld	7.627	8.407	8.330	8.187	8.713
Annað	1.486	2.556	1.101	1.676	1.620
III Sala eigna.....	2.012	20.480	5.200	2.000	3.300
IV Fjármagnstilfærslur.....	-	-	-	-	-
V Fjárframlög.....	2.147	2.251	1.446	1.354	1.486
VI Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja.....	12.198	14.845	-	-	-
Heildartekjur ríkissjóðs	421.963	486.129	473.440	463.428	450.470
Sjóðshreyfing	396.526	468.912	455.519	454.630	438.530

¹ Fjárlög að viðbættum fjáráukalögum ársins.

Skattar á tekjur og hagnað. Í endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað verði 16,2 milljörðum króna minni árið 2008 en í fjárlögum ársins og nemi tæpum 162 milljörðum króna. Tekjuskattur einstaklinga hefur skilað tekjum í samræmi við áætlun fjárlaga á fyrstu átta mánuðum ársins en reiknað er með að síðasti þriðjungur ársins verði undir áætlun og ný áætlun fyrir árið í heild er 2,8 milljörðum lægri en áætlun fjárlaga. Fjármagnstekjuskattur einstaklinga er nú talinn verða 2,5 milljörðum króna undir áætlun fjárlaga. Sú áætlun er byggð á forsendum um tekjur einstaklinga af vöxtum og arði á árinu 2008 og fyrirbyggjandi gögnum um álagðan fjármagnstekjuskatt á söluhagnað ársins 2007 úr álagningu ríkisskattstjóra sl. sumar. Stærstan hluta endurmats tekna ársins má rekja til tekjuskatts lögaðila sem nú er áætlaður 34 milljarðar króna eða 11,5 milljörðum minni en í fjárlögum. Horfur um hagnað fyrirtækja á árinu 2007 sem m.a. voru byggðar á upplýsingum úr árshlutauppgjörum fyrirtækja á fyrstu þremur fjórðungum ársins voru lagðar til grundvallar áætlun þessa skatts í fyrra. Þá var byggt á upplýsingum úr skattframtölum og frumálagningu ríkisskattstjóra á tekjur ársins 2006 sem nam alls tæpum 43 milljörðum króna. Síðasti ársfjórðungur 2007 varð mörgum fyrirtækjum erfiður og uppgjör ársins í heild urðu lakari en þær vísbendingar sem árshlutauppgjör höfðu gefið. Frumálagning ríkisskattstjóra í október 2007 tók talsverðum breytingum síðar og varð niðurstaða ríkisreiknings 2007 36,6 milljarðar. Áætlun um tekjuskatt lögaðila 2008 verður endurmetin þegar álagning á lögaðila liggur fyrir í október.

Tryggingagjöld. Líkt og með tekjuskatt einstaklinga er innheimt tryggingagjald í janúar – ágúst 2008 lítillaga yfir áætlun fjárlaga. Reiknað er með að hægja muni á innheimtunni í vetur í takt við spá um þróun vinnuafleifisþrúnaðar og er áætlunin lækkuð um 0,9 milljarða króna.

Eignarskattar. Endurskoðun leiðir til verulegrar lækkunar áætlaðra tekna af eignarsköttum, eða um 3,0 milljarða króna. Tekjur af stimpilgjöldum stefna í 6,9 milljarða og af erfðafjárskatti í 1,2 milljarða. Er hér einkum höfð hliðsjón af innheimtu þessara tekjuliða á fyrstu átta mánuðum ársins. Skýringar á minni innheimtu stimpilgjalds tengjast einkum minni veltu á fasteignamarkaði en reiknað hafði verið með. Á höfuðborgarsvæðinu hefur veltan dregist saman samfleytt frá desember 2007 og var á fyrstu átta mánuðum ársins 59% minni að nafnvirði en árið áður. Ákvörðun um niðurfellingu stimpilgjalds af fasteignaveðbréfum til kaupa á fyrstu íbúð frá 1. júlí 2008 var kynnt í febrúar 2008 og hefur sú breyting einnig haft áhrif til lækkunar frá fyrri áætlun.

Skattar á vöru og þjónustu. Skattar á vöru og þjónustu eru taldir munu skila ríkissjóði tæpum 198 milljörðum króna á árinu 2008 sem er 1,7 milljörðum meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar af mun virðisaukaskattur skila 2,1 milljarði meira en áður var áætlað þrátt fyrir samdrátt einkaneyslu, en gengis- og verðlagshækkunar hafa hækkað

skattstofninn. Vörugjöld af bensíni munu skila ríkissjóði talsvert minni tekjum en áætlað var í fjárlögum ársins. Neytendur hafa brugðist við hækkun bensínverðs á árinu með því að draga úr bensínnotkun með ýmsum ráðum. Ólíugjald mun skila heldur meiri tekjum en áætlað var, og hefur samdráttur í sölu olíu orðið minni en í sölu bensíns. Vörugjöld af ökutækjum á árinu 2008 eru áætluð 8,2 milljarðar króna, óbreytt frá fjárlögum.

Aðrar rekstrartekjur. Þessi liður er nú hækkaður um 11,8 milljarða króna frá áætlun fjárlaga og skýrist það að langmestu leyti af vaxtatekjum ríkissjóðs. Vaxtatekjur eru flokkaðar í þrennt; af skattkröfum, af endurlánnum og aðrar vaxtatekjur. Vextir af skattkröfum eru lækkaðir um 0,7 milljarða frá fjárlögum og valda niðurfærslur liðarins í ríkisreikningi 2007 mestu um endurmatið. Vaxtatekjur af endurlánnum hækka um 2,2 milljarða og vaxtatekjur af bankareikningum ríkissjóðs um 9,7 milljarða. Hækkunin skýrist m.a. af þróun gengis og vaxta en að langmestu leyti af sértækum aðgerðum ríkisstjórnarinnar sl. vor til að styrkja innlendan fjármálamarkað og gjaldeyrisvaraforða en aðgerðirnar fólu í sér að tekin voru lán sem ávöxtuð eru í sjóðum og veittum lánnum til Seðlabanka. Arðstekjur ríkissjóðs, ýmis neyslu- og leyfisgjöld og tekjur af sektum eru lítið breyttar frá fjárlögum en þó hækkar síðastnefndi liðurinn um tæpar 600 milljónir.

2.3 Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2009

Yfirlit. Samkvæmt tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins verða heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2009 rúmir 450 milljarðar króna, 13 milljörðum minni en á árinu 2008. Samdrátturinn nemur 2,8% að nafnvirði en 8,0% umfram verðbólgu, sem spáð er að verði 5,7% á næsta ári. Skatttekjur þar af eru 400 milljarðar og dragast saman um 12 milljarða milli ára. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu tekjuliðum.

Skattar á tekjur og hagnað. Gert er ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað nemi alls 142 milljörðum króna á árinu 2009 og lækki um tæpa 20 milljarða frá árinu 2008.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2007	Fjárlög 2008	Áætlun 2008	Frumvarp 2009
Einstaklingar	114.466	128.500	123.250	111.000
Tekjuskattur einstaklinga	85.560	93.500	90.750	87.500
Sérstakur tekjuskattur einstaklinga	-39	0	0	0
Fjármagnstekjuskattur	28.945	35.000	32.500	23.500
Lögaðilar	36.584	45.500	34.000	27.200
Ótalið annars staðar	3.572	3.969	4.510	4.030
Samtals	154.622	177.969	161.760	142.230

Tekjuskattur og fjármagnstekjuskattur einstaklinga. Áætlað er að tekjuskattur einstaklinga skili 87,5 milljörðum króna og lækki um 3,3 milljarða milli ára. Hér vegur þungt hækkun persónuafsláttar og skattleysismarka. Persónuafsláttur hækkar um 24.000 kr./ári í ársbyrjun 2009 að viðbætti verðlagshækkun frá upphafi til loka ársins 2008, sem nú er spáð að verði 12,3%. Þannig er reiknað með að persónuafslátturinn verði tæpar 483 þús.kr. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um 6,0% milli 2008 og 2009 og starfandi fólki fækki um 1%. Tekjuskattshlutfallið er óbreytt, 22,75%. Fjármagnstekjuskattur einstaklinga er áætlaður 23,5 milljarðar króna, 28% minni en í áætlun 2008. Söluhagnaður af hlutabréfum var 58% fjármagnstekjuskattstofnsins í síðustu álagningu. Mikið vægi þess liðar eykur óvissu við áætlun skattsins en aðrir hlutar stofnsins eru ekki jafn sveiflugjarnir. Í áætlun fyrir árið 2009 er höfð hliðsjón af vaxtaþróun og öðrum efnahagsforsendum og reiknað með verulegum samdrætti fjármagnstekna af bæði arði og söluhagnaði.

Tekjuskattur lögaðila. Þessi skattstofn fylgir hagsveiflunni nokkuð sterklega hér á landi sem annars staðar. Skatthlutfallið var lækkað úr 18% í 15% með lögum nr. 61/2008 en tekjur rekstrarársins 2008 mynda álagningarstofn lögaðila og skatttekjur hjá ríkissjóði á árinu 2009. Áætlað er að tekjuskattur lögaðila muni lækka um tæpa 7 milljarða eða 20% milli ára og skila um 27 milljörðum í tekjur árið 2009. Álagning á tekjur rekstrarársins 2007 mun liggja fyrir síðar í haust og mun hugsanlega breyta því mati sem þessi áætlun byggist á.

Tryggingagjöld. Gert er ráð fyrir að tryggingagjöld nemi 42 milljörðum króna og hækki um 4% að nafnvirði milli ára. Við mat á gjaldstofninum eru notaðar sömu forsendur um þróun launa og fjölda manns á vinnumarkaði og við mat á tekjuskattstofni einstaklinga.

Eignarskattar. Áætlað er að eignarskattar nemi 8,4 milljörðum króna 2009 og lækki um 3,4% að nafnvirði milli ára. Hér er einkum um erfðafjárskatt og stimpilgjöld að ræða. Búið er við að tekjur af stimpilgjöldum dragist enn lítillega saman í kjölfar mikillar lækkunar 2008 og verði 6,6 milljarðar á næsta ári. Reiknað er með að nafnverð fasteigna lækki á næsta ári og velta í fasteignaviðskiptum aukist nokkuð milli ára. Gert er ráð fyrir að erfðafjárskattur skili jafnmiklum tekjum og í ár, 1,2 milljörðum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2007	Fjárlög 2008	Áætlun 2008	Frumvarp 2009
Eignarskattar einstaklinga	11	0	0	0
Eignarskattar lögaðila	-18	0	0	0
Erfðafjárskattur	1.663	2.000	1.200	1.200
Stimpilgjöld	9.484	9.100	6.920	6.600
Sértækir eignarskattar	816	623	623	649
Samtals	11.956	11.723	8.743	8.449

Skattar á vöru og þjónustu. Virðisaukaskattur, vörugjöld og aðrir skattar á vöru og þjónustu nema 203 milljörðum króna í fjárlagafrumvarpi ársins 2009 og aukast um 2,8% að nafnvirði milli ára. Áætlunin er byggð á spá um þróun einkaneyslu, innflutnings og annarra hagstærða, en í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði neikvæður um 1,6% á árinu 2009 og þjóðarútgjöld dragist saman um 2,5%.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2007	Fjárlög 2008	Áætlun 2008	Frumvarp 2009
Virðisaukaskattur	137.710	138.000	140.100	145.100
Vörugjöld	45.891	42.618	42.437	42.356
Almenn vörugjöld af innfluttum vörum	3.937	3.870	4.100	3.770
Almenn vörugjöld af innlendri framleiðslu	224	590	130	140
Vörugjöld af ökutækjum	11.208	8.150	8.150	5.530
Vörugjald af bensíni	1.948	2.100	1.950	2.150
Sérstakt vörugjald af bensíni	7.220	7.420	6.933	7.653
Oliugjald	6.224	6.030	6.409	7.003
Flutningsjöfnungargjöld	374	300	300	450
Áfengisgjald	8.057	8.150	8.008	8.884
Ýmis vörugjöld	2.796	2.238	2.523	2.516
Tóbaksgjald	3.903	3.770	3.935	4.260
Tollar og innflutningsgjöld	5.452	4.931	4.931	4.411
Aðrir sértækir skattar á vöru og þjónustu	2.436	2.451	2.547	2.773
Bifreiðaskattar	5.776	5.890	6.128	6.947
Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld	3.466	2.339	1.788	1.841
Samtals	200.732	196.228	197.932	203.427

Virðisaukaskattur. Þriðjungur af skatttekjum ríkissjóðs kemur af virðisaukaskatti. Stærstur hluti þess kemur af einkaneyslu en spáð er að hún dragist saman um 4,7% á næsta ári. Aðrir ráðstöfunarliðir; samneysla og fjárfesting og aðföng til undanþegins atvinnurekstrar, eru að baki verulegum hluta skattsins eða yfir 40%. Áætlað er að skatturinn aukist um 3,6% að nafnvirði og nemi 145 milljörðum króna sem jafngildir 2,0% raunsamdrætti milli ára.

Vörugjöld af ökutækjum. Reiknað er með miklum samdrætti í innheimtu vörugjalda af ökutækjum á næsta ári. Gert er ráð fyrir að aðeins verði flutt til landsins um 10.000 ökutæki og að meðalvörugjald á hvert ökutæki lækki milli ára. Gangi þetta eftir munu vörugjöld af ökutækjum dragist saman um nær þriðjung að nafnvirði milli ára, eða úr 8,2 milljörðum í 5,5 milljarða króna.

Vörugjöld af bensíni og oliugjald. Vörugjöld af bensíni eru tvenns konar, annars vegar almennt vörugjald sem rennur í ríkissjóð og hins vegar sérstakt vörugjald sem rennur til vegamála. Óliugjald rennur einnig til vegamála og eru öll gjöldin föst fjárhæð á hvern lítra bensíns eða olíu. Gert er ráð fyrir að breyting verði gerð á fyrirkomulagi gjalda á öku-

tæki og eldsneyti en heildarskatttekjur af eldsneyti og ökutækjum haldi raungildi sínu. Bensínsala mun dragast saman um 1% að magni til og verða 210,5 milljónir lítra og olíusala dragast saman um 2% og nema tæpum 149 milljónum lítra samkvæmt söluspá fjármálaráðuneytisins fyrir árið 2009. Bensíngjöldin munu samkvæmt því nema samanlagt liðlega 9,8 milljörðum króna en olíugjald 7 milljörðum króna.

Áfengisgjald og tóbaksgjald. Reiknað er með 11,5% hækkun þessara gjalda í ársbyrjun 2009 og lítills háttar magnsamdrætti í sölu þessara vörutegunda. Áætlað er að áfengisgjald muni skila 8,9 milljörðum króna en tóbaksgjald 4,3 milljörðum króna.

Bifreiðagjald og kílómetragjald. Kílómetragjald er lagt á bifreiðir sem vega 10 tonn og þar yfir og rennur það til vegamála. Reiknað er með 11,5% hækkun gjaldskrár um kílómetragjald í ársbyrjun. Miðað er við að akstur dragist saman um 3% milli ára og að tekjur af kílómetragjaldi verði 1,5 milljarðar króna. Bifreiðagjöld taka einnig 11,5% hækkun og eru áætluð 5,4 milljarðar króna.

Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld. Þessi liður nær yfir ýmis neyslu-, leyfis- og eftirlitsgjöld og er talinn munu skila 1,8 milljörðum króna sem er 2,9% hækkun frá áætlun þessa árs.

Aðrar rekstrartekjur. Áætlað er að aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs nemi alls tæpum 46 milljörðum króna 2009 sem er tveggja milljarða lækkun milli ára. Arðgreiðslur verða 2,1 milljarður 2009 sem er 0,5 milljarða hækkun. Vaxtatekjur eru áætlaðar 33,4 milljarðar og lækka um 3,2 milljarða frá áætlun 2008. Ýmis neyslu- og leyfisgjöld sem ekki teljast til skatta eru talin munu aukast úr 8,2 milljörðum árið 2008 í 8,7 milljarða króna á næsta ári.

Sala eigna. Gert er ráð fyrir að tekjur af sölu fasteigna, jarða og annarra eigna nemi 3,3 milljörðum króna árið 2009.

Fjárframlög. Gert er ráð fyrir að fjárframlög frá opinberum aðilum nemi 1,5 milljörðum króna á árinu 2009 og hækki alls um 9,8% milli ára.

3 Gjöld A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um áætluð heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs árið 2009, helstu áherslumál ríkisstjórnarinnar og skiptingu útgjalda hagrænt og eftir málaflokkum. Farið er yfir endurskoðaða áætlun um útgjöld á þessu ári og helstu breytingar sem horfur eru á að verði á þeim frá áformum fjárlaga. Í sérstökum köflum hér á eftir er fjallað ítarlegar um útgjöld einstakra ráðuneyta, málaflokka og verkefna. Þá er í þessum kafla farið yfir verðlagsforsendur útgjaldahlíðar frumvarpsins og einnig er fjallað um framsetningu á fjárreiðum ríkisins. Vakin er athygli á því að í fyrra hefti frumvarpsins er fjallað um áætlun um ríkisútgjöldin til næstu fjögurra ára í kafla um rammafjárlög fyrir árin 2009 til 2012.

Verðlagsforsendur. Frumvarpið er sett fram á áætluðu verðlagi ársins 2009 í samræmi við spár fjármálaráðuneytisins um þróun efnahagsmála og mat á kostnaðaráhrifum af hækkun launa ríkisstarfsmanna og bóta almannatrygginga og annarra bótakerfa. Á þessu ári voru gerðir kjarasamningar við flest stéttarfélög innan ASÍ, BHM og BSRB. Samningarnir tóku í flestum tilvikum gildi í maí eða júní sl. og gilda fram til loka mars 2009. Fyrir liggur úrskurður Kjararáðs um sambærilegar hækkanir til embættismanna sem fá greidd laun samkvæmt ákvörðunum ráðsins. Á ársgrundvelli eru þessar hækkanir taldar hækka launakostnað ríkisins að meðaltali um 10% og hafa þær verið reiknaðar inn í fjárheimildir fjárlagafrumvarpsins. Launaforsendur frumvarpsins taka einnig mið af því að samkvæmt gildandi kjarasamningum verða engar frekari launahækkanir á næsta ári en að þeir renna hins vegar almennt út í lok mars n.k. Óvissa er um hækkanir í nýjum kjarasamningum sem gerðir verða í framhaldi af því. Í frumvarpinu er miðað við að launaliðir rekstraraðila sem fjármagnaðir eru úr ríkissjóði, þ.m.t. sjálfseignastofnana sem ríkissjóður fjármagnar, hækki almennt um 3% frá 1. apríl nk. Í frumvarpinu er ekki spáð fyrir um útkomu nýrra kjarasamninga á næsta ári en þó er gert ráð fyrir tæplega 2,5 milljarða kr. fjárheimild á liðnum *09-989 Launa- og verðlagsmál* til að mæta breytingum sem kunna að verða á þessum forsendum. Þar er um að ræða varúðarráðstöfun til að treysta betur forsendur frumvarpsins.

Í fjárlögum er hækkun á öðrum rekstrargjöldum en launum almennt miðuð við hækkun á vísitölu neysluverðs að frátöldum húsnæðislið hennar. Samkvæmt þjóðhagsspa ráðuneytisins verður hækkunin 11,5% milli árána 2007 og 2008. Í fjárlögum 2008 var hins vegar reiknað með að verðlagshækkunin yrði 3,8%. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að vega að fullu upp þennan mismun á verðbólguþátt milli árána 2007 og 2008 með því að bæta honum við hækkunina til ársins 2009, sem spáð er að verði 5,4%. Þetta felur í sér að önnur rekstrargjöld en laun og framlög sem eru tengd við vísitölu neysluverðs eru hækkuð óvenju mikið í frumvarpinu eða alls um 13,2%. Ekki er gengið út frá að sama hækkun eigi almennt við um sértekjur stofnana, eins og í fjárlagafrumvörpum undanfarinna ára, heldur er miðað

við að þær hækki einungis í samræmi við forsendu þjóðhagsspár um breytingu á neysluverði milli árána 2008 og 2009. Í vissum málaflokkum, t.d. heilsugæslu, er gert ráð fyrir að gjaldskrár verði óbreyttar en í öðrum tilvikum, þar sem útseld vinna og þjónusta er verulegt hlutfall af fjármögnun stofnana, er gert ráð fyrir að gjaldskrár fylgi launahækkunum.

Í forsendum gjaldahliðar frumvarpsins hefur ekki tíðkast að spá fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur hefur verið miðað við að gengi þeirra haldist óbreytt frá því í byrjun september á undan fjárlagaárinu. Miðað við forsendur fjárlaga 2008 hefur gengi krónunnar veikst verulega, eða um það bil 40%, gagnvart helstu Evrópumyntum en heldur minna gagnvart bandaríkjadal, eða um 31%. Þetta leiðir til hækkunar á fjárheimildum fjárlagaliða þar sem útgjöld eru greidd í erlendri mynt, en það á t.d. við um hluta útgjalda sendiráða og framlög og aðildargjöld til tiltekinnna alþjóðasamtaka. Ef gengi krónunnar breytist á næsta ári frá þessum forsendum má gera ráð fyrir að fjárheimildir viðkomandi liða verði endurmetnar í samræmi við það og að gerðar verði tillögur um breytingar á þeim í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2009.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki óvenju mikið um næstu áramót eða um 9,6%. Í samræmi við ákvæði laga um almannatryggingar miðast sú forsenda við þróun neysluverðs, sem spáð er að verði umfram launaþróun á árunum 2007 til 2009. Er þá jafnframt tekið tillit til hækkana á bóttunum sem þegar eru komnar til framkvæmda á þessu ári. Áætlað er að nánast sama hækkun verði á atvinnuleysisbótum þótt þar sé tekið mið af krónutöluhækkunum lægstu launa samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.

Ljóst er að meiri óvissa er en vanalega um forsendur frumvarpsins um þróun launa, gengis krónunnar og almenns verðlags. Gengi krónunnar hefur sigið mikið á þessu ári og er nú talið vera komið undir jafnvægismerk þannig að hreyfingar á því gætu haft talsverð áhrif á verðbólugstigið, auk þess sem kjarasamningar stéttarféлага ríkisstarfsmanna verða lausir á næsta ári.

3.1 Heildaryfirlit gjalda

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2009 eru áætluð 507,4 milljarðar kr. og hækka um 73,2 milljarða kr. frá fjárlögum ársins 2008 eða um 16,9%. Aukningin skýrist að stærstum hluta af afar íþyngjandi áhrifum aukinnar verðbólgu, kjarasamninga við stéttarfélög ríkisstarfsmanna og gengislækkunar krónunnar á útgjaldahliðina í samræmi við þær forsendur sem getið er um hér fyrir framan. Þær hækkunarir nema samtals 40,6 milljörðum kr. í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er þar um að ræða um 11,4 milljarða kr. vegna endurmats á launaforsendum fjárlaga 2008 með hliðsjón af kjarasamningum sem gerðir hafa verið á þessu ári. Á ársgrundvelli eru launahækkunarir ársins 2008 taldar leiða til um það bil 10% aukningar á launakostnaði ríkisins að meðaltali. Er þá meðtalin 2% hækkun í byrjun ársins sem kveðið var á um í nær öllum fyrri kjarasamningum. Þessu til viðbótar eru í öðru lagi launa- og verðlagshækkunarir á útgjöldum frumvarpsins til næsta árs áætlaðar um 29,2 milljarðar

króna. Til samanburðar má nefna að ef allar slíkar hækkunarfrumvarpsins hefðu verið 3% þá hefði hækkunin numið um 12 milljörðum króna. Hækkunarfrumvarpsins á bótum almannatrygginga, atvinnuleysisbótum og bótum til fjölskyldna, s.s. vegna fæðingarorlofs, barnabóta og vaxtabóta, vega hér þungt því þær nema alls um 8 milljörðum kr. Áhrifin af gengisfalli krónunnar eru einnig veruleg þar sem þau nema um 4,2 milljörðum kr. miðað við að gengið hefði haldist óbreytt frá forsendum fjárlaga 2008. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að hækka allar fjárveitingar til samgönguframkvæmda með tilliti til verðlagsþróunar á sama hátt og á við um önnur rekstrargjöld stofnana, eða um 13,2%. Við það aukast þau útgjöld um 3,5 milljarða kr. frá því sem annars hefði orðið.

Til viðbótar þessum launa- og verðlagshækkunum kemur fram talsverð raunaukning útgjalda í frumvarpinu. Þar vega þýngst ákvarðanir um að hrinda í framkvæmd mörgum áformum úr stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem fela í sér ýmsar veigamiklar útgjaldaskuldbindingar. Mest munar um málefni sem snúa að ákvörðunum um uppbyggingu á almannatryggingum, félagslegum bótum og menntamálum auk framkvæmda á vegum ríkisins, sérstaklega í samgöngumálum. Fjármálaráðuneytinu telst til að ný útgjöld sem falla til þegar á árinu 2009 vegna ýmissa slíkra sértækra ákvarðana sem heimfæra má á áform úr stefnuýfirlýsingunni nemi 14 milljörðum kr. á verðlagi ársins 2008. Því til viðbótar eru ýmsar aðrar fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingar sem greindar hafa verið sérstaklega við undirbúning frumvarpsins metnar á rúmlega 6 milljarða kr. þegar jafnframt hefur verið tekið tillit til framlaga til tímabundinna verkefna sem falla niður á næsta ári. Þar er t.d. um að ræða kerfislægan vöxt í skólakerfinu, námslánunum, sjúkratryggingum, almannatryggingum og í þjónustu við sjúklinga, aldraða og fatlaða einstaklinga.

Þá er reiknað með að vaxtagjöld ríkissjóðs aukist verulega á næsta ári eða um nærri 13 milljarða kr. frá fjárlögum 2008 og verði um 34,7 milljarðar kr. Hækkunin skýrist að mestu af aukinni útgáfu ríkisbréfa og auknum lántökum erlendis í kjölfar sértækra aðgerða sem ákveðið var að grípa til á þessu ári til að styrkja gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans og til að styðja við vaxtamyndun á innlendum fjármagnsmarkaði. Á móti kemur að þessi fjármunir mynda inneignir í Seðlabankanum sem ríkissjóður hefur vaxtatekjur af þannig að áhrifin á rekstrarafkomuna eru mun minni.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um útgjöld ársins 2008 er reiknað með að þau verði 460,5 milljarðar kr. eða um 26 milljörðum kr. hærri en í áætlun fjárlaga og eru áhrif af kjarasamningum og gengisbreytingum yfirstandandi árs þá meðtalin. Aukning útgjaldanna til næsta árs miðað við þetta endurmat á árinu 2008 nemur því tæplega 46 milljörðum kr. Það svarar til 3,9% aukningar að raungildi ef útgjöld beggja áranna eru færð á sama verðlag miðað við verðvísitölu samneyslu.

Framsetning gjaldahliðar. Framsetning fjárlagafrumvarpsins er í samræmi við lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Það felur meðal annars í sér að útgjöldin í frumvarpinu eru eins og áður sett fram á rekstrargrunni og eru gjaldfærð á það ár þegar efnt er til skuld-

bindingar fremur en þegar greiðslur fara fram. Í meginatriðum er miðað við sömu reikningsskilareglur og hjá almennum fyrirtækjum að því frátöldu að fjárfestingar eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi þegar stofnað er til þeirra en eru ekki eignfærðar og afskrifaðar auk þess að beitt er verðbólguleiðréttum reikningsskilum á vaxtagjöld og lífeyrisskuldbindingar. Er framsetning ríkisfjármála í fjárlögum og ríkisreikningi til endurskoðunar hjá ríkisreikningsnefnd þar sem farið verður yfir reynsluna af núverandi framsetningu og gerðar tillögur um breytingar í ljósi reynslunnar og þarfa notenda upplýsinga um ríkisfjármál.

Gjöldin eru einnig sýnd á greiðslugrunni. Heildargreiðslur úr ríkissjóði eru áætlaðar 491,5 milljarðar króna en heildargjöld á rekstrargrunni eru 507,4 milljarðar samkvæmt frumvarpinu. Mismunurinn þar á milli er 15,9 milljarðar króna og skýrist einkum af fjórum liðum. Í fyrsta lagi eru afskrifaðar skattkröfur áætlaðar 10 milljarðar króna en þær eru færðar til gjalda í rekstrarreikninginn án þess að greiðslur komi úr ríkissjóði. Í öðru lagi er mismunur á gjaldfærðum og greiddum vöxtum af teknum lánnum um 6,2 milljarðar kr. Í þriðja lagi er mismunur á greiddum og núvirtum vaxtamun vegna lána til leiguíbúða 1,7 milljarður kr. Í fjórða lagi eru greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga hærri en gjaldfærð skuldbinding og er mismunurinn -2,2 milljarðar kr. sem koma á móti hinum þremur.

Fjárveitingar til ráðuneyta, stofnana og verkefna á útgjaldahlið A-hluta frumvarpsins eru birtar í sundurliðun 2 á bls. 18. Þar koma fram heimiluð útgjöld einstakra viðfangsefna á rekstrargrunni en frá þeim dragast sértekjur þannig að samtölur ráðuneyta og fjárlagaliða sýna gjöld umfram sértekjur. Með sértekjum er átt við sölu ríkisaðila á vöru og þjónustu ásamt innbyrðis viðskiptum á milli þeirra innan A-hluta frumvarpsins. Í sundurliðun 2 kemur einnig fram áætluð fjármögnun útgjalda á árinu með beinum greiðslum úr ríkissjóði eða innheimtu ríkistekna sem færast á tekjuhlið frumvarpsins. Í sérstökum yfirlitum er heildarútgjöldum ríkissjóðs skipt í fyrsta lagi eftir helstu málaflokkum ríkisstarfseminnar og er sú skipting sýnd í séryfirliti 1 á bls. 180. Í öðru lagi er heildarútgjöldunum skipt í almennt rekstur, neyslu- og rekstrartilfærslur, viðhald og stofnkostnað. Er sú skipting kölluð hagræn skipting ríkisútgjalda og sýnd í séryfirliti 2 á bls. 185. Ekki eru að þessu sinni gerðar breytingar á flokkun útgjalda innan A-hluta sem hafa teljandi áhrif á samanburð heildarstærða á milli ára í þessum yfirlitum.

Í séryfirlitum á bls. 186 og 191 eru birt yfirlit yfir markaðar tekjur og aðrar rekstrar-tekjur ríkisstofnana úr tekjuhlið frumvarpsins auk þess að gerð er grein fyrir ráðstöfun teknanna til fjármögnunar á verkefnum á gjaldahliðinni. Þá er á bls. 197 yfirlit yfir lögbundin útgjöld ríkissjóðs. Nánari skýringar á mörkuðum tekjum, öðrum rekstrartekjum og lögbundnum framlögum er að finna í greinargerð með fjárlagafrumvörpum fyrri ára.

Horfur árið 2008. Útgjöld ríkissjóðs árið 2008 hafa verið endurskoðuð í ljósi breyttra forsendna og þróun efnahagsmála. Heildarútgjöld eru áætluð 460,5 milljarðar kr. en eru 434,2 milljarðar í fjárlögum. Er því áætlað að gjöldin verði um 26,3 milljörðum hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Í hækkun útgjaldanna frá fjárlögum vegur þyngst að horfur

eru á að vaxtagjöld ríkisins aukist um 9,6 milljarða kr. Það á rætur að rekja til aðgerða í efnahagsmálun sem fela í sér aukna útgáfu ríkisbréfa og erlenda lántöku. Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arðgreiðslum og söluhagnaði eigna hækki um 500 m.kr. Skýrist það af auknum vaxtatekjum af innstæðu ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands vegna framangreindra aðgerða í efnahagsmálum og góðri rekstrarafkomu ríkisins undanfarin misseri. Fjármagnstekjuskatturinn færir einnig á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á afkomu ársins. Gengi íslensku krónunnar hefur lækkað mikið frá því sem miðað var við í forsendum fjárlaganna og er gert ráð fyrir að það leiði til 4,4 milljarða kr. hækkunar á útgjöldum sem greidd eru í erlendum gjaldmiðlum. Þegar fjárlög voru samþykkt var mikil óvissa um gerð kjarasamninga við opinbera starfsmenn. Nú hefur verið samið við flest félög og er gert ráð fyrir útgjaldaauka að fjárhæð 6,6 milljarða kr. á þessu ári vegna þeirra. Á launa- og verðlagslið fjárlaganna var gert ráð fyrir 4,3 milljarða kr. fjárheimild vegna þessarar óvissu um kjarasamninga og nemur því nettóhækkunin frá fjárlögum um 2,3 milljörðum kr. vegna þeirra. Í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í febrúar sl. voru bætur almannatrygginga hækkaðar um 4% til viðbótar við 3,3% hækkun í ársbyrjun. Það hefur í för með sér 2,4 milljarðs kr. útgjaldaauka á árinu. Bætur atvinnuleysistrygginga voru einnig hækkaðar og eru þau útgjöld metin á rúmlega 600 m.kr. Í yfirlýsingunni fólst einnig að eignaskerðingarmörk vaxtabóta voru hækkuð um 35% og leiðir það til 700 m.kr. útgjaldaauka á árinu 2008. Skerðingarmörk barnabóta voru sömuleiðis hækkuð og hefur það í för með sér rúmlega 400 m.kr. aukningu útgjalda. Þessu til viðbótar gerir endurskoðuð áætlun um fæðingarorlofsjóð ráð fyrir 760 m.kr. hærri útgjöldum en reiknað var með í fjárlögum. Þá vaxa útgjöld um 840 m.kr. vegna verðbóta á samninga um búvöruframléiðslu sem fylgja vísitölu neysluverðs. Í áætlunum um stofnkostnað er nú gert ráð fyrir 1 milljarða kr. viðbótarútgjöldum á þessu ári vegna smíði nýrrar Vestmannaeyjafarju, sem ráðgert hafði verið að unnin yrði í einkaframkvæmd. Auk þess er gert ráð fyrir 450 m.kr. hærri kostnaði við lengingu Akureyrarflugvallar. Á móti vegur að horfur eru á að atvinnuleysi á þessu ári verði talsvert minna en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir og lækkar fjárveiting til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 3 milljarða kr. vegna þess. Samkvæmt nýjum áætlunum um útgjöld almannatrygginga, m.a. miðað við greiðslur það sem af er árinu, er einnig talið að þau hafi verið ofmetin sem nemur 1 milljarði kr. Talsverð óvissa hefur verið í þeim áætlunum vegna mikilla breytinga sem gerðar hafa verið á kerfinu undanfarin ár.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2009. Ríkisstjórnin ákvað í maí sl. útgjaldaramma og markmið í ríkisfjármálum fyrir árið 2009. Var ákvörðun um útgjaldaramma byggð á langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og tilteknum markmiðum um aðhald með aukningu útgjalda. Ráðuneytin forgangsroðuðu verkefnum sínum innan rammans og í ágúst voru forsendur ríkisfjármála endurmetnar í ljósi þróunar í ríkisfjármálum og efnahagsmálum á árinu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2006	Reikningur 2007	Fjárlög 2008	Áætlun 2008	Frumvarp 2009
Rekstrargjöld					
Laun	87.398	106.072	114.935	118.265	127.942
Lífeyrisskuldbindingar.....	4.052	19.933	5.002	5.002	5.284
Önnur gjöld	81.762	92.500	96.250	101.976	114.703
Sértekjur	-28.121	-30.314	-27.410	-27.729	-32.402
Rekstrargjöld samtals	145.091	188.191	188.777	197.514	215.527
Fjármagnskostnaður	13.420	22.220	21.764	31.325	34.670
Rekstrar- og neyslutilfærslur					
Lífeyristryggingar	30.899	37.873	45.030	45.858	53.854
Sjúkratryggingar	14.970	17.694	18.561	22.227	23.641
Fæðingarorlofsjóður	6.594	8.014	8.696	9.541	10.929
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	8.091	11.830	12.176	12.500	10.747
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	8.324	8.578	9.002	9.439	10.184
Barnabætur	5.374	7.888	8.800	8.970	10.100
Afskriftir skattkrafna	9.795	8.476	10.000	10.000	10.000
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	6.148	6.861	8.065	8.328	9.689
Atvinnuleysistryggingasjóður	3.360	2.643	7.255	4.765	8.343
Vaxtabætur	5.472	5.633	5.880	6.592	7.770
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.050	4.804	5.938	5.938	7.723
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.918	3.523	3.781	3.781	4.287
Ríkisútvarpið	2.483	2.834	2.916	2.977	2.945
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	951	2.773	2.926	2.893	2.611
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	21.118	27.026	28.083	29.444	32.231
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	130.547	156.449	177.110	183.253	205.054
Viðhald					
Vegakerfi	2.405	3.104	3.350	3.350	4.914
Annað	2.494	3.247	3.101	3.132	3.574
Viðhald samtals	4.899	6.350	6.451	6.481	8.488
Fjárfesting					
Vegakerfi	6.714	10.606	22.537	22.537	25.313
Hafnarframkvæmdir	983	839	2.098	3.112	2.488
Háskólar og framhaldskólar	479	2.197	1.821	1.821	2.140
Heilbrigðisstofnanir	1.024	1.791	1.963	1.863	1.897
Flugvellir	518	441	1.973	2.432	422
Annað	4.720	8.439	9.739	10.185	11.416
Fjárfesting samtals	14.438	24.312	40.130	41.949	43.676
Gjöld samtals	308.395	397.522	434.232	460.522	507.414

Rekstrargjöld. Með rekstrargjöldum er átt við laun og önnur rekstrargjöld vegna kaupa á vörum og þjónustu í A-hluta ríkissjóðs að frádregnum sértekjum. Er hér um að ræða eiginlegan rekstur ríkissjóðs t.d. rekstur mennta- og heilbrigðisstofnana og kaup ríkis-

ins á þjónustu af einkaaðilum og sjálfseignastofnunum svo sem vegna reksturs hjúkrunarheimila. Rekstrargjöld ársins 2009 eru áætluð 215,5 milljarðar kr. og hækka um 18 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu ársins 2008 eða um 9%. Ef rekstrargjöld beggja áranna eru færð á sama verðlag með verðvísitölu samneyslu jafngildir þetta 2,9% hækkun að raungildi. Ef einnig er leiðrétt fyrir breytingum á milli ára í óreglulegum rekstrarliðum, lífeyrisskuldbindingum og fjármagnstekjuskatti sem ríkissjóður greiðir, þá er hækkunin 3,4% á þennan mælikvarða. Hækkun rekstrargjalda er mest í heilbrigðismálum og öldrunarþjónustu vegna starfsemi sjúkrastofnana, heilsugæslu og öldrunarstofnana eða samtals um 7,6 milljarða kr. Rekstrarkostnaður menntakerfisins vegna háskóla, rannsókna og framhaldsskóla eykst samtals um 3,3 milljarða kr. Útgjöld vegna reksturs á sviði löggæslu- og öryggismála hækkar um 1,6 milljarða kr. en nokkur hluti af því tengist úthaldi á nýju varðskipi og nýrri flugvél fyrir Landhelgisgæsluna frá miðju næsta ári. Loks má nefna að rekstrarútgjöld stofnana fyrir fatlaðra hækka um tæplega 1 milljarð kr. Eins og áður segir stafar verulegur hluti af aukningu rekstrarkostnaðarins af launa- og verðlagshækkunum til næsta árs.

Sértekjur eru greiðslur fyrir veitta þjónustu eða vörur sem ríkisstofnanir í A-hluta selja á markaðslegum forsendum. Einnig falla hér undir innbyrðis viðskipti aðila í A-hluta. Sértekjur hækka um 4,7 milljarða króna frá áætlaðri útkomu 2008 og eru taldar verða rúmlega 32 milljarðar í frumvarpinu. Í þeirri aukningu vegur þyngst rúmlega 1,8 milljarða kr. hækkun sértekna í rekstri Vegagerðarinnar sem skýrist af aukinni innbyrðis sölu milli þeirra tveggja fjárlagaliða sem starfsemi stofnunarinnar er skipt á í fjárlögum. Á móti koma því jafn há rekstrargjöld. Tekjur Fasteigna ríkissjóðs af húsaleigu aukast einnig um ríflega 1,2 milljarða kr. sem stafar aðallega af aukinni veltu vegna fjölgunar eigna í umsjón stofnunarinnar, þar með talinna fasteigna sem áður voru í umsjón heilbrigðisráðuneytisins, auk hækkunar á húsaleigu. Aðrar breytingar eru minni og skýrast að mestu af verðlagsbreytingum í samræmi við forsendur frumvarpsins.

Neyslu- og rekstrartilfærslur. Undir þennan flokk útgjalda falla almannatryggingar, beinar greiðslur til bænda og aðrar greiðslur samkvæmt samningum um búvöruframleiðslu og aðrar tekjutilfærslur til einstaklinga. Hér er einnig um að ræða rekstrartilfærslur til fyrirtækja, sveitarfélaga og ríkisaðila utan A-hluta ríkissjóðs svo sem til fyrirtækja í B-hluta og lánasjóða í C-hluta. Samtals eru neyslu- og rekstrartilfærslur áætlaðar um 205 milljarðar kr. á árinu 2009 og hækka um 21,8 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu ársins 2008 eða sem nemur um 11,5%. Raunaukning tilfærslna telst vera 5,5% miðað við útgjöldin séu reiknuð á fast verðlag með verðvísitölu samneyslu. Ef einnig er leiðrétt fyrir breytingum á milli ára í óreglulegum tilfærsluliðum, afskriftum skattkrafna, framlögum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og atvinnuleysisbótum, þá reynist raunhækkunin vera 6,3% á þennan mælikvarða. Stærstur hluti hækkunarinnar frá áætlun ársins 2008 er vegna aukinna útgjalda almannatryggingakerfisins, eða samtals um 10,4 milljarðar kr. eða tæplega 17%. Sú aukning er að mestu

vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar um ýmsar breytingar á lögum um almannatryggingar, sem flestar hafa þegar tekið gildi og fela m.a. í sér að dregið er verulega úr tekjutengingum og að frítekjumörk hækka. Einnig má nefna að teknar eru upp sérstakar viðbótargreiðslur til þeirra sem eru undir tilteknum tekjumörkum. Þá vegur einnig þungt 4% hækkun bóta frá 1. febrúar sl. til viðbótar við 3,3% hækkun í byrjun þessa árs samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar í kjölfar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði sem gerðir voru í febrúar sl. Auk þess er gert ráð fyrir að bæturnar verði hækkaðar um 9,6% í byrjun næsta árs. Þá hækka framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 3,6 milljarða kr. frá yfirstandandi ári en að hluta skýrist það af því að áætlun um þau framlög hefur verið lækkuð fyrir árið 2008 í samræmi við endurskoðaða spá um atvinnuleysi á árinu. Að öðru leyti er um að ræða kostnaðaráhrif af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að hækka atvinnuleysisbætur með hliðsjón af hækkun lágmarkslauna í almennum kjarasamningum. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar um 1,8 milljarð kr., eða um 25%, á grundvelli endurskoðaðrar áætlunar um útlán til námsmanna og framlagsþörf úr ríkissjóði. Þar gætir áhrifa af nýjum úthlutunarreglum og mikilli fjölgun lánsútsóknna auk gengisbreytinga. Útgjöld sjúkratrygginga hækka um 1,4 milljarða kr. Er það aðallega vegna hækkunar á kostnaði við lyf og hjálpartæki en í áætlun um útkomu þessa árs hefur þegar verið reiknað með um 1,2 milljarða kr. hækkun. Greiðslur í Fæðingarorlofssjóð hækka einnig um 1,4 milljarða kr. einkum vegna umtalsverðrar fjölgunar í fæðingum barna. Barnabætur hækka um 1,1 milljarð kr. einkum vegna þess að skerðingarmörk voru hækkuð í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Vaxtabætur vegna húsnæðislána aukast um 1,2 milljarð kr. að mestu vegna 35% hækkunar á eignaskerðingarmörkum þeirra sem ákveðin var af sama til efni. Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga lækkar um 1,7 milljarða kr. frá áætlun fyrir árið 2008, sem skýrist aðallega af því að tímabundin framlög falla niður og að lögboðið framlag miðað við hlutdeild í skatttekjum ríkisins stendur nánast í stað. Loks er gert ráð fyrir 590 m.kr. fjárheimild hjá fjármálaráðuneytinu til að mæta því að greiddar verða allt að 25 þús. kr. mánaðarlegar uppbætur á eftirlaun þeirra ellilífeyrisþega sem fá minna en það greitt úr lífeyrissjóðum. Við þetta munu viðmiðunartekjur ellilífeyrisþega hins vegar hækka þannig að gert er ráð fyrir að útgjöld lífeyristrygginga lækki á móti um samtals 265 m.kr.

Fjármagnskostnaður. Áætlað er að gjaldfærðir áfallnir vextir af skuldum ríkissjóðs verði 34,7 milljarðar kr. á næsta ári en þeir eru áætlaðir 21,8 milljarðar í fjárlögum og 31,3 milljarður kr. í endurskoðaðri áætlun fyrir yfirstandandi ár. Hækkun vaxtagjaldanna er fyrst og fremst til komin vegna aukinnar útgáfu ríkisins á ríkisbréfum og erlendri lántöku í tengslum við aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, sem miða að því að stækka gjaldeyrisvaraforða Seðlabanka Íslands og að styðja við vaxtamyndun á innlendum fjármagnsmarkaði

Viðhaldsverkefni. Framlög til viðhaldsverkefna aukast um rúmlega 2 milljarða kr. frá fjárlögum. Annars vegar er um að ræða viðhald á vegakerfinu sem hækkar um rúman 1,5 milljarð kr. með hliðsjón af áætlunum í viðauka við samgönguáætlun fyrir árin 2007 - 2010 auk verðlagshækkana. Hins vegar hækkar kostnaður við annað viðhald um rúmlega 400 m.kr. Þar er annars vegar um að ræða um 800 m.kr. hækkun á viðhaldi bygginga sem falla undir Fasteignir ríkissjóðs, en sá kostnaður er fjármagnaður með leigutekjum frá ríkisstofnunum, og hins vegar álíka mikla lækkun á nokkrum öðrum viðhaldsliðum.

Stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur eru áætlaðar 43,7 milljarðar kr. og hækka um 1,7 milljarð kr. frá áætlun ársins. Hér er fyrst og fremst um að ræða aukningu verkefna í samgöngumálum sem taka mið af áætlunum í viðauka við samgönguáætlun fyrir árin 2007 - 2010, fjárheimild til niðurgreiðslu vaxta af leiguíbúðum og fjármuni til að ljúka smíði varðskips fyrir Landhelgisgæsluna. Stórfelld aukning var gerð á fjárveitingum til samgönguframkvæmda í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár og í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að það framkvæmdastig haldist áfram álíka hátt og að heildarfjárveitingar ríkisins svari til um 2,8% af áætlaðri landsframleiðslu næsta árs.

3.2 Útgjöld til rannsóknna-, þróunar og nýsköpunar

Heildarútgjöld til rannsókna og þróunar voru um 2,8% af vergri landsframleiðslu við síðustu mælingu Rannsóknamiðstöðvar Íslands sem fór fram 2006 vegna ársins 2005. Þetta er hátt hlutfall í samanburði við önnur lönd. Hlutfallið hefur þó lækkað en það komast hæst í 3%. Skýringin liggur í örum vexti landsframleiðslunnar síðustu árin sem aukning framlaga til þessar mála hefur ekki haldið alveg í við. Að raungildi hafa fjárhæðir hækkað umtalsvert. Um það bil helmingur útgjalda til rannsókna og þróunar hér á landi er fjármagnaður og framkvæmdur af ríkinu. Þetta er mun herra hlutfall en í löndum sem við viljum bera okkur saman við og hefur áhrif á áherslur í rannsóknnum og þróunarstarfsemi. Eitt af markmiðum Vísinda- og tækniráðs er að auka hlut fyrirtækja á þessu sviði.

Eftirfarandi umfjöllun er byggð á upplýsingum og úrvinnslu Rannsóknarmiðstöðvar Íslands sem hefur tekið saman upplýsingar um þróun á þessu sviði allt frá árinu 1993. Svipuð umfjöllun og sú sem hér fer á eftir var síðast í fjárlagafrumvarpi 2007. Sá munur er á umfjölluninni að þá var lögð áhersla á að greina frá umsvifum ríkisaðila á sviði rannsókna og þróunar en hér verður athyglinni beint að þeim hluta umsvifanna sem fjárveitingar úr ríkissjóði standa undir.

Rannsóknamiðstöð Íslands áætlar að fjárveitingar til þessara mála hækki um rúmlega 3 milljarða kr. samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2009 frá fjárlögum 2008. Engin dæmi eru um jafn mikla hækkun áður en að hluta til er hún vegna verðlags- og launaþróunar. Mest er hún hjá stofnunum menntamálaráðuneytisins, 2 milljarðar kr. Ríkisframlög hækka hjá öllum ráðuneytum eins og fram kemur í töflu. Rétt er í því sambandi að vekja athygli á að tölur fyrir árin 2000 til 2006 eru ekki að öllu leyti samanburðarhæfar við síðari ár þar sem þær

hafa ekki verið leiðréttar í samræmi við flutning verkefna milli ráðuneyta á árinu 2008. Mestu munar að sjávarútvegsráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti voru sameinuð og skólar fluttir frá landbúnaðarráðuneytinu yfir til menntamálaráðuneytisins. Þá voru Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins fluttar til umhverfissráðuneytisins frá landbúnaðarráðuneytinu.

Verðlag hvers árs, m.kr.	Reikn. 2000	Reikn. 2002	Reikn. 2004	Reikn. 2006	Reikn. 2007	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Menntamálaráðuneyti	3.594	4.740	4.788	5.666	7.589	8.011	10.442
Sjávarútvegsráðuneyti	1.032	1.073	1.260	1.678	0	0	0
Landbúnaðarráðuneyti	405	485	434	540	1.975	2.145	2.313
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti ..	514	747	946	1.096	1.198	1.205	1.384
Iðnaðarráðuneyti	266	314	483	782	813	1.024	1.210
Umhverfissráðuneyti	312	432	369	393	431	481	586
Forsætisráðuneyti	48	82	79	27	34	62	70
Samgönguráðuneyti	62	203	56	60	59	56	63
Önnur ráðuneyti	52	69	62	62	68	69	78
Fjárveitingar ríkisins	6.286	8.145	8.477	10.304	12.165	13.053	16.148

Mestu hækkanirnar eru til Háskóla Íslands og annarra háskóla en sjóðir sem styðja við rannsóknir og þróun hækka einnig. Af þeim 16,1 milljarði kr. sem áætlað er að verði varið til rannsókna og þróunar af ríkisfé er gert ráð fyrir að háskólarnir verji 7 milljörðum kr. eða 44%. Áætlað er að ríkið leggi öðrum stofnum sínum en skólum til 4,7 milljarða kr. vegna rannsókna. Til viðbótar kemur að Rannsóknamiðstöð Íslands og sjóðir í vörslu hennar fá 2,2 milljarða kr. Mismunurinn rennur til þátttöku í rammaáætlun Evrópusambandsins og ýmissa annarra sjóða og verkefna. Yfirlit yfir þróun þessara liða er í töflu en taka ber fram að tölur eru ekki að öllu leyti samanburðarhæfar milli ára þar sem ekki hefur verið leiðrétt fyrir tilflutningi verkefna.

Verðlag hvers árs, m.kr.	Reikn. 2000	Reikn. 2002	Reikn. 2004	Reikn. 2006	Reikn. 2007	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Menntastofnanir	2.484	3.366	3.290	4.052	5.280	5.268	7.089
Opinberar rannsóknastofnanir	1.287	1.849	1.825	2.194	2.325	2.409	2.724
RANNIS og sjóðir vistaðir þar	608	683	860	1.357	1.553	1.874	2.213
Rannsóknastofnanir atvinnuveganna	1.343	1.435	1.553	1.733	1.660	1.719	1.942
Alþjóðlegar stofnanir, annað erlent	284	439	429	467	536	667	1.026
Sjóðir aðrir en í vörslu RANNIS	79	153	254	249	637	791	804
Áætlanir og verkefni	201	220	265	252	174	324	350
Samtals	6.286	8.145	8.476	10.304	12.165	13.052	16.148

Fjárveitingar til rannsókna og þróunar eru flokkaðar á rannsóknasvið samkvæmt staðli OECD. Þótt margar stofnanir og sjóðir sinni fleiri en einu sviði er fjárveitingum þeirra ekki skipt enda þótt til séu aðferðir við að flokka nákvæmar en staðallinn segir til um. Flokkunin

er þó talin gefa all góða vísbendingu um áherslur. Fjárveitingar háskólanna falla undir almenna þróun vísinda og þær veita þingstær auk fjárveitinga til samkeppnissjóða í rannsóknnum og rannsóknum á sviði sjávarútvegsmála. Fjárveitingar aðila sem stunda helst rannsóknir á félags- og mannvísindasviði flokkast sem félagsleg þjónusta.

Verðlag hvers árs, m.kr.	Reikn. 2000	Reikn. 2002	Reikn. 2004	Reikn. 2006	Reikn. 2007	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Almenn þróun vísinda	2.388	3.275	3.163	3.514	4.707	4.848	6.587
RANNIS og sjóðir	608	683	864	1.363	1.560	1.881	2.220
Fiskveiðar	832	900	881	1.086	1.871	2.029	2.189
Félagsleg þjónusta	652	836	928	1.147	1.210	1.402	1.808
Heilsuvernd	505	825	905	1.075	1.198	1.205	1.384
Umhverfismál	243	279	316	334	355	409	508
Orkumál	126	162	145	150	186	213	263
Iðnaður	176	210	317	427	164	182	216
Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi	487	606	651	923	669	503	561
Óskilgreint	106	111	139	193	141	170	188
Ýmsir sjóðir sem styrkja rannsóknir	73	26	97	17	18	128	141
Samgöngur og skipulag	90	232	71	77	86	83	83
Samtals	6.286	8.145	8.477	10.306	12.165	13.053	16.148

3.3 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta

Í frumvarpinu er áætlað fyrir útgjöldum til málefna upplýsingasamfélagsins í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin hefur markað stefnu í þriðja sinn um upplýsingasamfélagið, nú fyrir árin 2008 til 2012 undir kjörorðinu *Netrikið Ísland*. Framtíðarsýnin er að Íslendingar verði meðal fremstu þjóða í rafrænni þjónustu og nýtingu upplýsingatækni. Unnið verður að einföldun og nútímavæðingu stjórnsýslunnar, aukinni notkun á upplýsingatækni til að bæta opinbera þjónustu, aukinni skilvirkni og einföldun í samskiptum á milli almennings og stjórnvalda.

Netrikið Ísland vísar til þess að ríkið vinni sem ein heild eða eitt samhæft net en slík samhæfing er lykilatriði til að bæta megi opinbera þjónustu, auka skilvirkni og stuðla að öflugri framþróun. Slíkt felur í sér möguleikann á aðgengi að öllum eyðublöðum opinberra aðila á vefslóðinni *www.island.is* og einstaklingsmiðuðum aðgangi að persónulegum gögnum. Helstu verkefni ráðuneyta og markmið eru að samræma heildarskipulag og einfalda stjórnsýsluna með því að tryggja skilvirk, samræmd og örugg samskipti milli upplýsingakerfa ríkisins, að staðla og samræma rafræna stjórnsýslu, að vakta þróun upplýsingasamfélagsins og fleira. Aukin þjónusta væri meðal annars í formi sjálfsafgreiðslu þar sem því verður við komið, til dæmis umsóknir, vottorð, tilkynningar, tímapantanir, gagnaskil og fleira sem snýr að samskiptum við opinbera aðila. Mikilvægt er að efla aðgengi að rafrænni opinberri stjórnsýslu sem leiðir til sparnaðar í tíma og fjármunum einstaklinga og fyrirtækja. Leiðarljós fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar árin 2008 til 2012 er: Notendavæn og skilvirk þjónusta - engar biðraðir. Verkefni sem stuðla að þessu eru m.a. umsóknir um

styrki, tilkynning um búferlaflutninga og fæðingavottorð hjá Þjóðskrá, þinglýsingar og veðbókarvottorð, sakavottorð, lögreglustöð á netinu og fleira. Önnur verkefni eru að vakta þróun upplýsingasamfélagsins meðal annars með samanburði við önnur ríki, þróun innlendra mælikvarða, könnunum og kynningum, að efla notkun upplýsingatækni í námi og kennslu, að setja af stað tilraunarverkefni með rafrænar sveitarstjórnarkosningar í tveimur sveitarfélögum árið 2010 ásamt fleiru. Framþróun þessara mála er mikilvæg til þess að efla samkeppnishæfni netríkisins sem byggist á virku lýðræði, góðri menntun og öfluglu atvinnulífi.

 Rekstrargrunnur, m.kr.

 Frumvarp 2009

01-996-6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta	
Mínar síður á Ísland.is	10,0
Vefir ráðuneyta verði fyrirmyndarvefir	4,0
Opinberir vefir uppfylli skilyrði um aðgengi fatlaðra (A-vottun)	3,0
Bakland rafrænnar stjórnsýslu verði styrkt	5,0
Stöðlun og samræming í rafrænni stjórnsýslu	5,0
Skilvirk, samræmd og örugg samskipti milli upplýsingakerfa ríkisins	18,0
Ryðja úr vegi hindrunum fyrir rafrænni þjónustu	5,0
Vakta þróun upplýsingasamfélagsins	5,0
02-101-1.01 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	
Umsóknir um styrki á vegum menntamálaráðuneytis	3,0
02-299-1.80 Háskóla og rannsóknastarfsemi, vísindastarfsemi	
Framtíðarskipan gagnagrunna á Íslandi	4,0
02-299-1.90 Háskóla og rannsóknarstarfsemi, háskólastarfsemi	
Námsferill frá grunnskóla til háskóla	6,0
02-319-1.11 Framhaldsskólar, sameiginleg þjónusta	
Notkun UT í námi og kennslu verði efl, UT-leiðtogar	10,0
Stafrænt námsefni fyrir grunn- og framhaldsskóla	5,0
02-451-1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga	
Tungumálatorg skólanna	2,0
02-999-1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	
Árveknipjónusta á bókasöfnum	6,0
03-101-1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	
Þjónustuveita fyrir diplómata, ræðismenn og friðargæsluliða	2,0
Samvinnuvettvangur um þýðingar og nýyrði á sviði alþjóðabýðinga	3,0
04-190-1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis	
Tilboð í tollkvóta fyrir kjöt, kjötvörur og osta	2,0
06-106-1.01 Þjóðskrá	
Tilkynning um búferlaflutninga, fæðingavottorð o.fl. hjá Þjóðskrá	20,0
Mínt verði á endurnýjun skilríkja, t.d. vegabréfa og ökuskírteina	2,0
06-301-1.05 Ríkissaksóknari	
Sakavottorð	2,0
06-303-1.01 Ríkislögreglustjóri	
Lögreglustöð á netinu, m.a. tilkynningar til lögreglu	5,0

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2009
07-190-1.90 Félagsmálaráðuneyti, ýmis verkefni	
Rafrænn samskiptavettvangur ráðuneytis og stofnana þess	10,0
Auðlesið og erlent mál	2,0
07-821-1.01 Tryggingastofnun ríkisins	
Tryggur, þjónustuvefur Tryggingastofnunar ríkisins	20,0
08-373-6.01 Landspítali, tæki og búnaður	
Kvikan, vefur sjúklinga og aðstandenda	8,0
08-397-1.01 Lyfjastofnun	
Aðgengi að samræmdri lyfjaskrá	6,0
08-399-6.91 Heilbrigðismál, upplýsingatæknimál	
Aukin hagnýting upplýsingatækni í heilbrigðisráðuneyti, eyðublöð verða rafræn	3,0
Upplýsingar um rétt til afsláttar í heilbrigðisþjónustunni	9,0
08-506-1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	
Rafræn samskipti við skjólstæðinga heilsugæslustöðvar o.fl.	10,0
09-999-1.90 Fjármálaráðuneyti, ýmis verkefni	
Þjónusta fyrir rafræna auðkenningu og rafrænar greiðslur	10,0
09-999-1.94 Fjármálaráðuneyti, þróunarmál í upplýsingatækni	
Þinglýsingar, veðbókarvottorð o.fl.	25,0
Stofnun fyrirtækis og breytingar á fyrirtækjaskrá	8,0
Sending staðfesta afrita af skattframtölum	3,0
Rafræn samskipti skjalakerfa ríkisins	9,0
Samnýta og samhæfa miðlægar skrár, t.d. þjóðskrá, fyrirtækjaskrá o.fl.	5,0
Innleiðing rafræna skilríkja í samskiptum við opinbera aðila	6,0
Allar greiðslur af hálfu ríkisins verði rafrænar	3,0
10-190-1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis	
Rafræn eyðublöð stofnana samgönguráðuneytis	10,0
Tilraun með rafrænar sveitarstjórnarkosningar í 2 sveitarfélögum 2010	7,0
11-205-1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands	
Gagnvirk þjónustumiðstöð fyrir einst./fyrirt. um stofnun, rekstur fyrirtækja	3,0
12-190-1.90 Viðskiptaráðuneyti, ýmis viðskipta- og bankamál	
Þarfagreining á umhverfi rafrænna viðskipta á Íslandi í alþjóðas.	3,0
Aðlaga íslenskt viðskiptaumhverfi að alþjóðlegum stöðlum og reglum	3,0
12-431-1.01 Einkaleyfastofan	
Umsóknir um vörumerki, hönnun, einkaleyfi, greiðslur hjá ELS	5,0
14-310-1.01 Landmælingar Íslands	
Samræma og samnýta skrár sem innihalda landupplýsingar	5,0
Samtals	300,0

Gert er ráð fyrir útgjöldum á fjárlagaliðum viðkomandi aðila sem annast verkefnin. Verkefnin eru samþykkt af verkefnisstjórn á vegum forsætisráðuneytisins og fjármögnuð með sérstakri fjárveitingu sem stjórnin skiptir niður á umsóknir. Verkefnisstjórnin skipti samtals 300 m.kr. til upplýsingaverkefna í frumvarpinu.

3.4 Safnliðir

Alþingi ákveður fjárframlög til einstakra verkefna og stofnana og verður þeim ákvörðunum ekki breytt nema með lögum. Nauðsynlegt er þó fyrir framkvæmdarvaldið að hafa ákveðinn sveigjanleika innan ársins til að mæta breytingum á forsendum frá samþykkt fjárlaga og færa fjárheimildir á þá fjárlagaliði þar sem stofnað er til þeirra. Þannig eru í frumvarpinu tilteknir safnliðir með óskiptum fjárheimildum sem venja hefur verið að ráðstafa innan ársins með millifærslu á aðra fjárlagaliði án þess að sækja þurfi til þess heimild Alþingis enda er heildarfjárheimild óbreytt eftir sem áður. Í lok greinargerðar um hvert ráðuneyti í skýringum með frumvarpinu er yfirlit yfir slík viðfangsefni með óskiptum fjárheimildum sem ætlaðar eru til að mæta ýmsum sameiginlegum eða ófyrirséðum kostnaði tiltekinna verkefna. Fjárheimildir eru millifærðar af þessum viðfangsefnum á önnur viðfangsefni þar sem viðkomandi kostnaður er gjaldfærður miðað við framvinduna innan ársins. Eru millifærslurnar í samræmi við þær forsendur og þau verkefni sem liðirnir ná yfir. Má þar t.d. nefna safnliði vegna fjárfestinga, launa- og verðlagsbreytinga, sameiginleg útgjöld vegna heimildagreinar fjárlaga, ráðstöfunarfé ráðherra og safnliði fyrir vissa flokka samstæðra stofnana til að mæta breytingum á forsendum um nemendafjölda eða nýtingu hjúkrunarrýma o.fl. Verði breytingar á forsendum, t.d. um nýtingu hjúkrunarrýma, er millifært af viðkomandi safnlið á viðkomandi hjúkrunarheimili ef nýtingin er meiri en af hjúkrunarheimilinu á safnliðinn ef nýtingin reynist minni en áætlað var í fjárlögum. Samkvæmt 37. gr. fjárreiðulaga er heimilt að flytja fjárheimildir á milli einstakra rekstrarviðfangsefna hvers ríkisaðila í A-hluta. Er heimildin til komin þar sem áætlanir geta breyst um hvernig verkefni skipast innan hvernar stofnunar og ekki talin ástæða til að leggja hvert slíkt tilvik fyrir Alþingi. Ekki er um að ræða að heimilt sé að millifæra fjárheimildir ef t.d. verkefni er fært frá einni stofnun til annarrar eða ef áformað er að nota ónýtta stofnkostnaðarheimild til reksturs. Í slíkum tilvikum er sótt um breytingu til Alþingis í fjárukalögum. Ekki er um að ræða breytingu á þeirri framkvæmd sem verið hefur undanfarin ár. Var í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 í fyrsta sinn birt yfirlit yfir millifærsluliði hjá hverju ráðuneyti en ekki þótti nægjanlega skýrt við samþykkt fjárlaga hve víðtækar heimildir framkvæmdarvaldið hefði í þessum efnunum. Fjárveitingavaldið er í höndum Alþingis og því eðlilegt að við afgreiðslu fjárlaga liggi fyrir hvert svigrúm framkvæmdarvaldsins er til að millifæra fjárheimildir á milli fjárlagaliða innan ársins.

Fjármálaráðuneytið hefur gert viðmiðunarreglur um millifærslur fjárheimilda innan ársins og eru þær eftirfarandi:

Samkvæmt 37. gr. fjárreiðulaga er heimilt að flytja fjárheimild milli einstakra rekstrarverkefna innan stofnunar enda séu verkefnin skilgreind í fjárlögum. Með ákvæðinu er komið á móts við sjónarmið um aukinn sveigjanleika stofnana til ráðstöfunar fjármuna sinna. Einnig eru í fjárlögum óskiptir safnliðir sem hafa verið notaðir til að mæta ýmsum sameiginlegum kostnaði og millifært er af milli fjárlagaliða. Er í fjárlagafrumvarpi birtur listi yfir þá liði. Tilvik, sem fela í sér greiðslu kostnaðarhlutdeildar, kaup eða sölu þjónustu

milli verkefna, skulu hins vegar gerð með útgáfu reiknings sem færast til gjalda og tekna í bókhaldi á viðkomandi verkefni. Hvert ráðuneyti ber ábyrgð á millifærslu fjárheimilda samkvæmt reglum þessum og að fjárheimildir séu fyrir hendi en fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með millifærslunum og heldur skrá með skýringum um einstakar millifærslur.

1. Alþingi ákvarðar fjárheimildir einstakra fjárlagaliða og verkefna í fjárlögum, fjáraukalögum og lokafjárlögum.

2. Eftir afgreiðslu fjárlaga er heimilt að millifæra fjárheimildir innan fjárlagaársins á milli einstakra rekstrarverkefna hvers ríkisaðila í A-hluta enda séu verkefnin tilgreind í fjárlögum, sbr. 37. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

3. Sé talið nauðsynlegt að millifæra fjárheimildir á fjárlagaliði eða viðfangsefni, sem ekki eru tilgreind í fjárlögum og stofna nýjan fjárlagalið eða viðfangsefni innan ársins, skal Fjársýsla ríkisins hafa samráð við fjárlagaskrifstofu um það.

4. Óheimilt er að millifæra fjárheimildir á milli framkvæmdaviðfangsefna (stofnkostnaðar- og viðhaldsviðfangsefna) og rekstrarviðfangsefna, sbr. lið 2, nema Alþingi veiti heimild til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

5. Tilteknir fjárlagaliðir og viðfangsefni eru skilgreind sem safnliðir með óskiptri fjárheimild og er þeim ætlað að mæta ýmsum kostnaði við sameiginleg verkefni ráðuneyta eða samstæðra stofnana. Sumir safnliðir fjárlaga eru ætlaðir til að millifæra fjárheimildir til stofnana þar sem framlög til þeirra eru ákvörðuð miðað við tilteknar forsendur um þjónustu eða framleiðslu og endanleg fjárheimild á að ráðast af uppgjöri á því magni þjónustu sem veitt er, svo sem fjölda nemenda eða legurýma. Heimilt er að millifæra fjárheimildir innan ársins af slíkum safnliðum til viðkomandi verkefna í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna eins og tilgreint er í fjárlagafrumvarpi.

6. Viðfangsefni fjárlaga, sem flokkast sem safnliðir, skulu einvörðungu notaðir til að flytja heimildir innan ársins á viðkomandi viðfangsefni þar sem efnt er til útgjaldanna og þau eru gjaldfærð. Sjálfir liðirnir skulu ekki notaðir til að færa gjöld eða tekjur í bókhaldi.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld og fjármögnun æðstu stjórnar ríkisins breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.054,4	3.203,4	3.528,2	10	16
Neyslu- og rekstrartilfærslur	71,0	67,9	66,8	-2	-6
Stofnkostnaður og viðhald	290,8	381,1	69,6	-82	-76
Samtals	3.416,2	3.652,4	3.664,6	0	7
Greitt úr ríkissjóði	-	3.652,4	3.664,6	0	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	-	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	3.652,4	3.664,6	0	-

Heildargjöld á fjárlagaliðum æðstu stjórnar ríkisins árið 2009 eru áætluð um 3.713 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 48 m.kr. en þær nema rúmlega 1% af heildargjöldunum. Gjöld umfram tekjur eru 3.665 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.


Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.528 m.kr. og hækka um 325 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Launa- og verðlagshækkunar til næsta árs nema 340 m.kr. og er raunlækkun rekstrargjalda því 15 m.kr. Munar þar mest um að niður falla nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna en þau nema alls 19 m.kr. Þá eru fjárveitingar lækkaðar um alls 4 m.kr. vegna áförmum um aðhald í rekstrarkostnaði en á móti er gert ráð fyrir auknum framlögum til Alþingis vegna nýrra verkefna sem nema 8 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 1 m.kr. og verða 67 m.kr. Eina breytingin fyrir utan launa- og verðlagsbætur er sú að niður fellur 1 m.kr. tímabundið framlag til reksturs Hins íslenska Þjóðvinafélags.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 70 m.kr. og er það 312 m.kr. lækkun milli ára. Lækkunin skýrist af því að niður falla nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Munar þar mest um 250 m.kr. framlag sem veitt var til viðgerða og endurbóta á húsinu Skjaldbreið og 50 m.kr. framlag sem veitt var til framkvæmda á Alþingisreit.

Í útgjaldaramma æðstu stjórnar ríkisins hefur þannig verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áförmum með aðhaldi í útgjöldum sem nemur 4 m.kr. og að 8 m.kr. verði veitt til nýrra verkefna. Niður falla samtals 331,6 m.kr. framlög sem veitt hafa verið til tímabundinna verkefna. Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda æðstu stjórnar ríkisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Fjárlagaliðir æðstu stjórnar ríkisins

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar á fjárveitingum stofnana sem tilheyra æðstu stjórn ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	184,9	196,4	216,9	10,4	17,3
Alþingi	2.335,6	2.429,1	2.412,6	-0,7	3,3
Framkvæmdir á Alþingisreit	1,5	50,0	0,0	-100,0	-100,0
Ríkisstjórn	246,9	247,0	269,1	8,9	9,0
Hæstiréttur	135,3	138,9	149,0	7,3	10,1
Umboðsmaður Alþingis	101,4	122,2	127,5	4,3	25,7
Ríkisendurskoðun	410,6	468,8	489,5	4,4	19,2
Samtals	3.416,2	3.652,4	3.664,6	0,3	7,3

101 Embætti forseta Íslands. Gert er ráð fyrir 216,9 m.kr. fjárveitingu til embættisins á næsta ári og er það 20,5 m.kr. hækkun frá fjárlögum, sem skýrist nær öll af áætluðum launa- og verðlagshækkunum á næsta ári.

201 Alþingi. Framlög til Alþingis eru áætluð 2.412,6 m.kr. og lækka um 16,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Launa- og verðlagshækkunir til næsta árs eru áætlaðar 233,3 m.kr. og því nemur lækkunin 249,8 m.kr. að raungildi. Lækkunin stafar aðallega af því að niður falla samtals 255,1 m.kr. framlög sem veitt voru á fjárlögum 2008 til tíma-

bundinna verkefna, þar af 250 m.kr. til viðgerða og endurbóta á húsinu Skjaldbreið, 4 m.kr. til ritunar sögu þingræðis og 1,1 m.kr. til reksturs Hins íslenska Þjóðvinafélags. Því til viðbótar lækkar fjárveiting um 2,7 m.kr. vegna áforma um aðhald í rekstri. Á móti er gerð tillaga um 8 m.kr. fjárveitingu vegna hækkunar á föstum greiðslum þingfararkostnaðar. Forsætisnefnd Alþingis breytti föstum greiðslum ferðakostnaðar í kjördæmi frá og með árinu 2008 og er hann nú sá sami fyrir öll kjördæmi. Í eftirfarandi töflu er yfirlit um gjöld og fjárveitingar á fjárlagaviðfangsefnum Alþingis. Rétt er að taka fram að 250 m.kr. framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til viðgerða og endurbóta á húsinu Skjaldbreið var fyrir misgáning veitt á fjárlagalið Alþingis í stað liðarins *00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit*. Gert er ráð fyrir að það verði leiðrétt með millifærslu milli liðanna í fjárukalögum fyrir árið 2008.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Alþingiskostnaður	823,3	791,9	881,5	11,3	7,1
Framlög til þingflokka	65,0	65,0	65,0	0,0	0,0
Fastanefndir	9,0	30,6	34,5	12,7	283,3
Alþjóðasamstarf	172,3	90,5	124,9	38,0	-27,5
Almennur rekstur	760,8	796,8	876,2	10,0	15,2
Sérverkefni	36,9	44,2	42,9	-2,9	16,3
Br. á þingsköpum og bætt starfsaðstaða þingm.	-	98,8	102,2	3,4	-
Rekstur fasteigna	189,1	192,7	216,8	12,5	14,6
Fasteignir	121,0	24,0	24,0	0,0	-80,2
Tæki og búnaður	158,2	44,6	44,6	0,0	-71,8
Fasteignir	0,0	250,0	0,0	-100,0	-
Samtals	2.335,6	2.429,1	2.412,6	-0,7	3,3

205 Framkvæmdir á Alþingisreit. Niður fellur 50 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2008 til að standa straum af kostnaði við framkvæmdir á Alþingisreit.

610 Umboðsmaður Alþingis. Gert er ráð fyrir 127,5 m.kr. fjárveitingu til embættisins og jafngildir það 5,2 m.kr. lækkun fjárveitingar að raungildi. Skýrist það aðallega af því að niður fellur 5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum ársins 2008 vegna flutnings embættisins í annað húsnæði og sérstakrar afmælisútgáfu í tilefni 20 ára afmælis embættisins.

620 Ríkisendurskoðun. Gert er ráð fyrir 489,5 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar í frumvarpinu og jafngildir það 22,4 m.kr. lækkun fjárveitingar að raungildi þegar launa- og verðlagshækkningar eru frátaldar. Niður fellur 10 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2007 til að meta áhættu samfara notkun upplýsingakerfa og einnig fellur niður 11,5 m.kr. framlag sem veitt var í fjárlögum 2008 til framkvæmda við húsnæði

stofnunarinnar. Loks lækkar fjárveiting um 0,9 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun forsætisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.375,3	1.508,1	1.736,7	15	26
Neyslu- og rekstrartilfærslur	320,7	285,5	344,5	21	7
Stofnkostnaður og viðhald	127,4	371,9	224,9	-40	77
Samtals	1.823,4	2.165,5	2.306,1	6	26
Greitt úr ríkissjóði	-	2.165,5	2.306,1	6	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	-	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	2.165,5	2.306,1	6	-

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 2.416 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 110 m.kr. en þær nema 4,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.306 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.737 m.kr. og hækka um 229 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 28,5 m.kr. tímabundið framlag til könnunar á starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, 25 m.kr. tímabundið framlag til undirbúnings hátíðarhalda á árinu 2011 í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta, 17 m.kr. tímabundið framlag til nefndar um þróun Evrópumála, 15 m.kr. til þróunarvinnu hjá Hagstofu Íslands og 12,5 m.kr. tímabundið framlag vegna formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Fjárveiting til reksturs og þróunar vefsins *island.is*, upplýsinga- og þjónustuveitu ríkis og sveitarfélaga hækkar um 9,6 m.kr. Tímabundið framlag vegna ráðgjafar um breytingar í heilbrigðis- og tryggingamállum lækkar úr 30 m.kr. í 15 m.kr. og 30 m.kr. eru færðar tímabundið úr rekstri til lóðaframkvæmda við Stjórnarráðshúsið. Niður fellur 5,9 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2008 til að undirbúa formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Einnig hafa fjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar um alls 20 m.kr. vegna áforma um aðhald í rekstrarkostnaði.


Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 59 m.kr. og verða 344 m.kr. en eru 285 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Fyrir utan launa- og verðlagshækkanir vegur þar þýngst 20 m.kr.

tímabundið framlag vegna formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Niður fellur 11,7 m.kr. tímabundið framlag til Norðuratlantshúss í Óðinsvéum og 5 m.kr. framlag til fræðslustarfsemi í Sesseljuhúsi, umhverfissetri Sólheima í Grímsnesi sem færast yfir til umhverfissráðuneytis.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 225 m.kr. og er það 147 m.kr. lækkun milli ára. Munar þar mest um að niður falla nokkur stofnkostnaðarframlög sem veitt voru tímabundið í fjárlögum 2008, samtals 230 m.kr., en á móti kemur að gert er ráð fyrir að 25 m.kr. fjárheimild verði veitt til viðhalds og endurbóta á byggingum og lóðum í umsýslu forsætisráðuneytisins, 20 m.kr. til að reisa viðbyggingu við fræðslumiðstöðina á Hakinu og 10 m.kr. til byggingar móttöku- og fræðslumiðstöðvar við Gljúfrastein. Þá er eins og áður sagði 30 m.kr. millifærðar af rekstrarfjárframlögum í stofnkostnaðarframlög vegna framkvæmda við lóð Stjórnarráðshússins.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með aðhaldi sem nemur 20 m.kr. Á móti er gert ráð fyrir að veitt verði framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins, samtals að fjárhæð 296,8 m.kr. Niður falla samtals 380 m.kr. framlög sem veitt hafa verið til tímabundinna verkefna. Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Forsætisráðuneytið hefur gert samning við Vesturfarasetrið á Hofsósi um 28 m.kr. árlegt framlag á árunum 2008 til 2011. Samkvæmt samningnum er veitt 18 m.kr. rekstrarframlag til menningartengsla Íslendinga og fólks af íslenskum ættum sem búsett er í Norður-Ameríku og 10 m.kr. framlag til uppbyggingar á gamla þorp-skjarnanum á Hofsósi.

Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu. Samtals nema samningarnir rúmlega 1% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Vesturfárasetrið á Hofsósi	C	28,0	28,0	28,0	28,0	0,0
Samtals		28,0	28,0	28,0	28,0	0,0

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir forsætisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	233,4	253,2	252,5	-0,3	8,2
Ýmis verkefni	298,1	260,8	295,6	13,3	-0,8
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	531,5	519,0	553,1	6,6	4,1

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 3,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar til hækkunar eru þær að gert er ráð fyrir 28,5 m.kr. tímabundnu framlagi í þrjú ár vegna nefndar sem kannar starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, 25 m.kr. tímabundnu framlagi til undirbúnings hátíðarhalda í tilefni af því að 200 ár verða liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta og 17 m.kr. tímabundnu framlagi vegna nefndar um þróun Evrópumála. Helstu breytingar til lækkunar eru þær að gert er ráð fyrir að tímabundið framlag vegna ráðgjafarkostnaðar við undirbúning breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum lækki úr 30 m.kr. í 15 m.kr., ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu til Öryggismálanefndar, en nefndin hefur 14,5 m.kr. á fjárlögum 2008, og 30 m.kr. eru millifærðar tímabundið af rekstrarfé aðalskrifstofu til framkvæmda á lið Fasteigna Stjórnarráðsins. Þá falla niður framlög sem veitt hafa verið til tímabundinna verkefna samtals að fjárhæð 16,7 m.kr. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

- 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.** Gert er ráð fyrir 252,5 m.kr. fjárveitingu til skrifstofunnar. Það jafngildir 27,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs og skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi eru 30 m.kr. millifærðar tímabundið í eitt ár yfir á fjárlagaliðinn 01-203 *Fasteignir Stjórnarráðsins* vegna lóðaf framkvæmda við Stjórnarráðshúsið. Í öðru lagi lækkar fjárveiting um 1,5 m.kr. vegna áforma um aðhald í rekstri. Í þriðja lagi hækkar fjárveiting um 3,8 m.kr. þar sem tímabundin lækkun á árinu 2008 vegna hagræðingarkröfu gengur nú til baka.
- 190 Ýmis verkefni.** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 295,6 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 24,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar eru: Á nýju viðfangsefni, *1.16 Nefnd um þróun Evrópumála*, er tillaga um 17 m.kr. tímabundið framlag í 3 ár vegna starfa nefndarinnar sem sett var á laggirnar í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Verkefni nefndarinnar verður m.a. að stuðla að aukinni þátttöku stjórn mála- og embættismanna í hagsmunagæslu tengdri Evrópustarfi, athuga nánar hvernig hagsmunum Íslendinga verði best borgið í framtíðinni gagnvart Evrópusambandinu og fylgjast með þróun mála í Evrópu og leggja mat á breytingar út frá hagsmunum Íslendinga. Lagt er til að 14,5 m.kr. fjárveiting á viðfangsefninu *1.21 Öryggismálanefnd* falli niður þar sem dregist hefur að hefja störf nefndarinnar. Lagt er til að fjárveiting á viðfangsefninu *1.22 Ráðgjöf vegna breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum* framlengist um eitt ár en lækki jafnframt úr 30 m.kr. í 15 m.kr. Á viðfangsefninu *1.51* er tillaga um 25 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til að undirbúa hátíðarhöld og viðburði í tilefni af því að þann 17. júní 2011 verða 200 ár liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar, forseta. Gert er ráð fyrir að framlagið hækki og verði 30 m.kr. árið 2010 og 80 m.kr. 2011, eða samtals 135 m.kr. þessi þrjú ár. Á viðfangsefninu *1.56 Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðaheimila fyrir börn* er lögð til 28,5 m.kr. tímabundið fjárveiting í 3 ár vegna starfa nefndarinnar, sbr. lög nr. 26/2007. Í framhaldi af niðurstöðum og skýrslu nefndarinnar um starfsemi Breiðavíkurheimilisins á árunum 1952 til 1979, hefur henni verið falið að hefja almenna könnun á öðrum heimilum og stofnunum sem falla undir gildissvið laganna. Stefnt er að því að ljúka þeirri könnun á þremur árum en skila jafnframt árlegri áfangaskýrslu þangað til. Á viðfangsefninu *1.90 Ýmis verkefni* fellur niður 11,7 m.kr. framlag til byggingar Norðuratlantshúss við höfnina í Óðinsvéum. Einnig fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag til fræðslustarfsemi í Sesseljuhúsi en á móti er gert ráð fyrir áframhaldandi framlögum til starfseminnar næstu fjögur árin í fjárlagatillögum hjá umhverfissráðuneyti. Aðrar breytingar á fjárveitingum á þessum fjárlagalið skýrast af launa- og verðlagshækkunum fjárlagafrumvarpsins.

Hagskýrslur

Til þessa málefnaflokkis telst einn fjárlagaliður: 401 Hagstofa Íslands.

401 Hagstofa Íslands. Gert er ráð fyrir 774,3 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og hækkar hún um 110,4 m.kr. frá fjárlögum 2008. Launa- og verðlagshækkningar eru 98,4 m.kr. þannig að raunhækkun fjárveitinga er 12 m.kr. Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár í því skyni að þróa uppruna- og ráðstöfunaruppgjör þjóðhagsreikninga á sama hátt og hjá þeim ríkjum sem eru í fremstu röð á því sviði. Verkefninu er ætlað að bæta úrvinnslu og gæði ársfjórðungslegra þjóðhagsreikninga verulega. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til verkefnisins lækki og verði 10 m.kr. frá og með árinu 2011. Á móti lækkar fjárveiting stofnunarinnar um 3 m.kr. vegna áforma um aðhald í rekstrarkostnaði.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkis: 201 Fasteignir forsætisráðuneytis; 203 Fasteignir Stjórnarráðsins; 231 Norræna ráðherranefndin; 241 Umboðsmaður barna; 251 Þjóðmenningarhúsið; 253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn; 255 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins; 261 Óbyggðanefnd; 271 Ríkislögmaður; 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignir forsætisráðuneytis	84,9	76,2	107,0	40,4	26,0
Fasteignir Stjórnarráðsins	12,4	235,0	55,0	-76,6	343,5
Norræna ráðherranefndin	133,3	162,0	244,2	50,7	83,2
Umboðsmaður barna	32,3	36,0	39,6	10,0	22,6
Þjóðmenningarhúsið	85,5	111,9	102,8	-8,1	20,2
Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	6,5	8,9	11,8	32,6	81,5
Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	28,8	31,7	45,2	42,6	56,9
Óbyggðanefnd	96,3	87,8	97,0	10,5	0,7
Ríkislögmaður	58,7	59,6	66,0	10,7	12,4
Kristnihátíðarsjóður	0,1	-	-	-	-100,0
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	82,7	76,1	103,0	35,3	24,5
Ísl. uppl. samfélagið, sameiginleg verkefni ráðun	42,4	97,4	107,1	10,0	152,6
Samtals	663,9	982,6	978,7	-0,4	47,4

Heildarfjárveiting til málefnaflokkisins lækkar um 111,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkningar. Munar þar mest um að niður falla samtals 210 m.kr. stofnkostnaðarframlög sem veitt voru tímabundið á fjárlagalið Fasteigna Stjórnarráðsins og einnig fellur niður 20 m.kr. framlag til viðhalds á Þjóðmenningarhúsinu.

Á móti eru gerðar tillögur um 25 m.kr. framlag á lið Fasteigna forsætisráðuneytis til viðhalds og endurbóta á byggingum og lóðum í umsýslu ráðuneytisins, 30 m.kr. framlag á lið Fasteigna Stjórnarráðsins vegna lóðaframkvæmda við Stjórnarráðshúsið, 10 m.kr. til að undirbúa byggingu á móttöku- og fræðslumiðstöð við Gljúfrastein, 30 m.kr. til að undirbúa viðbyggingu við fræðslumiðstöðina á Hakinu og 32,5 m.kr. hækkun til Norrænu ráðherranefndarinnar vegna formennskuárs Íslands í nefndinni. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokkans.

201 Fasteignir forsætisráðuneytis. Gert er ráð fyrir 107 m.kr. fjárveitingu á þessum lið og jafngildir það 25 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum þegar launa- og verðlagshækkningar eru frátaldar. Sótt er um 25 m.kr. tímabundið framlag í fjögur ár til viðhalds og endurbóta á byggingum og lóðum í umsýslu forsætisráðuneytisins og hjá forsetaembættinu. Gert er ráð fyrir að framlagið hækki og verði 50 m.kr. á ári á árunum 2010 - 2012, eða samtals 175 m.kr. á þessum fjórum árum.

203 Fasteignir Stjórnarráðsins. Fjárveiting liðarins nemur 55 m.kr. í frumvarpinu en það jafngildir 180 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Lagt er til að 30 m.kr. fjárheimild verði millifærð hingað tímabundið í eitt ár frá aðalskrifstofu ráðuneytisins til að standa undir kostnaði við endurbætur á lóð Stjórnarráðshúsins. Á hinn bóginn falla niður tvenn framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna í fjárlögum ársins 2008, þ.e. 195 m.kr. framlag sem veitt var til að mæta kostnaði við breytingar á húsnæði ráðuneyta vegna sameiningu ráðuneyta og tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands og 15 m.kr. framlag sem veitt var til að hefja undirbúning að nýbyggingu á lóð forsætisráðuneytisins.

231 Norræna ráðherranefndin. Gert er ráð fyrir 244,2 m.kr. fjárheimild á þessum lið og jafngildir það 26,6 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Þar er í fyrsta lagi um að ræða tillögu um 12,5 m.kr. tímabundið framlag vegna formennskuárs Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, en af þeim sökum er reiknað með að ráða þurfi í viðbótar stöðugildi á Norðurlandaskrifstofu ásamt auknum ferðakostnaði og ráðstefnugjöldum. Í öðru lagi er farið fram á 10 m.kr. tímabundið framlag vegna fyrirsjáanlegrar aukningar á ferðum á norræna fundi á árinu og mun Norðurlandaskrifstofan sjá um úthlutun sérstakra ferðastyrkja til ráðuneyta vegna þess. Í þriðja lagi er sótt um 10 m.kr. tímabundið framlag sem Norræna ráðherranefndin sér um að úthluta áfram til ráðuneytanna vegna fjármögnunar norrænna samstarfsverkefna. Skilyrði fyrir fjármögnun frá ráðherranefndinni er að formennskulandið leggi fram mótframlag, a.m.k. í þeim tilvikum sem viðkomandi embættismannanefnd gerir það ekki. Í fjórða lagi fellur niður 5,9 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til undirbúnings að formennskuári Íslands.

- 251 Þjóðmenningarhúsið.** Gert er ráð fyrir 102,8 m.kr. fjárveitingu til liðarins og lækkar hún um 20 m.kr. að raungildi þar sem niður fellur tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2008 til viðhalds og viðgerðar á Þjóðmenningarhúsinu.
- 253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn.** Gert er ráð fyrir 11,8 m.kr. fjárveitingu til liðarins sem lækkar um 0,5 m.kr. að raungildi vegna áforma um aðhald í rekstrarútgjöldum.
- 255 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins.** Í frumvarpinu er lagt til að veitt verði 45,2 m.kr. framlag til safnsins og jafngildir það 10 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum umfram launa- og verðlagshækkunar. Sótt er um 10 m.kr. tímabundið framlag til að reisa móttöku- og fræðslumiðstöð við Gljúfrastein í samstarfi við sveitarfélagið Mosfellsbæ. Gert er ráð fyrir að framlagið hækki og verði 40 m.kr. á ári á árunum 2010 - 2012, eða samtals 130 m.kr. á þessum fjórum árum. Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2008 er jafnframt sótt um 15 m.kr. framlag og er áætlaður kostnaður ríkisins við framkvæmdina samtals 145 m.kr.
- 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.** Fjárheimild þjóðgarðsins nemur 103 m.kr. í frumvarpinu og svarar það til 20 m.kr. hækkunar umfram launa- og verðlagsbreytingar. Sótt er um 20 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár sem hækki og verði 71 m.kr. árið 2010, eða samtals 91 m.kr. á þessum tveimur árum, til að reisa viðbyggingu við fræðslumiðstöðina á Hakinu.
- 996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta.** Í frumvarpinu er áætlað fyrir útgjöldum til málefna upplýsingasamfélagsins í samræmi við nýja stefnu og framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum upplýsingasamfélagsins fyrir árin 2008-2012. Áætlað er fyrir útgjöldunum á fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneyta og stofnana sem annast verkefnin. Framkvæmdaáætlunin er byggð á forgangsröðun sem ríkisstjórnin samþykkti með hinni nýju stefnu en Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið sem starfar á vegum forsætisráðuneytis gerði tillögur um skiptingu fjármagns milli verkefna. Í heild er lagt til að 300 m.kr. verði varið til þessara verkefna á árinu 2009. Gert er ráð fyrir að framkvæmdaáætlunin verði endurskoðuð árlega og að varið verði 300 m.kr. á ári til verkefna hennar á árunum 2009-2012. Í inngangi þessa kafla um ríkisútgjöldin er nánari umfjöllun um þessa stefnumörkun og heildaryfirlit um framlög til einstakra verkefna. Hjá forsætisráðuneytinu er gert er ráð fyrir 107,1 m.kr. fjárveitingu til þeirra verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins sem það annast um. Það er 9,7 m.kr. hærri fjárveiting en veitt var til þeirra mála hjá ráðuneytinu í fjárlögum 2008. Þar af eru launa- og verðlagshækkunar á rekstrarviðfangsefnum 2,6 m.kr. og er raunhækkun fjárveitingarinnar því 7,1 m.kr. Sú hækkun skiptist í 9,1 m.kr.

hækkun rekstrarfjárveitingar og 2 m.kr. lækkun stofnkostnaðarframlaga. Fjárveitingar á þennan lið eru eins og jafnan áður veittar tímabundið til eins árs, fyrir utan fjárveitingu á rekstrarviðfangsefninu *1.01 Rafræn þjónustuveita hins opinbera* sem nú er lagt til að verði gerð varanleg. Þar er sótt um 50 m.kr. fjárveitingu til reksturs og þróunar á vefnum *island.is*, upplýsinga- og þjónustuveitu ríkis og sveitarfélaga. Það er 9,1 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Gert er ráð fyrir að 55 m.kr. stofnkostnaðarframlagi liðarins verði varið til eftirtalinnna 8 sameiginlegra verkefna ráðuneytanna: 1. Mínar síður á *island.is*, 10 m.kr. Markmið verkefnisins er að þróa einstaklingsmiðað viðmót, Mín síða, í því skyni að bjóða upp á sjálfsafgreiðslu á netinu, m.a. umsóknir, vottorð, tilkynningar, tímapantanir, gagnaskil og fleira sem snýr að samskiptum við opinbera aðila. Einnig á almenningur að geta nálgast upplýsingar um sig sjálfan sem geymdar eru í kerfum opinberra aðila og einnig aðrar mikilvægar upplýsingar í vörslu þeirra. 2. Vefir ráðuneyta verði fyrirmyndarvefir, 4 m.kr. Markmið verkefnisins er að vefirnir verði bættir meðal annars m.t.t. innihalds, nytsemi, aðgengis, þjónustu og lýðræðisvirkni. Einnig verði sett öryggisviðmið fyrir vefina. 3. Opinberir vefir uppfylli skilyrði um aðgengi fatlaðra, A-vottun, 3 m.kr. Markmið verkefnisins er að opinberar stofnanir uppfylli þá skyldu sína að þjónusta þeirra sé aðgengileg öllum. Verkefnið snýst m.a. um að hvetja og leiðbeina stofnunum til að taka á aðgengismálum á eigin vefjum. 4. Bakland rafrænnar stjórnsýslu verði styrkt, 5 m.kr. Verkefnið snýst m.a. um samræmingu, samvinnu og stuðning við stofnanir við að innleiða rafræna stjórnsýslu og ná markmiðum stefnunnar hvað varðar skilvirkni og samræmt heildarskipulag. Fylgt verði eftir stefnu um opinn hugbúnað, eflð þverfagleg samvinna opinberra aðila í rafrænni stjórnsýslu og kynntir möguleikar rafrænnar stjórnsýslu, m.a. með UT-dögum, UT-vef og fleiru. 5. Stöðlun og samræming í rafrænni stjórnsýslu, 5 m.kr. Markmið verkefnisins er að skilgreina staðla og tækniforskriftir fyrir rafræna stjórnsýslu og greiða þannig fyrir að samræmt heildarskipulag náist. Í því felst m.a. að setja fram staðla fyrir samræmda högun upplýsingakerfa ríkisins og samskipti þeirra og setja fram leiðbeiningar fyrir mat á öryggi opinbera upplýsingakerfa ásamt öryggisviðmiðum. 6. Skilvirk, samræmd og örugg samskipti milli upplýsingakerfa ríkisins, 18 m.kr. Markmið verkefnisins er að koma á laggirnar stöðluðum, samræmdum og öruggum vettvangi fyrir samskipti milli upplýsingakerfa ríkisins í öruggu tæknilegu umhverfi þannig að hætt verði að margskrá og endurskrá upplýsingar og að gögn ferðist milli stofnana en ekki fólk. 7. Ryðja úr vegi hindrunum fyrir rafrænni þjónustu, 5 m.kr. Markmið verkefnisins er að minnka skrifinnskubyrði hjá viðskiptavinum stjórnsýslunnar með því að fara yfir helstu þjónustubætti sem ríkið veitir, skoða ferlið út frá sjónarhóli viðskiptavina og gera tillögur um einföldun og breytingar. 8. Vakta þróun upplýsingasamfélagsins, 5 m.kr. Markmið verkefnisins er vakta þróun upplýsingasamfélagsins, meta stöðu Íslands miðað við önnur lönd og meta stöðu stofnana innbyrðis. Verkefnið felur í sér m.a. þátttöku í erlendu og innlendu

samstarfi, gerð kannana, þróun innlendra mælikvarða og stefnumótun á einstökum verkefnasviðum.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.4 hér fyrir framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
01-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun menntamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	30.134,4	34.101,0	39.588,5	16	31
Neyslu- og rekstrartilfærslur	15.337,9	16.255,5	19.020,2	17	24
Stofnkostnaður og viðhald	4.117,3	3.021,6	3.200,6	6	-22
Samtals	49.589,6	53.378,1	61.809,3	16	25
Greitt úr ríkissjóði	-	49.248,5	57.427,5	17	-
Innheimt af ríkistekjum	-	4.115,6	4.381,8	6	-
Viðskiptahreyfingar	-	14,0	0,0	-100	-
Samtals	-	53.378,1	61.809,3	16	-


Heildargjöld menntamálaráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 67.464 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 5.655 m.kr. en þær nema 8,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 61.809 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 57.428 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 4.382 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 39.588 m.kr. og hækka um 5.487 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana, sem nema um 4.336 m.kr., munar þar mest um 1.107 m.kr. hækkun til kennslu og rannsókna í háskólum og 220 m.kr. vegna nýrra framhaldsskólalaga. Aðrir liðir taka minni breytingum. Á móti kemur að niður falla 132 m.kr. framlög til tímabundinna verkefna. Einnig hafa fjárveitingar ýmissa stofnana verið lækkaðar um 305 m.kr. vegna áforma um hagræðingu.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 2.765 m.kr. og verða 19.020 m.kr. Auk launa- og verðlagshækkana, sem nema um 1.359 m.kr., munar helst um 1.156 m.kr. til Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna fjölgunar lánþega og lána til skólagjalda, 75 m.kr. til eflingar samkeppnissjóða í rannsóknum og 85 m.kr. vegna aðildar að sjöundu rammaáætlun Evrópusambandsins í rannsóknum.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 3.201 m.kr. og er það 179 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 200 m.kr. hækkun á fjárveitingu Háskóla Íslands til að heimila skólanum að ráðstafa tekjum frá Happadrætti Háskóla Íslands í auknum mæli til framkvæmda. Lagt er til að Markáætlun á sviði vísinda og tækni hækki um 155 m.kr. Hönnunarsafn Íslands um 142 m.kr., Lækningaminjasafn Íslands um 25 m.kr. og gert ráð fyrir 50 m.kr. hækkun vegna byggingar tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar. Á móti falla niður 357 m.kr. tímabundin framlög til menningar og íþróttamála, og 14 m.kr. til framhaldsskólastigsins. Að lokum eru 22 m.kr. færðar af stofnkostnaðarlið yfir á rekstrarlið.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Menntamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 9.490,6 m.kr. á yfirstandandi ári fyrir utan samninga sem ekki hafa áhrif á frumvarp 2009. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2008, eru á áætlun verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 18% af heildargjöldum ráðuneytisins á yfirstandandi ári. Vakin er athygli á

Því að í töflunni hafa átta samningar við sveitarfélög um menningarmál verið sameinaðir í eina heildarfjárhæð. Nánari sundurliðun er að finna í greinargerð.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Háskólinn í Reykavík, háskólanám	A	1.858,6	2.303,1	2.303,1	2.303,1	2.303,1
Listaháskóli Íslands, háskólanám	A	586,7	703,3	703,3	703,3	703,3
Stoðþj., viðhald og leiga Iðnsk. í Hafnarf.	A	116,3	116,3	116,3	116,3	116,3
Verslunarskóli Íslands, framhaldsskólanám	A	837,1	973,1	973,1	973,1	973,1
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	A	274,9	373,0	373,0	373,0	373,0
Hraðbraut, framhaldsskóli	A	173,2	174,6	174,6	174,6	174,6
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað, framh.skóli	A	21,0	27,7	27,7	27,7	27,7
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, framh.skóli	A	25,0	28,5	28,5	28,5	28,5
Tækniskólinn	A	758,6	1.757,5	1.757,5	1.757,5	1.757,5
Menntaskóli Borgarfjarðar	A	91,3	101,0	101,0	101,0	101,0
Víkingsnaust	B	20,0	20,0	20,0	20,0	-
Höfundarréttargreiðslur v/ljósritunar í skólum	B	42,9	48,6	48,6	48,6	48,6
Íslenska óperan	B	176,0	176,0	176,0	176,0	176,0
Samningar við sveitarfél. um menningarmál	B	279,0	294,0	294,0	294,0	294,0
Safnahús í Búðardal	C	10,0	10,0	10,0	-	-
Afþreksmannasjóður ÍSÍ	C	30,0	30,0	30,0	30,0	30,0
Bókamessan í Frankfurt	C	50,0	50,0	50,0	100,0	-
Dansmennt ehf. v. listdanskenslu í frh. sk.	C	45,0	45,0	-	-	-
Evrópuverkefni á sviði æskulýðsmála	C	8,0	8,3	8,3	8,3	8,3
Ferðasjóður íþróttahreyfinga	C	60,0	90,0	90,0	90,0	90,0
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ - viðbygging	C	40,0	40,0	-	-	-
Fræðslumiðst. atvinnulífsins, verkefni FA	C	72,1	72,1	-	-	-
Fræðslum.st. atvinnul. greitt til fræðsluaðila	C	222,3	222,3	-	-	-
Fullorðinsfræðsla fátlaðra	C	200,0	200,0	200,0	200,0	200,0
Hafnarfjarðarleikhúsið, leiklistarstarfsemi	C	20,0	20,0	-	-	-
Háskólasetur Vestfjarða (3 samningar)	C	46,7	54,2	46,7	-	-
Háskóli Íslands - menntun tannsmiða	C	12,7	12,9	12,9	12,9	12,9
Hrisbrú - fornleifarannsóknir	C	8,0	8,0	-	-	-
Hvalasafnið á Húsavík	C	10,0	10,0	-	-	-
Hönnunarmiðstöð Íslands	C	10,0	10,0	10,0	-	-
ÍSÍ - framlag til sérsambanda	C	60,0	70,0	70,0	70,0	70,0
Íþróttakademían - hreyfistundir í skólum	C	12,0	12,0	12,0	-	-
Kúttur Sigurfari	C	12,0	12,0	12,0	12,0	-
Kvikmyndaskóli Íslands	C	29,5	29,5	-	-	-
Listahátið í Reykjavík	C	34,0	36,0	36,0	36,0	36,0
Lundur, nemendagarðar	C	32,6	32,6	32,6	32,6	32,6
Námsmatsstofnun vegna PISA	C	22,5	47,0	-	-	-
Reykjavíkúrakademían	C	21,0	21,0	21,0	-	-
Víkin - Sjóminjasafn	C	10,0	10,0	-	-	-
Þekkingarnet Austurlands	C	19,2	19,2	19,2	-	-
Þekkingarsetur Vestmannaeyja	C	15,0	15,0	-	-	-
Þekkingarsetur Þingeyinga	C	11,5	11,5	11,5	-	-
Ríkisútvarpið ohf.	C	2.945,0	2.945,0	2.945,0	2.945,0	2.945,0
Ýmsir minni samningar	C	160,9	121,0	96,0	37,0	20,0
Samtals		9.490,6	11.361,3	10.809,9	10.670,5	10.521,5

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem menntamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 4.742,7 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 552,9 m.kr. Að lokum eru 4.308 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem menntamálaráðuneytið sendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 10.800 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Á þessu ári voru endurnýjaðir nokkrir samningar auk þess sem gengið var frá nýjum. Þar ber helst að nefna þjónustusamning við Ríkisútvarpið ohf. Fyrirtækið mun fá framlag af sérstöku gjaldi sem lagt er á skattskylda einstaklinga og lögaðila. Þá var gerður samningur um sameiningu Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík í Tækniskólann.

Unnið er að endurnýjun eldri samninga við Listaháskóla Íslands, Háskólann á Bifröst, Verslunarskóla Íslands og fleiri. Auk þess sem eru nokkrir nýir samningar í undirbúningi m.a. við Menntaskóla Borgarfjarðar og um listdanskóla á framhaldsskólastigi.

Nokkrir samningar með lágur fjárhæðir sem taldir voru upp í frumvarpi yfirstandandi fjárlagaárs eru nú dregnir saman neðst í töflunni undir heitinu ýmsir minni samningar.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflókka og stofnana sem heyra undir menntamálaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 101 Menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa og 199 ráðstöfunarfé samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Reikningur	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	Breyting
2007	2008	2009	frá fjárl.	frá reikn.
m.kr.	m.kr.	m.kr.	%	%
Rekstrargrunnur				
Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	576,9	596,4	692,9	16,2
Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	0,0	18,0	18,0	0,0
Samtals	576,9	614,4	710,9	15,7
			23,2	

Heildarfjárveiting til málefnaflökksins hækkar um 34,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 14 m.kr. hækku vegna fjölgunar um tvo sérfræðinga í samræmi við kostnaðarmat með lögum um framhaldsskóla til að sinna staðfestingum á námsbrautum og auknu eftirliti. Þá er gert ráð fyrir 8 m.kr. hækku vegna stöðu jafnréttisfulltrúa í menntamálaráðuneytinu, í samræmi við nýleg jafnréttislög. Framlag hækkar tímabundið um 3 m.kr. vegna verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins og að lokum gengur til baka tímabundin hagræðingarkrafa, 9,1 m.kr. sem gerð var í fjárlögum 2008.

Háskólar og rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnafloks: 201 til 203 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum; 210 Háskólinn á Akureyri; 223 Námsmatsstofnun; 225 Háskólinn á Bifröst; 227 Háskólinn í Reykjavík; 228 Listaháskóli Íslands; 231 Rannsóknarmiðstöð Íslands; 234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora 235 til 239 Rannsóknasjóður; 269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhalds og stofnkostnaður; 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi og 985 Alþjóðleg samskipti.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	7.705,1	7.232,0	10.800,0	49,3	40,2
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	181,1	184,2	205,5	11,6	13,5
Raunvísindastofnun Háskólans	348,3	354,9	395,8	11,5	13,6
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	272,2	258,5	290,5	12,4	6,7
Háskólinn á Akureyri	1.172,9	1.300,7	1.541,2	18,5	31,4
Kennaraháskóli Íslands	1.565,2	1.653,5	0,0	-100,0	-100,0
Landbúnaðarháskóli Íslands	752,2	477,4	540,6	13,2	-28,1
Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	381,0	235,2	263,2	11,9	-30,9
Námsmatsstofnun	97,5	115,8	128,8	11,2	32,1
Háskólinn á Bifröst	254,2	274,9	373,0	35,7	46,7
Háskólinn í Reykjavík	1.658,2	1.858,6	2.303,1	23,9	38,9
Listaháskóli Íslands	564,3	586,7	703,3	19,9	24,6
Rannsóknamiðstöð Íslands	136,4	159,3	177,8	11,6	30,4
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	0,0	169,4	186,2	9,9	-
Markáætlun á sviði vísinda og tækni	173,8	160,0	315,0	96,9	81,2
Rannsóknasjóður	576,9	750,0	815,0	8,7	41,3
Tækjasjóður	141,9	115,0	115,0	0,0	-19,0
Rannsóknánámssjóður	96,5	90,0	100,0	11,1	3,6
Háskóla- og vísindastofnanir, viðh. og stofnkostn.	129,9	640,0	640,0	0,0	392,7
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	152,2	320,6	259,5	-19,1	70,5
Alþjóðleg samskipti	645,8	814,2	1.254,7	54,1	94,3
Samtals	17.005,6	17.750,9	21.408,2	20,6	25,9

Heildarútgjöld málefnafloksins á rekstrargrunni eru áætluð 25.505,1 m.kr. sem er 4.069 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs, eða 19%. Þar af er áætlað að sértekjur standi undir 4.096,9 m.kr. sem er 411,7 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Gjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 21.408,2 m.kr. og hækka um 3.657,3 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs, þar af eru launa- og verðlagshækkningar 2.118 m.kr.

Stærstur hluti útgjalda málaflöksins eru rekstrarútgjöld og rekstrartilfærslur, 19.901 m.kr. og hækka um 1.184,3 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagsbreytingar. Stofnkostnaður hækkar um 355 m.kr. Áætlað er að háskólarnir innheimti 518,6 m.kr. ríkistekjur vegna innritunargjalda sem er hækkun um 6 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Þyngst vegur 1.107 m.kr. hækkun til kennslu og rannsókna í háskólum, 230 m.kr. hækkun til samkeppnissjóða til eflinga vísinda- og tæknimála og 85 m.kr. vegna aðildar að rannsóknaáætlunum Evrópusambandsins.

Fjárveitingar til kennslu og rannsókna í háskólum hafa ekki verið aðgreindar í frumvarpinu á mismunandi viðfangsefnaliðum hjá hverjum skóla frá því í fjárlögum 2005. Menntamálaráðuneytið áætla þó, með sama hætti og áður, skiptingu fjárveitinga á milli kennslu rannsókna, á grundvelli reglna nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla og samninga við skólana. Nám við Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla - Háskólann á Hólum hefur ekki verið verðlagt og flokkað skv. núgildandi reglum um fjárveitingar til háskóla og er því ekki fjallað um þá skóla hér.

Fjárframlagi til kennsluþáttarins er skipt niður á grundvelli útreikninga sem byggjast á áætlun um fjölda og skiptingu ársnemenda í verðflokka náms. Að árinu loknu eru útreikningarnir endurteknir með rauntölum ársnema. Skólinn heldur óskertu fjárframlagi ef endurtekinn útreikningur gefur meira en 98% af upprunalegu fjárframlagi, en getur ekki gert kröfu til viðbótarfjárveitingar þótt útreikningur gefi hærri niðurstöðu. Nánar er kveðið á um uppgjorsreglur í samningum menntamálaráðuneytisins og skólanna. Verðflokkar náms eru á bilinu 501 þús.kr. til 2.650 þús.kr. á ársnemenda áður en tilteknir liðir eru dregnir frá, m.a. hluti af tekjum skólanna af skrásetningargjöldum nemenda og reiknuð fjárbinding í húsnæði ríkisins. Þessir frádráttarliðir og framsetning þeirra í frumvarpinu gera það að verkum að útgjöld ríkisins vegna skólanna eru ekki samanburðarhæf með beinum hætti í fjárlögum þótt allir fái þeir framlög samkvæmt sömu reglum.

Verðflokkar, án frádráttarliða	Verð þús.kr.	Verðhlutfall
Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað sambærilegt.	501	1,0
Styttra nám á sviði tölvufræða og stærðfræði og annað sambærilegt.	793	1,6
Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu.	846	1,7
Hjúkrunarnám og hliðstætt nám sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga.	891	1,8
Nám í raunvísindum, verk- og tæknifr., m.a. verkl. æfingar og notkun sérhæfðs búnaðar.	1.139	2,3
Læknisnám sem felst m.a. í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun.	1.588	3,2
Nám í tannlækningum	2.650	5,3

Verðflokkar listnáms á háskólastigi liggja ekki fyrir með sama hætti og vegna annars náms. Verð á ársnemenda í Listaháskólanum eru á bilinu 846 þús.kr. til 3.210 þús.kr. og eru framlög til þróunarstarfs að hluta til innifalin.

Í frumvarpinu er framlag til kennslu miðað við 12.700 ársnemendur í háskólum. Þetta er fjölgun um 5,2% eða um 624 ársnema frá forsendum fjárlaga 2008. Fjárveitingar til kennslu í háskólum hækka um 258,9 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkun og er fjárhæðinni skipt á grundvelli reglna um fjárveitingar til háskóla og samninga menntamálaráðuneytisins við skólana.

Ársmendur	HÍ	HA	VHB	HR	LHÍ	Áætlað 2009	Áætlað 2008
Félags- og mannvísindi	3.850	645	550	900	-	5.945	5.595
Tölvufræði og stærðfræði	160	40	-	200	-	400	455
Hjúkrunarfræði	520	290	-	-	-	810	810
Kennaranám o.þ.h.	1.825	335	-	240	30	2.430	2.335
Verk-, tækni-, efnafræði	1.200	90	-	785	-	2.093	1.979
Læknisfræði	370	-	-	-	-	370	340
Tannlækningar	55	-	-	-	-	55	55
Listnám	-	-	-	-	352	352	282
Framhaldsskólastig	-	-	60	185	-	245	225
Samtals 2009	7.980	1.400	610	2.310	400	12.700	12.076
Áætlað 2008	7.660	1.348	510	2.180	378	12.076	
Meðal verðhlutfall	1,5	1,4	1,0	1,4	3,4	1,5	

Framlög til rannsóknamála og tengdra verkefna aukast um 1.163 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir. Þar af hækka háskólar um 848 m.kr. að teknu tilliti til 137 m.kr. hagræðingarkröfu. Rannsóknarsjóðir, stoðkerfi rannsókna og alþjóðlegt samstarf, sem þessu tengist hækka um 315 m.kr.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Breyting kennsla verðlag 2008	Breyting rannsóknir og annað verðlag 2008	Kennsla frumvarp 2009	Rannsóknir og annað frumvarp 2009	Frumvarp alls 2009
Háskóli Íslands	73,3	617,6	6.102,9	4.056,1	10.159,0
Háskólinn á Akureyri	1,4	97,3	982,2	559,0	1.541,2
Háskólinn á Bifröst	40,7	21,2	288,2	84,8	373,0
Háskólinn í Reykjavík	107,9	103,3	1.733,0	570,1	2.303,1
Listaháskóli Íslands	35,6	8,6	666,5	36,8	703,3
Samtals	258,9	848,0	9.772,8	5.306,8	15.079,6

1. Háskóli Íslands og tengdar stofnanir. Hér er fjallað um Háskóla Íslands og stofnanir sem tengjast honum; Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og Raunvísindastofnun Háskólans.

201 Háskóli Íslands. Vegna sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands er 1.653,5 m.kr. fjárveiting í fjárlögum 2008 á 215 Kennaraháskóli Íslands færð yfir á fjárlagalið Háskóla Íslands. Farið er fram á að rekstrarframlag sameinaðs skóla aukist um 875,2 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er lagt er til að rekstrarframlag til kennslu og rannsókna hækki um 655,7 m.kr. í samræmi við samninga skólans og menntamálaráðuneytisins um kennslu og rannsóknir. Í öðru lagi er farið fram á 129 m.kr. framlag vegna fjölgunar ársnema um 190 frá forsendum fjár-

laga 2008, þar á meðal 50 í kennaranámi. Eftir sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands verða ársígildi skólans 7.980 sem er fjölgun um 2,4% frá fjárlögum 2008, en 4,2% frá forsendum frumvarps til fjárlaga 2008. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að markaðar ríkistekjur lækki um 1,7 m.kr. vegna brottfalls laga nr. 25/1921 um einkaleyfi Háskóla Íslands til að gefa út almanak. Á móti hækki greiðsla úr ríkissjóð um sömu fjárhæð vegna áframhaldandi útgáfu almanaks Háskólans svo rekstrarfjárheimild verði óbreytt. Í fjórða lagi er lögð til 92,4 m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiðum í frumvarpinu um aðhald í ríkisútgjöldum. Að lokum fellur niður tímabundið framlag að fjárhæð 1,4 m.kr. til fjarkennslu í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu.

Gert er ráð fyrir að framlag á viðfangsefninu *1.03 Háskólasjóður* hækki um 11 m.kr. frá fjárlögum 2008. Á viðfangsefnið hefur verið fært lögboðið framlag vegna sóknargjalda sem greitt hefur verið vegna einstaklinga utan trúfélaga en það hækkar samkvæmt löggununum árlega miðað við hækkun á meðaltekjuskattstofni einstaklinga milli ára. Þetta fyrirkomulag er arfleið frá fyrri tíð sem á sér ekki hliðstæðu gagnvart öðrum háskólum og þykir ekki falla vel að árlegri fjárlagagerð um háskólastigið. Ráðgert er að lögum um sóknargjöld verði breytt þannig að framlagið og sjálfvirk hækkun á því verði ekki lengur lögboðin. Í staðinn kemur bein fjárveiting til Háskólasjóðsins. Afnáam þessara lögboðnu viðmiða fyrir framlaginu er jafnframt liður í að mæta áformum frumvarpsins um aðhald í vexti rekstrargjalda.

Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir að fjárheimild á viðfangsefninu *6.50 Byggingaframkvæmdir og tækjakaup* verði hækkuð um 200 m.kr. til að Háskóli Íslands geti ráðstafað auknum tekjum frá Happraetti Háskóla Íslands til framkvæmda.

209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Lagt er til að 4 m.kr. fjárheimild í fjárlögum 2008 til stuðnings við íslenskukennslu við Humboldt- og Manitobaháskóla verði millifærð af *02-299-1.90 Háskólastarfsemi*. Um er að ræða tímabundið framlag til 5 ára og hefur stofnunin umsjón með framkvæmd samninganna.

2. Aðrir Háskólar. Hér er fjallað um Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hólaskóla - Háskólans á Hólum, Háskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og Lista-háskóla Íslands.

210 Háskólinn á Akureyri. Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag hækki um 98,7 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi hækkar framlag til rannsóknna um 102,5 m.kr. í samræmi við samning menntamálaráðuneytisins og skólans. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 10,3 m.kr. framlag til að fjölga ársnenum um 52, úr 1.348 í 1.390 eða um 4%. Vegna breytinga á samsetningu ársnema m.a. vegna fækkunar í kennara- og upplýsingardeild reynist hækkun framlaga vegna fjölgunar-

innar lítil. Að lokum er gert ráð fyrir að framlag lækki um 14,1 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald með vexti rekstrargjalda.

217 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum. Lagt er til að veitt verði 8,5 m.kr. framlag til Sela-setur Íslands á Hvammstanga. Framlagið er ætlað til rannsókna og vöruþróunar í náttúrutengdri ferðaþjónustu þar sem m.a. verði horft til strandsvæða. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt vegna verkefnisins. Tillagan er hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra.

225 Háskólinn á Bifrost. Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag hækki um 61,9 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er lagt er til að framlag til kennslu hækki um 43,3 m.kr. vegna fjölgunar ársnemenda um 100, þar af 20 í frumgreinadeild. Í öðru lagi er lagt er til að framlag til rannsókna hækki um 22 m.kr. og nemi þá 80 m.kr. eða um 30% af framlagi til kennslu eins og stefnt var að í samningi skólans og menntamálaráðuneytisins. Að lokum er gert ráð fyrir 3,4 m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

227 Háskólinn í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag hækki um 211,2 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er lagt er til að framlag til kennslu hækki um 123,6 m.kr. vegna fjölgunar ársnemenda um 130 eða úr 2.180 í 2.310 sem er 6%. Þá er lagt er til að rannsóknaframlag hækki um 108,5 m.kr. í samræmi við samning skólans og menntamálaráðuneytisins. Að lokum er lögð til 20,9 m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

228 Listaháskóli Íslands. Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag aukist um 44,2 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er óskað eftir 30 m.kr. hækkun vegna fjölgunar ársnema um 19 í tengslum við endurnýjun samnings við skólann á komandi ári. Skólinn hefur hug á að bjóða upp á meistaranám á nokkrum sviðum og er gert ráð fyrir að um það verði fjallað meðal annars í nýjum samningi. Í öðru lagi er lagt til að rannsóknarframlag til skólans hækki um 9 m.kr. Í þriðja lagi er lagt er lögð til 11,6 m.kr. hækkun vegna tilfærslu á námi í arkitektúr í flokk með öðru hönnunarnámi og vegna breytinga á skipun grunnnáms. Ársnemendum fjölgar um þrjá vegna þessa. Þá er lagt til að 10 m.kr. tímabundið húsnæðisframlag í fjárlögum yfirstandandi árs verði framlengt þar til skólinn flytur í nýtt húsnæði árið 2011. Að lokum er lagt til að rekstrargjöld lækki um 6,4 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

3. Rannsóknasjóðir. Hér er fjallað um Markáætlanir á sviði vísinda og tækni, Rannsóknasjóð, Tækjasjóð og Rannsóknarnámssjóð.

235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni. Lagt er til að framlag til sjóðsins hækki um 155 m.kr. og verði samtals 315 m.kr. Áform ríkisstjórnarinnar um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni fyrir árin 2008-2011 gera ráð fyrir að fjárframlög til sjóðsins hækki um 110 m.kr. árið 2011 og verði þá samtals 425 m.kr.

236 Rannsóknasjóður. Lagt er til að framlag til sjóðsins hækki um 65 m.kr. Áform ríkisstjórnarinnar um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni fyrir árin 2008-2011 gera ráð fyrir að fjárframlög til sjóðsins hækki um 130 m.kr. árið 2010 og 87 m.kr. árið 2011 og nemi þá samtals 1.032 m.kr.

02-239 Rannsóknarnámssjóður. Lagt er til að veittar verði 10 m.kr. í sjóðinn. Áform ríkisstjórnarinnar um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni fyrir árin 2008-2011 gera ráð fyrir að fjárframlög til sjóðsins hækki árlega um 10 m.kr. til ársins 2011 og fái sjóðurinn 120 m.kr. það ár.

269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Gert er ráð fyrir að heildarframlög til liðarins verði óbreytt á milli ára, en ráðstöfun þeirra breytist. Lagt er til að 300 m.kr. verði varið til byggingar húss íslenskra fræða eins og í fjárlögum 2008 og að 400 m.kr. af þeirri 700 m.kr. útgjaldaheimild sem lög um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans gera ráð fyrir á árinu 2009, færist aftur til ársins 2010. Gert er ráð fyrir að ónýttur hluti af fjárheimild ársins 2008 færist yfir á næsta ár þannig að framkvæmdakostnaður á árinu 2009 gætu numið allt að 550 m.kr. Þá er lagt er til að 5 m.kr. verði millifærðar af 6.28 Listaháskóli Íslands yfir á 6.02 Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum vegna viðhalds á götum og gangstígum á Keldum. Að lokum er lagt er til að 10 m.kr. verði millifærðar tímabundið af 6.15 Kennaraháskóla Íslands yfir á 6.02 Tilraunastöð Háskóla Ísland að Keldum vegna tækjakaupa.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Gert er ráð fyrir að heildarframlag til liðarins lækki um 75,8 m.kr. á milli ára. Stofnað er nýtt viðfangsefni 1.25 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna og lagt til að 14,5 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs verði millifærðar á það af 02-985-1.25 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna. Niður fellur tímabundið 3 m.kr. framlag til evrópsks samstarfsverkefni í handritafræðum á 1.73 Reykjavíkúráðskólinum. Lagt er til að veitt verði 4 m.kr. tímabundið framlag á 1.80 Vísindastarfsemi, í eitt ár til verkefni um framtíðarskipan gagnagrunna á Íslandi. Um er að ræða verkefna samkvæmt stefnu um upplýsingasamfélagið 2008-2012. Markmið þess er að undirbúa samræmda uppbyggingu, vörslu og opinn aðgang að gagna-

grunnum sem kostaðir eru af hinu opinbera á sviði vísinda og tækni á Íslandi. Stefnt er að því að gögn geti nýst til frekari rannsókna í framtíðinni og verði aðgengileg til almennrar notkunar og rannsókna. Tímabundið 5 m.kr. framlag í fjárlögum 2008 til annarra verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins fellur niður. Lagt til að veitt verði 6 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár á *1.90 Háskólastarfsemi*, til verkefnisins Námsferill frá grunnskóla til háskóla samkvæmt stefnu um upplýsingasamfélagið 2008-2012. Markmið þess er að allir hafi aðgang á einum stað að námsferli sínum á rafrænu formi frá lokum grunnskóla. Jafnframt er miðað við að upplýsingar um námsferla í framhaldsskólum berist háskólum rafrænt við innritun í þá. Þá er lagt er til að 18,5 m.kr. verði millifærðar af þessu viðfangsefni yfir á nýtt viðfangsefni á fjárlagalið *02-985-1.01 Alþjóðleg samskipti. Landsskrifstofa menntaáætlana ESB*. Samningsbundnar fjárhæðir hafa verið greiddar af óskiptum liðum ráðuneytisins en nú er gert ráð fyrir að þær verði færðar á þetta nýja viðfangsefni. Að lokum er lagt til að 4 m.kr. tímabundin fjárheimild til fimm ára í fjárlögum 2008 til stuðnings við íslenskukennslu við Humboldt og Manitobaháskóla verði millifærð á *02-209-1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*. Óskað er eftir 10,7 m.kr. fjárveitingu á *1.91 Háskólar, óskipt vegna lóðarleigu til sveitarfélaga vegna skólahúsnæðis háskólastofnana*. Sveitarfélög hafa innheimt lóðarleigu af þremur háskólum frá árinu 2006: Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Akureyri. Fjárheimildir verða millifærðar af viðfangsefninu á viðkomandi skóla. Að lokum er lagt til að fjárveiting á viðfanginu lækki um 84,9 m.kr. til að mæta útgjöldum vegna fjölgunar ársnema á háskólastigi sem skipt hefur verið á einstaka háskóla.

985 Alþjóðleg samskipti. Heildarfjárveiting hækkar um 85 m.kr. á milli ára. Lagt er til í fyrsta lagi að á nýtt viðfangsefni *1.01 Landsskrifstofa menntaáætlana ESB* verði millifærðar samtals 21,8 m.kr. Þar af komi 18,5 m.kr. af *02-299-0.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi*, 1,8 m.kr. af *02-451-1.11 Símenntun og fjarkennsla* og 1,5 m.kr. af *02-319-1.11 Sameiginleg þjónusta*. Samningsbundnar greiðslur nema 21,8 m.kr. og voru áður fjármagnaðar af framangreindum safnliðum. Í öðru lagi er lagt til að millifærðar verði 3,5 m.kr. af *1.90 Alþjóðleg samskipti vegna rammaáætlana ESB* yfir á *02-999-1.81 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO* Þessi útgjöld hafa hingað til verið greidd af safnliðnum Alþjóðleg samskipti. Í þriðja lagi er lögð til 85 m.kr. raunhækkun á *1.91 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun*. Skuldbindingar Íslands vegna þátttöku í 7. rammaáætlun ESB eru áætlaðar ríflega 9,6 milljónir evra á árinu 2009 sem svarar til um 1.889 milljóna íslenskra króna miðað við gengisforsendur frumvarpsins. Í fjórða lagi er lagt til að 14,5 m.kr. fjárveiting til *1.95 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna* verði millifærð yfir á nýtt viðfangsefni með sama nafni *1.25 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna* undir fjárlagalið *02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi*.

Framhaldsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301-309; 350-372; 504-581 Framhaldsskólar; 316 Fasteignir framhaldsskóla; 318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður; 319 Framhaldsskólar, almennt; 441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra og 451 Símenntun og fjarkennsla. Eftirfarandi breytingar eru á fjárlagaliðnum frá fjárlögum yfirstandandi árs: 370 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ og 372 Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð eru nýir liðir. 505 Fjöltækniskólinn og 514 Iðnskólinn í Reykjavík falla niður og færast fjárveitingar yfir á 504 Tækniskólinn sem er nýr liður.

Heildarútgjöld málefnaflokksins eru áætluð 20.564,3 m.kr. á rekstrargrunni og hækka um 2.250,6 m.kr. eða 12,3% frá fjárlögum 2008. Áætlað er að sértekjur standi undir 845,4 m.kr. útgjöldum sem er hækkun um 20,3 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Að frádregnum sértekjum nema útgjöld málefnaflokksins 19.718,9 m.kr. og hækka um 2.230,3 m.kr., þar af nema launa- og verðlagshækkanir 2.241,0 m.kr. Áætlað er að rekstrarútgjöld og rekstrartilfærslur nemi 19.021,9 m.kr. og hækki um 25,3 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir, en stofnkostnaður verði 697,0 m.kr. og lækki um 36,0 m.kr.

Í töflunni hér á eftir eru fjárhæðir á verðlagi viðkomandi árs. Framlög á grundvelli reiknilíkans lækka um 95,9 m.kr. að frádregnum launa- og verðlagshækkunum. Lækkunina má skýra með breyttum nemendaforsendum og breyttri samsetningu náms og námshópa. Ráðgert er að tveir nýir framhaldsskólar taki til starfa haustið 2009, annars vegar Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ og hins vegar Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð. Þá var á yfirstandandi ári undirritaður þjónustusamningur um rekstur Tækniskólans, sem varð til við sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands. Skólinn tók til starfa haustið 2008. Eftirfarandi tímabundin framlög til framhaldsskóla falla niður: 15 m.kr. til Fjölbautaskóla Norðurlands vestra; 2 m.kr. til Hússtjórnarskólans Hallormsstað; 5 m.kr. til Framhaldsskólans í A-Skaftafellssýslu og 10 m.kr. til Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntaskólinn í Reykjavík	476,8	458,1	518,8	13,3	8,8
Menntaskólinn á Akureyri	436,6	461,2	511,5	10,9	17,2
Menntaskólinn að Laugarvatni	127,0	145,6	162,1	11,3	27,6
Menntaskólinn við Hamrahlíð	707,4	651,9	748,9	14,9	5,9
Menntaskólinn við Sund	428,0	399,2	435,5	9,1	1,8
Menntaskólinn á Ísafirði	234,9	228,5	272,7	19,3	16,1
Menntaskólinn á Egilsstöðum	238,6	243,7	264,9	8,7	11,0
Menntaskólinn í Kópavogi	690,8	677,1	781,0	15,3	13,1
Kvennaskólinn í Reykjavík	302,2	292,5	332,5	13,7	10,0
Fasteignir framhaldsskóla	127,8	75,8	84,0	10,8	-34,3
Framhaldsskólar, stofnkostnaður	70,3	723,0	687,0	-5,0	877,2
Framhaldsskólar, almennt	854,8	1.647,3	1.922,8	16,7	124,9
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	919,0	905,0	939,3	3,8	2,2
Fjölbrautaskólinn Ármúla	775,3	749,5	831,4	10,9	7,2
Flensborgarskóli	446,7	458,1	498,8	8,9	11,7
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	612,1	664,6	684,3	3,0	11,8
Fjölbrautaskóli Vesturlands	421,8	386,5	467,7	21,0	10,9
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	169,4	176,1	179,4	1,9	5,9
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	298,6	316,8	322,0	1,6	7,8
Fjölbrautaskóli Suðurlands	609,1	599,1	668,2	11,5	9,7
Verkmenntaskóli Austurlands	173,2	166,8	212,1	27,2	22,5
Verkmenntaskólinn á Akureyri	936,9	910,6	1.046,5	14,9	11,7
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	442,0	416,4	472,9	13,6	7,0
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	124,8	124,8	126,4	1,3	1,3
Framhaldsskólinn á Húsavík	119,2	121,3	138,5	14,2	16,2
Framhaldsskólinn á Laugum	139,7	138,2	158,0	14,3	13,1
Borgarholtsskóli	769,2	779,6	881,2	13,0	14,6
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	178,4	177,4	195,5	10,2	9,6
Menntaskóli Borgarfjarðar	52,0	90,3	101,0	11,8	94,2
Menntaskólinn Hraðbraut	163,8	173,2	174,6	0,8	6,6
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	-	-	52,3	-	-
Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð	-	-	23,2	-	-
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	201,2	200,1	249,5	24,7	24,0
Símenntun og fjarkennsla	700,1	1.005,9	1.167,6	16,1	66,8
Tækniskólinn	-	-	1.757,5	-	-
Fjöltækniskóli Íslands	306,3	327,8	-	-	-
Iðnskólinn í Reykjavík	1.209,4	1.191,2	-	-	-
Iðnskólinn í Hafnarfirði	508,5	519,7	620,0	19,3	21,9
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	25,1	25,1	28,5	13,5	13,5
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	21,5	23,5	27,7	17,9	28,8
Verslunarskóli Íslands	810,3	837,1	973,1	16,2	20,1
Samtals	15.828,8	17.488,6	19.718,9	12,8	24,6

	Reiknaðir ársnem. 2006	Reiknaðir ársnem. 2007 ¹	Áætlaðir ársnem. 2008	Áætlaðir ársnem. 2009	Áætlað hlutfall bóknáms	Fjárveiting 2009	Þús. kr. á árs- nemanda
Menntaskólinn í Reykjavík	872	846	870	870	97,7	518,8	596
Menntaskólinn á Akureyri	696	751	770	741	97,9	511,5	690
Menntaskólinn að Laugarvatni	137	159	160	160	96,4	162,1	1.013
Menntaskólinn við Hamrahlíð	1.102	1.099	1.125	1.156	97,3	748,9	648
Menntaskólinn við Sund	742	756	745	710	95,7	435,5	613
Menntaskólinn á Ísafirði	270	295	320	321	83,4	272,7	850
Menntaskólinn á Egilsstöðum	322	362	350	325	95,5	264,9	815
Menntaskólinn í Kópavogi	1.097	1.065	1.055	1.063	89,9	781,0	735
Kvennaskólinn í Reykjavík	548	557	550	550	99,2	332,5	605
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.256	1.417	1.325	1.204	72,0	939,3	780
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	1.202	1.169	1.170	1.146	89,9	831,4	725
Flensborgarskóli	653	748	760	740	94,5	498,8	674
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	846	945	970	898	85,9	684,3	762
Fjölbrautaskóli Vesturlands	533	588	545	579	80,6	467,7	808
Framhaldssk. í Vestmannaeyjum	211	221	220	224	89,4	179,4	801
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	382	358	375	367	79,2	322,0	877
Fjölbrautaskóli Suðurlands	778	894	875	863	86,3	668,2	774
Verkmenntaskóli Austurlands	183	170	160	181	73,4	212,1	1.172
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.211	1.222	1.220	1.259	76,8	1.046,5	831
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	656	697	690	717	93,7	472,9	660
Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	117	100	125	118	91,3	126,4	1.071
Framhaldsskólinn á Húsavík	124	136	130	135	97,1	138,5	1.026
Framhaldsskólinn á Laugum	106	120	120	125	99,2	158,0	1.264
Borgarholtsskóli	968	1.023	1.055	1.097	74,0	881,2	803
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	173	181	185	185	93,3	195,5	1.057
Menntaskólinn í Borgarnesi	-	-	75	101	81,6	101,0	1.000
Menntaskólinn Hraðbraut	247	331	331	250	95,4	174,6	698
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	-	-	-	50	-	52,3	1.046
Framhaldsskóli við utanv. Eyjafjörð	-	-	-	15	-	23,2	1.547
Tækniskólinn	-	-	-	1.798	47,3	1.757,5	977
Fjöltækniskóli Íslands	299	299	320	-	-	-	-
Iðnskólinn í Reykjavík	1.362	1.397	1.390	-	-	-	-
Iðnskólinn í Hafnarfirði	515	517	545	550	38,8	620,0	1.127
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	24	24	24	-	28,5	1.188
Hússtjórnarskólinn á Hallorssstað	24	24	24	28	-	27,7	989
Listdansskóli Íslands	21	-	-	-	-	-	-
Verslunarskóli Íslands	1.419	1.441	1.490	1.530	96,0	973,1	636
Framhaldsskólar almennt, v/nem.uppgj.	-	73	50	40	-	-	-
Samtals	19.096	19.985	20.119	20.120	83,4	15.608,0	776

¹ Sérdeildamemundur, 261 talsins, voru í fyrsta skipti taldir með í áætluðum ársnemendafjölda árið 2007.

Í töflunni hér á eftir er nemendaspá menntamálaráðuneytisins fyrir árin 2008-2001, en rauntölur fyrir árin 2005-2007 um innritaða og ársnemendur. Fjöldi í fæðingarargöngum er samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Fæðingarárgangar	4.560	4.768	4.533	4.609	4.623	4.442	4.280
Innritun skv. Hagstofu Íslands	24.664	26.196	27.310	28.134	28.334	28.437	28.187
Reiknaðir ársnemendur	18.980	19.279	19.502	20.119	20.274	20.362	20.203

Skálaþráðar tölur eru spátölur ráðuneytisins fyrir árin 2008-2011

Í forsendum fjárlagafrumvarps er gert ráð fyrir að ársnemendur í framhaldsskólum verði 20.120 árið 2009 sem er nánast sami fjöldi og lagður var til grundvallar fjárlagafrumvarpi 2008. Langtímaspá menntamálaráðuneytisins, sem birt var í því frumvarpi, gerir ráð fyrir að fjöldi á árinu 2009 geti orðið allt að 20.274. Forsendur áætlunarinnar hafa hins vegar breyst með þeim hætti að nemendum sem innritast í framhaldsskóla samkvæmt tölum Hagstofu Íslands hefur fjölgað meira en gert var ráð fyrir. Á móti kemur að heldur hefur dregið úr virkni nemenda í framhaldsskólum. Hlutfall ársnemenda af fjölda innritaðra lækkar því meira á milli ára en langtímaáætlun gerði ráð fyrir. Tilviljun ræður því að endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir sama fjölda ársnemenda fyrir árið 2009 þrátt fyrir breyttar forsendur. Mismunur langtímaáætlunarinnar og nemendafjölda sem gert er ráð fyrir í forsendum fjárlagafrumvarpsins nú er 0,7% og kemur fram í minna svigrúmi á óskiptum lið 319-1.90 *Framhaldsskólar, óskipt* sem verður fjallað um hér á eftir.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður. Heildargjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 687 m.kr. sem er 36 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Fjárhæðin skiptist þannig að 648 m.kr. eru til byggingaframkvæmda og 39 m.kr. til kaupa á tækjum og búnaði. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir áætlaða skiptingu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2008
Framhaldsskólar í Reykjavík	240,0
Menntaskólinn í Reykjavík	50,0
Menntaskólinn á Laugarvatni	25,0
Fjölbrautskóli Vesturlands	20,0
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	25,0
Verkmenntaskólinn á Akureyri	35,0
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	40,0
Framhaldsskólinn á Laugum	15,0
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	85,0
Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð	33,0
Byggingaframkvæmdir, óskipt	30,0
Héraðsskólahúsið á Laugarvatni	50,0
Tæki og búnaður, óskipt	39,0
Samtals	687,0

Gert er ráð fyrir að 240 m.kr. verði varið til uppbyggingar framhaldsskóla í Reykjavík. Samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg er ráðgert að 50 m.kr. verði áfram varið til Menntaskólans í Reykjavík. Framkvæmdir halda einnig áfram víðs vegar um landið. Lagt er til að 25 m.kr. verði varið til framkvæmda við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, 40 m.kr. til Fjölbrautaskólans í Garðabæ og 25 m.kr. vegna endurbóta á húsnæði Menntaskólans á Laugarvatni. Þá er lagt til að veittar verði 35 m.kr. til Verkmenntaskólans á Akureyri vegna viðbyggingar fyrir sérdeildarnemendur og 33 m.kr. til byggingar Framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð sem fyrirhugað er að verði á Ólafsfirði.

319 Framhaldsskólar, almennt. Á þessum fjárlagalið er áætlað að mestu leyti fyrir sameiginlegum útgjöldum framhaldsskóla og óskiptum framlögum sem menntamálaráðuneytið millifærir yfir á hlutaðeigandi skóla þegar forsendur þar að lútandi liggja fyrir. Gjöld umfram tekjur á liðnum eru áætluð 1.922,8 m.kr., sem er hækkun um 93,7 m.kr. að raunvirði. Hér á eftir fer upptalning á þeim breytingum sem lagðar eru til. Í tengslum við innleiðingu laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla var gert ráð fyrir 220 m.kr. hækkun framlaga. Sú fjárhæð skiptist á eftirfarandi hátt: 20 m.kr. á *1.28 Mat á skólastarfi*, vegna aukinnar vinnu við úttektir á skólum; 50 m.kr. á *1.41 Framkvæmd nýrrar skólustefnu* til að mæta auknum kostnaði vegna vinnu við námskrágerð og breytt einingakerfi; 100,0 m.kr. á *1.90 Framhaldsskólar, óskipt* vegna aukins kostnaðar við lengingu skólaárs um 5 daga og 50 m.kr. á *1.90 Framhaldsskólar, óskipt* vegna umsýslukostnaðar við starfsþjálfun nemenda í verknámi. Á móti er gert ráð fyrir að framlög á *1.90 Framhaldsskólar, óskipt* lækki um 67 m.kr. til þess að mæta markmiðum um aðhald í ríkisútgjöldum. Á *1.11 Sameiginleg þjónusta* er gert ráð fyrir tímabundnu framlagi í eitt ár vegna stefnu um upplýsingafélagið, 2008-2012. Annars vegar 10 m.kr. til verkefnisins Notkun upplýsingatækni í námi og kennslu, UT-leiðtogar og hins vegar 5 m.kr. til verkefnisins Stafrænt námsefni fyrir grunn- og framhaldsskóla. Þá er lagt til að 1,5 m.kr. verði millifærð af sama viðfangi á *985-1.01 Landsskrifstofa menntaáætlana ESB*, vegna samningsbundinna greiðslna. Á *1.14 Sérkennsla* eru gerðar þrjár tillögur um framlög vegna bættrar þjónustu við blinda og sjónskerta. Í fyrsta lagi 12 m.kr. til námsgagnagerðar fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga á framhaldsskólastigi; í öðru lagi 23,5 m.kr. vegna þriggja kennsluráðgjafa og starfsmanns við stækkun leturs; í þriðja lagi 6 m.kr. tímabundið framlag til eins árs vegna eignakaupa. Á móti fellur niður 14 m.kr. tímabundið framlag til eins árs vegna þjónustu við blinda og sjónskerta. Lagt er til að *1.19 Kennslueftirlit* verði fellt niður og 7,2 m.kr. sem eru á liðnum millifærðar á *1.15 Prófakostnaður*. Óskað er eftir 4 m.kr. hækkun til *1.23 Raungreina- og nýsköpunarkeppnir* vegna aukinnar þátttöku framhaldsskólanema í alþjóðlegum keppnum. Jafnframt hefur heiti viðfangsefnisins verið breytt úr Ólympiuleikar í raungreinum. Þá eru 15 m.kr. af millifærðar af *1.26 Verk-*

efnasjóður skólasamninga, sem áður hét Þróunarsjóður framhaldsskóla, og 22,4 m.kr. af viðfangi *1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu* millifærðar yfir á *720-1.34 Sprotasjóður*, en gert er ráð fyrir að þróunarsjóðir leik-, grunn- og framhaldsskóla sameinist undir því heiti. Á *1.26 Verkefnasjóður skólasamninga* stendur eftir fjárhæð til ráðstöfunar í tengslum við skólasamninga framhaldsskólanna. Farið er fram á að *1.28 Mat á skólastarfi* hækki um 6 m.kr. til að mæta aðildargjöldum Íslands vegna PISA. Tímabundið 2,5 m.kr. framlag á *1.35 Myndlistaskólinn í Kópavogi* fellur niður. Auk breytinga sem fjallað er um að framan í tengslum við innleiðingu laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla eru lagðar til eftirfarandi breytingar á *1.90 Framhaldsskólar, almenn*: Í fyrsta lagi er óskað eftir 100 m.kr. framlagi til að mæta óvissu í nemendapróun vegna innleiðingar nýrra framhaldsskólalaga. Í öðru lagi eru millifærðar 49,5 m.kr. af viðfanginu yfir á tvo nýja framhaldsskóla og kemur það til viðbótar 22 m.kr. millifærslu af lið *318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður*. Í þriðja lagi eru millifærðar 2,5 m.kr. á *999-1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytisins* vegna Heimilisíðnaðarfélagsins. Í fjórða lagi lækkar viðfangið um 21 m.kr. vegna breyttrar forgangsröðunar. Í fimmta lagi fellur niður 15 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar nýs framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð og í sjötta og síðasta lagi er tillaga um lækkingu framlags á liðnum um 82,4 m.kr. til þess að mæta markmiðum um aðhald með aukningu rekstrargjalda.

441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra. Í kjölfar endurnýjunar á þjónustusamningi við Fjölmennt, sem sér um rekstur fullorðinsfræðslu fyrir fatlaða, er lagt til að liðurinn hækki um 40 m.kr. vegna aukinna umsvifa.

451 Símenntun og fjarkennsla. Heildarfjárveiting hækkar um 37,2 m.kr. á milli ára fyrir utan launa- og verðlagsbreytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að millifærðar verði 1,8 m.kr. af *1.11 Símenntun og fjarkennsla* yfir á *02-985-101 Landsskrifstofa menntaáætlana ESB*. Samningsbundnar greiðslur hafa verið greiddar af óskiptum liðum ráðuneytisins en nú er gert ráð fyrir verkefninu sem sérstöku viðfangsefni á fjárlögum. Að auki er lagt til að fjárveiting viðfangsefnisins lækki um 15 m.kr. til að mæta breyttum áherslum. Í öðru lagi er lagt til að *1.12 Námskeið og ráðgjöf* hækki um 150 m.kr. Tillagan er liður í ráðstöfunum sem ríkisstjórnin gerði til að greiða fyrir gerð kjarasamninga til þriggja ára sl. vor. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar verða árleg framlög til símenntunar og fullorðinsfræðslu sem nýtist fólki á vinnumarkaði aukin í jöfnum hlutum í 300 m.kr. á næstu tveimur árum. Á móti fellur niður 100 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til að efla námsframboð og náms- og starfsþjálfun í framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum. Í þriðja lagi er lagt til að *1.23 Farskóli Norðurlands vestra* fái 4 m.kr. til að efla háskólamenntun með fjarnámi og staðbundinni kennslu. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt vegna þessa verkefnis.

Tillagan er hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Í fjórða lagi er lagt til að millifærðar verði 11,5 m.kr. á *1.25 Þekkingarsetur Þingeyinga* af *1.31 Fræða- og þekkingarsetur* og að nafni þess verði jafnframt breytt úr Fræðslumiðstöð Þingeyinga í Þekkingarsetur Þingeyinga. Þekkingarsetur Þingeyinga er símenntunar-, háskólanáms- og rannsóknasetur sem starfar á grunni tveggja stofnana sem voru sameinaðar árið 2006. Samningsbundnar greiðslur menntamálaráðuneytisins til setursins hafa verið fjármagnaðar af *1.31 Fræða og þekkingarsetur*. Í fimmta lagi er farið fram á 19,2 m.kr. verði millifærðar á *1.26 Þekkingarnet Austurlands* af *1.31 Fræða- og þekkingarsetur* og að nafni þess jafnframt breytt úr Fræðsluneti Austurlands í Þekkingarnet Austurlands. Um er að ræða framlag menntamálaráðuneytisins til samnings við Þekkingarnetið. Í gildi er samningur við Þekkingarnet Austurlands um fjárstuðning frá menntamálaráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti vegna þróunarverkefnis um stofnun og rekstur Þekkingarnets Austurlands. Greiðslur voru ákveðnar 36 m.kr. árið 2006 og eigi lægri með verðlagsuppbótum út samningstímann. Greiðir menntamálaráðuneytið helming þeirrar fjárhæðar á móti iðnaðarráðuneytinu. Í sjötta lagi fellur niður tímabundið 2 m.kr. framlag í fjárlögum 2008 til Nýsköpunarseturs á sviði opinberrar þjónustu. Í sjöunda lagi er lagt til að fluttar verði 19,2 m.kr. á nýtt viðfangsefni *1.32 Háskólaasetur Vestfjarða* af *1.31 Fræða og þekkingarsetur* vegna samnings við Háskólaasetrið. Samningur menntamálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins annars vegar og Háskólaaseturs Vestfjarða hins Greiðslur voru ákveðnar 36 m.kr. árið 2006 og eigi lægri með verðlagsuppbótum út samningstímann og greiðir menntamálaráðuneytið helming þeirrar fjárhæðar á móti iðnaðarráðuneytinu. Í áttunda lagi er lagt til að 20 m.kr. framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til Háskólaaseturs Vestfjarða verði millifært af *1.31 Fræða- og þekkingarsetur* yfir á þetta nýja viðfangsefni. Í níunda og síðasta lagi er lagt til að *1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga* fái 2 m.kr. framlag í eitt ár til verkefnisins Tungumálatorg skólanna. Um er ræða úthlutun 2009 til verkefnis á grundvelli stefnu upplýsingasamfélagsins 2008-2012. Markmið þess er að ýta úr vör samhæfðu móðurmálsnámi innflytjendabarna og íslenskra barna búsettra erlendis.

Grunnskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 720 Grunnskólar, almennt og 725 Námsgagnastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Grunnskólar, almennt	105,0	104,6	190,8	82,4	81,7
Námsgagnastofnun	369,8	379,9	426,9	12,4	15,4
Samtals	474,8	484,5	617,7	27,5	30,1

Heildargjöld málefnaflokkans eru áætluð 633,2 m.kr. á rekstrargrunni og hækka um 134,0 m.kr. eða 26,8% frá fjárlögum 2008. Áætlað er að sértekjur standi undir 15,5 m.kr. útgjöldum sem er hækkun um 0,8 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Að frádregnum sértekjum nema útgjöld málefnaflokkans 617,7 m.kr. og hækka um 133,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum, þar af nema launa- og verðlagshækkunar 62,8 m.kr.

Á viðfangsefninu *1.31 Sérstök fræðsluverkefni* er lagt til að veittar verði 33 m.kr. til verkefna á grundvelli aðgerðaráætlunar í þágu barna og ungmenna. Um er að ræða hluta af 100 m.kr. framlagi sem skipt er á milli ráðuneyta menntamála, félagsmála og heilbrigðismála. Ráðgert er að 10 m.kr. verði notað í stuðning við börn með lestrarerfiðleika. Í annan stað er lagt til að *1.33 Þróunarsjóður leikskóla* og *1.82 Þróunarstarf í grunnskólum* verði sameinaðir Þróunarsjóði framhaldsskóla á nýju viðfangsefni *1.34 Sprotasjóður*. Lagt er til að 55 m.kr. verði millifærðar á sjóðinn. Þar af komi 15 m.kr. af *1.26 Verkefnasjóður skólasamninga*, sem áður hét Þróunarsjóður framhaldsskóla; 22,4 m.kr. af *1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu*; 3 m.kr. millifærslu af *1.33 Þróunarsjóður leikskóla*, sem lagt er niður og 14,6 m.kr. millifærslu af *1.82 Þróunarstarf í grunnskólum* sem lagt er niður.

Námsaðstoð

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokk: 872 Lánsjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun námskostnaðar.

Reikningur	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	Breyting	
2007	2008	2009	frá fjárl.	frá reikn.	
m.kr.	m.kr.	m.kr.	%	%	
Rekstrargrunnur					
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.804,0	5.938,0	7.723,0	30,1	60,8
Jöfnun á námskostnaði	566,3	570,3	645,7	13,2	14,0
Samtals	5.370,3	6.508,3	8.368,7	28,6	55,8

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans nemur 7.664,3 m.kr. og hækkar um 1.156 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa-, verðlags og gengisbreytingar en þær nema 704,4 m.kr. Gert er ráð fyrir að framlag til Lánsjóðs íslenskra námsmanna hækki um 1.785 m.kr. vegna fjölgunar lánþega um 15,5%, aukinna skólagjaldalána og áhrifa af gengis- og verðlagsbreytingum. Gerð er grein fyrir fjárreiðum sjóðsins í umfjöllun um C-hluta fjárlaga.

Söfn, listastofnanir og fleira

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokk: 901-919 Söfn; 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 971 Ríkisútvarpið ohf; 972 Íslenski dansflokkurinn; 973 Þjóðleikhúsið; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands; 977 Höfundaréttargjöld; 978 Listasjóðir; 979 Húsafriðunarnefnd; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndamiðstöð Íslands og 982 Listir, framlög.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fornleifavernd ríkisins	74,9	81,2	85,3	5,0	13,9
Þjóðminjasafn Íslands	470,7	487,8	426,3	-12,6	-9,4
Þjóðskjalasafn Íslands	170,5	291,3	331,9	13,9	94,7
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	547,1	597,7	673,7	12,7	23,1
Listasafn Einars Jónssonar	16,0	16,4	18,3	11,6	14,4
Listasafn Íslands	125,0	147,0	164,6	12,0	31,7
Kvikmyndasafn Íslands	42,5	47,5	52,6	10,7	23,8
Blindrabókasafn Íslands	81,6	84,4	93,8	11,1	15,0
Náttúruminjasafn Íslands	6,4	31,0	34,4	11,0	437,5
Safnasjóður	85,3	87,7	98,9	12,8	15,9
Söfn, ýmis framlög	250,5	329,2	355,2	7,9	41,8
Samtals	1.870,5	2.201,2	2.335,0	6,1	24,8
Tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík	0,0	0,0	34,9	-	-
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	917,0	277,9	409,9	47,5	-55,3
Ríkisútvarpið	2.910,4	2.930,0	2.945,0	0,5	1,2
Íslenski dansflokkurinn	100,8	102,9	115,9	12,6	15,0
Þjóðleikhúsið	639,5	648,9	738,2	13,8	15,4
Sinfóníuhljómsveit Íslands	475,0	571,6	646,1	13,0	36,0
Höfundarréttargjöld	95,5	78,8	98,0	24,4	2,6
Listasjóðir	298,7	334,2	366,8	9,8	22,8
Húsafriðunarnefnd	196,5	218,8	59,2	-72,9	-69,9
Listskreytingasjóður	-1,5	7,1	7,1	0,0	-573,3
Kvikmyndamiðstöð Íslands	567,8	631,7	698,2	10,5	23,0
Listir, framlög	869,3	897,8	967,1	7,7	11,3
Samtals	7.069,0	6.699,7	7.086,4	5,8	0,2
Samtals	8.939,5	8.900,9	9.421,4	5,8	5,4

Heildarútgjöld málefnaflokkisins á rekstrargrunni eru áætluð 10.097,8 m.kr. sem er 660,6 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs eða um 7,0%. Þar af er áætlað að sértekjur standi undir 676,4 m.kr. sem er 140,1 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2008. Gjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 9.421,4 m.kr. og hækka um 520,5 m.kr. en þar af eru launa- og verðlagshækkunar 445,1 m.kr.

Helstu tillögur um breytingar eru að framlag til Kvikmyndasjóðs aukist um 60 m.kr. og framlag til menningarsamninga um 15 m.kr. Þá er óskað eftir að stofnaður verði nýr fjárlagaliður 965 Tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík og er áætlað 33 m.kr. framlag til hans. Farið er fram á 10 m.kr. framlag á nýju viðfangi 919-1.14 Hönnunarmiðstöð Íslands. Lagt er til 23 m.kr. framlag til tveggja verkefna sem eru hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Loks eru 13,5 m.kr. til Þjóðskjalasafns Íslands vegna lagasetningar um viðtöku rafrænna skjala og 50 m.kr. vegna þátttöku í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011. Helstu tillögur til hækkunar á stofnkostnaði varða 142 m.kr. til

Hönnunarsafns Íslands, 25 m.kr. til Lækningaminjasafns Íslands og 50 m.kr. til Tónlistar- og ráðstefnuhúss. Á móti hækkunum falla niður tímabundin verkefni að fjárhæð 405 m.kr.

Söfn

Hér er fjallað um söfn og aðrar stofnanir sem vinna að varðveislu menningararfs þjóðarinnar og eru á fjárlagaliðnum 901 - 919 en það eru Fornleifavernd ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Blindrabókasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Safnasjóður og Söfn, ýmis framlög.

Heildarútgjöld eru áætluð 2.614,4 m.kr. og þar af er gert ráð fyrir að sértekjur standi undir 279,4 m.kr. Gjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.335 m.kr. og lækka um 82,9 m.kr. að raunvirði.

901 Fornleifavernd ríkisins. Framlag lækkar um 3,5 m.kr. fyrir utan launa- og verðlags-hækkanir. Annars vegar er lagt til að veittar verði 2 m.kr. til starfs minjavarðar Vestfjarða. Tillagan er hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Veitt var 6 m.kr. framlag vegna starfsins í fjárlögum 2008 en ástæða þykir til að hækka það í 8 m.kr. Tímabundin framlög í fjárlögum 2008 samtals að fjárhæð 5,5 m.kr. falla niður. Þau skiptist þannig: 3 m.kr. til að endurreisa Þorláksbúð í Skálholti; 2 m.kr. til að endurhlaða hluta af Skagagarðinum og 0,5 m.kr. til að endurbjuggja þurrkhjall við Reyki á Reykjaströnd.

902 Þjóðminjasafn Íslands. Fjárveitingar undir þessum fjárlagalið lækka um 100 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir. Lagt er til að safnið haldi 6 m.kr. tímabundinni fjárveitingu í fjárlögum yfirstandandi árs til að flýta skráningu í gagnagrunninn Sarp með fjarvinnslu á Hvammstanga. Tillagan er hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnirnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Á hinn bóginn fellur niður 6 m.kr. tímabundið framlag til fjarvinnslu á Húsavík. Einnig falla niður tímabundnar fjárveitingar sem samþykktar voru við 2. umræðu fjárlaga 2008 samtals að fjárhæð 52 m.kr. á *1.10 Byggða- og minjasöfn* og 7 m.kr. tímabundnar fjárveitingar sem samþykktar voru í 3. umræðu fjárlaga 2008. Þar af eru 2 m.kr. sem veittar voru vegna umsýslu með verkefnum sem hlotið hafa styrk á *1.10 Byggða- og minjasöfn*. Loks falla annars vegar niður 20 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í 3 ár á *1.0 Byggða- og minjasöfn* til að standa straum af kostnaði við forvörslu gripa, útgáfu og sýningar á niðurstöðum fornleifarannsóknna sem styrktir voru úr Kristnihátíðarsjóði og hins vegar 15 m.kr. framlag til uppbyggingar á Núpsstöðum sem ríkisstjórnin samþykkti að veita árin 2005-2008.

- 903 Þjóðskjalasafn Íslands.** Fjárheimild safnsins hækkar um 13,5 m.kr. auk launa- og verðlagshækkana. Til hækkunar koma 33,5 m.kr. til verkefna í tengslum við lagasetningu um viðtöku rafrænna skjala. Um er að ræða kaup á búnaði til að taka á móti, sannreyna og varðveita aðsend rafræn gögn, ráðning fimm starfsmanna þar af tveggja vegna viðtöku rafrænna skjalasafna, tveggja til að fara með eftirlit og eins til að starfa að tölvumálum innan safnsins. Þá er lagt til að aukið framlag til Þjóðskjalasafns Íslands um 20 m.kr. vegna lagasetningar um viðtöku rafrænna skjala verði frestað tímabundið í eitt ár. Tillagan er hluti af aðhaldsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. Með lækkuninni er gert ráð fyrir að safnið fresti því að fjölga starfsfólki vegna verkefna í tengslum við lagasetningu um viðtöku rafrænna skjala.
- 905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn.** Fjárveiting hækkar samkvæmt launa- og verðlagsbreytingum milli ára en er óbreytt að öðru leyti. Gert er ráð fyrir 32,1 m.kr. hækkun á veltu til leiðréttingar á útgjöldum sem fjármögnuð eru með sértekjum og er þá tekið mið af áætlun og ríkisreikningi síðustu ára.
- 907 Listasafn Íslands.** Fjárveiting hækkar samkvæmt launa- og verðlagsbreytingum milli ára en er óbreytt að öðru leyti. Gert er ráð fyrir 10,9 m.kr. hækkun á veltu til leiðréttingar á útgjöldum sem fjármögnuð eru með sértekjum og er þá tekið mið af áætlun og ríkisreikningi síðustu ára.
- 908 Kvikmyndasafn Íslands.** Fjárveiting hækkar samkvæmt launa- og verðlagsbreytingum milli ára en er óbreytt að öðru leyti.
- 919 Söfn, ýmis framlög.** Liðurinn hækkar um 7,1 m.kr. að teknu tillit til niðurfellingar á tímabundnum framlögum. Í fyrsta lagi er lagt til 10 m.kr. framlag á nýtt viðfang *1.14 Hönnunarmiðstöð Íslands* í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt um að menntamálaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið geri samning við Hönnunarmiðstöð Íslands ehf. um 20 m.kr. framlag árin 2008 til 2010. Skiptist upphæðin jafnt á milli ráðuneytanna. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 3,1 m.kr. framlag til Lækningaminjasafns Íslands á nýtt viðfang *1.16 Lækningaminjasafn Íslands* í samræmi við samning. Áætlað er að safnið opni 1. september 2009 og því er sótt um rekstrarframlag vegna fjögurra mánaða. Í þriðja lagi falla niður nokkur tímabundin framlög: 2 m.kr. á *1.11 Nýlistasafn*, sem veitt var í tilefni 30 ára afmælis safnsins árið 2008; 1 m.kr. á *1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar* vegna viðgerða á byggingum safnsins; 10 m.kr. á *6.36 Sildarminjasafnið á Siglufirði* vegna sammings sem gerður var við þá um 40 m.kr. framlag á árunum 2006-2008 og loks 6,4 m.kr. á *1.10 Listasafn ASÍ*. Í fjórða og síðasta lagi hækkar framlag á *1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytisins* að raungildi um 13,4 m.kr. Helstu breytingar eru þær að lagt er til að veittar verði 17 m.kr. til að ráða

tvo sérfræðinga sem aðstoða söfn, menningarstofnanir og ferðaþjónustuaðila í Húnavatnssýslum við að byggja upp og þróa starfsemin sína og efla samstarf um markaðssetningu. Þá verður áhersla lögð á aukið samstarf Textilseturs Íslands og Heimilisíðnaðarsafnsins á Blönduós með áherslu á menntun og rannsóknir á íslensku handbragði fyrri tíma og þróun á hvers kyns textílhönnun. Tillagan er hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Einnig er lagt til að veittar verði 6,4 m.kr. framlag til verkefnis um Tónlistarsafn í Kópavogi. Að lokum fellur niður 10 m.kr. framlag til Safnahúss í Búðardal. Áform um nánari skiptingu safnliðarins koma fram í töflunni hér fyrir neðan:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.
Samningur, Bygðasafnið í Görðum v. Kúttur Sigurfara	12,0
Samningur, Hvalamiðstöðin á Húsavík	10,0
Samningur, Vikin - Sjóminjasafnið í Reykjavík	10,0
Samningur, Mosfellsbær, fornleifarannsóknir við Hrisbrú	8,0
Samningur, Heklusetur Leirubakka	6,0
Samningur, Galdrasýning á Ströndum	6,0
Styrkur til rannsóknarstofnunar og fræðaseturs, Þjóðtrúarstofa	10,0
Verkefni tengdum heimsminjasamningi UNESCO	6,0
Verkefni til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra	17,0
Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem falla ekki undir verksvið Safnasjóðs.	27,7
Samtals	112,7

965 Tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík. Gerð er tillaga um 33 m.kr. framlag á þennan nýja fjárlagalið vegna skuldbindinga um greiðslur ríkisins til rekstraraðila Tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar. Er tillagan í samræmi við samkomulag milli ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 21. desember 2004. Fjárhæðin miðast við að greitt sé fyrir desember 2009 þar sem nýjustu áætlanir gera ráð fyrir að tónlistarhúsið verði tekið í notkun í byrjun þess mánaðar. Greiðslur ríkisins munu samkvæmt þessu nema samtals 394 m.kr. á heilu ári.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Heildarfjárveiting til menningarstofnana, viðhald og stofnkostnaðar hækkar um 132 m.kr. og verður því 409,9 m.kr. Helstu breytingar eru þær að í fyrsta lagi er gerð tillaga um 142 m.kr. framlag á nýtt viðfang 6.84 Hönnunarsafn Íslands vegna samnings við Garðabæ um byggingu Hönnunarsafns Íslands. Í samningnum kemur fram að selja á húsnæði ríkisins við Lyngás þar í bæ og að ríkissjóður muni leggja til framkvæmdanna að hámarki 125 m.kr. á miðað við byggingarvísitölu í nóvember 2006. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 25 m.kr. framlag á nýtt viðfang 6.83 Lækningaminjasafn Íslands. Í samningi við Seltjarnarnesbæ um Lækningaminjasafn Íslands er gert ráð fyrir að Byggarðar 7 verði

seldir og ríkissjóður leggi 75 m.kr. til framkvæmda við nýrrar byggingar yfir safnið. Greiddar voru 25 m.kr. árið 2007 og er ætlunin að greiða 25 m.kr. árið 2009 og 25 m.kr. árið 2010. Í þriðja lagi er gerð tillaga um að 75 m.kr. tímabundið framlag á 6.23 *Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík* sem veitt var í fjárlögum 2008 vegna eftirlits með hönnun og framkvæmdum í tengslum við byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar falli niður og að í staðinn verði veitt 50 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár vegna eftirlits og eftirfylgni með framkvæmdunum. Tillagan er í samræmi við samkomulag milli ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 21. desember 2004 og nýskipaðrar eftirlitsnefndar. Gerð er tillaga um að 10 m.kr. tímabundið framlag á 6.95 *Menningarhús* sem veitt var til endurbóta á Tjarnarborg - menningarhús falli niður. Loks er tillaga um að ráðstafa 6 m.kr. á 6.21 *Endurbætur menningarstofnana* til að greiða samkvæmt samningi við Reykholtskirkju í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt alls 30 m.kr. á fimm árum, lokagreiðsla verður árið 2010.

971 Ríkisútvarpið. Á árinu 2007 voru samþykkt lög nr. 61/2007 en með þeim var Ríkisútvarpið ohf. stofnað sem hlutafélag í eigu ríkisins. Samkvæmt lögnum er helsti tekjustofn þess sérstakt gjald, útvarpsgjald, sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda skv. 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þetta gjald tekur gildi 1. janúar 2009.

973 Þjóðleikhúsið. Framlag lækkar um 5 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir vegna niðurfellingar tímabundinnar fjárveitingar sem veitt var vegna samnings á milli leikhússins og Þjóðdans Færeyja.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Framlag hækkar um 5,6 m.kr. þegar launa- og verðlagshækkanir eru frátaldar. Skýringin er hærri húsaleiga í desembermánuði 2009 en þá er áætlað að hljómsveitin flytji inn í nýja tónlistarhúsið Leigukostnaður er áætlaður 109,5 m.kr. á heilu ári eftir að hljómsveitin er flutt inn.

979 Húsafríðunarnefnd. Bæði tímabundnar fjárveitingar sem samþykktar voru í 2. umræðu fjárlaga 2008 samtals að fjárhæð 155 m.kr. falla niður og í 3. umræðu 7 m.kr. Þá er tillaga um leiðréttingu á sértekjum með hliðsjón af rekstraráætlun og ríkisreikningi síðustu ára.

981 Kvikmyndamiðstöð Íslands. Framlag hækkar um 60 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir vegna samnings um aukið framlag í Kvikmyndasjóð. Í nóvember 2006 var undirritaður samningur milli menntamálaráðherra, fjármálaráðherra og Samtaka í íslenskrri kvikmyndagerð. Samkvæmt honum nemur framlag á liðinn 620 m.kr. árið 2009 og 700 m.kr. árið 2010.

982 Listir, framlög. Framlag hækkar um 60,5 m.kr. án launa- og verðlagshækkana. Í fyrsta lagi fellur niður 3 m.kr. tímabundið framlag á 1.22 *Starfsemi áhugaleikfélaga* til Draumasmiðjunnar, leikhús heyrnarlausra og til alþjóðlegrar leiklistarhátíðarinnar Draumar 2009. Í öðru lagi er tillaga um niðurfellingu 1,5 m.kr. tímabundins framlags til þriggja verkefna á 1.29 *Íslensk tónverkamiðstöð*. Í þriðja lagi er lagt til 50 m.kr. framlag á 1.57 *Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011*. Samtals er kostnaður við þátttökuna áætlaður 300 m.kr. sem greiðist þannig að 50 m.kr. voru veittar í fjárukalögum 2007 og verður óskað eftir 50 m.kr. í frumvarpi til fjárukalaga 2008. Þá er gert ráð fyrir 50 m.kr. árið 2009, 50 m.kr. árið 2010 og loks 100 m.kr. árið 2011. Í fjórða og síðasta lagi er lögð til 15 m.kr. hækkun til samninga við sveitarfélög um menningarmál. Samkvæmt samningi við Akureyrarbæ hækka framlög um 10 m.kr. Þá er gert ráð fyrir hækkun í samningum við Vestfirði, Norðurland vestra, Eyþing, Suðurland og Suðurnes, 1 m.kr. til hvers samnings. Taflan á eftir sýnir framlög menntamálaráðuneytisins samkvæmt samningum við sveitarfélög um menningarmál en iðnaðar- ráðuneytið leggur að auki 68 m.kr. til þeirra.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.
Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	130,0
Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál	38,0
Samningur við sveitarfélög á Vesturlandi um menningarmál	17,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitafélaga á svæði Eyþings um menningarmál	21,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitafélaga á Suðurnesjum um menningarmál	16,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitafélaga á Vestfjörðum um menningarmál	23,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitafélaga á Suðurlandi um menningarmál	26,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitafélaga á Norurlandi vestra um menningarmál	23,0
Samtals	294,0

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál og 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samskiptamiðstöð heyrnarl. og heyrnarkertra	52,4	60,7	68,9	13,5	31,5
Ýmis fræðistörf	158,8	184,8	178,9	-3,2	12,7
Norræn samvinna	14,1	23,5	23,5	0,0	66,7
Æskulýðsmál	222,0	242,8	217,7	-10,3	-1,9
Ýmis íþróttamál	435,6	484,9	404,6	-16,6	-7,1
Ýmislegt	500,4	633,8	669,9	5,7	33,9
Samtals	1.383,3	1.630,5	1.563,5	-4,1	13,0

Heildarútgjöld málefnaflöksins eru áætluð 1.581,2 m.kr. sem er 66,1 m.kr. lækkun frá fjárlögum þessa árs eða 4%. Þar af er áætlað að sértekjur standi undir 17,7 m.kr. Gjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.563,5 m.kr. og lækka um 128,6 m.kr. þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar sem nema 61,6 m.kr.

Helstu tillögur um hækkunir til rekstrar og tilfærslna eru að framlag til Ferðasjóðs hækkar um 60 m.kr., 8 m.kr. til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi og 6 m.kr. til framkvæmdar stefnu um upplýsingasamfélagið. Á móti falla niður tímabundin framlög til verkefna að fjárhæð 181,7 m.kr.

983 Ýmis fræðistörf. Framlag lækkar um 18,1 m.kr. þegar launa- og verðlagshækkunir eru undanskildar. Í fyrsta lagi fellur niður 7 m.kr. tímabundið framlag á *1.17 Launa-sjóður höfunda fræðiritna* sem samþykkt var í 2. umræðu fjárlaga 2008. Í öðru lagi fellur niður 3,8 m.kr. framlag á *1.20 Iðnsaga Íslands*. Í þriðja lagi fellur niður 10 m.kr. tímabundið framlag á *1.52 Skriðuklaustur* sem samþykkt var við 2. og 3. umræðu fjárlaga 2008. Þar af voru 7 m.kr. til fornleifarannsóknna á klaustrinu á Skriðu í Fljótsdal árin 1493-1554 og 3 m.kr. til Gunnarsstofnunar. Fyrirhugað er að endurnýja samning við Gunnarsstofnun og er farið fram á 3,8 m.kr. hækkun vegna þess. Í fjórða lagi er 1,9 m.kr. hækkun til *1.53 Snorrastofa* samkvæmt endurnýjuðum samningi og gert ráð fyrir að 3 m.kr. tímabundið framlag sem samþykkt var í 3. umræðu fjárlaga 2008 falli niður. Framlagið var ætlað vinnu við bók um helstu niðurstöður uppgraftar á bæjarstæðinu í Reykholti árin 1987-1989 og 1997-2003.

988 Æskulýðsmál. Framlag á liðinn lækkar um 28 m.kr., fyrir utan verðlags- og launabreytingar, þar sem niður falla tímabundin framlög sem voru samþykkt við 2. umræðu fjárlaga 2008. Annars vegar 25 m.kr. til *1.12 Ungmennafélag Íslands* sem var ætlað til ungmenna- og tómsundabúða að Laugum í Sælingsdal sem reknar eru í samvinnu við Dalabyggð og Saurbæjarhrepp. Af fjárveitingu til Ungmennafélags Íslands er gert ráð fyrir að 10 m.kr. renni til unglíngalandsmóts UMFÍ sem haldið er árlega um verslunarmannahelgina. Hins vegar fellur niður 3 m.kr. framlag á *1.13 Bandalag íslenskra skáta* vegna landsmóts skáta 2008.

989 Ýmis íþróttamál. Framlag lækkar um 83,8 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að lagt er til að veitt verði 31 m.kr. á *1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands* samkvæmt samningi við ÍSÍ. Sjóðnum er ætlað að styrkja ferðir á vegum íþróttafélaga vegna þátttöku í viðurkenndum mótum. Ríkisstjórnin ákvað að sjóðurinn yrði byggður upp í áföngum á þremur árum svo hann næmi 90 m.kr. á ársgrundvelli. Í fjárlögum 2007 voru veittar 30 m.kr. til hans og 59 m.kr. í fjárlögum 2008. Nú er sótt um 31 m.kr. hækkun. Þá fellur niður 15 m.kr. tímabundið framlag á *1.10 Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands* sem veitt var vegna Ólympíuleikanna í Peking. Lögð er til 0,2 m.kr. hækkun á *1.17 Vetrariþróttamiðstöð Íslands á Akureyri* vegna endurnýjunar á samningi um rekstur á Vetrariþróttamiðstöð Íslands. Loks falla niður stofnstyrkir samtals að fjárhæð 90 m.kr. sem skiptast þannig: 10 m.kr. á *6.52 Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð*, 35 m.kr. á *6.53 Vetrariþróttamiðstöð Íslands á Akureyri*, 5 m.kr. á *6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal*, Siglufirði og 50 m.kr. á *6.58 Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík*.

999 Ýmislegt. Liðurinn lækkar um 1,3 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru að lagt er til að veitt verði 3,5 m.kr. framlag á nýtt viðfang *1.81 Verkefni á vegum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO*. Um er að ræða kostnað Íslands við UNESCO-samninga m.a. um menningarerfðir, vegna þátttöku á fundum og ráðstefnum og vegna þóknana. Þá eru nokkrar tillögur að breytingum á *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneyti*: Í fyrsta lagi fellur niður 10 m.kr. tímabundið framlag á viðfangsefnaliðnum til verkefnis um átak í lesblindu í skólum landsins. En lagt er til að verkefnið fái framlag *720 1.31 Sérstök fræðsluverkefni*. Í öðru lagi fellur niður tímabundin 8,7 m.kr. fjárveiting til meðferðarstarfs í Gaulverjaskóla. Í þriðja lagi verði 8 m.kr. veitt til sameiginlegrar skrifstofu menningar- og ferðaþjónustu, Tækniminjasafns Austurlands, Skaftfells miðstöðvar myndlistar á Austurlandi og Miðstöðvar menningarfræða á Austurlandi. Ráðgert er að ráða sameiginlegan starfsmann sem vinni að aukinni samvinnu framangreindra stofnana. Tillagan er hluti af ráðstöfun ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Í fjórða lagi er tillaga um 6 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til verkefnisins Árveknipjónusta á bókasöfnum. Um er að ræða úthlutun ársins 2009 til að fylgja eftir stefnu um upplýsingasamfélagið. Markmið verkefnisins er að bókasöfn geti boðið upp á árveknipjónustu þannig að notendur fái upplýsingar um nýskráð efni á þeirra áhugasviði í bókasafnskerfinu Gegni. Í fimmta og síðasta lagi eru millifærðar 2,5 m.kr. af *319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt* vegna styrks til Heimilisiðnaðarfélagsins m.a. vegna Heimilisiðnaðarskólans. Áætlað er að *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis* skiptist samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Frumvarp 2009 m.kr.
Rekstrargrunnur, m.kr.	
Samningur Íþróttakademiunnar á Reykjanesi	12,0
Styrkur til uppbyggingar Þorbergsseturs	7,5
Alþjóðasamningar, menningarmál, aðildargjöld og stjórnvaldskostnaður	18,5
Verkefni á vegum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	3,5
Verkefnið; Árverkniþjónusta á bókasöfnum, hluti af stefnu upplýsingasamfélagsins 2008-2012	6,0
Ýmis verkefni í upplýsingatækni, menningarmál	15,0
Verkefni til að styrkja atvinnulífið á Norðurlandi eystra og Austurlandi	8,0
Framlag vegna undirbúnings að ráðherrafundi Evrópuráðsins um fjölmiðla sem haldinn verður 2009	5,0
Framlag vegna Dags íslenskrar tungu	2,0
Framlag vegna þátttöku Íslands í Feneyjatvíæringnum	13,0
Samningur, Alþjóðlega kvikmyndahátíðin	8,0
Samningar og styrkir varðandi menningarmál á grundvelli umsókna	69,7
Samtals	168,2

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.4 hér fyrir framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
02-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
02-234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	Launagreiðslur til prófessora hjá ríkisreknum háskólastofnunum.
02-299-1.91	Háskólar, óskipt	Ófyrirséð útgjöld háskóla og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga.
02-319-1.12	Orlof kennara	Námsorlof kennara í framhaldsskólum.
02-319-1.13	Forfallakennsla	Forfallakennsla í framhaldsskólum.
02-319-1.14	Sérkennsla	Sérkennsla í framhaldsskólum.
02-319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	Ófyrirséð útgjöld framhaldsskóla og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga.
02-982-1.91	Menningarstofnanir, óskipt	Ófyrirséð útgjöld menningarstofnana.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun utanríkisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	4.333,5	5.647,3	7.090,7	26	64
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2.857,0	3.130,7	4.219,4	35	48
Stofnkostnaður og viðhald	353,9	130,0	118,0	-9	-67
Samtals	7.544,4	8.908,0	11.428,1	28	51
Greitt úr ríkissjóði	-	8.504,5	11.007,0	29	-
Innheimt af ríkistekjum	-	403,5	421,1	4	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	8.908,0	11.428,1	28	-

Heildargjöld utanríkisráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 11.483,1 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 55 m.kr. en þær nema 0,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 11.428,1 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 11.007 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 421,2 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 7.090,7 m.kr. og hækka um 1.443,4 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana sem nema 861,7 m.kr. munar þar mest um samtals 380 m.kr. hækkun sem er hluti af framlögum til eflingar þróunarmála í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar. Þá er gert ráð fyrir 190 m.kr. framlagi vegna þátttöku Íslands í heimssýningunni, EXPO 2010, í Shanghai í Kína. Auk þess hækkar rekstrarfjárveiting á Þýðingarmiðstöð ráðuneytisins um 44 m.kr. vegna opunar þýðingarmiðstöðvar á Ísafirði og fjarvinnu.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 1.088,7 m.kr. og verða 4.219,4 m.kr. en eru 3.130,7 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Þyngst vegur samtals 883,9 m.kr. hækkun sem er hluti framlaga til eflingar þróunarmála í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar. Áætlað er að útgjöld Íslendinga til þróunarmála verði samtals rúmlega 5 milljarðar kr. sem svarar til 0,35% af áætlaðri landsframleiðslu þessa árs.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 118 m.kr. og er það 12 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru niðurfelling á 42 m.kr. tímabundnu framlagi vegna endurnýjunar á þotugildrum fyrir flugvélar á Keflavíkflugvelli. En á móti kemur 30 m.kr. hækkun á framlagi til viðhalds á byggingum sem ráðuneytið hefur tekið til umsjónar frá Atlantshafsbandalaginu, NATO, eftir brottför varnarliðsins.

Vikið er nánar að áformum um aðhald og forgangsroð útgjalda og helstu útgjalda-breytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa; 111 Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytis; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.038,0	912,5	1.039,2	13,9	0,1
Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	0,0	137,4	185,7	35,2	-
Ýmis verkefni	32,8	46,4	239,6	416,4	630,5
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	1.070,8	1.101,3	1.469,5	33,4	37,2

Heildarfjárveiting til málefnaflökksins hækkar um 250,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.039,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 27,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að 13,5 m.kr. tímabundin lækkun rekstrargjalda í fjárlögum 2008 gangi til baka. Í öðru lagi er lagt til að veittar verði samtals 12 m.kr. í tvö ný stöðugildi vegna íslenskrar friðargæslu og verkefna tengdum próunarmálum. Aukið fjármagn til þessara málaflökka kallar á aukna stjórnsýslu og

umsjón með verkefnum. Í þriðja lagi er lagt til að 11,5 m.kr. verði millifærðar á aðalskrifstofuna af liðnum *03-213 Varnarmál*. Um er að ræða kostnað vegna yfirstjórnar varnarmála sem fellur til vegna brotthvarfs varnarliðsins. Í fjórða lagi er óskað eftir samtals 5 m.kr. tímabundnu framlagi til verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins. Um er að ræða verkefni á sviði þýðinga og þjónustuveitu fyrir erlenda diplómata, ræðismenn og friðargæsluliða. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir 9,7 m.kr. hækkun til að styrkja launagrunn aðalskrifstofunnar en þar af eru 6 m.kr. millifærsla á tegundum innan liðar. Á móti fellur niður 15 m.kr. tímabundið framlag vegna Öryggismálasafns. Þá er lögð til 3 m.kr. lækkun á framlagi til aðalskrifstofunnar vegna áforma um aðhald í rekstrar- gjöldum ráðuneytisins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagshækkana.

102 Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 185,7 m.kr. á næsta ári og svarar það til um 33 m.kr. hækkunar að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Óskað er eftir 44 m.kr. fjárveitingu vegna starfstöðvar þýðingamiðstöðvar á Ísafirði og fjarvinnu. Framlagið er tímabundið í tvö ár og er ráðgert að opna nýjar starfsstöðvar frá miðstöðinni með þremur starfsmönnum en auk þess er gert ráð fyrir þremur störfum án staðsetningar utan höfuðborgarsvæðisins. Á móti er lögð til 11 m.kr. lækkun útgjalda vegna aðhaldsmarkmiða. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagshækkana.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir 239,6 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 190 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af því að farið er fram á 190 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár á þessum fjárlagalið til að standa straum af undirbúningskostnaði vegna þátttöku í heimssýningunni EXPO 2010 í Shanghai í Kína. Verkefnið er samstarfsverkefni hins opinbera og einkafyrirtækja. Þátttaka Íslands mun fela í sér leigu á skála þar sem staðið verður fyrir umfangsmiklu kynningarstarfi.

Varnarmál

Til þessa málaflokks telst einn fjárlagaliður, 214 Varnarmálastofnun. Nokkrar breytingar hafa orðið frá fjárlögum 2008. Fjárlagaliðirnir 213 Varnarmál og 217 Ratsjárstofnun hafa verið sameinaðir undir 214 Varnarmálastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Varnarmál	0,0	533,8	0,0	-100,0	-
Varnarmálastofnun	0,0	0,0	1.439,4	-	-
Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurfl.	116,7	0,0	0,0	-	-100,0
Ratsjárstofnun	234,0	822,3	0,0	-100,0	-100,0
Samtals	350,7	1.356,1	1.439,4	6,1	310,4

Heildarframlög til málefnaflokkans eru áætluð 1.439,4 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 58,5 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir til næsta árs.

Helstu breytingar á framlögum eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi falla niður samtals 62 m.kr. tímabundin framlög vegna kaupa á þotugildrum, breytinga á rafkerfum og niðurrifs bygginga. Í öðru lagi er lögð til 15 m.kr. lækkun fjárheimildar vegna markmiða um aðhald í rekstargjöldum ráðuneytisins. Í þriðja lagi er lagt til að millifærðar verði 11,5 m.kr. yfir á aðalskrifstofu. Um er að ræða kostnað vegna yfirstjórnar varnarmála sem fellur til vegna brotthvarfs varnarliðsins. Á móti er óskað eftir 30 m.kr. framlagi vegna viðhalds bygginga sem ráðuneytið hefur tekið í sína umsjón frá Atlantshafsbandalaginu, NATO. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagshækkana.

Sendiráð og fastanefndir

Til þessa málefnaflokkans telst einn fjárlagaliður, 300 Sendiráð Íslands. Heildarframlög til málefnaflokkans eru áætluð 2.530 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 36,3 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð og fastanefndir	2.171,6	1.902,0	2.530,0	33,0	16,5
Samtals	2.171,6	1.902,0	2.530,0	33,0	16,5

Helstu breytingar á framlögum eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er óskað eftir 22 m.kr. framlagi til að styrkja launagrunn vegna útsendra starfsmanna. Í öðru lagi er óskað eftir 18 m.kr. framlagi vegna stöðugildis útsends fulltrúa við sendiráðið í Pretoríu. Framlagið er liður í markmiðum ríkisstjórnarinnar um að auka framlög til þróunarmála. Verkefni sendiráðsins eru fyrst og fremst á sviði þróunarmála. Í þriðja og síðasta lagi er óskað eftir að 3,7 m.kr. verði millifærðar af sendiráðum yfir á aðalskrifstofu til styrkingar launaliðar. Aðrar breytingar má rekja til launa- og gengishækkana.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Aætlun 2008 m.kr.	Aætlun 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð Íslands Berlín	93,0	83,8	110,5	31,8	18,8
Sendiráð Íslands Kaupmannahöfn	87,5	88,4	116,5	31,8	33,2
Sendiráð Íslands London	120,4	113,2	149,2	31,8	23,9
Sendiráð Íslands Moskva	72,1	74,1	97,6	31,8	35,4
Sendiráð Íslands Osló	49,7	52,5	69,3	31,8	39,4
Sendiráð Íslands París	119,2	119,6	157,6	31,8	32,2
Sendiráð Íslands Stokkhólmi	56,2	44,0	58,0	31,8	3,2
Sendiráð Íslands Washington	84,3	80,8	106,5	31,8	26,3
Fastanefnd Íslands New York	123,1	136,1	179,4	31,8	45,8
Sendiráð Íslands Brussel	149,7	141,8	186,9	31,8	24,9
Fastanefnd Íslands hjá NATO	97,3	94,0	123,9	31,8	27,3
Fastanefnd Íslands Genf	76,0	85,5	112,7	31,8	48,4
Sendiráð Íslands Vín	61,6	59,5	78,4	31,8	27,3
Sendiráð Íslands Peking	82,2	78,6	103,6	31,8	26,1
Sendiráð Íslands Ottawa	41,2	38,3	50,5	31,8	22,7
Sendiráð Íslands Tókýó	58,5	48,8	64,4	31,8	10,0
Sendiráð Íslands Helsinki	46,6	46,4	61,1	31,8	31,2
Fastanefnd Íslands Strassborg	31,3	34,7	45,7	31,8	46,0
Skrifstofa aðalræðismanns New York	34,5	36,5	48,1	31,8	39,3
Skrifstofa aðalræðismanns Winnipeg	27,2	27,5	36,3	31,8	33,4
Sendiráð Íslands Róm	32,2	30,4	40,0	31,8	24,2
Sendiráð Íslands Nýja Dehli	66,6	68,3	90,0	31,8	35,2
Sendiráð Íslands Pretoría	38,0	44,4	76,5	72,4	101,3
Skrifstofa aðalræðismanns Þórshöfn	25,0	28,0	36,9	31,8	47,4
Annað	145,4	159,0	242,4	52,4	66,7
Samtals	1.818,8	1.814,0	2.442,0	34,6	34,3

Þróunarmál og alþjóðastofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkis: 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi og 401 Alþjóðastofnanir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	1.112,1	1.551,4	2.061,4	32,9	85,4
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	921,4	1.421,6	1.914,7	34,7	107,8
Alþjóðastofnanir	1.548,7	1.172,1	1.592,0	35,8	2,8
Samtals	3.582,2	4.145,1	5.568,1	34,3	55,4

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans nemur 5.568 m.kr. og hækkar því um samtals 1.423 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Um 90% af áætluðum útgjöldum til þróunarmála tilheyra þessum málefnaflokki. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokkans eru annars eftirfarandi.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar nemi 2.061,4 m.kr. á næsta ári og hækki þar með um 510 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Á viðfangsefninu *1.11 Þróunaraðstoð* er farið fram á samtals 508,5 m.kr. hækkun í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um aukningu framlaga til þróunarmála. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir 10 m.kr. aðhaldi í rekstrargjöldum viðfangsefnisins *1.01 Almennur rekstur*. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlaghækkana.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Samkvæmt frumvarpinu verða framlög til þessa liðar 1.914,7 m.kr. á næsta ári en það er 493,1 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Allar hækkunar á fjárheimild þessa liðar eru vegna markmiða ríkisstjórnarinnar um að auka framlög til þróunaraðstoðar. Aukningin frá gildandi fjárlögum skiptist þannig niður á viðfangsefni; 201,8 m.kr. færast á *1.90 Mannúðarmál og neyðaraðstoð*, 74,4 m.kr. á *1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF*, 56,9 m.kr. á *1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndunum, UNIFEM*, 55 m.kr. á *1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP*, 49,6 m.kr. á *1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna*, 45,3 m.kr. á *1.15 Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna*, 9,8 m.kr. á *1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO* og 0,3 m.kr. á *1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt*.

401 Alþjóðastofnanir. Heildarframlag til alþjóðastofnana nemur 1.592 m.kr. og hækkar um 224,2 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir samtals 200,4 m.kr. hækkun framlagi á viðfangsefninu *1.87 Íslensk friðargæsla* og 30 m.kr. hækkun á framlagi á viðfangsefninu *1.91 Átak í lökkun skulda þróunarríkja* til samræmis við markmið um aukningu framlaga til þróunarmála. Í öðru lagi er óskað eftir 8 m.kr. hækkun á viðfangsefninu *1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnun, OECD*. Breyting á reiknireglum um árleg aðildargjöld til samtakanna leiðir til hækkunar á framlögum smærri efnadri ríkja. Gert er ráð fyrir að framlagið gæti hækkað um 8 til 9 m.kr. á ári næstu 10 árin en þó liggur ekki endanleg niðurstaða frá OECD fyrir. Í þriðja lagi er óskað eftir 1 m.kr. framlagi vegna Eurofaculty sem er nýtt verkefni Eystrasaltsráðsins. Hér er um að ræða stuðning ráðsins við háskóladeildir í Eystrasaltsríkjunum, einkum á sviði lögfræði, viðskipta- og hagfræði. Í fjórða og síðasta lagi er gert ráð fyrir því að 15 m.kr. tímabundið framlag vegna kostnaðar við nýjar höfuðstöðvar Atlantshafsbandalagsins verði fellt niður. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa- og gengisbreytinga.

Útflutningsmál

Fjárlagaliðurinn 611 Útflutningsráð Íslands er eini liður þessa málaflökks. Framlagið nemur 397,3 m.kr. og er jafnt þeim tekjum sem markaðsgjald skilar. Áætlað er að tekjurnar hækki um 17,6 m.kr. frá áætlun gildandi fjárlaga.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.4 hér fyrir framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
03-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.758,1	4.379,6	4.916,5	12	31
Neyslu- og rekstrartilfærslur	12.007,3	11.855,4	12.674,0	7	6
Stofnkostnaður og viðhald	190,9	115,4	193,4	68	1
Samtals	15.956,3	16.350,4	17.783,9	9	11
Greitt úr ríkissjóði	-	15.287,6	16.910,1	11	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.235,8	946,8	-23	-
Viðskiptahreyfingar	-	-173,0	-73,0	-58	-
Samtals	-	16.350,4	17.783,9	9	-

Heildargjöld sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 18.906,7 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.122,8 m.kr. en þær nema 5,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 17.783,9 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 16.910,1 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 946,8 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 73 m.kr., færir til lækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 4.916,5 m.kr. og hækka um 536,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana að fjárhæð 500,3 m.kr. munar þar mest um 51,5 m.kr. hækkun til Matvælastofnunar en þar af eru 3 m.kr. tímabundinn stofnkostnaður. Þá er lagt til að 30 m.kr. tímabundin lækkun höfuðstóls Fiskistofu í fjárlögum 2008 gangi til baka. Að lokum er tillaga um 15 m.kr. hækkun til aðalskrifstofu í tilefni af yfirtöku á gerðum í viðauka við Samninginn um evrópska efna-

hagssvæðið og vegna löggjafar Evrópusambandsins um matvæli og fóður. Á móti kemur að tímabundin fjárveiting til Matvælarannsóknna lækkar um 20 m.kr. og að tímabundið framlag til Hafrannsóknastofnunar vegna rannsókna á Drekasvæði lækkar um 18,8 m.kr. Loks er lagt til að umsjón með framkvæmdum við varnir gegn landbroti flytjist yfir til umhverfisráðuneytis og að 67,8 m.kr. fylgi verkefninu.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 818,6 m.kr. og verða 12.674 m.kr. en eru 11.855,4 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Auk launa- og verðlagshækkana að fjárhæð 613,9 m.kr. munar þar mest um verðlagsuppfærslu búvörusamninga þar sem gert er ráð fyrir að greiðslur vegna mjólkurframleiðslu hækki um 326,3 m.kr. og sauðfjárframleiðslu um 265,8 m.kr. Þá er gert ráð fyrir 50 m.kr. framlagi til aukinna niðurgreiðslna til lýsingar í ylraekt. Á móti hækkunum kemur í fyrsta lagi að áætlað er fyrir 200 m.kr. lækkun á framlagi til Fóðursjóðs. Í fjárlagafrumvarpi 2008 var boðað að sjóðinn yrði lagður niður í áföngum á þremur árum. Í öðru lagi er lagt til að tímabundið 170 m.kr. framlag sem veitt var í fjárlögum 2008 til rannsókna og markaðsstarfs í fiskeldi falli niður. Í þriðja og síðasta lagi er miðað við að 89 m.kr. fjárheimild á lið Verðmiðlunargjalda landbúnaðarvara falli niður þar sem áformað er að afnema verðmiðlunargjöldin.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 193,4 m.kr. og er það 78 m.kr. hækkun milli ára. Munar þar mest um að 100 m.kr. tímabundin lækkun fjárveitingar til Jarðasjóðs og Jarðeigna ríkisins í fjárlögum 2008, gengur til baka.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 10.160 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarks-skuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 59,7% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Samningur um mjólkurframleiðslu	B	5.184,0	5.424,8	5.370,7	5.317,3	3.521,3
Samningur um sauðfjárfframleiðslu	B	3.838,1	4.020,6	3.984,3	3.946,7	3.910,3
Samningur við Samband garðyrkjubænda	B	428,1	442,5	431,4	420,6	410,1
Samningur við Bændasamtök Íslands	A	709,3	724,1	711,3	-	-
Samtals		10.159,5	10.612,0	10.497,7	9.684,6	7.841,7

Samningar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 709 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 9.450 m.kr. Samningur við Bændasamtök Íslands rennur út í árslok 2010. Verði sá samningur endurnýjaður má búast við að til jafnaðar verði 10.400 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna. Þá ber að nefna að samningur um mjólkurframleiðslu fellur úr gildi í lok ágúst 2012 sem skýrir mikla lækkun frá árinu á undan. Við breytta verkskiptingu ráðuneyta í 2. umræðu fjárlagafrumvarps 2008 voru fjárheimildir Skógræktarfélag Íslands og Hekluskóga fluttar yfir til umhverfisráðuneytisins. Þar á meðal voru samningar um framlög vegna Landgræðsluskóga og Hekluskóga.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	403,8	433,0	498,3	15,1	23,4
Ýmis verkefni	255,2	369,6	418,2	13,1	63,9
Ráðstöfunarfé	-	9,0	9,0	0,0	-
Samtals	659,0	811,6	925,5	14,0	40,4

Heildarfjárveiting til málefnafloksins hækkar um 20,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helsta breytingin er sú að gert er ráð fyrir að framlag til aðalskrifstofu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins hækki um 18,6 m.kr. Þar sem löggjöf Evrópusambandsins um matvæli og fóður verður tekin inn í EES-samninginn og leidd í lög hér á landi

101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 498,3 m.kr. og jafngildir það 18,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Annars vegar er gert ráð fyrir 12 m.kr. fjárveitingu vegna ráðningar tveggja nýrra sérfræðinga í ráðuneytinu við yfirtöku á gerðum í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og ESB-löggjafar um matvæli og fóður. Auk þess er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði við birtingar, kynningu og hagsmunagæslu erlendis. Hins vegar er gert ráð fyrir að 6,6 m.kr. tímabundin hagræðingarkrafa sem gerð var í fjárlögum 2008 gangi til baka.

190 Ýmis verkefni. Farið er fram á að framlög til þessa liðar verði 418,2 m.kr. og jafngildir það 2 m.kr. raunhækkun frá gildandi fjárlögum. Breytingar snerta eftirfarandi tvö viðfangsefni: Á 1.35 *Fiskifélag Íslands* er gert ráð fyrir 5 m.kr. framlagi til reksturs skólaskips sem býður nemendum 9. og 10. bekkjar grunnskólanna á öllu landinu upp á fræðslu í sjóvinnu og sjávarransóknum. Lagt er til að á 1.98 *Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis* falli niður tímabundið 5 m.kr. framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins. Á móti kemur að lagt til að veitt verði 2 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til verkefnisins: Tilboð í tollkvóta fyrir kjöt, kjötvörur og osta. Markmið þess er að innleiða rafræna þjónustu á þessu sviði. Um er að ræða úthlutun vegna verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir áætlaða ráðstöfun á safnliðnum 1.98 *Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis*.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Kynbætur í fiskeldi	10,3	10,3
Rannsóknar- og þróunarstarfsemi í landbúnaði	10,3	10,3
Tilraunastöðin Stóra-Ármót	2,0	2,0
Rannsóknir á ræktunarsvæði kræklinga og veiðisvæði kúfisk	3,0	3,1
Til að gæta hagsmuna á alþjóðavettvangi, m.a. vegna alþjóðasamninga	6,2	4,0
Hafréttarstofnun	4,0	7,0
Vör, sjávarrannsóknasetur í Ólafsvík	25,0	28,3
Gagnaveita um haf og sjávarútveg	5,0	0,0
Rannsóknir vegna eldis sjávardýra á Patreksfirði	20,0	22,7
Sjávarlíftæknisetur á Skagaströnd	20,0	22,7
Samvinnuverkefni Versins á Sauðárkróki, Mátis ohf og Háskólans á Hólum	20,0	22,7
Óskipt, ýmis verkefni	1,4	2,3
Þróun heimasíðu. Rafræn stjórnsýsla vegna tilboða í tollkvóta	0,0	2,3
Samtals	127,2	137,7

Eftirlitsstofnanir

Eftirfarandi þrjár fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 215 Fiskistofa; 217 Verðlagsstofa skiptaverðs og 234 Matvælastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fiskistofa	793,2	701,1	839,7	19,8	5,9
Verðlagsstofa skiptaverðs	17,2	15,1	16,3	7,9	-5,2
Matvælastofnun	659,5	864,5	1.001,3	15,8	51,8
Samtals	1.469,9	1.580,7	1.857,3	17,5	26,4

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 91,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingarnar eru þær að gert er ráð fyrir 51,5 m.kr. framlagi til Matvælastofnunar vegna innleiðingar á löggjöf Evrópusambandsins um matvæli og föður í íslensk lög. Þá gengur til baka tímabundin 30 m.kr. lækkun á höfuðstól Fiskistofu.

215 Fiskistofa. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 839,7 m.kr. og jafngildir það 45 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum þessa árs. Til hækkunar kemur í fyrsta lagi að 30 m.kr. lækkun á höfuðstól í fjárlögum gengur til baka. Í öðru lagi eru 28 m.kr. millifærðar á liðinn af 04-234 Matvælastofnun vegna flutnings á stjórnsýslu- og eftirlitsverkefnum á sviði lax og silungsveiði til Fiskistofu. Í þriðja lagi er lagt er til að fjárveiting hækki um 2 m.kr. til að mæta húsnæðiskostnaði vegna nýs útibús Fiskistofu í Grindavík. Á móti koma tvær tillögur til lækkunar. Annars vegar um 10 m.kr. þar sem miðað er við að kostnaður við úttektir og eftirliti með erlendum fiskmörkuðum

verði framvegis fjármagnaður með sértekjum. Þetta er í samræmi við kostnaðarumsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Hins vegar er gert ráð fyrir 5 m.kr. lækkun útgjalda vegna breyttrar forgangs-röðunar og áherslna ráðuneytisins.

234 Matvælastofnun. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 1.001,3 m.kr. og jafngildir það 46,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Gerð er tillaga um 61,5 m.kr. framlag vegna vinnu hjá stofnuninni við yfirtöku á gerðum í viðauka við EES-samninginn og vegna ESB-löggjafar um matvæli og fóður. Breytingarnar sem felast í þessari innleiðingu varða helst eftirfarandi þætti: a) aðgreiningu eftirlits og þjónustu en samkvæmt reglunum má ekki vera hætt á hagsmunarárekstrum eftirlitsaðila og eftirlitsþola og verður því að aðskilja starfsemi héraðsdýralækna sem í dag sinna bæði opinberu eftirliti og almennri dýralæknaþjónustu, b) viðbótartryggingu vegna salmonellusmits í innfluttum dýraafurðum, c) rekstur súnamiðstöðvar d) reglur um aðskotaefni og lyfjaleifar en gerðir þar að lútandi verða einnig teknar inn í íslenska löggjöf og loks e) nýjar landamærastöðvar. Einnig er um að ræða kostnað vegna Evrópugerða og löggjafar, þ.m.t. vegna hagsmunagæslu. Þar að auki er gert ráð fyrir 3. m.kr. tímabundnu framlagi til tækjakaupa í tengslum við yfirtöku á gerðum. Þessi útgjöld koma til viðbótar 70 m.kr. framlagi sem veitt var til verkefnisins í fjárlögum 2007. Lögð er til 10,1 m.kr. hækkun á framlagi vegna húsnæðiskostnaðar Matvælastofnunar við sameiningu Landbúnaðarstofnunar, matvælasviðs Fiskistofu og matvælasviðs Umhverfisstofnunar. Á móti kemur tillaga um að millifærðar verði 28 m.kr. yfir á fjárlagalið 04-215 *Fiskistofa* vegna flutnings á stjórnsýslu- og eftirlitsverkefnum á sviði lax og silungsveiði til Fiskistofu.

Skógrækt og landgræðsla

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 331 Héraðs- og Austurlandskógar; 332 Suðurlandskógar; 334 Vesturlandskógar; 335 Skjólkógar á Vestfjörðum og 336 Norðurlandskógar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Héraðs- og Austurlandskógar	168,8	154,0	167,1	8,5	-1,0
Suðurlandskógar	122,4	125,8	135,8	7,9	10,9
Vesturlandskógar	81,9	67,7	74,1	9,5	-9,5
Skjólkógar á Vestfjörðum	50,0	51,2	57,6	12,5	15,2
Norðurlandskógar	131,2	114,7	125,0	9,0	-4,7
Samtals	554,3	513,4	559,6	9,0	1,0

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans hækkar um 15 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Breytingin fellst öll í því að gert er ráð fyrir að Héraðs- og Austurlandsskógar, Suðurlandsskógar, Vesturlandsskógar, Skjól-skógar á Vestfjörðum og Norðurlandsskógar fá hver um sig 3 m.kr. framlag eða samtals 15 m.kr. til verkefnis sem hefur að markmiði að binda kolefni í andrúmsloftinu með skógrækt.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkis: 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu; 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu og 807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	4.941,5	5.004,0	5.634,0	12,6	14,0
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	3.212,5	3.648,0	4.137,0	13,4	28,8
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu	424,6	350,3	413,0	17,9	-2,7
Samtals	8.578,6	9.002,3	10.184,0	13,1	18,7

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans hækkar um 632,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Breytingarnar eru þær að greiðslur vegna samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu hækka um 326,3 m.kr., greiðslur vegna samnings um starfsskilyrði sauðfjárframleiðslu hækka um 265,8 m.kr. og greiðslur vegna aðlögunarsamnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða hækka um 40,5 m.kr. en inn í þeirri tölu er 50 m.kr. aukin fjárveiting til niðurgreiðslna á lýsingu í ylrækt samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar. Að öðru leyti er um að ræða hækkanir á greiðslum samkvæmt niðurstöðum reiknilíkana vegna ofangreindra samninga.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Fjárveiting til þessa liðar grundvallast á samningi frá 10. maí 2004, um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu. Gert er ráð fyrir 5.634 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 326,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á fjárveitingum eru allar til hækkunar og eru þessar samkvæmt reiknilíkani samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu: 239,4 m.kr. á 1.01 Beinur greiðslur, 8,3 m.kr. á 1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi, 9,1 m.kr. á 1.06 Gripagreiðslur og 69,5 m.kr. á 1.07 Óframleiðslutengdur stuðningur.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Fjárveiting þessa liðar grundvallast á samningi frá 25. janúar 2007, um starfsskilyrði sauðfjárframleiðslu. Gert er ráð fyrir 4.137 m.kr. fjárveitingu og jafngildir það 265,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Breytingar til hækkunar á fjárveitingum eru þessar samkvæmt reiknilíkani

samnings um starfsskilyrði sauðfjárframleiðslu: 154,3 m.kr. á 1.01 *Beinar greiðslur til bænda*, 80,5 m.kr. á 1.11 *Gæðastýring*, 26,9 m.kr. á 1.12 *Ullarnýting*, 4,3 m.kr. á 1.14 *Svæðisbundinn stuðningur* og 6,7 m.kr. á 1.15 *Nýliðunar- og átaksverkefni*. Þá er gert ráð fyrir 6,9 m.kr. lækun fjárveitingar á 1.13 *Markaðsstarf og birgðahald*.

807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu. Fjárveiting liðarins grundvallast á aðlögunar-samningi frá 12. mars 2002, um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Gert er ráð fyrir 413 m.kr. fjárveitingu og jafngildir það 40,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af 50 m.kr. fjárveitingu á 1.05 *Niðurgreiðsla á lýsingu í ylraekt* til að mæta áætlaðri fjárvöntun til niðurgreiðslna vegna aukinnar framleiðslu á garðyrkjuafurðum. Þá er gert ráð fyrir að vegna 2,5% samningsbundinnar hagræðingarkröfu muni fjárveitingar eftirfarandi þriggja viðfangs-efna lækka: 5,9 m.kr. á 1.01 *Beinar greiðslur til bænda*, 2,8 m.kr. á 1.05 *Niðurgreiðsla á lýsingu í ylraekt* og 0,8 m.kr. á 1.08 *Framlög til kynninga-, rannsókn-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylraekt*.

Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 811 Bændasamtök Íslands; 818 Búnaðarsjóður; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 824 Verðmiðlun landbúnaðarvara; 827 Fóðursjóður; 828 Garðávaxtasjóður; 831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins; 840 Stuðningur við fiskeldi; 843 Fiskræktarsjóður; 851 Greiðslur vegna riðuveiki og 891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bændasamtök Íslands	544,9	533,8	580,0	8,7	6,4
Búnaðarsjóður	294,6	310,0	320,0	3,2	8,6
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	152,1	160,0	160,0	0,0	5,2
Verðmiðlun landbúnaðarvara	399,3	89,0	0,0	-100,0	-100,0
Fóðursjóður	932,6	315,0	115,0	-63,5	-87,7
Garðávaxtasjóður	0,0	0,0	0,0	-	-
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	135,3	74,0	174,0	135,1	28,6
Stuðningur við fiskeldi	-0,4	170,0	0,0	-100,0	-100,0
Fiskræktarsjóður	31,1	23,5	11,0	-53,2	-64,6
Greiðslur vegna riðuveiki	81,1	52,0	52,0	0,0	-35,9
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	77,2	47,0	47,0	0,0	-39,1
Samtals	2.570,6	1.727,3	1.412,0	-18,3	-45,1

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 350,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að framlag til Fóðursjóðs lækki um 200 m.kr. því við afgreiðslu fjárlaga

2008 var ákveðið að leggja sjóðinn niður í áföngum á næstu þremur árum. Gert er ráð fyrir að 100 m.kr. lækkun fjárveitingar Jarðasjóðs- og Jarðeigna ríkisins í fjárlögum 2008, gangi til baka. Auk þess er lagt til að tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2008 til stuðnings fiskeldi falli niður en tilgangur þess verkefnis var að efla rannsóknir og markaðsstarf í fiskeldi. Þá er gert ráð fyrir að niður falli 89 m.kr. fjárheimild Verðmiðlunar landbúnaðarvара þar sem áformað er að fella verðmiðlunargjöldin niður.

811 Bændasamtök Íslands. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 580 m.kr. og jafngildir það 21,1 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin er í samræmi við samning frá 17. maí 2005, um verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998, og kemur öll til á *1.11 Ráðgjafapjónusta og búfjárrækt.*

824 Verðmiðlun landbúnaðarvара. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa liðar lækki að raungildi um 89 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Hún skýrist af niðurfellingu 89 m.kr. fjárheimildar á viðfangi *1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvара.* Í lagafrumvarpi, sem lagt hefur verið fram til Alþingis, frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum er gert ráð fyrir að verðmiðlunargjöld og verðtilfærslugjöld landbúnaðarvара falli niður. Í fjárlögum 2008 er gert ráð fyrir 300 m.kr. niðurfellingu á tekjum og útgjöldum vegna verðtilfærslugjalda á mjólk.

827 Fóðursjóður. Framlög til þessa liðar eru 115 m.kr. í frumvarpinu og jafngildir það 200 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin skýrist af því að gert er ráð fyrir að 200 m.kr. af fjárheimild liðarins verði felld niður í samræmi við ákvörðun stjórnvalda að leggja Fóðursjóð niður á þremur árum. Í fjárlögum 2008 var heimild sjóðsins lækkuð um 300 m.kr. af sömu ástæðu.

831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins. Gert er ráð fyrir að framlög til liðarins verði 174 m.kr. og jafngildir það 100 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Við 2. umræðu fjárlagafrumvarps 2008 var fjárheimild Jarðasjóðs lækkuð um 100 m.kr. og gert ráð fyrir að gengið yrði á höfuðstól sjóðsins sem hefur styrkst mjög á undanförunum árum. Eðli málsins samkvæmt er slík ráðstöfun tímabundin.

840 Stuðningur við fiskeldi. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar lækki að raungildi um 170 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Hún skýrist með niðurfellingu á 170 m.kr. tímabundnu framlagi sem veitt var í fjárlögum 2008, til að efla rannsóknir og markaðsstarf í fiskeldi. Á árunum 1992-1993 veitti landbúnaðarráðuneytið sérstök rekstrarlán til fiskeldisfyrirtækja að upphæð 300 m.kr. Myndast hafði sjóður í tengslum við endurgreiðslur þessara lána sem nam um 170 m.kr. og við 2. umræðu fjárlagafrumvarps 2008 var samþykkt að honum yrði varið tímabundið til þessa verkefnis.

843 Fiskræktarsjóður. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 11 m.kr. sem jafngildir 12,5 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum. Gert er ráð fyrir að tekjur Fiskræktarsjóðs af gjaldi af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva, að fjárhæð 12,5 m.kr., falli niður í samræmi við lög um Fiskræktarsjóð sem samþykkt voru á Alþingi s.l. vor. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að sjóðnum verði lagt til 270 m.kr. einskíptis framlag og að vaxtatekjur af þeim höfuðstól skili honum árlega 12,5 m.kr. sértekjum.

Rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Hafrannsóknastofnunin; 405 Veidimálastofnun; 411 Matvælarannsóknir; 413 Verkefnasjóður sjávarútvegsins; 415 Sjóður til síldarrannsókna; 417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs; 421 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins; 423 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna; 481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar; 483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar og 487 Hagþjónusta landbúnaðarins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hafrannsóknastofnunin	1.332,8	1.431,8	1.553,8	8,5	16,6
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	74,0	0,0	0,0	-	-100,0
Veidimálastofnun	68,3	74,4	106,0	42,5	55,2
Matvælarannsóknir	371,1	395,3	424,9	7,5	14,5
Gengismunasjóður	9,7	0,0	0,0	-	-100,0
Verkefnasjóður sjávarútvegsins	-102,1	35,0	35,0	0,0	-134,3
Sjávarspendýrasjóður	0,6	0,0	0,0	-	-100,0
Sjóður til síldarrannsókna	-7,0	0,0	0,0	-	-100,0
Veidifærarannsóknir	0,6	0,0	0,0	-	-100,0
Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs ...	230,1	335,0	335,0	0,0	45,6
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	7,2	10,4	10,4	0,0	44,4
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	57,2	64,2	71,5	11,4	25,0
Sjávarútvegshús, undirbúningur	-8,6	0,0	0,0	-	-100,0
Húsbyggingarsjóður	-8,6	0,0	0,0	-	-100,0
Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	0,0	160,0	160,0	0,0	-
Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar	0,0	137,8	75,0	-45,6	-
Hagþjónusta landbúnaðarins	22,5	24,2	26,9	11,2	19,6
Samtals	2.047,8	2.668,1	2.798,5	4,9	36,7

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 100,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar til lækkunar á framlögum til málaflokksins eru þær að framlag til Landgræðslu og skógræktar í þágu landbúnaðar lækkar um 67,8 m.kr. þar sem umsjón með framkvæmdum við varnir gegn landbroti flytjast frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti yfir til umhverfisráðuneytis. Gert er ráð fyrir að tímabundið 22 m.kr. framlag til Hafrannsóknastofnunar í fjárlögum 2008 vegna

breytinga á húsnæði falli niður auk þess sem tímabundið framlag til aukinna kaupa á matvælarannsóknnum lækki um 20 m.kr. í samræmi við kostnaðaráætlun. Þá er gert ráð fyrir 18,8 m.kr. lækkun á tímabundinni fjárveitingu til athugana á umhverfi og lífríki olíuleitarsvæðisins á Drekasvæði við Jan Mayen hrygg og er það í samræmi við kostnaðaráætlun verkefnisins. Helstu breytingar til hækkunar eru annars vegar 17 m.kr. fjárveiting til að skjóta styrkari stoðum undir Norðurlandsdeild Veidimálastofnunar á Sauðárkróki. Hins vegar er tillaga um 5 m.kr. framlag til Landgræðslu og skógræktar í þágu landbúnaðar vegna vinnu við stöðvun jarðrofs og endurheimt skaddaðra vistkerfa.

401 Hafrannsóknastofnunin. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 1.553,8 m.kr. og feli í sér 40,3 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum þessa árs. Til lækkunar kemur í fyrsta lagi að lagt er til að tímabundið 22 m.kr. framlag sem stofnunin fékk í fjárlögum 2008 til breytinga á húsnæði vegna flutninga falli niður. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 18,8 m.kr. lækkun á tímabundinni fjárveitingu til athugana á umhverfi og lífríki olíuleitarsvæðisins á Drekasvæði við Jan Mayen hrygg. Í tengslum við undirbúning á útboði sérleyfa til leitar, rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á svæðinu var lögð áhersla á að samtímis yrðu gerðar athuganir á lífríkinu. Um er að ræða hluta af sameiginlegu verkefni iðnaðarráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis um leit, rannsóknir og vinnslu á olíu og gasi á Drekasvæði árin 2008-2011. Í þriðja lagi fellur niður tímabundið 8 m.kr. framlag í fjárlögum 2008 vegna úrvinnslu hvalatalninga. Á móti kemur að gert ráð fyrir 8,5 m.kr. framlagi til að efla rannsóknir á lífríki sjávar í samstarfi við BioPol á Skagaströnd. Í verkefninu er lögð áhersla á hrognkelsarannsóknir, rannsóknir á sel og rannsóknir á sviði líftækni. Áætlað er að störfum muni fjölga um eitt vegna þessa verkefnis en tillagan er hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra.

405 Veidimálastofnun. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 106 m.kr. og jafngildir það 23 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Annars vegar er gert ráð fyrir 17 m.kr. hækkun til að skjóta styrkari stoðum undir Norðurlandsdeild Veidimálastofnunar á Sauðárkróki. Deildinni er ætlað að útbúa ástandslýsingu fyrir öll vatnasvæði landsins og sjá til þess að þau verði vöktuð. Deildinni er einnig ætlað að sinna samstarfi við BioPol á Skagaströnd og Selasetrinu á Hvammstanga um rannsóknir á Húnaflóa og Skagafirði. Áætlað er að störfum muni fjölga um tvö vegna þessa verkefnis en tillagan er hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Hins vegar er tillaga um 6 m.kr. framlag til átaks til að auka arðsemi silungsveiða á landsbyggðinni með því að byggja upp silungsveiði. Verkefnið mun fara fram hjá Norðurlandsdeild Veidimálastofnunar á Sauðárkróki.

411 Matvælarannsóknir. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 424,9 m.kr. og jafngildir það 20 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs þar sem niður fellur tímabundið framlag til aukinna kaupa á matvælarannsóknnum. Þetta er í samræmi við kostnaðaráætlun við stofnun Matís ohf. Miðað var við að ríkið yki tímabundið kaup sín á verkefnum alls 650 m.kr. sem skiptist þannig að 130 m.kr. yrði varið til þeirra árið 2007, 120 m.kr. árið 2008, 100 m.kr. árið 2009 og aftur 2010, 90 m.kr. árið 2011, 65 m.kr. árið 2012 og 45 m.kr. árið 2013 sem er síðasta árið.

483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 75 m.kr. og jafngildir það 62,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Mestu munar að 67,8 m.kr. á viðfangi 1.13 *Fyrirhleðslur* vegna umsjónar með framkvæmdum við varnir gegn landbroti eru fluttar yfir til umhverfisráðuneytis. Á 1.11 *Bændur græða landið* er lögð til 5 m.kr. hækkun til verkefnis sem hefur að markmiði að tryggja að áfram verði unnið að stöðvun jarðvegsrofs og endurheimt skaddaðra vistkerfa út frá mögulegri vistgetu þeirra og stuðla þannig að aukinni frjósemi landsins til búfjárbeitar og/eða annarra nota. Byggt á samkomulagi umhverfisráðuneytisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um sameiginlega fjármögnun verkefna hjá Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.4 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
04-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	17.262,0	17.059,7	19.081,2	12	11
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3.967,1	4.111,7	4.620,5	12	16
Stofnkostnaður og viðhald	1.045,6	2.289,3	3.485,9	52	233
Samtals	22.274,7	23.460,7	27.187,6	16	22
Greitt úr ríkissjóði	-	23.283,8	27.031,1	16	-
Innheimt af ríkistekjum	-	176,9	156,5	-12	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	23.460,7	27.187,6	16	-

Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 29.333 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.145 m.kr. en þær nema 7,3% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 27.188 m.kr. og er yfirgnæfandi hluti þeirra, eða 23.031 m.kr. fjármagnaður með beinu framlagi úr ríkissjóði og 157 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 19.081 m.kr. og hækka um 2.022 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar eru launa- og verðlagshækkunar yfirgnæfandi eða 2.196 m.kr. en auk þess er veitt 250 m.kr. framlag til Landhelgisgæslunnar vegna reksturs á nýrri flugvél og nýju varðskipi á seinni hluta ársins. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna en þau nema alls 195 m.kr. og þar af voru 160 m.kr. sem ætlaðar voru til að mæta útgjöldum við forsetakosningar á þessu ári. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar sýslumannsembætta verið lækkaðar um 36 m.kr. vegna áforma um aðhaldi í rekstrarkostnaði.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 509 m.kr. og verða 4.621 m.kr. en eru 4.112 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Hækkunin skýrist alfarið af verðlagshækkunum og lögbundnum hækkunum vegna sóknargjalda.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 3.486 m.kr. og er það 1.197 m.kr. hækkun milli ára. Þyngst vegur annars vegar 500 m.kr. raunaukning til Landhelgisgæslu, en þar er um að ræða lokagreiðslur vegna kaupa á flugvél og varðskipi til Landhelgisgæslunnar. Hins vegar 350 m.kr. hækkun til að hefja uppbyggingu fangelsisins á Litla-Hrauni.

Áform um aðhald í útgjöldum ríkisins vega upp framlög til nýrra verkefna, auk þess sem bæði rekstrargjöld og tilfærsluframlög til sókna og kirkjugarða lækka samtals um 72 m.kr. að raungildi milli ára. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald og helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaðila og hlutafélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.926 m.kr. á yfirstandandi ári. Samningarnir eru tilgreindir í töflunni fyrir neðan. Fjárhæðir í henni, að undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 7,5% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Rekstrarkostnaður Þjóðkirkju Íslands	B	1.565,5	1.657,4	1.657,4	1.657,4	1.657,4
Neyðarlínan hf.	C	135,1	288,4	288,4	288,4	288,4
Tetra fjarskiptáþjónusta fyrir lögreglu	C	136,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Þjóðskrá, afnot af Þjóðskrá	C	6,0	6,5	6,5	6,5	6,5
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	C	83,5	94,5	94,5	94,5	94,5
Samtals		1.926,1	2.046,8	2.046,8	2.046,8	2.046,8

Ráðuneytið vinnur nú að því að sameina nokkra samninga við Neyðarlínuna hf. í einn samning, sem m.a. inniheldur skuldbindingar vegna uppbyggingar Tetra fjarskiptakerfisins. Í töflunni er gert ráð fyrir sameiningu þessara samninga og því fellur niður sérgreint framlag vegna Tetra. Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem viðkomandi ráðuneyti stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A, en ekki er um neina slíka samninga að ræða hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Aðrir samningar sem bæði ráðu-

neytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 1.657 m.kr. Að lokum eru 389 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að samningar sem renna út á tímabilinu verði endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 2.047 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 103 Þjóðskrá; 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	338,0	341,1	381,4	11,8	12,8
Stjórnartíðindi	27,7	0,0	0,0	-100,0	-100,0
Lagasafn	3,3	0,0	0,0	0,0	-100,0
Þjóðskrá	283,5	293,2	338,0	15,3	19,2
Kosningar	198,9	171,3	14,9	-91,3	-92,5
Ýmis verkefni	253,2	204,4	212,6	4,0	-16,0
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Samtals	1.104,6	1.018,0	954,9	-6,2	-13,6

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 168 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar en þær nema um 106 m.kr. Helstu breytingar eru þær að 160 m.kr. kosningaframlag fellur niður, enda engar kosningar fyrirhugaðar á næsta ári. Auk þess lækka framlög vegna tilkynningarskyldu íslenskra skipa. Aðrar breytingar vega minna.

106 Þjóðskrá. Stofnunin gegnir lykilhlutverki í þróun upplýsingatækni og í samræmi við stefnu um upplýsingasamfélagið er lagt er til að henni verði veitt 22 m.kr. tímabundið framlag í tvö ný verkefni þ.e. 20 m.kr. í eitt ár til verkefnis um tilkynningar um búferlaflutninga, fæðingarvottorð o.fl.. Markmiðin snúa annars vegar að rafrænni skráningu búferlaflutninga og bættu aðgengi svo að einstaklingar geti pantað og greitt fyrir vottorð rafrænt og að fyrirtæki og stofnanir geti sótt vottorð úr þjóðskrá með samþykki eða lagaheimild. Einnig er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til verkefnis sem snýr að því að einstaklingar verði minntir á endurnýjun skilríkja, t.d. vega-bréfa og ökuskríteina. Á móti vegur að 22 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum ársins 2008 til annarra verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins falla niður.

111 Kosningar. Lagt er til að 160 m.kr. tímabundið framlag vegna forsetakosninga á árinu 2008 falli niður þar sem engar kosningar verða á árinu 2009.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að 14 m.kr. tímabundin framlög falli niður. Annars vegar 11 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum 2004 til 2008 til kaupa á afnotarétti af hugbúnaði. Um er að ræða þróunarverkefni sem varð til í samvinnu Kerfisverkfræðistofnunar Háskólans og Slysavarnafélags Íslands. Þróaður var hugbúnaður sem annast sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa. Rekstur kerfisins var boðinn út og voru kaup á afnotaréttinum nauðsynlegur þáttur í því verkefni, en verktakinn fékk afnotaréttinn í sínar hendur á verktímanum. Gengið var til kaupa á afnotaréttinum og var sammingsfjárhæðin alls 55 m.kr. Hins vegar gengur til baka tímabundin 3 m.kr. hækkun á framlagi til félagsins Íslensk ættleiðing.

Dómsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Hæstiréttur; 210 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 235 Bætur brotaþola og 251 Persónuvernd.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hæstiréttur	95,0	98,2	108,4	10,4	14,1
Héraðsdómstólar	948,0	924,5	1.013,4	9,6	6,9
Málskostnaður í opinberum málum	476,7	355,0	420,3	18,4	-11,8
Opinber réttaraðstoð	221,8	186,2	210,4	13,0	-5,1
Bætur brotaþola	91,5	60,0	60,0	0,0	-34,4
Persónuvernd	71,0	61,0	67,6	10,8	-4,8
Samtals	1.904,0	1.684,9	1.880,1	11,6	-1,3

Framlög til málaflokksins haldast því sem næst óbreytt að raungildi en launa- og verðlagshækkunar nema samtals um 196 m.kr.

201 Hæstiréttur. Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum er lagt til að 1 m.kr. tímabundið framlag vegna vettvangsgagna í landamerkja- og þjóðlendumálum falli niður.

Löggæslu og öryggismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 300 Héraðssaksóknari; 301 Ríkissaksóknari; 303 Ríkislögreglustjóri; 305 Lögregluskóli ríkisins; 310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu; 312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum; 325 Neyðarsímsvörun; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslu- og öryggismál; 391 Húsnæði löggæslustofnana; 395 Landhelgisgæsla Íslands; 396 Landhelgissjóður Íslands; 397 Schengen-samstarf og 398 Útlendingastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Héraðssaksóknari	0,0	0,0	35,4	-	-
Ríkissaksóknari	122,9	121,2	134,6	11,1	9,5
Ríkislögreglustjóri	1.222,4	1.201,3	1.334,7	11,1	9,2
Lögregluskóli ríkisins	168,9	211,3	233,8	10,6	38,4
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	3.112,5	2.930,0	3.262,0	11,3	4,8
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	1.090,7	968,9	1.123,4	15,9	3,0
Samræmd neyðarsvörun	138,8	172,1	272,4	58,3	96,3
Áfengis- og fíkniefnamál	0,0	56,8	63,9	12,5	-
Ýmis löggæslu- og öryggismál	173,5	173,4	93,9	-45,8	-45,9
Húsnæði löggæslustofnana	0,0	10,0	10,0	0,0	-
Landhelgisgæsla Íslands	2.392,5	2.317,6	2.808,0	21,2	17,4
Landhelgissjóður Íslands	408,7	1.927,8	2.751,1	42,7	573,1
Schengen-samstarf	71,5	94,5	102,0	7,9	42,7
Útlendingastofnun	231,1	210,9	236,3	12,0	2,3
Samtals	9.133,5	10.395,8	12.461,5	19,9	36,4

300 Héraðssaksóknari. Gert er ráð fyrir 33 m.kr. fjárveitingu til að stofna nýtt embætti héraðssaksóknara samkvæmt nýjum lögum um meðferð sakamála. Ráðuneytið undirbýr nú framkvæmd laganna og áætlað er að tillögur liggi fyrir á næstunni.

301 Ríkissaksóknari. Að raungildi hækkar fjárveitingin um 2 m.kr. tímabundið í eitt ár til rafvæðingar sakavottorða. Um er að ræða úthlutun 2009 vegna framkvæmdar stefnu um upplýsingasamfélagið, 2008-2012. Markmið verkefnisins er að tengja sakavottorðaskrá við lögreglakerfin með rafrænum hætti og auka þannig öryggi og bæta aðgengi með beinni tengingu í sakavottorðsgrunn.

303 Ríkislögreglustjóri. Lagt er til að fjárveiting embættisins lækki um 7 m.kr. að raungildi en launa- og verðlagshækkanir nema 140 m.kr. Tímabundið 12 m.kr. framlag vegna tengslafulltrúa embættis ríkislögreglustjóra hjá Europol fellur niður, en á móti vegur að veitt er 5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til upplýsingatækniverkefnisins um lögreglustöð á netinu. Markmið verkefnisins er að koma á gagnvirkum þjónustuvef lögreglunnar þar sem almenningi gefst m.a. kostur á að sækja um ýmis konar leyfi hjá

lögreglu, sækja persónulegar upplýsingar um sig, t.d. skoða punktastöðu og skráningu persónuupplýsinga í lögreglukerfinu og tilkynna eða kæra tiltekin brot.

310 *Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.* Fjárveiting á rekstrargrunni er óbreytt að raungildi milli ára, en lagt til að beint greiðsluframlag ríkissjóðs hækki um 17,9 m.kr. til að bæta embættinu upp afnáam á hlutdeild lögreglufyrivalda í áfengisgjaldi, sem féll brott 1. júlí 2007 með samþykkt laga nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Tekjur lækka að sama skapi, þannig að engin breyting verður á rekstrarheimild. Launa- og verðlagshækkunarir nema samtals 332 m.kr.

325 *Neyðarsímsvörun.* Lagt til allar greiðslur vegna kaupa á þjónustu Neyðarlínunnar séu færðar á sama fjárlaganúmerið. Greiðslur eru í samræmi við þjónustusamning og eru þá bæði vegna samræmdrar neyðarsímsvörunar svo og vegna uppbyggingar á Tetrafjarskiptakerfi sem nýtt er bæði af lögreglu, björgunarsveitum o.fl. Breytingin leiðir til 84,9 m.kr. millifærslu til hækkunar á lið Neyðarsímsvörunar en samsvarandi lækkunar á 06-390 *Ýmis löggæslu- og öryggismál.*

395 *Landhelgisgæsla Íslands.* Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum, sem samtals nema um 241 m.kr. í frumvarpinu, eru gerðar tillögur um nokkur hækkunartilefni í tengslum við rekstur á nýrri flugvél og nýju varðskipi. Í fyrsta lagi, tímabundið framlag að fjárhæð 46,5 m.kr. til að standa undir auknum úthaldskostnaði hjá eldri skipum Landhelgisgæslunnar vegna þjálfunar á nýrri áhöfn. Þessi kostnaður fellur niður árið 2010 en á móti vegur rekstrarkostnaður nýja varðskipsins í heild ár, auk þess sem gert er ráð fyrir að auknu úthaldi eldri skipanna með tvískiptum vöktum og þar með auknu úthaldi frá því sem nú er. Í öðru lagi, 36,8 m.kr. til þjálfunarkostnaðar áhafnar í kjölfar kaupa á nýrri flugvél. Í þriðja lagi, 64 m.kr. framlag vegna hækkunar á rekstrarkostnaði Landhelgisgæslunnar þar sem í sumar kemur ný flugvél sem tekur við af TF-SÝN á miðju ári 2009. Á ársgrundvelli nemur kostnaðurinn um 95 m.kr. Þannig verða gjöldin árið 2009 strax orðin því sem næst þau sömu og á heilu ári, sem skýrist af því að full launagjöld falla til allt árið, vegna nauðsynlegrar þjálfunar. Áætlað er að flugtímar verði um 600 á ári sem er svipað og verið hefur með eldri flugvélin. Nýja vélin hefur miklu afkastameiri og dýrari eftirlitsbúnað heldur en TF-SÝN sem leiðir af sér aukinn viðhaldskostnað. Í fjórða lagi, 203 m.kr. framlag vegna rekstrarkostnaðar á nýju varðskipi. Skipið sjálft verður ekki afhent fyrr en í byrjun september, en nauðsynlegt er að ráða áhöfn og hefja þjálfun strax í ársbyrjun. Eldri skipin, Ægir og Týr munu nýtast í því skyni. Þjálfunarkostnaður sem fellur á stofnunina felst aðallega í auknu úthaldi eldri skipanna, til þess að þjálfar nýjar áhafnir. Tillaga um hækkun framlags miðast við að úthaldsdagur skipsins geti verið um 255 á heilu ári. Á móti þessum hækkunum vegur að gert er ráð fyrir að farið verði í

aðhaldsráðstafanir sem skili 100 m.kr. á árinu 2009 frá því sem áður var áformað. Nokkur óvissa er um afhendingu bæði á varðskipi og flugvél og getur því skapast svigrúm til að mæta þessu aðhaldsmarkmiði. Að öðrum kosti þarf að draga úr úthaldi farkosta frá því sem Landhelgisgæslan hafði áður áætlað. Tillagan er liður í markmiðum frumvarpsins um aðhald í rekstrargjöldum ríkissjóðs.

396 Landhelgisjóður Íslands. Í frumvarpinu er lagt til að veitt verði samtals 2.500 m.kr. tímabundið framlag til að ljúka kaupum á nýju varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Um er að ræða kostnað umfram þær 3.000 m.kr. sem gert er ráð fyrir að veitt verði til verkefnisins í lögum nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., með síðari breytingum. Í fyrsta lagi verði veittar 896 m.kr. vegna lokauppgjörðs á nýju varðskipi. Þann 20. desember 2006 var skrifað undir samning við skipasmíðastöð í Chile um smíði á 4.000 brúttótonna varðskipi. Áætlað er að stofnkostnaður vegna skipsins nemi tæpum 3,3 milljörðum króna og dreifist að mestu á árin 2008 og 2009. Skipið verður afhent í september 2009. Í öðru lagi er lagt til að veittar verði 1.495 m.kr. vegna endurnýjunar á eftirlitsflugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Þann 7. maí 2007 var skrifað undir samning þess efnis í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt. Vélin er af gerðinni Dash 8-Q300 og verður afhent í júlí 2009. Heildarkostnaður nemur um 2,3 milljörðum króna og fellur hann til á tveimur árum 2008 og 2009. Í báðum tilvikum er miðað við gengisforsendur fjárlaga fyrir árið 2008, eða gengi krónunnar í byrjun september 2007. Í fjárlögum 2008 var veitt 2.000 m.kr. af þessu tilefni, en sú fjárveiting fellur nú niður. Í 4. gr. laga nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., með síðari breytingum, er kveðið á um að verja skuli til kaupa eða leigu á fjölnota varðskipi og til kaupa eða leigu á eftirlitsflugvél fyrir Landhelgisgæslu Íslands 500 m.kr. árið 2006, 500 m.kr. árið 2007 og 2.000 m.kr. árið 2008. Þar sem útgjöld fjárlagaliðarins eru í erlendri mynt er gert ráð fyrir að þau hækki þessu til viðbótar um samtals 323 m.kr. í samræmi við þróun á gengi íslensku krónunnar gagnvart evru og bandaríkjadal.

Sýslumenn

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 411-437; Ýmis rekstrar-kostnaður sýslumannsembætta og 491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

Heildarfjárveiting til málaflökksins lækkar um 26 m.kr. að raungildi en launa- og verðlagshækkanir til ársins 2009 nema 459 m.kr. Nokkrar millifærslur eiga sér stað af safnlið og yfir til einstakra embætta.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sýslumaðurinn í Reykjavík	321,5	310,8	347,6	11,8	8,1
Sýslumaðurinn á Akranesi	176,4	171,8	191,4	11,4	8,5
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	171,8	152,1	169,1	11,2	-1,6
Sýslumaður Snæfellinga	154,5	157,1	185,2	17,9	19,9
Sýslumaðurinn í Búðardal	24,4	23,7	29,5	24,5	20,9
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	35,8	35,4	39,3	11,0	9,8
Sýslumaðurinn í Bolungarvík	22,8	25,1	27,7	10,4	21,5
Sýslumaðurinn á Ísafirði	289,2	290,7	338,8	16,5	17,2
Sýslumaðurinn á Hólmavík	25,3	28,3	31,6	11,7	24,9
Sýslumaðurinn á Blönduósi	176,5	176,2	196,9	11,7	11,6
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	142,6	135,9	155,0	14,1	8,7
Sýslumaðurinn á Siglufirði	48,8	58,3	64,5	10,6	32,2
Sýslumaðurinn á Akureyri	470,8	472,1	526,0	11,4	11,7
Sýslumaðurinn á Húsavík	172,3	168,2	186,4	10,8	8,2
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	199,7	188,9	210,3	11,3	5,3
Sýslumaðurinn á Eskifirði	237,2	242,9	270,8	11,5	14,2
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	32,9	38,5	42,7	10,9	29,8
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	41,8	48,1	52,6	9,4	25,8
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	151,3	160,0	180,9	13,1	19,6
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	171,1	166,7	185,6	11,3	8,5
Sýslumaðurinn á Selfossi	346,1	328,9	366,5	11,4	5,9
Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	146,7	150,0	167,0	11,3	13,8
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	182,2	190,0	214,0	12,6	17,5
Sýslumaðurinn í Kópavogi	168,5	175,5	195,3	11,3	15,9
Ymis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	110,2	175,0	128,4	-26,6	16,5
Húsnæði og búnaður sýslumanna	48,5	24,5	24,5	0,0	-49,5
Samtals	4.068,9	4.094,7	4.527,6	10,6	11,3

414 Sýslumaður Snæfellinga. Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum, er lagt til að veittar verði 10 m.kr. vegna umsýslu með þjóðlendum. Forsætisráðuneytið fer með umsýslunni þeirra skv. lögum nr. 58/1998, um þjóðlendum. Ráðuneytið hefur ákveðið að gera þjónustusamning við embætti sýslumanns Snæfellinga um að annast skráningu þjóðlendna og daglega umsýslu með þeim, s.s. umsýslu í tengslum við leyfisveitingar. Þá er millifærð 0,4 m.kr. fjárveiting vegna skráningar kaupmála fyrr landið allt. Útgjöldin felast einkum í póstburðarkostnaði og lítilsháttar launagjöldum.

415 Sýslumaðurinn í Búðardal. Lagt er til að fjárveiting hækki um 3,2 m.kr. að raungildi, vegna veitingar leyfa til ættleiðingar. Embættið hefur tekið við þessu verkefni frá aðal-skrifstofu ráðuneytisins. Það kallar á ráðningu skrifstofumanns í hálf tölubúgildi, auk ýmissa annarra útgjalda m.a. vegna upplýsingatæknimála og ferðalaga.

- 418 *Sýslumaðurinn á Ísafirði.*** Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum, er lagt til að millifærð verði 15 m.kr. fjárheimild til embættisins af *06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta*. Í fjárlögum er 30 m.kr. heimild á þessu viðfangsefni til nýrra og aukinna verkefna sýslumannsembætta á Vestfjörðum í kjölfar skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Nú hefur verið afráðið að 15 m.kr. af fjárheimildinni verði nýttar til verkefna á vegum embættisins.
- 419 *Sýslumaðurinn á Hólmavík.*** Lagt er til að millifærðar verði 0,4 m.kr. til embættisins vegna löggildingar dómtúlka og skjalabýðenda. Útgjöldin felast í umsjón með prófum.
- 421 *Sýslumaðurinn á Sauðárkróki.*** Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum, er lagt til að millifærð verði 4,6 m.kr. fjárheimild til embættisins vegna framkvæmdar laga um sjóði og stofnanir sem starfa skv. sérstakri skipulagsskrá. Um er að ræða bæði hluta af starfi lögfræðings, auk annarra starfsmanna.
- 430 *Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal.*** Millifærð verði 0,6 m.kr. fjárveiting til embættisins vegna aukins launakostnaðar við veitingu leyfa fyrir rekstur útfararþjónustu.
- 431 *Sýslumaðurinn á Hvalsvell.*** Lagt er til að millifærð verði 2,6 m.kr. heimild vegna veitingu happdrættisleyfa, sem áður var hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins. Útgefin leyfi eru á bilinu 50 -80 á hverju ári. Verkefnið felur jafnfram í sér eftirlit með spilakössum og setningu verklagsreglna.
- 436 *Sýslumaðurinn í Hafnarfirði.*** Lagt er til að millifærðar verði 2,3 m.kr. vegna verkefnis um löggildingu fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu sem var áður unnið á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Í því fellst m.a. lögfræði- og ritaravinna.
- 490 *Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.*** Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki samtals um 65,1 m.kr. Þar af nema millifærslur til einstakra embætta 29,1 m.kr. samanber umfjöllun hér að ofan, en 36 m.kr. lækkun er vegna markmiða um aðhald í rekstrargjöldum í frumvarpinu og mun koma fram í minni millifærslum til sýslumannsembætta vegna langtímaveikinda starfsmanna og annarra óvæntra þátta innan ársins.

Fangelsismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnafloks: 501 Fangelsismálastofnun og 591 Fangelsisbyggingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fangelsismálastofnun ríkisins	944,1	1.003,4	1.126,0	12,2	19,3
Fangelsisbyggingar	170,9	8,4	350,0	4.066,7	104,8
Samtals	1.115,0	1.011,8	1.476,0	45,9	32,4

Framlög til Fangelsismálastofnunar eru óbreytt að raungildi milli ára en gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar aukist um 123 m.kr. vegna launa- og verðlagshækkana.

591 Fangelsisbyggingar. Gert er ráð fyrir 350 m.kr. tímabundnu framlag til uppbyggingar á Litla-Hrauni. Er þessu framlagi ætlað að standa undir áfangabyggingu á sérstöku móttöku- og heimsóknarhúsi. Áætlanir ráðuneytisins miðast við að heildaruppbyggingu fangelsa verði á Litla-Hrauni og að á höfuðborgarsvæðinu verði eingöngu gæsluvarðhald og skammtímavistun fanga í tengslum við nýja lögreglustöð. Tímabundin 8,4 m.kr. frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gekk til baka í eitt ár í fjárlögum 2008 en fellur nú niður.

Kirkjumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnafloks: 701 Þjóðkirkjan; 705 Kirkjumálasjóður; 707 Kristnisjóður; 733 Kirkjugarðar; 735 Sóknargjöld og 735 Jöfnunarsjóður sókna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðkirkjan	1.439,7	1.474,4	1.600,3	8,5	11,2
Kirkjumálasjóður	257,5	283,9	322,4	13,6	25,2
Kristnisjóður	82,8	89,7	96,7	7,8	16,8
Kirkjugarðar	787,3	820,1	946,0	15,4	20,2
Sóknargjöld	2.054,9	2.220,0	2.505,0	12,8	21,9
Jöfnunarsjóður sókna	340,1	367,4	417,1	13,5	22,6
Samtals	4.962,3	5.255,5	5.887,5	12,0	18,6

Lagt er til að framlög til málaflokksins hækki í heild um 631 m.kr. og þar af nemur launa- og verðlagshækkun 524 m.kr.

701 Þjóðkirkjan. Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum, sem alls nema um 129 m.kr. í frumvarpinu, er gerð tillaga um að 3 m.kr. tímabundið framlag til byggingar þjónustuhúss við Þingeyraklausturskirkju falli niður.

733 Kirkjugarðar. Lagt er til að framlög til kirkjugarða hækki um 126 m.kr. á næsta ári en þar af nema launa- og verðlagsbreytingar um 120 m.kr. Í samræmi við samkomulag við Kirkjugarðaráð byggir framlagið á reiknilíkani þar sem um 20% af framlaginu tekur mið af fjölda jarðsetninga og líkbrennslan á árinu 2007, sem voru annars vegar 1.583 og 359 talsins, og um 80% af framlaginu miðast við stærð svæða í umhirðu hjá gördunum í lok ársins 2006 en flatarmál þeirra jókst nokkuð vegna nýrra grafa á því ári. Þá er gert ráð fyrir markmiðum frumvarpsins um aðhald í rekstrargjöldum verði mætt með 1% lækkun framlagsins frá því sem ella hefði verið, eða sem nemur 8 m.kr.

735 Sóknargjöld. Lögboðið framlag til sókna þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga hækkar alls um 373,2 m.kr. í samræmi við áætlaða hækkun á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga 16 ára og eldri milli tekjuáranna 2007 og 2008 og fjölgun einstaklinganna. Á móti er gert ráð fyrir 28 m.kr. lækkun framlags vegna markmiða frumvarpsins um útgjaldaaðhald. Flutt verður frumvarp um breytingu á lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld, sem felur í sér að hækkun sóknargjalds verður tæplega 1% minni en ella hefði orðið. Hér eru meðtalin framlög á tveimur öðrum fjárlagaliðum sem reiknast hlutfallslega af sóknargjöldum, *06-705 Kirkjumálasjóður* og *06-736 Jöfnunarsjóður sókna*.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.4 hér fyrir framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
06-190-1.93	Dómsmál, ýmis kostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld dómsstóla.
06-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
06-341-1.25	Áttak í löggæslu vegna fikniefnamála	Til löggæslustofnana vegna átaks í fikniefnámálum.
06-390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld löggæslustofnana.
06-391-6.21	Húsnæði löggæslustofnana	Framkvæmdir við húsnæði löggæslustofnana.
06-490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sýslumanna.
06-491-5.01	Húsnæði og búnaður sýslumanna. Viðhald húseigna	Til viðhalds húseigna sýslumanna.
06-491-6.01	Húsnæði og búnaður sýslumanna. Tæki og búnaður	Til kaupa á ýmsum búnaði sýslumanna.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun félags- og tryggingamálaráðuneytis breytist þannig milli ára:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	10.775,5	10.304,9	12.200,8	18	13
Neyslu- og rekstrartilfærslur	57.295,3	70.971,4	85.168,2	20	49
Stofnkostnaður og viðhald	3.011,4	4.137,2	5.111,9	24	70
Samtals	71.082,2	85.413,5	102.480,9	20	44
Greitt úr ríkissjóði	-	42.411,2	54.182,3	28	-
Innheimt af ríkistekjum	-	42.202,3	46.578,6	10	-
Viðskiptahreyfingar	-	800,0	1.720,0	115	-
Samtals	-	85.413,5	102.480,9	20	-

Heildargjöld félags- og tryggingamálaráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 105.754 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.274 m.kr. en þær nema 3,1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 102.481 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 54.182 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 46.579 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 1.720 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 12.201 m.kr. og hækka um 1.896 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 429 m.kr. til málefna fatlaðra, 114 m.kr. til verkefna í þágu barna og ungmenna, 25 m.kr. sem varið verður til aðgerðaráætlunar um málefni innflytjenda og 20 m.kr. til aðgerða gegn mansali. Á móti koma 300 m.kr. sem eru áætlaðar hreinar vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra tekna af atvinnu-tryggingagjaldi. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar alls um 18 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 14.197 m.kr. og verða 85.168 m.kr. en eru 70.971 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Auk launa- og verðlagsbóta vega þyngst 4.107 m.kr. aukin útgjöld til lífeyristrygginga. Útgjöld bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð hækka um 775 m.kr. og þá er áætlað að útgjöld Fæðingarorlofssjóðs hækki um 1.336 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 5.112 m.kr. og er það 975 m.kr. hækkun milli ára. Þar munar mestu um 1.100 m.kr. skuldbindingu ríkissjóðs vegna niðurgreiðslu á vöxtum til lána á leiguíbúðum. Framlög til byggingar hjúkrunarheimila lækka um 187 m.kr. þar sem niður falla tímabundnar fjárheimildir.

Vikið er nánar að helstu breytingum hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 3.289 m.kr. á yfirstandandi ári. Samningarnir eru tilgreindir í eftirfarandi töflu. Fjárhæðir, að undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 30,7% af heildarrestrargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjú flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem félags- og tryggingamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 3.180,6 m.kr. á yfirstandandi ári. Engir samningar falla undir B flokk en það er samningar sem bæði ráðuneytin standa að. Að lokum eru 108,4 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem félags- og tryggingamálaráðuneytið sendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 3.700 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga. Þar skulu nefndir samningar við þrjá verndaða vinnustaði í Reykjavík, samning við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar um rekstur skammtíamavistunar fyrir fatlaða, samning við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða og samning við Sólheima í Grímsnesi. Samningum sem Barnaverndarstofa stendur að fækkar um tvo þar sem starfsemi tveggja meðferðarheimila fyrir börn og unglinga var hætt á yfirstandandi ár.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Árbót, meðferð barna og ungmenna	A	93,7	105,8	105,8	105,8	105,8
Barnaheill, málefni barna og ungmenna	A	1,1	9,0			
Geldingalækur, meðferð barna og ungmenna	A	23,0				
Háholt, meðferð barna og ungmenna	A	74,5	84,2	84,2	84,2	84,2
Hvítárakki, meðferð barna og ungmenna	A	22,5				
Laugaland, meðferð barna og ungmenna	A	59,0	66,6	66,6	66,6	66,6
Akurhóll, meðferð barna og ungmenna	A	88,5	100,0	100,0	100,0	100,0
ÖBÍ, verndaður vinnustaður	A	17,4	19,6			
Múlalundur, verndaður vinnustaður	A	19,2	21,7			
Blindrafélagið, verndaður vinnustaður	A	19,2	21,7			
Styrktarfélag vangefinna, þjónusta við fatlaða	A	647,2	732,8	732,8	732,8	732,8
Þjónusta við fatlaða á Norðurlandi vestra	A	335,1	392,8	392,8	392,8	392,8
Akureyrarkaupstaður, þjónusta við fatlaða	A	783,9	956,9	956,9	956,9	956,9
Norðurþing, þjónusta við fatlaða	A	113,4	136,6	136,6	136,6	136,6
Sveitarf. Hornafjörður, þjónusta við fatlaða	A	27,6	31,5	31,5	31,5	31,5
Hólabrekka, sambýli fatlaðra	A	30,3	30,3	30,3	30,3	30,3
Vestmannaeyjabær, þjónusta við fatlaða	A	112,0	109,2			
Sólheimar, þjónusta við fatlaða	A	240,5	277,4			
Landspítali, málefni barna og ungmenna	C	35,0	35,0	35,0		
Velferðarsvið Rvk., þjónusta við fatlaða	A	69,7				
Háskóli Íslands, lektor í fötunarfræðum.....	C	4,0	1,3			
Skálatún, þjónusta við fatlaða	A	319,9	367,1	367,1	367,1	367,1
Viðskiptaháskólinn Bifröst	C	2,0				
Rauði kross Íslands, móttaka flóttamanna	C	3,3				
Ný leið-meðferð fyrir ungt fólk	C	3,0				
Vímulaus æska - rekstur Foreldrahúss	C	4,0				
Líf og sál - verkefnið "Karlar til ábyrgðar"	C	6,5				
Skaftholt- sambýli fatlaðra	A	46,6	52,5	52,5	52,5	52,5
Reykjavíkurborg þjónusta við geðfatlaða	A	26,7	160,2	262,5	262,5	262,5
Reykjavíkurborg -heimili fyrir heimilislausa	C	15,0	15,0			
Klúbburinn Geysir- þjónusta við geðfatlaða	C	2,5	2,5			
Reykjanesbær- þjónusta við geðfatlaða	A	9,6	9,6	9,6		
AE- starfsendurhæfing	C	18,1				
Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla	C	12,5				
Geðhjálp- þjónusta við geðfatlaða	C	2,5	2,5			
Samtals		3.289,0	3.741,8	3.364,2	3.319,6	3.319,6

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Félags- og tryggingamála-ráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	281,8	297,6	333,4	12,0	18,3
Ýmis verkefni	88,9	100,5	239,6	138,4	169,5
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	370,7	403,1	578,0	43,4	55,9

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 118 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þessar:

101 Félags- og tryggingamálaráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um 4,5 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Skýrist það af því að tímabundin lækun á fjárheimild í fjárlögum 2008 gengur til baka.

190 Ýmis verkefni. Rekstrargjöld liðarins hækka um 113,5 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að verja 55 m.kr. til verkefna í samræmi við þingályktun um aðgerðir til að styrkja stöðu barna í samfélaginu, 34 m.kr. til þjónustu við börn með athyglisbrest og ofvirkni og 20 m.kr. til að fylgja eftir aðgerðaráætlun sem unnið er að í ráðuneytinu um aðgerðir gegn mansali. Framlög til tveggja verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins eru 12 m.kr. Annars vegar er um að ræða verkefni er miðar að því að auðvelda fólki að sækja þjónustu með rafrænum hætti og hins vegar verkefni sem felst í að gera útdrátt með upplýsingum á auðlesnu efni og erlendu tungumáli til þess að auðvelda aðgang sem flestra að efni sem þá varðar. Þá falla niður tímabundnar fjárheimildir að fjárhæð 7,5 m.kr.

Húsnæðismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 205 Leiguíbúðir og 207 Varasjóður húsnæðismála.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Leiguíbúðir	1.329,8	1.100,0	2.200,0	100,0	65,4
Varasjóður húsnæðismála	60,0	60,0	60,0	0,0	0,0
Samtals	1.389,8	1.160,0	2.260,0	94,8	62,6

205 Leiguíbúðir. Farið er fram á 1.100 m.kr. hækkun á fjárheimild til niðurgreiðslu vaxta af lánnum sem veitt verða á árinu 2009 til byggingar 750 leiguíbúða. Tillaga þessi er í samræmi við yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf út í tengslum við kjarasamninga í febrúar 2008 um fjölgun lánsvilyrða með niðurgreiddum vöxtum. Lánnum var fjölgað í 750 á ári í fjögur ár frá og með árinu 2009. Hliðstætt átak frá árinu 2006 gerði ráð fyrir allt að 400 lánnum á ári til ársloka 2009. Lánin eru veitt þeim aðilum sem leigja íbúðirnar til einstaklinga er uppfylla skilyrði um tekju- og eignamörk samkvæmt VIII. kafla húsnæðisлага. Þau bera 3,5% vexti og greiðir ríkissjóður muninn milli almennra útlánsvaxta Íbúðalánasjóðs sem nú eru 5,4% að frádregnu afskriftar- og uppgreiðsluálagi sem er samtals 0,7%. Vaxtamunnurinn 2009 er því áætlaður 1,2%. Skuldbinding ríkissjóðs vegna þessara framlaga til vaxtaniðurgreiðslu nemur um 2.200 m.kr. út lánstímann sem er 50 ár miðað við 6% ávöxtunarkröfu. Árleg heimild er áætluð 145 m.kr. til greiðslu vaxtamunar á hverjar 750 íbúðir miðað við 1,2% vaxtamun.

Stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnafloks: 302 Ríkissáttasemjari; 313 Jafnréttisstofa og 331 Vinnueftirlit ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissáttasemjari	56,4	62,0	67,9	9,5	20,4
Jafnréttisstofa	41,2	61,7	74,7	21,1	81,3
Vinnueftirlit ríkisins	462,9	415,7	547,0	31,6	18,2
Samtals	560,5	539,4	689,6	27,8	23,0

Heildarfjárveiting til málefnafloksins hækkar um 82,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þessar:

313 Jafnréttisstofa. Samkvæmt frumvarpinu hækkar liðurinn um 6 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Annars vegar er lagt til að liðurinn lækki um 0,5 m.kr. vegna aðhalds í útgjöldum. Hins vegar er lagt til að millifærðar verði 6,5 m.kr. af viðfangsefni 999-1.98 *Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis*. Um er að ræða millifærslu á fjármunum sem ætlaðir eru til verkefnisins „Karlar til ábyrgðar“, en tilgangur þess verkefnis er að bjóða meðferð og aðstoð körlum sem beitt hafa heimilisofbeldi. Umsýsla með verkefninu fluttist til Jafnréttisstofu á árinu 2008.

331 Vinnueftirlit ríkisins. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 547 m.kr. á næsta ári og er það 77,2 m.kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs umfram launa- og verðlagsbreytingar. Annars vegar er lagt til að gerð verði leiðrétting á rekstrarumfangi

stofnunarinnar og útgjaldaheimildir hennar verði auknar um 85,2 m.kr. þar sem tekjur sem stofnunin aflar og teljast til ríkistekna hafa verið vanáætlaðar í fjárlögum síðustu ára. Hins vegar er lagt til að liðurinn lækki um 8 m.kr. vegna kröfu um aðhald í rekstri.

Málefni barna

Til þessa málaflokks telst fjárlagaliðurinn 400 Barnaverndarstofa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnaverndarstofa	769,6	839,0	969,4	15,5	26,0
Samtals	769,6	839,0	969,4	15,5	26,0

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans hækkar um 130,4 m.kr. að meðtöldum launa- og verðlagsbreytingum.

400 Barnaverndarstofa. Samkvæmt frumvarpinu hækka rekstrargjöld um 25 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagsbreytingar. Um er að ræða fjárveitingar til tveggja verkefna: Annars vegar 17,5 m.kr. til að hrinda í framkvæmd nýjungum í meðferðarstarfi fyrir börn og ungmenni með hegðunar- og vímuefnavanda og hins vegar 7,5 m.kr. til að koma á fót við Barnahús göngudeildarmedferð fyrir unga gerendur í kynferðisbrota-málum. Bæði þessi verkefni eru í samræmi við þingsályktun um aðgerðir til að styrkja stöðu barna í samfélaginu. Sú breyting er gerð á framsetningu liðarins að viðfangsefnanúmer 400-150 *Meðferðarstöð ríkisins* er sameinað viðfangsefnanúmeri 400-101 *almennur rekstur*. Jafnframt eru millifærðar á það viðfangsefnanúmer 100 m.kr. af 400-120 *Heimili fyrir börn og unglínga*.

Málefni fatlaðra

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokk: 700 Málefni fatlaðra; 701-708 Málefni fatlaðra, svæðisskrifstofur, 711 Styrktarfélag vangefinna; 720 Skálatúnsheimilið Mosfellsbæ; 722 Sólheimar í Grímsnesi; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans hækkar um 1.540,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Launa- og verðlagsbreytingar eru 1.110,8 m.kr. og til nýrra verkefna í þágu fatlaðra eru ætlaðar 429,5 m.kr. Hækkunin er af þremur megin tilefnum: Í fyrsta lagi 200 m.kr. til að mæta þörf fyrir búsetu á sambýlum og í íbúðum og til að efla stoðþjónustu við fötluð börn. Í öðru lagi 185 m.kr. vegna átaks í uppbyggingu búsetuurræða fyrir geðfatlaða. Í þriðja lagi 25 m.kr. fjárveitingu til lengdrar viðveru fatlaðra nemenda í framhaldsskólum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	173,0	599,4	380,9	-36,5	120,2
Málefni fatlaðra, Reykjavík	2.336,4	2.425,1	3.075,5	26,8	31,6
Málefni fatlaðra, Reykjanesi	1.633,7	1.617,6	1.959,8	21,2	20,0
Málefni fatlaðra, Vesturlandi	275,3	269,5	341,0	26,5	23,9
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	189,1	183,7	221,8	20,7	17,3
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	311,8	336,5	394,4	17,2	26,5
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	844,5	898,8	1.095,2	21,9	29,7
Málefni fatlaðra, Austurlandi	278,5	295,2	352,4	19,4	26,5
Málefni fatlaðra, Suðurlandi	494,3	499,0	593,9	19,0	20,1
Styrktarfélag vangefinna	594,6	612,9	732,8	19,6	23,2
Skálatúnshemilið, Mosfellsbæ	310,6	319,9	367,1	14,8	18,2
Sólheimar í Grímsnesi	233,3	240,5	277,4	15,3	18,9
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	304,4	381,9	423,1	10,8	39,0
Framkvæmdasjóður fatlaðra	696,9	673,6	678,6	0,7	-2,6
Samtals	8.676,4	9.353,6	10.893,9	16,5	25,6

700 Málefni fatlaðra. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld liðarins lækki vegna millifærslna um 261,5 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Skýrist það af fimm tilefnum. Í fyrsta lagi eru millifærðar af liðnum 382,7 m.kr. til svæðisskrifstofa, sveitarfélaga og félagasamtaka vegna þjónustu við geðfatlaða. Í öðru lagi eru millifærðar 83,8 m.kr. vegna aukins umfangs í samningum ráðuneytisins við sveitarfélög og sjálfseignarstofnanir um þjónustu við fatlaða. Þessar millifærslur eru skýrðar nánar undir viðkomandi fjárlagaliðum. Í þriðja lagi er farið fram á 185 m.kr. í samræmi við áætlun um uppbyggingu búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir 25 m.kr. fjárveitingu til lengdrar viðveru fatlaðra nemenda í framhaldsskólum. Um er að ræða samstarfsverkefni félags- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Loks fellur niður tímabundin heimild að fjárhæð 5 m.kr. til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík. Samkvæmt frumvarpinu aukast rekstrargjöld liðarins um 321,6 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkunir. Millifærðar eru 261,6 m.kr. af fjárlagalið 700 *Málefni fatlaðra*. Skýrist sú fjárhæð nánast alfarið af þjónustu við geðfatlaða. Af fjárhæðinni eru 160,2 m.kr. í samræmi við þjónustusamning ráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um þjónustu við geðfatlaða og 98 m.kr. til þjónustu sem svæðisskrifstofan mun annast fyrst um sinni, en stefnt er að því að Reykjavíkurborg annist alla þjónusta við geðfatlaða í Reykjavík samkvæmt þjónustusamningi. Þá er farið fram á 60 m.kr. til að fjölga búsetuúrræðum í sambýlum og íbúðum og efla stoðþjónustu við fötluð börn á vegum svæðisskrifstofunnar.

- 702 *Málefni fatlaðra, Reykjanesi.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 1.959,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 120,7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er farið fram á 50 m.kr. fjárveitingu sem annars vegar er ætlað að mæta þörf fyrir búsetu á sambýlum og í íbúðum og hins vegar til að mæta þörf fyrir stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn. Í öðru lagi er lagt til að 22,5 m.kr. verði varið til að tryggja heilsársrekstur nýrrar skammtíamavistunar sem heimild fékkst fyrir frá miðju ári 2008. Í þriðja lagi eru millifærðar 46 m.kr. af lið 700 *Málefni fatlaðra* vegna þjónustu skrifstofunnar við geðfatlaða.
- 703 *Málefni fatlaðra, Vesturlandi.*** Rekstrargjöld liðarins hækka um 35,5 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Tvö tilefni skýra þessa hækkun: Annars vegar tillaga um 17,5 m.kr. til að fjölga búsetuúrræðum og til að efla stoðþjónustu við fötluð börn á vegum svæðisskrifstofunnar. Hins vegar er lagt til að millifærðar verði 17,5 m.kr. af 700 *Málefni fatlaðra* vegna þjónustu svæðisskrifstofunnar við geðfatlaða.
- 704 *Málefni fatlaðra, Vestfjörðum.*** Samkvæmt frumvarpinu hækka rekstrargjöld liðarins um 15,3 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist breytingin af millifærslu af lið 700 *Málefni fatlaðra* vegna þjónustu svæðisskrifstofunnar við geðfatlaða.
- 705 *Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra.*** Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrargjöld liðarins aukist um 13,7 m.kr. umfram launa- og verðlagshækkanir. Farið er fram á 7 m.kr. til að efla stoðþjónustu við fötluð börn og kostnaðar vegna starfsmats. Þá er lagt til að millifærðar verði 6,7 m.kr. af lið 700 *Málefni fatlaðra* í samræmi við samning ráðuneytisins og Bygðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra.
- 706 *Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra.*** Lagt er til að rekstrargjöld nemi 1.095,2 m.kr. á næsta ári sem er 77 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum 2008. Annars vegar er lagt til að varið verði 7,5 m.kr. til að fjölga búsetuúrræðum og efla stoðþjónustu við fötluð börn í samræmi við samning ráðuneytisins og Norðurþings um þjónustu við fatlaða. Hins vegar er lagt til að framlag samkvæmt samningi ráðuneytisins og Akureyrarkaupstaðar hækki um 68,9 m.kr. Þar af er samningsbundin hækkun 23,9 m.kr. og 45 m.kr. eru ætlaðar til að fjölga búsetuúrræðum og efla stoðþjónustu við fötluð börn.
- 707 *Málefni fatlaðra, Austurlandi.*** Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrargjöld liðarins aukist um 20 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er lagt til að millifærðar verði 15 m.kr. af lið 700 *Málefni fatlaðra* vegna þjónustu svæðisskrifstofunnar við geðfatlaða. Í öðru lagi er tillaga um 7 m.kr. til að fjölga búsetuúrræðum og efla stoðþjónustu við fötluð börn. Loks er felld niður tímabundin 3 m.kr. fjárheimild.

708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi. Rekstrargjöld liðarins hækka um 30,3 m.kr. umfram launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er lagt til að millifærðar verði 15,4 m.kr. af lið 700 *Málefni fatlaðra* vegna þjónustu svæðisskrifstofunnar við geðfatlaða. Í öðru lagi verði 6 m.kr. varið til að fjölga búsetuúrræðum og efla stoðþjónustu við börn. Í þriðja lagi er farið fram á 8,1 m.kr. millifærslu af 700 *Málefni fatlaðra* vegna þjónustu Vestmannaeyjabæjar við geðfatlaða og til endurnýjunar á búnaði á heimilum fatlaða.

711 Styrktarfélag vangefinna. Rekstrargjöld nema 732,8 m.kr. á næsta ári sem jafngildir 46,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Er sú hækkun í samræmi við samning sem ráðuneytið gerði í byrjun árs 2008 við félagið um þjónustu við fatlaða.

720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld liðarins hækki um 5 m.kr. umfram launa- og verðlagshækkanir. Skýrist breytingin af 5 m.kr. tillögu vegna niðurfellingar á undanþágu á greiðslu fasteignagjalda. Í fjárukalagafrumvarpi 2008 er gert ráð fyrir sams konar tillögu vegna áranna 2007 og 2008.

722 Sólheimar í Grímsnesi. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld liðarins hækki um 5 m.kr. um fram launa- og verðlagshækkanir. Skýrist breytingin af 5 m.kr. millifærslu af lið 700 *Málefni fatlaðra* vegna þjónustu heimilisins við geðfatlaða.

Vinnumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 980 Vinnumálastofnun; 981 Vinnumál; 982 Ábyrgðasjóður launa; 983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna; 984 Atvinnuleysistryggingasjóður; 985 Félagsmálaskóli alþýðu; 987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga og 989 Fæðingarorlof.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vinnumálastofnun	215,6	253,9	227,9	-10,2	5,7
Vinnumál	77,9	86,6	96,5	11,4	23,9
Ábyrgðasjóður launa	669,7	555,4	862,2	55,2	28,7
Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	3,9	137,6	166,3	20,9	4.164,1
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.715,7	5.995,0	6.813,0	13,6	297,1
Félagsmálaskóli alþýðu	25,1	25,3	26,1	3,2	4,0
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	-20,3	0,0	0,0	-	-100,0
Fæðingarorlof	8.160,9	8.789,0	11.026,0	25,5	35,1
Samtals	10.848,5	15.842,8	19.218,0	21,3	77,1

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 3.375,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Þar af eru launa- og verðlagsbreytingar 1.671,4 m.kr. og nemur hækkunin því 1.703,8 m.kr. að raungildi.

980 Vinnumálastofnun. Útgjöld liðarins lækka um 45 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Felld er niður tímabundin heimild að fjárhæð 45 m.kr. til að efla vinnumarkaðsúrræði á vegum stofnunarinnar. Fjárhæðin var hluti af fjármagni sem til mótvægisáðgerða vegna samdráttar í sjárvarútvegi. Farið er fram á 15 m.kr. til að efla starfsstöð Vinnumálastofnunar á Skagaströnd og er það í samræmi við aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Þá er hækkan rekstur stofnunarinnar um 10 m.kr. þar sem eftirlit með framkvæmd laga um fæðingarorlof flyst til stofnunarinnar frá skattayfirvöldum. Að öðru leyti skýrast breytingar af áformum um hagræðingu í rekstrarkostnaði og hækkun á hlutdeild Atvinnuleysistryggingasjóðs í rekstrarkostnaði stofnunarinnar. Innan liðarins eru millifærðar 24,5 m.kr. á *1.01 Vinnumálastofnun af 1.11 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit.*

982 Ábyrgðasjóður launa. Áætlað er að útgjöld sjóðsins á næsta ári nemi 862,2 m.kr. Gjöld sjóðsins á þessu ári eru 555,4 m.kr. Að frátöldum verðlagsbreytingum er hækkunin 267 m.kr. Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins aukist um 250 m.kr. og að vaxtagjöld sjóðsins af skuld við ríkissjóð hækki um 17 m.kr. og verði 77 m.kr. á árinu 2009.

983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Gert er ráð fyrir að útgjöld liðarins aukist um 25 m.kr. umfram verðlagsbreytingar. Fjárheimild þessa liðar er varið til að tryggja foreldrum langveikra eða alvarlega fatlaðra barna fjárhagsaðstoð þegar þeir geta hvorki stundað vinnu né nám vegna sérstakrar umönnunar barna sinna.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins nemi um 8.513 m.kr. á næsta ári en á móti koma 1.700 m.kr. vaxtatekjur. Gjöld umfram tekjur nema því 6.813 m.kr. og hækka um 818 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Gert er ráð fyrir 863 m.kr. hækkun á greiðslum atvinnuleysisbóta vegna hækkunar á bótunum sem gerð var með hliðsjón af samkvæmt kjarasamningum sl. vor og 696 m.kr. útgjöldum vegna sambærilegrar hækkunar á bótunum á næsta ári. Á móti vegur að á árinu 2009 er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði 2,7% eða lægra en í forsendum fjárlaga 2008 þar sem reiknað var með 2,9% atvinnuleysi. Einnig er reiknað með að fólki á vinnumarkaði fækki milli árána 2008 og 2009. Með hliðsjón af þessum breytingum er gert ráð fyrir að útgjöld vegna atvinnuleysisbóta lækki um 457 m.kr. milli ára. Þá er felld niður tímabundin fjárheimild að fjárhæð 25 m.kr. til atvinnumála kvenna á viðfangsefni *1.41 Framlög og styrkir.* Framlagið var hluti af mótvægisáðgerðum sem miðuðu að því að draga úr neikvæðum áhrifum af samdrætti í þorskveiðum. Loks er gert ráð fyrir að vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra

tekna af atvinnuþryggingagjaldi hækki um 300 m.kr. frá því sem þær eru í fjárlögum 2008 og að þær verði 1.700 m.kr. Af fjárhæðinni eru greiddar 30 m.kr. í fjármagnstekjuskatt. Innan liðarins er sú breyting gerð að tvö viðfangsefni *1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar* og *1.51 Rekstur úthlutunarnefnda* eru sameinuð viðfangsefni *1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar*. Alls gerir frumvarpið ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður greiði 338 m.kr. af rekstrarkostnaði Vinnumálastofnunar og er það hækkun um 10 m.kr. frá fyrra ári.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Atvinnuleysisbætur	2.191,0	6.285,0	7.340,0	16,8	235,0
Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	68,7	71,0	357,0	402,8	419,7
Svæðisvinnumiðl. Vinnumálastofnunar rekstrarhl.	181,2	187,0	0,0	-100,0	-100,0
Styrkir til fiskvinnslustöðva	245,0	295,0	324,0	9,8	32,2
Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	70,2	112,0	112,0	0,0	59,5
Framlög og styrkir	146,6	175,0	150,0	-14,3	2,3
Starfsmenntasjóður	61,0	60,0	60,0	0,0	-1,6
Rekstur úthlutunarnefnda	69,3	70,0	0,0	-100,0	-100,0
Vaxtatekjur	-1.317,3	-1.260,0	-1.530,0	21,4	16,1
Samtals	1.715,7	5.995,0	6.813,0	13,6	297,1

987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga. Lagt er til að útgjaldaheimild sjóðsins lækki um 10 m.kr. vegna lægri vaxtatekna. Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins verði alfarið fjármögnuð af sértekjum.

989 Fæðingarorlof. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að gjöld sjóðsins á næsta ári verði 11.026 m.kr. en eru í fjárlögum þessa árs áætluð 8.789 m.kr. Hækkunin milli ára nemur 2.237 m.kr. Í fyrsta lagi er farið fram á 310 m.kr. hækkun fjárheimildar í samræmi við breytingar sem gerðar voru á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, sbr. lög nr. 74/2008. Með þeim lögum var gerð breyting á viðmiðunartímabili launa sem lagt er til grundvallar greiðslum í fæðingarorlofi. Í stað þess að leggja til grundvallar tvö almanaksár fyrir fæðingarár barns er miðað við 12 mánaða samfellt tímabili sem lýkur sex mánuðum fyrir fæðingardag barns. Alls er gert ráð fyrir að þessi breyting auki útgjöld sjóðsins um 300 m.kr. Þá er reiknað með að útgjöld aukist um 10 m.kr. vegna ákvæðis er tryggir námsmönnum í fjarnámi rétt til fæðingarstyrks óháð búsetu þeirra. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 1.026 m.kr. aukningu greiðslna í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um þróun útgjalda það sem af er árinu 2008. Síðast liðin tvö ár hefur orðið umtalsverð fjölgun fæðinga. Þannig hafa undanfarna 12 mánuði fæðst hér á landi um 4.800 börn sem er fjölgun um 300 – 400 börn ef miðað er við árin 2003 – 2005. Í forsendum útgjalda sjóðsins hefur ekki verið gert ráð fyrir slíkri fjölgun fæðinga. Samanburður milli fyrstu sex mánaða ársins 2007 og 2008 sýnir að foreldrum sem taka fæðingar-

orlof hefur fjölgað um rúm 7%. Í frumvarpi til fjáráukalaga 2008 er farið fram á 700 m.kr. viðbótarfjárheimild til Fæðingarorlofsjóðs af þessum sökum. Loks er gert ráð fyrir að greiðslur úr sjóðnum aukist um 900 m.kr. vegna áhrifa af launabreytingum milli ára þar sem bætur í fæðingarorlofi eru hlutfall af tekjum einstaklinga.

Almannatryggingar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 821 Tryggingastofnun ríkisins; 825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð; 827 Lífeyristryggingar og 831 Eftirlaunasjóður aldraðra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Tryggingastofnun ríkisins	1.194,6	853,2	1.002,0	17,4	-16,1
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	6.861,0	8.065,0	9.689,0	20,1	41,2
Lífeyristryggingar	38.438,1	45.030,0	53.854,0	19,6	40,1
Eftirlaunasjóður aldraðra	86,7	72,3	57,3	-20,7	-33,9
Samtals	46.580,4	54.020,5	64.602,3	19,6	38,7

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins verður samkvæmt frumvarpinu 64.602,3 m.kr. og hækkar um 10.581,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar sem eru 5.687,5 m.kr. nemur hækkunin 4.894,3 m.kr.

821 Tryggingastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir að heildargjöld aukist um 27 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkunir. Framlög til rekstrar hækka um 44 m.kr. en framlög til stofnkostnaðar lækka um 17 m.kr. Hækkun á framlögum til rekstrar skýrist af tveimur tilefnum: Annars vegar er farið fram á 24 m.kr. til að fylgja eftir aðgerðum sem miða að því að draga úr of- og vangreiðslum almannatrygginga. Í fjárlögum 2008 var gert ráð fyrir 35 m.kr. í þessu skyni. Alls verður því varið til þessa verkefni 59 m.kr. Hins vegar er lagt til að veitt verði 20 m.kr. tímabundið framlag til verkefnis er miðar að því að bæta þjónustuvef og aðgang almennings að þjónustu stofnunarinnar. Verkefni þetta tengist framkvæmd stefnu um Íslenska upplýsingasamfélagið 2008-2012. Lækkun stofnkostnaðar um 17 m.kr. skýrist með því að felld er niður tímabundin heimild sem veitt var til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins.

825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Útgjöld bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eru áætluð 9.689 m.kr. á næsta ári og hækka um 1.624 m.kr. frá fjárlögum 2008. Í fyrsta lagi er lögð til 174 m.kr. hækkun í samræmi við breytingar sem gerðar voru á ákvæðum laga um almannatryggingar í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að bæta hag elli- og örorkulífeyrisþega. Sjá nánar í

skýringum á lið 827 *Lífeyristryggingar*. Í öðru lagi er lögð til hækkun að fjárhæð 95,1 m.kr. vegna fjölgunar bótaþega. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 506 m.kr. hækkun bóta samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar í kjölfar kjarasamninga í febrúar 2008. Loks er áætlað að útgjöldin aukist um 849 m.kr. á næsta ári vegna hækkunar á bótonum í byrjun ársins. Í samræmi við ákvæði laga um almannatryggingar er gert ráð fyrir að bæturnar hækki um 9,6% um næstu áramót með hliðsjón af þróun neysliverðs sem spáð er að verði umfram launaþróun á viðmiðunartímabilinu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mæðra- og feðralaun	303,3	319,0	367,0	15,0	21,0
Umönnunargreiðslur	1.155,4	1.193,0	1.373,0	15,1	18,8
Makabætur og umönnunarbætur	143,0	150,0	173,0	15,3	21,0
Dánarbætur	49,9	50,0	58,0	16,0	16,2
Endurhæfingarlífeyrir	1.092,0	1.564,0	1.869,0	19,5	71,2
Barnalífeyrir vegna menntunar	92,0	95,0	110,0	15,8	19,6
Heimilisuppbót	2.478,8	2.890,0	3.663,0	26,7	47,8
Frekari uppbætur	1.428,7	1.522,0	1.752,0	15,1	22,6
Uppbætur vegna bifreiðakaupa	117,9	282,0	324,0	14,9	174,8
Samtals	6.861,0	8.065,0	9.689,0	20,1	41,2

827 Lífeyristryggingar. Bætur lífeyristrygginga eru áætlaðar 53.854 m.kr. á næsta ári og hækka um 8.824 m.kr. frá fjárlögum 2008. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 1.092 m.kr. hækkun fjárheimildar með vísan til breytinga sem gerðar voru á ákvæðum laga um almannatryggingar og miðuðu að því að bæta hag elli og örorkulífeyrisþega. Með breytingum eru meðal annars tengingar við tekjur maka afnumdar, frítekjumark vegna atvinnutekna hækkað í 100 þús. kr. á mánuði, örorkulífeyrisþegar fá frítekjumark vegna lífeyrissjóðstekna, fjármagnstekjur lífeyrisþega verða með 90 þús. kr. frítekjumarki á ári og þá verða skerðingar vegna séreignarlífeyrissparnaðar afnumdar. Þá hafa tekjutengingar vegna atvinnutekna 70 ára og eldri verið afnumdar, tekjutenging á elli- lífeyrir lækkaður úr 30% í 25% og vasapeningar til þeirra sem dvelja á stofnunum verið hækkaðir. Í öðru lagi er reiknað með að útgjöld aukist um 578 m.kr. sökum fjölgunar bótaþega. Í þriðja lagi er farið fram á 2.064 m.kr. hækkun fjárheimildar í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hækkun bóta í kjölfar kjarasamninga í febrúar 2008. Í fjórða lagi er farið fram á 217 m.kr. fjárheimild til að greiða sérstaka viðbót til elli- og örorkulífeyrisþega. Þessum greiðslum sem sýndar eru á viðföngum 827-126 *Sérstök viðbót ellilífeyrisþega* og 827-127 *Sérstök viðbót örorkulífeyrisþega* er ætlað að tryggja sérstaka viðbót til þeirra sem fá greidda heimilisuppbót og hafa heildartekjur undir 150.000 kr. á mánuði að meðtöldum bóttum almannatrygginga og bóttum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Hjón og aðrir einstaklingar, sem ekki

fá greidda heimilisuppbót, eiga rétt á þessari viðbót ef heildartekjur þeirra hvors um sig er lægri fjárhæð en 128.000 kr. á mánuði. Í fimmta lagi er lagt til að liðurinn hækki um 156 m.kr. til að mæta gjaldfærslu á afskrifuðum kröfum vegna ofgreiðslu á lífeyri. Loks er áætlað að útgjöldin aukist um 4.717 m.kr. á næsta ári vegna hækkunar á bótunum í byrjun ársins. Í samræmi við ákvæði laga um almannatryggingar er gert ráð fyrir að bæturnar hækki um 9,6% um næstu áramót með hliðsjón af þróun neysluverðs þar sem spáð er að verði umfram launaþróun á viðmiðunartímabilinu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ellilífeyrir	7.829,6	8.358,0	9.703,0	16,1	23,9
Örorkulífeyrir	5.474,6	5.999,0	6.934,0	15,6	26,7
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	13.366,9	16.492,0	19.498,0	18,2	45,9
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	8.258,4	10.972,0	13.598,0	23,9	64,7
Sérstök viðbót ellilífeyrisþega	0,0	0,0	42,0	-	-
Sérstök viðbót örorkulífeyrisþega	0,0	0,0	196,0	-	-
Vasapeningar ellilífeyrisþega	360,0	412,0	492,0	19,4	36,7
Vasapeningar örorkulífeyrisþega	65,6	78,0	90,0	15,4	37,2
Örorkustyrkur	131,5	137,0	157,0	14,6	19,4
Barnalífeyrir	2.186,3	2.310,0	2.658,0	15,1	21,6
Annað	765,2	272,0	486,0	78,7	-36,5
Samtals	38.438,1	45.030,0	53.854,0	19,6	40,1

831 Eftirlaunasjóður aldraðra. Áætlað er hlutur ríkissjóðs í eftirlaunum aldraðra verði 57,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 15 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Sjóðurinn greiðir lífeyri til þeirra sem fæddir eru árið 1915 eða fyrr og njóta lítilla sem engra réttinda úr lífeyrissjóðum en bótaþegum fer fækkandi.

Málefni aldraðra

Við breytingar á lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra sem tóku gildi 1. janúar 2008 fluttist yfirstjórn öldrunarmála til félags- og tryggingamálaráðuneytis. Ráðuneytið hefur á árinu 2008 unnið ítarlega greiningu á þörfum fyrir hjúkrunarrými í samráði við sveitarfélög með það að markmiði að forgangsraða uppbyggingu hjúkrunarrýma og fækkun fjölbýla um land allt. Ríkisstjórnin kynnti í ágúst mánuði áætlun fram til ársins 2012 þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu 400 nýrra hjúkrunarrýma og fækkun fjölbýla. Í áætluninni felst það nýmæli að verulegur hluti uppbyggingarinnar verður fjármagnaður af leigu-greiðslum í stað stofnkostnaðarframlaga á fjárlögum. Við 2. umræðu fjárlaga 2008 voru eftirtaldir liðir fluttir milli félags- og tryggingamálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins: *505 Öldrunarstofnanir, almenn* og *515 Framkvæmdasjóður aldraðra*. Skipting og útfærsla fjárheimilda til rekstrar öldrunarþjónustu milli ráðuneytanna er að öðru leyti ekki lokið og er fyrirhugað að tillögur um það komi fram við 2. umræðu frumvarpsins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Öldrunarstofnanir, almennt	104,4	962,3	762,3	-20,8	630,2
Framkvæmdasjóður aldraðra	1.008,6	1.276,4	1.368,1	7,2	35,6
Samtals	1.113,0	2.238,7	2.130,4	-4,8	91,4

505 Öldrunarstofnanir, almennt. Framlag til liðarins lækkar um 200 m.kr. frá fjárlögum þessa árs og skýrist sú breyting með niðurfellingu á tímabundnum fjárheimildum. Framlög á þessum lið eru í samræmi við þá áætlun sem ríkisstjórnin hefur kynnt um uppbyggingu 400 nýrra hjúkrunarrýma.

515 Framkvæmdasjóður aldraðra. Gjöld sjóðsins samkvæmt frumvarpinu eru áætluð 1.368 m.kr. eru 1.276,4 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Sjóðurinn fær tekjur af sérstöku gjaldi, sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru og kemur það til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga hvert ár. Frumvarpið gerir ráð fyrir að gjaldið hækki úr 7.104 kr. í 7.534 kr. og er það í samræmi við hækkun byggingarvísitölu frá desember 2006 til desember 2007. Gert er ráð fyrir að gjaldendum fjölgi um 1%.

Önnur mál

Til þessa málaflokks telst fjárlagaliðurinn 999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Félagsmál, ýmis starfsemi	877,7	1.016,4	1.139,3	12,1	29,8
Samtals	877,7	1.016,4	1.139,3	12,1	29,8

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans hækkar að raungildi um 44,6 m.kr. frá gildandi Launa- og verðlagsbreytingar eru 78,3 m.kr.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um 44,6 á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkningar. Skýrist það af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi er lögð til 34,1 m.kr. hækkun á viðfangsefni *1.45 Þjónusta við blindu og sjónskerta*. Ríkisstjórnin samþykkti í nóvember 2007 að koma á fót nýrri þjónustumiðstöð fyrir blindu og sjónskerta sem heyrði undir félags- og tryggingamálaráðuneytið. Áformað er að starfsemi Sjónstöðvar Íslands og önnur verkefni er varða þjónustu við blindu og sjónskerta færast til þessarar nýju þjónustumiðstöðvar. Í öðru lagi er lagt til að viðfangsefni *999-149 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna* hækki um 25 m.kr. til aðgerða í samræmi við þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda

sem samþykkt var á Alþingi í maí 2008. Í þriðja lagi er lagt til að af liðnum flytjist 6,5 m.kr. á lið 313 *Jafnréttisstofa*, en Jafnréttisstofa hefur tekið að sér að annast umsýslu og ábyrgð á framkvæmd verkefnisins „Karlar til ábyrgðar“. Í fjórða lagi fellur niður tímabundin heimild að fjárhæð 5 m.kr. á viðfangsefni 1.47 *Félagsþjónusta við nýbúa*. Þá skýra áform um hagræðingu í útgjöldum um 3 m.kr. lækun liðarins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áformuð framlög af óskiptri fjárheimild á viðfangsefninu 1.98 *Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis*.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga	10,0	11,1
Rannsóknir í vinnu- og jafnréttismálum	6,0	6,7
Sjónarhóll	15,5	17,4
Verkefnið; Karlar til ábyrgðar	6,5	
Samtökin 78	1,5	
Styrkur til verðandi kjörforeldra ættleiddra barna erlendis frá	20,0	22,5
Óráðstafað	10,7	13,7
Samtals	70,2	71,4

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.4 hér fyrir framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
07-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
07-700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	Ófyrirséð útgjöld vegna veikinda og forfalla hjá stofnunum fatlaðra.
07-700-1.90	Ýmis verkefni	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld stofnana fatlaðra.

08 Heilbrigðisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun heilbrigðisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	76.147,1	79.277,0	91.926,0	16	21
Neyslu- og rekstrartilfærslur	19.091,0	20.270,6	25.306,8	25	33
Stofnkostnaður og viðhald	2.339,2	2.276,8	2.138,6	-6	-9
Samtals	97.577,3	101.824,4	119.371,4	17	22
Greitt úr ríkissjóði	-	101.345,0	118.911,0	17	-
Innheimt af ríkistekjum	-	479,4	460,4	-4	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	101.824,4	119.371,4	17	-

Heildargjöld heilbrigðisráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 124.572 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 5.201 m.kr. en þær nema 4,2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 119.371 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 118.911 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 460 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 91.926 m.kr. og hækka um 12.649 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana sem nema 10.073 m.kr. munar mest um 524 m.kr. til sjúkrahúsa og sérstæðrar sjúkrahúspjónustu, en þar vegur þyngst 400 m.kr. til Landspítala til að styrkja rekstur hans. Þá hækka framlög til heilbrigðisstofnana um 478 m.kr. til að mæta leigugjöldum til Fasteigna ríkissjóðs í samræmi við samkomulag sem heilbrigðisráðuneytið og fjármálaráðuneytið hafa gert um tilfærslu fasteigna heilbrigðisstofnana úr umsjón ráðuneytisins til Fasteigna ríkissjóðs á árunum 2008 til 2010. Þá hækkar framlag um 240 m.kr. til að mæta veikleika í rekstri heilbrigðisstofnana. Til að styðja aldraða einstaklinga til sjálfstæðrar búsetu hækkar framlag til heimahjúkrunar um 400 m.kr. Að síðustu er gert ráð fyrir að framlag til reksturs öldrunarstofnana aukist um 733 m.kr.


Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 5.036 m.kr. og verða 25.307 m.kr. að undanskildum launa- og verðlagshækkunum sem eru 2.903 m.kr. Þyngst vegur 1.025 m.kr. hækkun á framlagi til lækniskostnaðar. Þá hækkar framlag til að mæta auknum lyfjaútgjöldum um 577 m.kr. og til að mæta vaxandi eftirspurn eftir hjálpartækjum um 392 m.kr.

Heildarfjárveiting til viðhalds- og stofnkostnaðar er áætluð um 2.139 m.kr. og lækkar um 138 m.kr. frá fjárlögum þessa árs, þar af skýrir lækkun á viðhaldsliðum heilsugæslu-

stöðva og heilbrigðisstofnana 105 m.kr. vegna flutnings á umsjón með fasteignum í eigu ríkisins frá heilbrigðisráðuneyti yfir til Fasteigna ríkissjóðs. Þá er felld niður tímabundið 20 m.kr. framlag í fjárlögum 2008 sem flýta átti byggingu hjúkrunardeildar og sjúkrahjálfunaradstöðu á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Heilbrigðisráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við sveitarfélög, sjálfseignastofnanir og ýmis sjálfstætt starfandi félög og samtök um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 7.808 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til 9% af heildarrekrargjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu, en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í tilteknum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 8,9% af heildarrekrargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjú flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem heilbrigðisráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru allir merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 7.808 m.kr. á yfirstandandi ári. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 8.850 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	A	155,8	179,6	179,6	179,6	179,6
Samningur um sjúkrahjálfun fyrir fatlaða	A	39,4	49,3	49,3	49,3	49,3
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	A	602,2	679,7	679,7	679,7	679,7
Leitarstöð Krabbameinsfélags Ísl., forvarnir	A	310,0	335,2	335,2	335,2	335,2
Hjartavernd, hóprannsóknir	A	59,8	66,2	66,2	66,2	66,2
Víðines, Reykjavík	A	233,8	267,5	267,5	267,5	267,5
Akureyrarbær, rekstur hjúkrunarþjónustu	A	1.270,0	1.451,5	1.451,5	1.451,5	1.451,5
Sveitarf. Hornafjörður, rekstur hjúkrunarþj.	A	213,2	243,6	243,6	243,6	243,6
Vífilsstaðir, Garðabæ	A	324,8	371,4	371,4	371,4	371,4
Öldungur hf., rekstur hjúkrunarþjónustu	A	894,5	1.008,5	1.008,5	1.008,5	1.008,5
Sjúkrahótel	A	81,9	92,3	92,3	92,3	92,3
Reykjalundur	A	1.236,9	1.384,4	1.384,4	1.384,4	1.384,4
Hlein	A	98,8	112,0	112,0	112,0	112,0
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði, endurhæfing	A	500,4	566,6	566,6	566,6	566,6
Læknavaktin ehf., vaktþjónusta	A	246,4	280,5	280,5	280,5	280,5
Sjúkraflutningar á Akureyri	A	56,0	70,0	70,0	70,0	70,0
Sjúkraflutningar á Suðurnesjum	A	50,9	70,0	70,0	70,0	70,0
Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu	A	383,0	390,6	390,6	390,6	390,6
RKÍ, öflun bifreiða/búnaðar til sjúkraflutn.	A	115,7	132,9	132,9	132,9	132,9
Mýflug - sjúkraflug á Norðursvæði	A	97,6	102,9	102,9	102,9	102,9
Flugfélag Vestmannaeyja - sjúkrafl. til Vestm. ...	A	29,6	31,2	31,2	31,2	31,2
Akureyrarbær, rekstur heilsugæslu	A	438,2	502,9	502,9	502,9	502,9
Heilsugæslustöðin í Salahverfi Kópavogi	A	197,4	258,7	258,7	258,7	258,7
Heilbrigðisst. Suð-Austurl., rekstur heilbrþj.	A	171,3	201,4	201,4	201,4	201,4
Samtals		7.807,6	8.848,9	8.848,9	8.848,9	8.848,9

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa; 199 Rádstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	513,4	491,0	564,9	15,1	10,0
Rádstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	0,0
Samtals	513,4	499,0	572,9	14,8	11,6

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 27,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

101 Heilbrigðisráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 564,9 m.kr. og aukist um 27,5 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkunir. Skýrist sú hækkun af tillögu um 20 m.kr. framlag til að efla starf aðalskrifstofu og að auki gengur til baka 7,5 m.kr. hagræðingarkrafa í fjárlögum yfirstandandi árs.

Tryggingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Sjúkratryggingastofnun; 206 Sjúkratryggingar; 208 Slysatryggingar og 209 Sjúklingatrygging.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkratryggingastofnun	0,0	374,9	514,8	37,3	0,0
Sjúkratryggingar	17.694,4	18.561,0	23.641,0	27,4	33,6
Slysatryggingar	545,2	638,9	577,9	-9,5	6,0
Sjúklingatrygging	79,3	190,1	120,1	-36,8	51,5
Samtals	18.318,9	19.764,9	24.853,8	25,7	35,7

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 2.231,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar er að finna í stærstu útgjaldaliðum sjúkratrygginga. Framlag til lækniskostnaðar hækkar um 1.025,1 m.kr., til lyfja um 577,1 m.kr. og framlag til hjálpartækja er aukið um 391,7 m.kr.

202 Sjúkratryggingastofnun. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld hækki um 112,5 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Fyrir er 374,9 m.kr. fjárveiting sem byggir á upp-skiptingu á rekstrargjöldum Tryggingastofnunar ríkisins frá í október 2007 í samræmi við hugmyndir sem þá lágu fyrir um flutning verkefna frá heilbrigðisráðuneyti yfir til félags- og tryggingamálaráðuneytis. Raunhækkun rekstrargjalda er einkum ætluð til að styrkja hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu, með því að setja á fót nýja sjúkratryggingarstofnun. Það er í samræmi við megintilgang laga um sjúkratryggingar sem samþykkt voru á Alþingi 10. september sl.

206 Sjúkratryggingar. Heildarútgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 23.641 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 2.250,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er lögð til samtals 1.025,1 m.kr. hækkun framlags til lækniskostnaðar. Skýrist það af nokkrum tilefnum. Gerð er tillaga um 482,6 m.kr. hækkun til að mæta kostnaði við samninga sem gerðir voru við sérgreinalækna á árinu 2008, þar af eru 70 m.kr. vegna samnings við hjartalækna; 178,5 m.kr. eru fluttar frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vegna samnings við sjálfstætt starfandi heimilislækna; til að mæta auknum endurgreiðslum til sjúklinga vegna sjúkrakostnaðar í kjölfar útgáfu Tryggingastofnunar ríkisins á rafrænum afsláttarkortum eru ætlaðar 107 m.kr.; þá eru

lagðar til 102 m.kr. til að mæta aukinni þjónustu í samræmi við langtímaáætlun vegna fjölgunar þjóðarinnar og vegna nýjunga í læknavísindum; lagt er til að 100 m.kr. verði varið til að vinna á biðlistum aldraðra eftir augnsteinaaðgerðum og til að svæfa börn hjá tannlæknum; þá er 40 m.kr. framlag til að stytta biðtíma eftir bæklunaraðgerðum á sjúkrahúsum eða hjá sjálfstætt starfandi bæklunarlæknum. Að síðustu er gerð tillaga um 15 m.kr. hækkun á framlagi læknskostnaðar til kaupa á samningsbundinni þjónustu af sjálfstætt starfandi sérfræðingum á sviði geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni, en það er til viðbótar 20 m.kr. frá fyrra ári. Í öðru lagi er gerð tillaga um 577,1 m.kr. hækkun framlags til að mæta lyfjaútgjöldum, en það jafngildir 7% aukningu frá gildandi fjárlögum. Í þriðja lagi er lagt til að framlag til hjálpartækja hækki um 391,7 m.kr. Í fjórða lagi er gerð tillaga um samtals 194,3 m.kr. hækkun á framlagi til þjálfunar, þar af eru 44,3 m.kr. í samræmi við forsendur langtímaáætlunar og 150 m.kr. til að fylgja eftir tillögum örorkumatsnefndar um stórauðna endurhæfingu og nýtt matskerfi örorku og starfsgetu. Í fimmta lagi er í samræmi við forsendur langtímaáætlunar gerð tillaga um 2,4% aukningu á framlagi til eftirfarandi útgjaldaliða: til tannlækninga verður aukningin 33,9 m.kr., til heimahjúkrunar hækkar framlag um 2,3 m.kr. og viðfangsefnið *1.91 Annað* hækkar um 3,3 m.kr. en það felur m.a. í sér kostnað við fæðingar í heimahúsum. Á aðra liði sjúkratrygginga er lögð til 1% hækkun framlags samkvæmt forsendum langtímaáætlunar eða samtals 22,6 m.kr., það er til brynnar meðferðar erlendis, á sjúkrakostnað vegna veikinda og slysa erlendis, á sjúkraflutninga og ferðir innanlands og sjúkradagpeninga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Læknskostnaður	4.125,1	4.235,0	5.485,0	29,5	33,0
Lyf	7.054,6	7.266,0	9.735,0	34,0	38,0
Hjálpartæki	2.005,8	2.145,0	2.754,0	28,4	37,3
Hjúkrun í heimahúsum	110,2	114,0	123,0	7,9	11,6
Þjálfun	1.561,4	1.853,0	2.164,0	16,8	38,6
Tannlækningar	1.273,6	1.424,0	1.541,0	8,2	21,0
Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	273,4	290,0	310,0	6,9	13,4
Brýn meðferð erlendis	807,0	747,0	955,0	27,8	18,3
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	91,1	123,0	168,0	36,6	84,4
Sjúkradagpeningar	190,1	211,0	243,0	15,2	27,8
Annað	202,1	153,0	163,0	6,5	-19,3
Samtals	17.694,4	18.561,0	23.641,0	27,4	33,6

208 Slysatryggingar. Gert er ráð fyrir að útgjöld slysatrygginga verði 577,9 m.kr. á næsta ári, en það jafngildir 61 m.kr. lækkun frá fjárlögum þessa árs. Á viðfangsefni *1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna* er lögð til 75 m.kr. lækkun útgjalda þar sem útgerðarmenn beina viðskiptum sínum í auknum mæli til sjálfstætt starfandi tryggingafélaga. Á

móti þeirri lækkun hækkar framlag á viðfangsefni 1.15 *Bætur til framfærslu* um 14 m.kr. en það er í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um 4% hækkun bóta frá 1. janúar 2008 í kjölfar kjarasamninga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	142,9	137,9	137,9	0,0	-3,5
Bætur til framfærslu	273,4	310,0	324,0	4,5	18,5
Kaup og aflahlutur sjómanna	56,6	125,0	50,0	-60,0	-11,7
Stjórnunarkostnaður	72,3	66,0	66,0	0,0	-8,7
Samtals	545,2	638,9	577,9	-9,5	6,0

209 Sjúklingatrygging. Útgjöld sjúklingatryggingar eru áætluð 120,1 m.kr. á næsta ári, en það jafngildir um 70 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Útgjöldin voru 11,6 m.kr. árið 2003 og 79,3 m.kr. 2007. Reiknað er með að útgjöldin verði um 120 m.kr. á árunum 2008 og 2009.

Sjúkrahús og sérstæð sjúkrahúspjónusta

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 358 Sjúkrahúsið á Akureyri; 373 Landspítali; 376 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans; 379 Sjúkrahús óskipt; 383 Sjúkrahótel; 384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn; 386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna og 388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkrahúsið á Akureyri	3.974,4	3.941,0	4.438,0	12,6	11,7
Landspítali	33.095,6	33.209,5	37.811,0	13,9	14,2
Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans	284,7	800,0	800,0	0,0	181,0
Sjúkrahús, óskipt	33,9	228,9	253,9	10,9	649,0
Sjúkrahótel	78,4	81,9	92,3	12,7	17,7
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	112,3	111,2	126,7	13,9	12,8
Vistun ósakhæfra afbrotamanna	200,6	193,4	219,7	13,6	9,5
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	657,2	602,2	679,7	12,9	3,4
Samtals	38.437,1	39.168,1	44.421,3	13,4	15,6

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 44.421,3 m.kr. og hækkar um 523,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helsta breytingin er að gert er ráð fyrir 400 m.kr. framlagi til að styrkja rekstur Landspítala.

- 358 Sjúkrahúsið á Akureyri.** Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld sjúkrahússins 4.438 m.kr. og aukast um 15 m.kr. að raungildi sem ætlað er til reksturs líknardeildar. Þá er í frumvarpinu lögð til breytt ráðstöfun framkvæmdafjár sem felur í sér að framlag til nýbyggingar lækkar um 33 m.kr. Þar sem framkvæmdum við Suðurálmú er nú lokið, en lögð er til samsvarandi hækkun á framlagi til viðhalds sjúkrahússins. Jafnframt er gert ráð fyrir að 10 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til fjögurra ára í fjárlögum 2005 og ganga átti upp í kaup eða rekstrarleigu á segulómtæki sé áfram til ráðstöfunar á tækja- og búnaðarlið sjúkrahússins.
- 373 Landspítali.** Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld spítalans 37.811 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 483,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Farið er fram á 400 m.kr. framlag til styrktar núverandi starfsemi Landspítalans. Enn fremur er lagt til samtals 30 m.kr. framlag til að efla geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni í samræmi við aðgerðaráætlun heilbrigðisráðherra, þar af eru 24 m.kr. til að stytta bið eftir meðferð á barna- og unglिंगageðdeild, og 6 m.kr. til að efla ráðgjafahlutverk deildarinnar. Með tillögunni nú er verið að tvöfalda fjárframlag er miðar að því að stytta bið eftir þjónustu barna- og unglिंगageðdeildar jafnframt því að tryggja fullt starf fræðslustjóra á BUGL til þess m.a. að styrkja ráðgjafahlutverk deildarinnar á landsbyggðinni. Í fjárukalögum 2007 og í fjárlögum 2008 var samsvarandi fjárveiting til barna- og unglिंगageðdeildar. Þá er lagt til að flytja 25 m.kr. framlag frá Landspítala yfir til félags- og tryggingamálaráðuneytis með vísan til samkomulags frá í febrúar 2007 um flutning verkefna á sviði þjónustu við geðfatlað fólk. Gerð er tillaga um 17 m.kr. framlag til sérstakrar öndunaráætlun meðferðar. Á árinu 2007 var tekin ákvörðun um að hefja langtíma öndunaráætlun meðferð á spítalanum, en kostnaður við slíka meðferð er áætlaður um 23 m.kr. á ári til viðbótar við 6 m.kr. eldra framlag. Þá er gerð tillaga um 15 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við aðgerðir gegn hjartsláttaróreglu, en fyrir er 4 m.kr. fjárveiting í fjárlögum þessa árs til slíkra aðgerða. Lögð er til 14 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs dag- og göngudeilda fyrir átröskunarsjúklinga. Framlagið er til viðbótar 16 m.kr. sem veitt hefur verið árlega til verkefnisins frá árinu 2005. Þá er óskað er eftir 14 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta hluta kostnaðar Landspítala af samningi við háskólasjúkrahús í Boston, um framhaldsmenntun í bráðahjúkrun og bráðalækningum. Að síðustu er gerð tillaga um 10 m.kr. hækkun framlags til að mæta kostnaði vegna breytinga á lögum og reglugerðum til innleiðingar EES-reglna um blóðbankaþjónustu.
- 379 Sjúkrahús, óskipt.** Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld liðarins nemi 253,9 m.kr. á næsta ári. Það jafngildir 25 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og er ætlað til að mæta kostnaði við samninga á sviði endurhæfingar við sjálfstætt starfandi rekstraradila innan heilbrigðisþjónustunnar.

Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnafloks: 401 Öldrunarstofnanir, almennt; 460 Dvalarrými aldraðra, önnur; 477 Dagvistun aldraðra, aðrar svo og fjárlagaliðir einstakra dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarrýma og endurhæfingarstofnana.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Öldrunarstofnanir	15.402,0	16.915,3	20.051,7	18,5	30,2
Endurhæfingarstofnanir	2.355,2	2.371,2	2.666,9	12,5	13,2
Samtals	17.757,2	19.286,5	22.718,6	17,8	27,9

Heildarfjárveiting til málefnafloksins hækkar um 718 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

Við breytingar á lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra sem tóku gildi 1. janúar 2008 fluttist yfirstjórn öldrunarmála frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamála-ráðuneytis. Skiptingu og útfærslu fjárheimilda til rekstrar öldrunarþjónustu milli ráðuneytanna er ekki lokið og er fyrirhugað að tillögur um það komi fram við 2. umræðu frumvarpsins.

401 Öldrunarstofnanir, almennt. Gert er ráð fyrir að útgjöld liðarins aukist um 733 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkunir. Skýrist það af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 480 m.kr. framlagi til reksturs nýrra hjúkrunarrýma samkvæmt samkomulagi við samtök aldraðra frá 2006. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 253 m.kr. framlagi sem ætlað m.a. fyrir ný og aukin verkefni og til að koma til móts við fjárförf öldrunarstofnana.

474 Dagvist og endurhæfingarmiðstöð MS sjúklinga. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 88 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 14 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin stafar af niðurfellingu á tímabundnu framlagi í fjárlögum 2008 til að byggja við húsnæði heimilisins.

Heildarframlög til dvalar- og hjúkrunarrýma ásamt dagvist eru 16.515 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld ársins 2009 verði 20.052 m.kr. sem jafngildir 718 m.kr. raunaukningu milli ára.

Sundurliðun fjárveitinga á öldrunarheimili landsins sem falla undir fjárlagaliði 401 - 477 er sýnd í töflunni hér á eftir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Öldrunarstofnanir, almennt	251,5	942,0	1.825,6	93,8	625,9
Hrafnista, Reykjavík	1.607,2	1.841,3	2.104,8	14,3	31,0
Hrafnista, Hafnarfirði	1.163,2	1.237,7	1.414,9	14,3	21,6
Grund, Reykjavík	1.249,9	1.303,5	1.490,4	14,3	19,2
Sunnuhlíð, Kópavogi	499,3	497,0	568,2	14,3	13,8
Hjúkrunarheimilið Skjól	711,6	702,4	803,3	14,4	12,9
Hjúkrunarheimilið Eir	1.178,8	1.176,5	1.345,3	14,3	14,1
Garðvangur, Garði	257,1	253,3	289,6	14,3	12,6
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	559,0	556,3	635,9	14,3	13,8
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	571,0	541,3	619,1	14,4	8,4
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	197,4	211,3	241,5	14,3	22,3
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	126,7	139,1	158,9	14,2	25,4
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	148,4	166,8	190,6	14,3	28,4
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	81,1	95,5	109,1	14,2	34,5
Seljahlíð, Reykjavík	175,9	180,9	207,0	14,4	17,7
Viðines	235,9	233,8	267,5	14,4	13,4
Höfði, Akranesi	380,0	397,7	454,4	14,3	19,6
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	206,0	223,4	255,2	14,2	23,9
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	86,3	86,8	99,2	14,3	14,9
Fellaskjól, Grundarfirði	64,8	78,6	89,9	14,4	38,7
Jaðar, Ólafsvík	63,0	71,8	82,1	14,3	30,3
Fellsendi, Búðardal	110,1	168,1	192,2	14,3	74,6
Barmahlíð, Reykhólum	84,4	89,1	102,0	14,5	20,9
Dalbær, Dalvík	219,0	210,5	240,6	14,3	9,9
Samn. við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	1.159,9	1.270,0	1.451,5	14,3	25,1
Uppsalar, Fáskrúðsfirði	120,4	116,9	133,7	14,4	11,0
Samn. við Sveitarf. Hornafj. um öldrunarþjón.	211,3	213,2	243,6	14,3	15,3
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	100,6	121,6	139,0	14,3	38,2
Hjallatún, Vík	85,2	85,0	97,2	14,4	14,1
Kumbaravogur, Stokkseyri	259,7	291,4	333,2	14,3	28,3
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	502,2	579,6	661,5	14,1	31,7
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	226,6	235,2	268,7	14,2	18,6
Holtsbúð, Garðabæ	248,4	272,1	311,1	14,3	25,2
Vífilsstaðir, Garðabæ	338,9	324,8	371,4	14,3	9,6
Sóltún, Reykjavík	909,8	894,5	1.008,5	12,7	10,8
Dvalarrými aldraðra, önnur	485,7	553,5	631,4	14,1	30,0
Vesturhlíð, Reykjavík	6,8	13,0	14,9	14,6	119,1
Hlíðabær, Reykjavík	45,7	42,5	48,5	14,1	6,1
Lindargata, Reykjavík	40,4	39,5	45,1	14,2	11,6
Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	77,9	92,1	88,0	-4,5	13,0
Múlabær, Reykjavík	66,2	59,9	68,3	14,0	3,2
Friðuhús, Reykjavík	34,1	32,0	36,5	14,1	7,0
Dagvistun aldraðra, aðrar	254,6	273,8	312,3	14,1	22,7
Samtals	15.402,0	16.915,3	20.051,7	18,5	30,2

Á eftirfarandi yfirliti er sundurliðun fjárveitinga til endurhæfingarstofnana sem falla undir fjárlagaliði 478-494.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vistheimilið Bjarg	47,8	49,2	56,0	13,8	17,2
Hlaðgerðarkot	75,8	78,3	86,5	10,5	14,1
Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.262,5	1.236,9	1.384,4	11,9	9,7
Heilsustofnun Náttúruvæðingafélag Íslands	477,0	500,4	566,6	13,2	18,8
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstöð	395,8	407,6	461,4	13,2	16,6
Hlein	96,3	98,8	112,0	13,4	16,3
Samtals	2.355,2	2.371,2	2.666,9	12,5	13,2

Heildarframlög til endurhæfingarstofnana eru 2.371 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld ársins 2009 verði 2.667 m.kr.

Heilsugæsla

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 500 Heilsugæslustöðvar, almennt; 501 Sjúkraflutningar. Fjárlagaliðirnir 506-588 eru liðir einstakra heilsugæslustöðva án starfstengsla við sjúkrahús. Um áramótin sameinast heilsugæslustöðvar á Vesturlandi í eina stofnun, Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Liðirnir 522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi, 524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík, 525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði og 526 Heilsugæslustöðin Búðardal falla niður og sameinast undir liðnum 716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Jafnframt falla liðirnir 551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði og 552 Heilsugæslustöðin Dalvík niður og sameinast undir liðnum 756 Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilsugæslustöðvar, almennt	62,0	894,3	1.143,5	27,9	1.744,4
Sjúkraflutningar	693,4	739,3	824,1	11,5	18,8
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	4.495,2	4.262,3	4.711,0	10,5	4,8
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	141,5	141,5	158,0	11,7	11,7
Læknavaktin	247,6	246,4	280,5	13,8	13,3
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	444,6	438,2	502,9	14,8	13,1
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	181,3	220,6	284,1	28,8	56,7
Samtals	6.265,6	6.942,6	7.904,1	13,8	26,2

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 194,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að framlag til heimahjúkrunar hækki um 400 m.kr. til að styðja aldraða ein-

staklinga til sjálfstæðrar búsetu. Á móti kemur að 500,3 m.kr. eru færðar af málefnaflokki heilsugæslustöðva til heilbrigðisstofnana vegna ofangreindra sameininga, sem skiptist þannig að til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands færast 353,9 m.kr. og 146,4 m.kr. færast til Heilbrigðisstofnunarinnar Dalvíkur- og Fjallabyggð.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um 241,9 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkunir. Hækkun rekstrargjalda skýrist í fyrsta lagi af 400 m.kr. framlagi til að styðja aldraða einstaklinga til sjálfstæðrar búsetu þrátt fyrir veikindi og minnkaða færni með því að efla hjúkrun í heimahúsum og heimaaðhlyningu. Framlagið er í samræmi við samkomulag við eldri borgara frá miðju ári 2006. Í öðru lagi hækkar liðurinn um 22 m.kr. til greiðslu á húsaleigu fyrir nýja heilsugæslustöð í Árbæjarhverfi. Í þriðja lagi er lögð til 10 m.kr. hækkun til að efla geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar og styrkja þannig grunnþjónustu í greiningu og meðferð vægari tilfella. á móti lækkar liðurinn um samtals 151,3 m.kr. sem færðar hafa verið til annarra fjárlagaliða innan þessa málaflokks og til heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana. Nánari grein er gerð fyrir þeim tillögum undir viðkomandi liðum. Þá lækkar liðurinn um 7 m.kr. vegna niðurfellingar á tímabundnu framlagi Íslenska upplýsingasamfélagsins í fjárlögum 2008 vegna verkefnis um rafræn samskipti milli notenda og heilsugæslustöðva. Þá er felld niður 31,8 m.kr. fjárveiting á viðhaldslið heilsugæslustöðva, vegna samkomulags heilbrigðisráðuneytis og fjármálaráðuneytis um tilfærslu fasteigna heilbrigðisstofnana úr umsjón heilbrigðisráðuneytisins til Fasteigna ríkissjóðs. Í þessu felst að Fasteignir ríkissjóðs munu eftirleiðis sjá um viðhald á viðkomandi eignum ríkisins gegn leigugreiðslu af hálfu heilbrigðisstofnana.

501 Sjúkraflutningar. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 824,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 60 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Samkvæmt frumvarpinu hækkar viðfangsefni 1.11 *Sjúkraflutningar* um 50 m.kr. til að gera nýja samninga um sjúkraflutninga. Á viðfangsefni 1.12 *Útveggun og rekstur sjúkrabifreiða* er lögð til 10 m.kr. hækkun til að endurskoða samning við Rauða kross Íslands um útveggun og rekstur bifreiða og tækjabúnaðar til sjúkraflutninga.

506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld 4.711 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 65,3 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er lagt til að 72 m.kr. verði fluttar af lið 500 *Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu. Í öðru lagi er lagt til að 10 m.kr. verði varið til eflingar Miðstöðvar heilsuverndar barna í samræmi við aðgerðaáætlun í þágu barna og ungmenna. Verkefnið er liður í því að fylgja eftir þingsályktun um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Í fjárukalögum 2007 voru veittar 10 m.kr. til þessa verkefnis, en 20 m.kr. í

fjárlögum ársins 2008. Í þriðja lagi er lagt til að 15,3 m.kr. verði fluttar af lið 500 *Heilsugæslustöðvar, almennt* til að standa undir launum lækna í starfsnámi á kandidátsári í heilsugæslunni. Í fjórða lagi er lögð til 10 m.kr. tímabundin hækkun framlags í eitt ár frá Íslenska upplýsingasamfélaginu til verkefnis sem miðar að því að auka aðgengi að heilsugæslunni með rafrænum hætti. Þá er í fimmta lagi lögð til 10 m.kr. tímabundin hækkun á liðnum til ársins 2011 til að halda áfram að veita hópi heyrnarlausra nemenda sem urðu fyrir ofbeldi í heimavist Heyrnleysingjaskóla Íslands á sínum tíma og fjölskyldum þeirra geðheilbrigðisþjónustu, en á þessu ári var veitt 10 m.kr. tímabundin fjárveiting til verkefnisins. Að lokum lagt til að 7,4 m.kr. verði fluttar af lið 500 *Heilsugæslustöðvar, almennt* til að veita sérhæfða umfangsmikla heimahjúkrun til einstaklinga sem þurfa mikla umönnun heima. Á móti kemur 180 m.kr. lækkun framlags vegna flutnings á umsjón með greiðslum samnings við sjálfstætt starfandi heimilislækna frá heilsugæslunni til Sjúkratryggingastofnunar frá næstu áramótum.

517 Læknavaktin. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 280,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 11,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist af 11,9 m.kr. hækkun framlags til að mæta kostnaði við aukinn fjölda koma samkvæmt samningi.

553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 502,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 17,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist af millifærslu fjárframlaga af 500 *Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla kvöld-, nætur- og helgarþjónustu í heimahjúkrun og iðjuþjálfun í heimahúsum samanber þjónustusamning við Akureyrarbæ.

588 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 284,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 40 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Samkvæmt þjónustusamningi við heilsugæslustöðina eru greiðslur m.a. miðaðar við fjölda skráðra einstaklinga á stöðina sem fjölgar mikið á milli ára vegna ört stækkandi þjónustusvæðis stöðvarinnar.

Heilbrigðisstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 700 Heilbrigðisstofnanir og liðirnir 711–795 sem eru fjárlagaliðir einstakra heilbrigðisstofnana. Nokkrar breytingar verða á einstaka fjárlagaliðum vegna sameiningar stofnana. Í fyrsta lagi fellur liðurinn 715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi niður og sameinast undir nýjum lið 716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands ásamt heilsugæslustöðvum á Vesturlandi. Í öðru lagi falla fjárlagaliðirnir 725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ og 731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík

Bolungarvík niður og sameinast í eina stofnun undir nýjum fjárlagalið 726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Í þriðja lagi falla fjárlagaliðirnir 745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og 751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki niður og ný stofnun 746 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki verður til. Í fjórða lagi fellur fjárlagaliðurinn 755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði niður og sameinast undir nýjum fjárlagalið 756 Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð ásamt heilsugæslustöðvunum í Ólafsfirði og Dalvík.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðisstofnanir	727,9	543,0	690,0	27,1	-5,2
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	1.395,7	1.414,6	1.585,8	12,1	13,6
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	716,3	700,8	841,5	20,1	17,5
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	223,0	234,1	283,1	20,9	27,0
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	772,4	909,7	1.090,8	19,9	41,2
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	153,3	133,9	158,1	18,1	3,1
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	255,9	248,7	299,1	20,3	16,9
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki	1.133,5	1.142,4	1.379,1	20,7	21,7
Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð	490,5	516,0	596,6	15,6	21,6
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	849,7	814,3	967,1	18,8	13,8
Heilbrigðisstofnun Austurlands	1.801,2	1.647,3	1.962,2	19,1	8,9
Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands	169,0	171,3	201,4	17,6	19,2
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	623,4	618,5	713,3	15,3	14,4
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	1.630,2	1.751,1	1.986,8	13,5	21,9
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	1.405,4	1.477,7	1.708,4	15,6	21,6
St. Jósefsspítali, Sólvangur	1.346,5	1.270,1	1.438,5	13,3	6,8
Samtals	13.693,9	13.593,5	15.901,8	17,0	16,1

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1.118,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Við sameiningu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni færast 500,3 m.kr. fjárframlög frá fyrrum heilsugæslustöðvum sem störfuðu án tengsla við sjúkrahús til viðeigandi heilbrigðisstofnana. Fjárhæðin skiptist þannig að til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands færast 353,9 m.kr. og 146,4 m.kr. til Heilbrigðisstofnunarinnar Dalvíkur- og Fjallabyggð. Helstu breytingar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana eru þær að gert er ráð fyrir að framlag til heilbrigðisstofnana hækki um 240,4 m.kr. í samræmi við endurskoðun á reiknilíkani. Þá hækka framlög til heilbrigðisstofnana um 478 m.kr. til að mæta leigugjöldum til Fasteigna ríkissjóðs, sem taka við umsjón og viðhaldi fasteigna heilbrigðisstofnana á árunum 2008, 2009 og 2010. Á móti falla niður samtals 114,8 m.kr. sem ætlaðar eru til greiðslu fasteignagjalda og viðhaldsframkvæmda.

700 Heilbrigðisstofnanir. Farið er fram á að fjárheimildi til rekstrargjalda aukist um 240,4 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkunar og til viðhalds- og stofnkostnaðar lækki um 93,4 m.kr. Skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi hækkar liðurinn um 240,4 m.kr. til að endurskoða reiknilíkan um fjárveitingar til heilbrigðisstofnana. Í öðru lagi fellur 73,4 m.kr. fjárveiting til viðhaldsframkvæmda niður, vegna fyrrgreinds samnings heilbrigðisráðuneytis við fjármálaráðuneytið um flutning á umsjón með fasteignum heilbrigðisstofnana til Fasteigna ríkissjóðs. Í þriðja lagi fellur niður 20 m.kr. tímabundið framlag til stofnkostnaðar í fjárlögum þessa árs. Framlagið var til að flýta viðbyggingu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.585,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 2,5 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist af 2,5 m.kr. framlagi til eflingar geðheilbrigðisþjónustu, en stofnunin er í samstarfi um eflingu á endurhæfingarúrræði fyrir geðfatlaða á Akranesi.

716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nýrrar stofnunar nemi samtals 841,5 m.kr., en fjárheimildir af fjárlagaliðunum, 522 *Heilsugæslustöðin Borgarnesi*, 524 *Heilsugæslustöðin Ólafsvík*, 525 *Heilsugæslustöðin Grundarfirði*, 526 *Heilsugæslustöðin Búðardal* og 716 *St. Franciskusspítali, Stykkishólmi* eru færðar á þennan lið, samtals 700,8 m.kr. Hækkun rekstrargjalda jafngildir 49,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist af leigugjöldum að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs í samræmi við samning þar um.

721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði. Lagt er til að fjárheimild vegna rekstrargjalda nemi um 283,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 15,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist af leigugjöldum að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs í samræmi við samning þar um.

726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nýrrar stofnunar nemi samtals 1.090,8 m.kr., en fjárheimildir af fjárlagaliðunum, 725 *Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ* og 731 *Heilbrigðisstofnunarinnar Bolungarvík* eru færðar á þennan lið, samtals 914,9 m.kr. Hækkun rekstrargjalda jafngildir 56,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist í fyrsta lagi af 51,1 m.kr. hækkun fjárveitinga til að mæta leigugjöldum, að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs, í samræmi við samning þar um. Í öðru lagi er lagt til 5,2 m.kr. framlag til að efla geðheilbrigðisþjónustu á svæðinu. Á liðnum árum hefur stofnunin tekið þátt í tilraunaverkefni með Landspítala um hugræna atferlismeðferð. Árangurinn sýnir að tækifæri gefast á aukinni sérfræðiþjónustu heima í héraði með samningum og samstarfi af þessu tagi.

- 735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 158,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 7,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs, sem skýrist af leigugjöldum að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs í samræmi við samning þar um.
- 741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 299,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 16,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist af leigugjöldum að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs í samræmi við samning þar um.
- 746 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nýrrar stofnunar nemi samtals 1.379,1 m.kr., en fjárheimildir af fjárlagaliðunum, 745 Heilbrigðisstofnunarinnar Blönduósi og 751 Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki eru færðar á þennan lið, samtals. 1.133,4 m.kr. Hækkun rekstrargjalda jafngildir 73,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist í fyrsta lagi af 82,2 m.kr. hækkun fjárveitinga til að mæta leigugjöldum, að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs, í samræmi við samning þar um. Í öðru lagi er framlagið lækkað um 9 m.kr. til samræmis við niðurstöðu reiknilíkans um rekstrarkostnað heilsugæslustöðva á landsbyggðinni.
- 756 Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nýrrar stofnunar nemi samtals 596,6 m.kr., en fjárheimildir af fjárlagaliðunum, 551 Heilsugæslustöðvarinnar Ólafsfirði, 552 Heilsugæslustöðvarinnar Dalvík og 755 Heilbrigðisstofnunarinnar Siglufirði eru færðar á þennan lið, samtals. 491 m.kr. Hækkun rekstrargjalda jafngildir 11,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist í fyrsta lagi af 36,1 m.kr. hækkun fjárveitingar til að mæta leigugjöldum, að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs, í samræmi við samning þar um. Í öðru lagi er framlagið lækkað um 25 m.kr. til samræmis við niðurstöðu reiknilíkans um rekstrarkostnað heilsugæslustöðva á landsbyggðinni.
- 761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 967,1 m.kr. á næsta ári. Það er 42,1 m.kr. raunhækkun á milli ára sem skýrist af 39,1 m.kr. fjárveitingu til að mæta leigugjöldum, að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs, í samræmi við samning þar um. Í annan stað er framlagið lækkað um 3 m.kr. til að efla geðheilbrigðisþjónustu á svæði stofnunarinnar.
- 777 Heilbrigðisstofnun Austurlands.** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.962,2 m.kr. á næsta ári. Það er 94,9 m.kr. raunhækkun á milli ára sem skýrist í fyrsta lagi af 70,6 m.kr. hækkun til að mæta leigugjöldum, að frádregnum fasteignagjöldum til Fast-

eigna ríkissjóðs, í samræmi við samning þar um. Í öðru lagi er framlagið hækkað um 15 m.kr. til að efla sjúkrasviðið á Seyðisfirði með því að fjölga um eitt sjúkrarými og eitt hjúkrunarrými. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Í þriðja lagi hækkar framlag til heilsugæslusviðs um 2,6 m.kr. til að mæta kostnaði við launagreiðslur til lækna á kandiðatsári í starfsnámi í heilsugæslunni. Í fjórða lagi er lagt til 5,2 m.kr. framlag til að efla geðheilbrigðisþjónustu á svæði Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Á liðnum árum hefur stofnunin tekið þátt í tilraunaverkefni með Landspítala um hugræna atferlismeðferð. Árangurinn sýnir að tækifæri gefast á aukinni sérfræðiþjónustu heima í héraði með samningum og samstarfi af þessu tagi. Þá hækkar framlagið um 1,5 m.kr. til að auka samvinnu einstaklinga er veita frumþjónustu á sviði geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni. Í fjárlögum 2008 var veitt 4,5 m.kr. til þessa verkefnis. Framlagið er hækkað til að standa undir kostnaði við eitt stöðugildi umsýjaraðila. Verkefnið er liður í því að fylgja eftir þingsályktun um aðgerðaáætlun í þága barna og ungmenna.

779 Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 201,4 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 10,4 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs, sem skýrist af leigugjöldum að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs í samræmi við samning þar um.

781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 713,3 m.kr. á næsta ári. Það er 18,3 m.kr. raunhækkun á milli ára sem skýrist af 20,1 m.kr. til að mæta leigugjöldum að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs í samræmi við samning þar um annars vegar. Hins vegar hækkar sértekjuáætlun hjúkrunarsviðs um 1,8 m.kr.

787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.986,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 30,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar eru þær að framlagið hækkar um 25 m.kr. til að mæta heilsársrekstri hjúkrunardeildar sem opnuð var fyrr á þessu ári. Með opnun deildarinnar var hjúkrunarrýmum fjölgað um 14. Þá hækkar framlag til heilsugæslusviðs um 5,1 m.kr. til að mæta kostnaði við laun lækna í starfsnámi á kandiðatsári í heilsugæslunni.

791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.708,4 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 44,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist hækkunin í fyrsta lagi af 38,9 m.kr. leigugjöldum að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs í samræmi við samning þar um. Í öðru lagi

hækkar framlag til heilsugæslusviðs um 3,9 m.kr. til að mæta kostnaði við laun lækna í starfsnámi á kandidatsári í heilsugæslunni. Í þriðja lagi er gerð tillaga um 1,5 m.kr. hækkun fjárveitinga til að auka samvinnu einstaklinga er veita frumþjónustu á sviði geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni. Í fjárlögum 2008 var veitt 4,5 m.kr. til þessa verkefnis. Framlagið er hækkað til að standa undir kostnaði við eitt stöðugildi umsjónaraðila. Verkefnið er liður í því að fylgja eftir þingsályktun um aðgerðaáætlun í þága barna og ungmenna.

Eftirlits- og stjórnáætlunir.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Landlæknir; 305 Lýðheilsustöð; 324 Heyrnar- og talmeinaustöð Íslands; 326 Sjónstöð Íslands; 327 Geislavarnir ríkisins og 397 Lyfjastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landlæknir	258,2	279,6	341,2	22,0	32,1
Lýðheilsustöð	331,9	298,6	334,7	12,1	0,8
Heyrnar- og talmeinaustöð Íslands	190,2	121,5	145,1	19,4	-23,7
Sjónstöð Íslands	140,1	175,2	203,4	16,1	45,2
Geislavarnir ríkisins	73,4	72,2	97,2	34,6	32,4
Lyfjastofnun	251,0	165,8	190,5	14,9	-24,1
Samtals	1.244,8	1.112,9	1.312,1	17,9	5,4

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins verður 1.312,1 m.kr. á næsta ári og hækkar um 81,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

301 Landlæknir. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um 27,2 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkunir. Skýrist það af þremur tilefnum. Fyrst er að telja 10,4 m.kr. framlag til að innleiða ný vinnubrögð, svokallað heilsutæknimat, „Health Technology Assessment“ í samvinnu við nýja Sjúkratryggingastofnun. Slíkt mat aðstoðar heilbrigðisfyrirvöld við að taka ákvarðanir um hvort t.d. tiltekna nýjungar á sviði lækninga skuli teknar upp eða ekki. Í annan stað er 9,4 m.kr. framlag ætlað til að mæta auknum húsnæðiskostnaði embættisins. Í þriðja lagi er lagt til að 7,5 m.kr. verði fluttar af rekstri aðalskrifstofu ráðuneytisins til landlæknis vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til embættisins sbr. lög þar um sem tóku gildi 1.apríl sl.

305 Lýðheilsustöð. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 334,7 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 15 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs til að efla heilbrigði þjóðarinnar með auknum forvörnum.

324 Heyrnar- og talmeinstöð Íslands. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 145,1 m.kr. á næsta ári. Það jafngildir 9,8 m.kr. hækkun framlags að raungildi frá fjárlögum þessa árs til að heyrnarmæla alla nýbura sem fæðast á landinu á fyrsta aldursári. Með framlaginu er verið að festa í sessi tveggja ára tilraunaverkefni sem lýkur vorið 2009 og miðar að því að heyrnarmæla öll börn sem fæðast á Landspítala í svokallaðri 4 daga skoðun. Verkefnið hefur gengið vel og leitt til þess að tveggja mánaða gömul börn sem hafa þurft heyrnatæki hafa fengið þau.

326 Sjónstöð Íslands. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 203,4 m.kr. á næsta ári. Það jafngildir 9,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem ætluð er til að efla þjónustu við blinda, sjónskerta og dauflinda með ráðningu sjóntækjafræðings á Sjónstöð. Tillagan er hluti af samþykkt ríkisstjórnar frá árinu 2007 um að bæta þjónustu við fyrrnefndan hóp.

327 Geislavarnir ríkisins. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um 14,1 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir, en það er viðbótarframlag vegna breytinga á lögum um geislavarnir sem samþykkt voru á Alþingi vorið 2008. Meginmarkmið laga-breytinganna er að einfalda eftirlit stofnunarinnar og efla hlutverk hennar við mat á geislaálagi sjúklinga. Til að mæta breyttu og auknu hlutverki er lögð til 6,1 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi og 8 m.kr. tímabundin hækkun á framlagi til stofnkostnaðar til kaupa á tækjum og öðrum búnaði.

397 Lyfjastofnun. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 190,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs, en um er að ræða tímabundið framlag frá Íslenska upplýsingasamfélaginu til að standa straum að kostnaði við verkefnið Aðgengi að samræmdri lyfjaskrá.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 340 Málefni fatlaðra og 399 Heilbrigðismál ýmis starfsemi.

	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargrunnur					
Málefni fatlaðra	261,8	284,8	326,6	14,7	24,8
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	1.004,7	1.172,1	1.360,2	16,0	35,4
Samtals	1.266,5	1.456,9	1.686,8	15,8	33,2

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 72 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

340 Málefni fatlaðra. Gert er ráð fyrir að útgjöld liðarins verði 326,6 m.kr. og aukist um 9 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkunar. Í fyrsta lagi er óskað eftir 5,5 m.kr. framlagi til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra til að efla starfsemi félagsins og fjölga meðferðum í samræmi við ákvæði þjónustusamnings. Í öðru lagi er 5 m.kr. framlag flutt af lið 08-399 1.98 *Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis* til að auka þjónustu sjúkraþjálfunar samkvæmt ákvæðum samnings um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða við Endurhæfingu ehf. Í þriðja lagi fellur niður 3 m.kr. tímabundin fjárveiting á fjárlögum þessa árs til Endurhæfingarstöðvar hjarta- og lungnasjúklinga á Akureyri. Þá hækkar framlag til Sumardvalarheimilisins í Reykjadal um 1,5 m.kr. til að greiða fasteignaskatt í samræmi við breytingar sem gerðar var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga um afnám undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.360,2 m.kr. á næsta ári og aukist um 63 m.kr. umfram launa- og verðlagshækkunar. Í fyrsta lagi er lagt til 34 m.kr. framlag til efla eftirlit með styrkjum og skuldbindandi samningum á vegum ráðuneytisins. Í öðru lagi hækkar framlagið um 33 m.kr. til að bæta stöðu langveikra barna í samræmi við þingsályktun um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Í áætluninni er meðal annars kveðið á um að efla skuli þjónustu við börn sem eru með athyglisbrest og ofvirkni og fjölskyldur þeirra. Í þriðja lagi lækkar framlagið um 5 m.kr. vegna flutnings fjárveitingarinnar á liðinn 08-340 1.15 *Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða* til að auka þjónustu sjúkraþjálfunar. Að síðustu eru veittar tímabundnar fjárveitingar til Íslenska upplýsingasamfélagsins. Í fyrsta lagi er 9 m.kr. framlag til verkefnisins, Upplýsingar um rétt til afsláttar í heilbrigðisþjónustunni, en markmið verkefnisins er að gera afsláttarkerfið rafrænt þannig að sá sem þiggur þjónustu heilbrigðiskerfisins njóti strax þess afsláttar sem hann á rétt á. Í öðru lagi 3 m.kr. framlag til aukinnar hagnýtingar upplýsingatækni og rafrænna eyðublaða. Markmið verkefnisins er að leggja mat á hvað þurfi til að þjónusta ráðuneytisins og undirstofnana þess verði rafrænni en hún er í dag. Þá fellur niður 11 m.kr. tímabundið framlag til upplýsingasamfélagsins á árinu 2008.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
08-399-1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytisins		
Gæðastyrkir heilbrigðisráðuneytisins	2,5	2,5
Athvarf fyrir geðsjúkra á Akureyri	2,0	2,0
Eftirlits með styrkjum og samningum á vegum HBR.	0,0	34,0
Aðgerðaáætlun fyrir börn og ungmenni með athyglisbrest og ofvirkni.	0,0	33,0
Missoc þátttökugjalds	2,5	2,5
Þátttaka í alþjóðlegu starfi	2,5	2,5
Samkomulag við Blindrafélagið um blindrahunda.	5,0	2,0
Óskipt	6,1	5,4
Samtals	20,6	83,9

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllum um safnlið er að finna í kafla 3.4 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
08-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
08-379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sjúkrahúsa.
08-379-6.50	Stofnkostnaður	Stofnkostnaður sjúkrahúsa.
08-401-1.01	Hjúkrunarheimili, almennt	Ófyrirséð útgjöld hjúkrunarheimila og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga eða reiknilíkans.
08-500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilsugæslustöðva.
08-500-5.01	Heilsugæslustöðvar. Viðhald.	Viðhaldsframkvæmdir við heilsugæslustöðvar.
08-500-6.01	Heilsugæslustöðvar. Tækjakaup.	Tækjakaup fyrir heilsugæslustöðvar.
08-700-1.01	Heilbrigðisstofnanir. Almennur rekstur.	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilbrigðisstofnana.
08-700-5.50	Heilbrigðisstofnanir. Viðhald.	Viðhaldsframkvæmdir við heilbrigðisstofnanir.
08-700-6.01	Heilbrigðisstofnanir. Tækjakaup.	Tækjakaup fyrir heilbrigðisstofnanir.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun fjármálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:


Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	28.025,1	18.443,3	18.191,8	-1	-35
Neyslu- og rekstrartilfærslur	23.463,1	27.859,6	31.667,6	14	35
Stofnkostnaður og viðhald	3.167,4	2.114,4	3.110,4	47	-2
Samtals	54.655,6	48.417,3	52.969,8	9	-3
Greitt úr ríkissjóði	-	37.571,3	42.311,8	13	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.966,0	2.628,0	34	-
Viðskiptahreyfingar	-	8.880,0	8.030,0	-10	-
Samtals	-	48.417,3	52.969,8	9	-

Heildargjöld fjármálaráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 59.170 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 6.200 m.kr. en þær nema 10,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 52.970 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 42.312 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.628 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 8.030 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 18.192 m.kr. og lækka um 251 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar skýrast af því að í fyrsta lagi að launa- og verðlagsbreytingar vegna reksturs stofnana og verkefna á vegum ráðuneytisins nema um 1,1 milljarði króna. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að rekstrarfjárheimild til að mæta hugsanlegum kostnaðarhækkunum ríkisins vegna óvissu um niðurstöðu kjarasamninga á næsta ári lækki um 900 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 2008. Þá gerir endurskoðuð áætlun um lífeyrisskuldbindingar ráð fyrir hækkun um 282 m.kr. Gert er ráð fyrir 69 m.kr. aukinni fjárheimild til verkefna á vegum fjármálaráðuneytisins samkvæmt stefnu um íslenska upplýsingasamfélagið. Þá er gerð tillaga um 40 m.kr. nýja heimild til þess að koma á fót sérstakri skattaumsýslu stórfyrirtækja. Um er að ræða sérstaka starfseiningu sem heyrir undir Skattstjórnann í Reykjavík og telur um 10 starfsmenn. Jafnframt er í frumvarpinu gerð tillaga um 40 m.kr. viðbótarfjárheimild til að standa undir auknum kröfum sem ríkissjóður verður að bera í kjölfar dóma. Fasteignir ríkissjóðs munu taka yfir umsjón með ýmsum fasteignum á næsta ári, m.a. fasteignum sem hingað til hafa verið í umsjón heilbrigðisráðuneytisins. Framsetning fjárlaga gerir það að verkum að sértekjur stofnunarinnar af húsaleigu lækka rekstrarútgjöld hennar um 600 m.kr. en viðhaldskostnaður hækkar um sömu fjárhæð. Aðrar breytingar á rekstrargjöldum ráðuneytisins vega minna. Gerð er grein fyrir þeim síðar í greinargerðinni.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 3.808 m.kr. og verða 31.668 m.kr. Af þeirri hækkun skýrast um 960 m.kr. af verðlagshækkunum, einkum á greiðslum barna- og vaxtabóta. Á móti kemur að felld er niður um 900 m.kr. tilfærslufjárheimild á lið sem ætlaður var til að mæta óvissu í launa- og verðlagsmálum í fjárlögum 2008. Þyngst vegur hækkun eignaskerðingarmarkna vaxtabóta um 35% á árinu og endurskoðun áætlunar um vöxt vaxtabóta vegna húsnæðislána sem leiðir samanlagt til 1.584 m.kr. hækkunar á vaxtabótum. Þá er gert ráð fyrir að áhrif ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um hækkun skerðingarmarkna barnabóta í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði fyrir á þessu ári nemi um 1.700 m.kr. en á móti vegur að hækkunir fyrri ára eru taldar hafa verið ofmetnar um 780 m.kr. og nemur nettóhækkun því 920 m.kr. Þá er gert ráð fyrir því í nýlegum lögum að greiddar verði allt að 25 þús. kr. mánaðarlegar uppbætur á eftirlaun þeirra ellilífeyrisþega sem fá minna en það greitt úr lífeyrissjóðum. Þetta kallar á aukna fjárheimild að upphæð 590 m.kr. Við þessa ákvörðun munu viðmiðunartekjur ellilífeyrisþega hins vegar hækka þannig að gert er ráð fyrir að útgjöld lífeyristrygginga lækki á móti um samtals 265 m.kr. Nettóútgjöld vegna uppbótar á eftirlaun nema því um 325 m.kr. Gerð er tillaga um 400 m.kr. viðbótarfjárheimild til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Samkvæmt lögum nr. 177/2006 er kveðið á um að ráðstafa tilteknu hlutfalli af almennu tryggingagjaldi til sjóðanna. Loks er gert ráð fyrir 500 m.kr. fjárveitingu til Endurhæfingarsjóðs en honum er ætlað að veita þjónustu og úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og slasast þannig að vinnugeta skerðist. Gerð verður frekari grein fyrir ofangreindum verkefnum og öðrum neyslu- og rekstrartilfærslum síðar í greinargerðinni.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 3.110 m.kr. og er það 996 m.kr. hækkun milli ára. Helsta breytingin stafar af aukinni veltu Fasteigna ríkissjóðs sem tekur við umsjón fleiri fasteigna á næsta ári. Framsetning fjárlaga gerir það að verkum að rekstrargjöld lækka um 600 m.kr. vegna aukinna sértekna af húsaleigu sem notaðar eru til að mæta jafn miklum kostnaði af viðhaldsverkefnum. Gert er ráð fyrir viðbótarfjárveitingu að upphæð 160 m.kr. til þess að standa straum af útgjöldum samkvæmt heimildarákvæðum. Að lokum er gert ráð fyrir að tímabundin 110 m.kr. lækkun á fjárheimildum vegna tapaðra krafna og tjónabóta á fjárlögum ársins 2008 gangi til baka. Gerð verður grein fyrir einstökum viðhalds- og stofnkostnaðarverkefnum síðar í greinargerðinni.



Skuldbindandi samningar

Fjármálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.080 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 2,1% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Fjárhags- og starfsmannakerfi	A	400,8	423,6	423,6	423,6	423,6
Tekjubókhaldskerfi	A	288,9	305,4	305,4	305,4	305,4
Skattvinnslukerfi	A	315,0	333,0	333,0	333,0	333,0
Lánaumsýsla Seðlabanka Íslands	A	75,0	85,1	85,1	85,1	85,1
Samtals		1.079,7	1.147,1	1.147,1	1.147,1	1.147,1

Allir framangreindir þjónustusamningar á vegum fjármálaráðuneytisins eru gerðir samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga. Á árinu 2002 var gerður samningur um rekstur og viðhald á nýju fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins að undangengnu útboði og er reiknað með að árlegur kostnaður við hann verði um 424 m.kr. Útgjöld vegna þjónustusamninga um rekstur eldra launagreiðslukerfis og bókhalds- og áætlanakerfis ríkisins féllu niður frá og með árinu 2006. Þó er nauðsynlegt að reka gagnagrunn eldri kerfanna áfram um sinn vegna launa- og bókhaldsgagna fyrri ára sem þar er að finna. Undir liðnum skattvinnslukerfi eru samningar um rekstur nokkurra kerfa sem samanlagt nema rúmum 333 m.kr. á ári. Um er að ræða rekstrar- og viðhaldssamninga við Skýrr, samninga um

vefframtal, notendaleyfi, gagnaflutninga og rekstur staðarnets fyrir skattkerfið í heild. Gerður var samningur við Seðlabanka Íslands árið 2007, um að bankinn tæki að sér helstu verkefni sem Lánasýsla ríkisins hafði áður með höndum. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að jafnaði verði nálægt 1,1 milljarður króna bundinn árlega vegna framangreindra verkefna.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 101 Fjármálaráðuneytið, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	572,0	616,2	698,8	13,4	22,2
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	572,0	622,2	704,8	13,3	23,2

Fjárheimild aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins hækkar um rúmar 19 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Sú aukning kemur til af því að tímabundin 9,5 m.kr. hagræðingarkrafa í fjárlögum 2008 gengur til baka. Auk þess er farið fram á 10 m.kr. fjárveitingu til þess að undirbúa og hrinda í framkvæmd umbótaverkefnum í ríkisrekstri. Fjármálaráðuneytið hefur lagt áherslu á að efla þá starfsemi ráðuneytisins með þátttöku stofnana.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflökks: 201 Ríkisskattstjóri; 202-211 Skattstofur; 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirskattanefnd; 215 Skatt-rannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður og 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

Útgjöld til stofnana og verkefna á sviði skatta- og tollamála hækka um alls 36 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Munar þar mestu um 40 m.kr. fjárveitingu til nýrrar starfseiningar sem er ætlað að annast skattaumsýslu stórfyrirtækja. Að auki er gert ráð fyrir 20 m.kr. raunhækkun vegna þjónustusamnings Ríkisskattstjóra og Skýrr um rekstur skattvinnslukerfa. Þá er gert ráð fyrir 10 m.kr. til þess að koma fyrir skoðunar- og þjálfunaraðstöðu fyrir starfsfólk tollgæslunnar. Tvö tímabundin framlög til Tollstjórans í Reykjavík að fjárhæð 45 m.kr. falla niður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	1.059,9	1.071,3	1.215,9	13,5	14,7
Skattstofan í Reykjavík	403,4	409,5	454,9	11,1	12,8
Skattstofa Vesturlands	81,7	82,5	96,1	16,5	17,6
Skattstofa Vestfjarða	37,3	39,2	43,3	10,5	16,1
Skattstofa Norðurlands vestra	47,5	41,9	50,8	21,2	6,9
Skattstofa Norðurlands eystra	113,3	125,2	138,6	10,7	22,3
Skattstofa Austurlands	52,0	55,8	61,8	10,8	18,8
Skattstofa Suðurlands	80,1	65,1	71,8	10,3	-10,4
Skattstofa Vestmannaeyja	25,8	26,6	31,2	17,3	20,9
Skattstofa Reykjaness	245,5	271,9	301,5	10,9	22,8
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	15,1	73,3	121,6	65,9	705,3
Yfirsattanevnd	109,5	113,6	124,3	9,4	13,5
Skattansóknarstjóri ríkisins	145,5	166,9	183,6	10,0	26,2
Innheimtukostnaður	322,3	380,2	447,7	17,8	38,9
Tollstjórinn í Reykjavík	1.290,3	1.306,9	1.421,8	8,8	10,2
Samtals	4.029,2	4.229,9	4.764,9	12,6	18,3

201 Ríkisskattstjóri. Fjárheimild embættisins hækkar um 20 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs og nemur alls 1.215,9 m.kr. Launa- og verðlagshækkanir eru 124,6 m.kr. Raunhækkunin er vegna þjónustusamnings við Skýrr um rekstur á skattvinnslukerfum. Að öðru leyti er gert ráð fyrir óbreyttu rekstrarumfangi embættisins.

202-211 Skattstofur. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld skattstofa hækki um 11 m.kr. frá fjárlögum ársins 2008 að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Um er að ræða 5 m.kr. fjárveitingu til Skattstofu Vesturlands, 4 m.kr. til Skattstofu Norðurlands vestra og 2 m.kr. til Skattstofu Vestmannaeyja til þess að samræma laun starfsfólks skattstofanna þriggja og starfsmanna annarra stofnana skattkerfisins og til þess að mæta hækkun á öðrum rekstrarkostnaði skattstofanna. Launa- og verðlagsbreytingar nema alls 121,3 m.kr. fyrir næsta ár.

212 Skatta- og tollamál. Á þennan lið er færð fjárveiting að upphæð 40 m.kr. til þess að koma á fót sérstakri starfseiningu sem mun annast skattframkvæmd og skatteftirlit stórfyrirtækja. Um er að ræða sérstaka starfseiningu sem heyrir undir Skattstjóránn í Reykjavík og telur um 10 starfsmenn. Auk fjárveitingarinnar er gert ráð fyrir tilflutningi starfsfólks frá nokkrum stofnunum skattkerfisins til umræddrar starfseiningar. Áætlaður heildarkostnaður gæti því orðið allt að 80 m.kr. á ári. Aðrar fjárveitingar til viðfangsefna á þessum safnlið ráðuneytisins eru því sem næst óbreyttar að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Launa- og verðlagsbreytingar nema 8,3 m.kr.

250 Innheimtukostnaður. Ekki er gert er ráð fyrir aukinni útgjaldaheimild vegna innheimtukostnaðar ríkissjóðs. Miðað er við svipað umfang og árið 2007. Staða liðarins hefur jafnan verið felld niður í árslok í lokafjárlögum þannig að hvorki myndast halli né afgangur milli ára.

262 Tollstjórinn í Reykjavík. Fjárheimild stofnunarinnar nemur alls 1.421,8 m.kr. í frumvarpinu. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum, sem nema 149,9 m.kr., lækkar fjárheimildin um 35 m.kr. Munar þar mestu um að 30 m.kr. fjárveiting í fjárlögum 2008, til þess að kaupa nýja bifreið með gegnumlýsingarbúnaði, fellur niður. Auk þess fellur niður 15 m.kr. fjárveiting sem veitt var til eins árs í þarfagreiningu og kostnaðaráætlun vegna endurnýjunar á núverandi tölvuvinnslu tollakerfisins. Á móti kemur að gert er ráð fyrir 10 m.kr. fjárveitingu til þess að koma upp og reka sérstaka skoðunar- og þjálfunaraðstöðu fyrir tollgæslu.

Lífeyrir og eftirlaun

Til þessa málaflökks teljast þrjú fjárlagaliðir: 381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun; 391 Jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða og 393 Endurhæfingarsjóður. Áætlað er að útgjöld málaflökksins nemi 7.775 m.kr. árið 2009 og hækki um 1.295 m.kr. frá fjárlögum þessa árs.

381 Lífeyrisskuldbindingar. Á þennan lið er áætlað bæði fyrir greiddum verðlagsuppbótum á lífeyri og reiknuðum breytingum vegna skuldbindinga ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum vegna ávinnslu ríkisstarfsmanna á lífeyrisréttindum á árinu umfram eignir sjóðanna. Hér er einkum um að ræða skuldbindingar vegna B-deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. A-deildir sjóðanna standa að fullu undir sínum skuldbindingum með iðgjöldum. Í árslok 2007 námu lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs tæpum 231 milljarði króna. Fyrirframgreiðslur ríkissjóðs í sjóðina námu samkvæmt ríkisreikningi 137,3 milljörðum króna í árslok 2007. Áætlað er að skuldbindingin hækki í samræmi við launabreytingar og áunnin réttindi árin 2008 og 2009 og því verði ekki um að ræða teljandi breytingar vegna hækkunar dagvinnulauna umfram heildarlaun eða breyttra reikniforsendna t.d. varðandi lífslíkur bótaþega. Ávöxtun lífeyrissjóðanna hefur verið mjög góð undanfarin ár. Alls er áætlað að gjaldfærð hækkun lífeyrisskuldbindinga verði um 5,3 milljarðar króna á næsta ári sem er tæplega 300 m.kr. hærra en áætlað er í fjárlögum 2008. Hins vegar er gert ráð fyrir að greiðslur úr ríkissjóði vegna uppbóta á lífeyri fyrrum starfsmanna verði nokkru hærra en gjaldfærslan eða um 7,5 milljarðar króna. Eins og á fyrri árum er miðað við að ekki verði nýtt heimild í lögum til að draga viðbótariðgjöld stofnana frá verðlagsuppbótunum og styrkir það stöðu áður nefndra lífeyrissjóða. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að nýta hluta af lánsfjárafgangi ríkisins árið 2009 til að greiða 4 milljarða króna fyrirfram inn á skuldbindinguna, sem er jafn mikið og í

fjárlögum 2008. Loks skal þess getið að lífeyrisskuldbindingar ríkisfyrirtækja og stofnana í B- og C-hluta fjárlaga eru færðar til gjalda í reikningum þeirra. Þar sem kjarasamningar við stéttarfélag ríkisstarfsmanna eru lausir á næsta ári er meiri óvissa en ella um áætlun um breytingu lífeyrisskuldbindinga.

391 Jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða. Gert er ráð fyrir 400 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa fjárlagaliðar. Í tengslum við samkomulag aðila vinnumarkaðarins um áframhaldandi gildi kjarasamninga í nóvember 2005 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu sem m.a. fól það í sér að veitt yrði framlag úr ríkissjóði til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Á árinu 2006 voru sett lög nr. 177/2006 sem kveða á um að af almennu tryggingagjaldi skuli ráðstafa til sjóðanna 0,15% árið 2007, 0,20% árið 2008, 0,25% árið 2009 og 0,325% árið 2010 og eftirleiðis. Miðað við nýjustu spár um stofn tryggingagjalds og þróun þjóðhagsforsendna er reiknað með því að framlagið verði 1.878 m.kr. árið 2009. Lagasetningin felur jafnframt í sér að framlagið verður fjármagnað með mörkuðum tekjum af tryggingagjaldi.

393 Endurhæfingarsjóður. Gert er ráð fyrir 500 m.kr. fjárveitingu á nýjum lið fyrir Endurhæfingarsjóð. Sjóðnum er ætlað að veita þjónustu og úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og slasast þannig að vinnugeta skerðist. Markmiðið er að koma að málum eins snemma og kostur er, til að stuðla að því að sérhver einstaklingur verði eins virkur á vinnumarkaði og starfsgeta hans leyfir. Sjóðurinn mun skipuleggja og hafa umsjón með störfum þjónustufulltrúa sem verða aðallega á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna og greiða bæði kostnað af störfum þeirra og kostnað við ráðgjöf fagaðila. Ennfremur mun Endurhæfingarsjóður hafa fjármuni til þess að greiða fyrir kostnað við úrræði og endurhæfingu til viðbótar því sem veitt er af hinni almennu heilbrigðisþjónustu. Miðað er við að framlag ríkisins til Endurhæfingarsjóðs nemi 0,39% af launum starfsmanna þess. Í fyrsta áfanga gildir samkomulag milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um að skilgreina, í hverjum kjarasamningi fyrir sig, sérstakt 0,13% launatengt gjald, endurhæfingargjald, á launagreiðendur frá og með 1. júní 2008. Í öðrum áfanga sem hefst í ársbyrjun 2009 er miðað við að ríkissjóður leggi Endurhæfingarsjóði til sömu upphæð og launagreiðendur samkvæmt sérstöku samkomulagi. Í þriðja áfanga sem hefst í ársbyrjun 2010 munu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins beita sér fyrir því að lífeyrissjóðir á samningssviði þeirra greiði til Endurhæfingarsjóðs sama hlutfall og launagreiðendur.

Barnabætur, vaxtabætur og uppbætur á ellilífeyri

Til þessa málaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 811 Barnabætur, 821 Vaxtabætur og 831 Uppbætur á ellilífeyri.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnabætur	7.887,5	8.800,0	10.100,0	14,8	28,1
Vaxtabætur	5.633,0	5.880,0	7.770,0	32,1	37,9
Uppbætur á ellilífeyri	0,0	0,0	590,0	-	-
Samtals	13.520,5	14.680,0	18.460,0	25,7	36,5

811 Barnabætur. Gert er ráð fyrir að barnabætur hækki milli ára og verði 10.100 m.kr. á árinu 2009. Um er að ræða aukningu um 919 m.kr. vegna hækkunar á skerðingarmörkum sem ríkisstjórnin ákvað í tengslum við gerð kjarasamninga á vinnumarkaði í febrúar sl. Ákveðið var að skerðingarmörk barnabóta yrðu hækkuð úr 100 þús.kr. í 120 þús.kr. á mánuði fyrir einstaklinga árið 2008 og í 150 þús.kr. árið 2009. Fyrir hjón var ákveðið að hækka skerðingarmörkin úr 200 þús.kr. í 240 þús.kr. árið 2008 og 300 þús.kr. árið 2009. Tekjuskerðingarhlutfall vegna annars og þriðja barns eru jafnframt lækkuð um 1%. Auk þess er gert ráð fyrir að hámark barnabóta hækki um 5,7% á næsta ári í samræmi við spá um hækkun vísitölu neysluverðs.

821 Vaxtabætur. Gert er ráð fyrir að vaxtabætur nemi 7.772 m.kr. á næsta ári. Reikniforsendur áætlunarinnar miðast við að hámark vaxtagjalda og vaxtabóta hækki um 5,7% milli ára í samræmi við spá um hækkun vísitölu neysluverðs, sem skýrir 1.180 m.kr. aukningu. Þá skýrir 35% hækkun á skerðingarmörkum, sem ríkisstjórnin ákvað í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í febrúar sl., 712 m.kr. hækkun vaxtabóta.

831 Uppbætur á ellilífeyri. Gert er ráð fyrir því í nýlegum lögum að greiddar verði allt að 25 þús. kr. mánaðarlegar uppbætur á eftirlaun þeirra ellilífeyrisþega sem fá minna en það greitt úr lífeyrissjóðum. Það kallar á sérstaka fjárheimild í fjárlögum næsta árs að upphæð 590 m.kr. Viðmiðunartekjur ellilífeyrisþega hækka við það og lækka þá útgjöld lífeyrstrygginga um samtals 265 m.kr. Sú lækkun kemur fram hjá félags- og tryggingamálaráðuneyti. Nettóútgjöld vegna uppbótar á eftirlaun nema því 325 m.kr.

Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattur

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 711 Afskriftir skattkrafna; 721 Fjármagnstekjuskattur og 973 Tapaðar kröfur og tjónabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Afskriftir skattkrafna	8.475,8	10.000,0	10.000,0	0,0	18,0
Fjármagnstekjuskattur	2.441,8	2.665,0	2.635,0	-1,1	7,9
Tapaðar kröfur og tjónabætur	50,2	100,0	210,0	110,0	318,3
Samtals	10.967,8	12.765,0	12.845,0	0,6	17,1

Fjárheimildir þessa málefnaflokks nema 12.845 m.kr. og hækka um 80 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi er áætlun um afskrifaðar skattkröfur óbreytt milli ára. Um er að ræða fjárheimild á móti gjaldfærslu á bæði beinum afskriftum á kröfum sem taldar eru vera sannanlega tapaðar, t.d. vegna gjaldþrota, og óbeinum afskriftum þar sem kröfur eru færðar niður um tiltekinn hluta sem reynslan hefur leitt í ljós að muni að líkindum ekki innheimtast. Erfitt er að áætla nákvæmlega fyrir þessum gjaldfærslum fyrir fram í fjárlögum. Vakin er athygli á því að þótt afskrifaðar kröfur séu færðar til gjalda á þennan lið í uppgjöri á rekstrargrunni þá hefur það ekki í för með sér neinar greiðslur úr ríkissjóði. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arðgreiðslum og söluhagnaði eigna lækki um 30 m.kr. Tiltölulega lítil breyting verður á heildarfjárför frá fjárlögum þessa árs þrátt fyrir breyttar forsendur áætlunarinnar. Innistæður ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands og vaxtatekjur af þeim eru meiri en gert var ráð fyrir. Það kemur til af góðri rekstrarafkomu ríkisins undanfarin ár sem myndar inneign í bankanum og aukinni útgáfu ríkisverðbréfa á þessu ári og vaxtatekjum af völdum söluandvirðis bréfanna. Hins vegar er reiknað með að rekstrarafkoma ríkisins verði neikvæð á næsta ári þannig að gengið verði á innistæðu ríkissjóðs í Seðlabankanum. Auk þess er því spáð að vaxtastig í landinu lækki nokkuð. Fjármagnstekjuskatturinn færir einnig á tekjuhlíð ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á afkomu ársins. Loks er gert ráð fyrir að tímabundin lækkun fjárheimilda vegna tapaðra krafna og tjónabóta á fjárlögum ársins 2008, að upphæð 110 m.kr., gangi til baka.

Verðlagsmál

Til þessa málaflokks telst einn fjárlagaliður: 989 Launa- og verðlagsmál.

989 Launa- og verðlagsmál. Frumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 2009. Á árinu 2008 voru gerðir kjarasamningar við flest stéttarfélög innan ASÍ, BHM og BSRB sem gilda til loka mars 2009. Fyrir liggur úrskurður Kjararáðs um sambærilegar hækkningar til embættismanna sem fá greidd laun samkvæmt ákvörðunum ráðsins. Launaforsendur fyrir fyrsta ársfjórðung næsta árs liggja því að mestu leyti fyrir en veruleg óvissa er um hækkningar í nýjum kjarasamningum sem gerðir verða í framhaldi af því. Í frumvarpinu hafa launaliðir allra stofnana, þ.m.t. sjálfseignastofnana sem ríkissjóður fjármagnar, verið hækkaðir um 3% miðað við 1. apríl 2009. Í frumvarpinu er

ekki spáð fyrir um útkomu nýrra kjarasamninga en þó er lagt til að tekin verði frá tæplega 2,4 milljarða króna fjárheimild á þessum lið til að mæta kostnaðarauka vegna launahækkana. Þar er um að ræða varúðarráðstöfun til að treysta betur forsendur frumvarpsins.

Önnur rekstargjöld eru almennt hækkuð um 13,2% í frumvarpinu. Í þeirri hækkun eru annars vegar vegin upp áhrif af verðbólgu umfram forsendur fjárlaga 2008 á önnur rekstargjöld en laun. Í fjárlögum 2008 var miðað við að almenn verðlagshækkun yrði 3,8% en nú er talið að hækkunin milli ára verði 11,5%. Hins vegar er gengið út frá forsendu þjóðhagsspar um 5,4% hækkun á vísitölu neysluverðs að frátöldum húsnæðislið milli árunna 2008 og 2009. Að vanda er miðað við að sértekjur stofnana hækki hlutfallslega til jafns við önnur rekstargjöld. Í vissum málaflokkum er gert ráð fyrir að gjaldskrár verði óbreyttar en í öðrum tilvikum, þar sem útseld vinna og þjónusta er verulegt hlutfall af fjármögnun stofnana, er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki í takt við launahækkanir. Í forsendum gjaldahliðar frumvarpsins er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur er miðað við gengi þeirra í byrjun september. Miðað við forsendur fjárlaga 2008 hefur gengi krónunnar veikst verulega, eða um það bil 40%, gagnvart helstu Evrópumyntum en heldur minna gagnvart bandaríkjadal, eða um 31%. Þetta leiðir til hækkunar á fjárheimildum liða þar sem útgjöld eru beinlínis greidd í erlendri mynt, en það á t.d. við um hluta útgjalda sendiráða, framlög og aðildargjöld til tiltekinna alþjóðasamtaka.

Í frumvarpinu er gert er ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki um 9,6% í samræmi við spá um þróun vísitölu neysluverðs á árunum 2008 til 2009 og hækkunir bóta sem þegar er búið að gera ráð fyrir á þessu ári.

Þjónusta við ríkisaðila

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokk: 103 Fjársýsla ríkisins; 402 Fasteignaskrá Íslands; 901 Framkvæmdasýsla ríkisins; 905 Ríkiskaup; 976 Lánaumsýsla ríkissjóðs; 980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs; 984 Fasteignir ríkissjóðs og 985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.

Þessi málefnaflokkur tekur til stofnana og verkefna sem snúa að þjónustu við aðra ríkisaðila, s.s. bókhalds- og innkaupaþjónustu. Heildargjöld málefnaflokkisins eru áætluð 9.841 m.kr. en gert er ráð fyrir að innheimtar verði 5.784 m.kr. sértekjur fyrir veitta þjónustu og markaðar tekjur að fjárhæð 539 m.kr. sem samanlagt nemur nálægt 65% af veltunni. Fjárveiting málefnaflokkisins til að mæta gjöldum umfram tekjur nemur því alls um 3.518 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjársýsla ríkisins	1.127,0	1.221,3	1.351,1	10,6	19,9
Fasteignaskrá Íslands	663,9	558,0	539,0	-3,4	-18,8
Framkvæmdasýsla ríkisins	-5,3	2,7	2,7	0,0	-150,9
Ríkiskaup	-9,0	0,0	0,0	-	-
Lánasýsla ríkisins	106,9	0,0	0,0	-	-
Lánaumsýsla ríkissjóðs	0,0	75,0	85,1	13,5	0,0
Rekstrarfélag Stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	42,5	29,4	32,8	11,6	-22,8
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	157,9	397,5	65,5	-83,5	-58,5
Fasteignir ríkissjóðs	9,8	0,0	282,0	-	2.777,6
Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll	1.550,0	1.500,0	1.698,3	13,2	9,6
Samtals	3.643,7	3.783,9	4.056,5	7,2	11,3

103 Fjársýsla ríkisins. Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar nemi 1.351,1 m.kr. í frumvarpinu og lækki því um 14 m.kr. þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkunarir. Lækkunin kemur til af því að tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til verkefna á vegum Íslenska upplýsingasamfélagsins fellur niður.

402 Fasteignaskrá Íslands. Gert er ráð fyrir að heildarfjárheimild embættisins nemi 619 m.kr. í frumvarpinu. Með lögum nr. 83/2008 um breytingu á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna var heiti Fasteignamats ríkisins breytt í Fasteignaskrá Íslands. Jafnframt voru stofnuninni markaðir tekjustofnar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir að standi undir öllum kostnaði við starfsemina. Auk áætlaðra sértekna að fjárhæð 80 m.kr. rennur til stofnunarinnar gjald sveitarfélaga fyrir afnot af fasteignamati og kerfi til álagningar fasteignaskatta og fasteignagjalda sem nemur tilteknu hlutfalli af heildarfasteignamati í sveitarfélagi 31. desember ár hvert og áætlað er að verði 259 m.kr. á árinu 2009; gjald váttryggingafélaga fyrir afnot af brunabótamati og kerfi því viðkomandi sem nemi tilteknu hlutfalli af brunabótamati allra húseigna sem eru tryggðar hjá váttryggingafélagi í lok hvers mánaðar sem áætlað er að verði um 90 m.kr.; gjald fyrir vélrænar fyrirspurnir úr þinglýsingabók sem áætlað er að verði um 150 m.kr. og gjald fyrir skráningu nýrra fasteigna í fasteignaskrá m.v. áætlun um 40 m.kr.

901 Framkvæmdasýsla ríkisins. Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild og sértekjur stofnunarinnar hækki um tæpar 7 m.kr. milli ára og rekstrarvelta verði um 144,5 m.kr. Um er að ræða hækkun vegna launa- og verðlagsbreytinga. Samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda selur stofnunin ráðuneytum og ríkisstofnunum þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem miðast við að tekjurnar standi undir rekstri hennar. Eins og áður er því ekkert framlag til stofnunarinnar að undanskildu 2,7 m.kr. framlagi vegna tiltekinnna stjórnsýsluverkefna sem ekki eru seld út.

- 905 Ríkiskaup.** Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild og sértekjur stofnunarinnar hækki um tæpar 8 m.kr. frá fjárlögum þessa árs og veltan nemi 1.585,7 m.kr. á næsta ári. Um er að ræða hækkun vegna launa- og verðlagsbreytinga. Samkvæmt lögum um opinber innkaup skal þóknun, sem stofnunin innheimtir af viðskiptavinum sínum, standa undir rekstrinum og er því ekkert framlag til stofnunarinnar úr ríkissjóði.
- 976 Lánaumsýsla ríkissjóðs.** Gert er ráð fyrir fjárheimild að upphæð 85,1 m.kr. Eins og fram kom í umfjöllun um skuldbindandi samninga hér að framan hefur Seðlabanki Íslands tekið að sér verkefni á sviði lánaumsýslu samkvæmt samningi við ráðuneytið. Fjárveitingin á þessum lið er ætlað að mæta útgjöldum vegna samningsins.
- 980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól.** Starfsemi rekstrarfélagsins er að stærstum hluta fjármögnuð með þjónustugjöldum sem innheimt eru hjá ráðuneytum við Arnarhól fyrir leigu og rekstur húsnæðis, tölvuþjónustu og öryggisgæslu. Gert er ráð fyrir óbreyttum fjárheimildum milli ára ef frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir.
- 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.** Gert er ráð fyrir að niður falli 50 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum 2008 til að hefja undirbúning að viðbyggingu við húsnæði embættis tollstjórans í Reykjavík. Þá er gerð tillaga um millifærslu á 282 m.kr. af liðnum yfir til Fasteigna ríkissjóðs skv. samkomulagi heilbrigðisráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og Fasteigna ríkissjóðs um með hvaða hætti verja skuli sérstöku mótvægisframlagi sem ætlað var til viðhalds á húsnæði ríkisins þar sem niðurskurður á þorskvóta kemur harðast niður.
- 984 Fasteignir ríkissjóðs.** Útgjöld þessa fjárlagaliðar eru fjármögnuð að fullu með sértekjum af húsaleigu frá ríkisstofnunum sem hafa aðsetur í húsnæði í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar hækki um 1.117 m.kr. milli ára að undanskyldum launa- og verðlagsbreytingum. Í fyrsta lagi er um að ræða aukna veltu stofnunarinnar vegna fleiri eigna sem henni hefur verið falin umsjón með. Sú aukning nemur 351,9 m.kr. Í öðru lagi eykst velta stofnunarinnar um 483,2 m.kr. skv. samkomulagi heilbrigðisráðuneytisins og Fasteigna ríkissjóðs um tilfærslu fasteigna í eigu ríkisins úr umsjón heilbrigðisráðuneytisins til Fasteigna ríkissjóðs. Loks er gert ráð fyrir millifærslu frá heilbrigðisráðuneytinu að upphæð 282 m.kr. til stofnunarinnar skv. samkomulagi heilbrigðisráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og Fasteigna ríkissjóðs um með hvaða hætti verja skuli sérstöku mótvægisframlagi sem ætlað var til viðhalds á húsnæði ríkisins þar sem niðurskurður á þorskvóta kemur harðast niður.

985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurlugvöll. Gert er ráð fyrir óbreyttum fjárheimildum milli ára ef frá eru taldar verðlagshækkanir. Rekstur eignanna og önnur umsýsla er í höndum þróunarfélags sem stofnað var sérstaklega um eignir ríkisins á fyrrum varnarsvæðum við Keflavíkurlugvöll. Fjárveitingin verður lækkuð þegar fasteignum á svæðinu hefur verið komið í sjálfbær borgaraleg not og hreinsun á svæðinu verður lokið.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 990 Ríkisstjórnarárvarðanir; 994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu og 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Útgöld samkvæmt heimildarákvæðum	0,0	190,0	350,0	84,2	-
Ríkisstjórnarárvarðanir	0,0	200,0	200,0	0,0	-
Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu	0,0	71,2	80,6	13,2	-
Ýmislegt	1.030,2	1.104,5	1.273,0	15,3	23,6
Samtals	1.030,2	1.565,7	1.903,6	21,6	84,8

Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 1.903 m.kr. og hækkar um 338 m.kr. frá fjárlögum þessa árs.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 6. gr. frumvarpsins, svo og fyrir útgjöldum sem ríkissjóði kann að vera gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Áætlun um ráðstöfun á fjárveitingu liðarins er jafnan háð nokkurri óvissu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 160 m.kr. viðbótarfjárheimild. Byggir sú tillaga á reynslu undanfarinna ára og áætlun um útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum fyrir næsta ár. Sérstök umfjöllun er um 6. gr. frumvarpsins í kafla 7 og vísast til hennar um skýringar að öðru leyti.

990 Ríkisstjórnarárvarðanir. Af þessum lið er greiddur kostnaður vegna ýmissa mála á vegum ráðuneyta sem eðlilegt þykir að ríkisstjórnin taki sameiginlega ákvörðun um og ýmis tilfallandi útgjöld sem ekki hefur verið séð fyrir á öðrum fjárlagaliðum. Fjárheimild til að mæta þessum útgjöldum er 200 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum.

994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu. Á fjárlögum ársins 2008 var ákveðið að endurgreiða ríkisstofnunum virðisaukaskatt af tiltekinni hugbúnaðargerð og tölvuþjónustu. Nær endurgreiðslan almennt til þess sem kalla má forritun og hugbúnaðargerð en ekki til vinnslu, skráningar og daglegs reksturs tölvukerfa. Tilgangurinn með þessu er að vinna að framgangi útivistunarstefnu ríkisins og láta virðisaukaskattsreglur ekki hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru í ríkisstofnunum um hvort tölvuvinnsla fer fram á þeirra eigin vegum eða er keypt að. Framkvæmdin er þannig virðisaukaskattur af þjónustunni er gjaldfærður á þennan sameiginlega lið en ekki á fjárlagaliði einstakra stofnana.

999 Ýmislegt. Á þennan lið eru færðar fjárveitingar til ýmissa verkefna sem ekki verða heimfærðar á aðra liði ráðuneytisins. Fjárveitingar til þeirra nema alls um 1.195,5 m.kr. og hækka um 91 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlags-hækkunum sem nema 77,5 m.kr. Í fyrsta lagi er gert er ráð fyrir að framlag til Lífeyris-sjóðs bænda, á *1.31 Lífeyrissjóður bænda*, lækki um 30 m.kr. Samkvæmt lögum um sjóðinn nr. 12/1999, rennur framlagið til ellilífeyris bænda fæddra 1914 eða fyrr, eða maka þeirra hafi þeir fallið frá. Þessum bótaþegum fer fækkandi og því lækka framlög til sjóðsins. Í öðru lagi er á *1.60 Dómkröfur* gerð tillaga um 40 m.kr. viðbótarframlag til að mæta auknum kröfum sem ríkissjóður þarf að bera í kjölfar dóma. Útgjöldin hafa verið vanmetin verulega í áætlunum undanfarinna ára. Í þriðja lagi er á *1.90 Ýmis verk-efni* gert ráð fyrir 2 m.kr. fjárveitingu til þess að kaupa þjónustu af Ríkiskaupum vegna umbóta, hagræðingar og leiðbeininga um opinber innkaup. Um er að ræða stjórnsýslu-verkefni sem stofnunin getur ekki fjármagnað með sértekjum. Á sama lið er gert ráð fyrir 40 m.kr. til þess að mæta ófyrirséðum verkefnum á árinu 2009. Búið er að fjármagna veikleika í starfsemi nokkurra stofnana með svigrúmi ráðuneytisins í aðdraganda fjárlagagerðarinnar og framundan eru ýmsar áherslubreytingar í starfi ráðuneytisins sem leiða af sér fjölda nýrra verkefna. Einnig er á sama lið gerð tillaga um 17 m.kr. til að halda áfram innleiðingu og dreifingu rafrænna skilríkja. Byggir tillagan á samstarfssamningi ráðuneytisins og fyrirtækisins Auðkenni. Þá er gert ráð fyrir tímabundinni fjárveitingu að upphæð 10 m.kr. á sama viðfangsefnalið, til þess að koma á þjónusta fyrir rafræna auðkenningu og rafrænar greiðslur. Markmið verkefnisins er að tryggja samræmt aðgengi að auðkenningu og rafrænum greiðslumöguleikum. Í fjórða lagi er á *1.94 Þróunarmál í upplýsingatekni* gerð tillaga um 59 m.kr. tímabundna fjárveitingu í eitt ár til sjö verkefna á grundvelli framkvæmdaáætlunar um íslenska upplýsingasamfélagið. Um er að ræða 25 m.kr. til verkefnis um rafrænar þinglýsingar, veðbókavottorð o.fl. Gert er ráð fyrir 8 m.kr. til verkefnis um stofnun fyrirtækis á rafrænan hátt og breytinga á fyrirtækjaskrá. Þá er gerð tillaga um 3 m.kr. fjárveitingu til þess að gera skattfyrivöldum kleift að senda staðfest afrit skattframtala einstaklinga til fyrirfram ákveðinna móttökuaðila. Gert er ráð fyrir 9 m.kr. til þess að koma á rafrænum

samskiptum milli skjalakerfa ríkisins. Gerð er tillaga um 5 m.kr. til þess að samnýta og samhæfa miðlægar skrár, t.d. þjóðskrá, fyrirtækjaskrá og ökutækjaskrá. Þá er tillaga um 6 m.kr. fjárveitingu til þess að útbúa leiðbeiningar fyrir stofnanir um notkun rafrænna skilríkja í samskiptum, staðla og notkun þeirra innan ríkisins. Loks er farið fram á 3 m.kr. til verkefnis um að allar greiðslur ríkisins verði rafrænar. Í fimmta lagi er miðað við að tímabundnar fjárveitingar á fjárlögum 2008 að fjárhæð 36 m.kr. til annarra verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins falli niður. Loks er gert ráð fyrir að tímabundið framlag vegna samkomulags við BSRB, KÍ og BHM til eflingar mannauðsmála hjá ríkinu að upphæð 11 m.kr. falli niður.

Fjárlagaliðir með óskiptri heimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
09-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar ákvarðanir, s.s. Til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
09-212-1.01	Skatta- og tollamál. Ýmis sameiginleg útgjöld	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld skattstofa og tollstjóra.
09-212-1.10	Skatta- og tollamál. Skatteftirlit	Til skattembætta vegna skatteftirlits.
09-212-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	Til skattembætta vegna hugbúnaðargerðar.
09-481-601	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna notkunar á heimildagrein fjárlaga.
09-973-6.11	Tapaðar kröfur	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tapaðra krafna.
09-973-6.15	Tjónabætur	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tjónabóta.
09-989-1.90	Launa- og verðlagsmál	Ófyrirséðar eða óútfærðar launa- og verðlagsbreytingar í útgjöldum verkefna eða stofnana.
09-990-1.10	Til ráðstöfunar skv. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar	Ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um sérstök framlög til ýmissa fjárlagaliða eftir afgreiðslu fjárlaga.
09-999-1.90	Ýmis verkefni	Ófyrirséð útgjöld ýmissa stofnana ráðuneytisins.
09-999-6.11	Bifreiðar Stjórnarráðsins	Til endurnýjunar á bifreiðum ráðherra allra ráðuneytanna.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun samgönguráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	6.648,9	7.772,9	8.737,5	12	31
Neyslu- og rekstrartilfærslur	16.068,7	16.179,9	14.786,1	-9	-8
Stofnkostnaður og viðhald	15.633,6	30.956,0	33.792,6	9	116
Samtals	38.351,2	54.908,8	57.316,2	4	49
Greitt úr ríkissjóði	-	29.694,1	24.469,2	-18	-
Innheimt af ríkistekjum	-	25.202,9	32.772,0	30	-
Viðskiptahreyfingar	-	11,8	75,0	536	-
Samtals	-	54.908,8	57.316,2	4	-

Heildargjöld samgönguráðuneytis árið 2009 eru áætluð 63.527 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 6.211 m.kr. en þær nema 9,8% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 57.316 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 24.469 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 32.772 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 75 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 8.737,5 m.kr. og hækka um 964,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana að fjárhæð 932,1 m.kr. munar þar mest um að lögð er til 18,6 m.kr. hækkun á fjárheimild til að greiða ríkissjóði þóknun fyrir innheimtu markaðra tekna Vegagerðarinnar. Gert er ráð fyrir að ýmis framlög samgönguráðuneytis hækki um 17 m.kr. en á móti kemur 32 m.kr. lækkun til samgönguverkefna. Aðrar breytingar eru minni og nema samtals 28,9 m.kr. til hækkunar.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 1.393,8 m.kr. og verða 14.786,1 m.kr. en eru 16.179,9 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Þyngst vegur 1.700 m.kr. lækkun sérstakra viðbótarframlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem skýrist að mestu af niðurfellingu tíma-bundinna framlaga. Á móti kemur 432 m.kr. framlag til sjóðsins vegna hlutdeildar ríkissins í hækkun húsaleigubóta hjá sveitarfélögum. Auk þess er gert ráð fyrir 161 m.kr. lækkun á lögbundnum framlögum til sjóðsins vegna endurskoðaðrar áætlunar. Gert er ráð fyrir að framlag til Keflavíkurflugvallar lækki um 315,8 m.kr. en þar munar mest um að niður fellur 290 m.kr. framlag vegna stofnkostnaðar Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að framlag til Jöfnunarsjóðs alþjónustu hækki um 208 m.kr. og vegur þar þyngst 182 m.kr. hækkun á framlagi vegna endurskoðaðrar áætlunar um ríkistekjur af jöfnunargjaldi. Að lokum er gert ráð fyrir 88,2 m.kr. framlagi vegna styrkja til ferju og sérleyfishafa. Aðrar breytingar eru minni og nema samtals 54,8 m.kr. til hækkunar.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 33.792,6 m.kr. og er það 2.836,6 m.kr. hækkun milli ára að meðtöldum verðlagsbreytingum. Munar þar mest um að gert er ráð fyrir að framkvæmdaliður flugvalla og flugleiðsöguþjónustu lækki um 1.550,5 m.kr. en þar vegur þyngst niðurfelling tímabundinna 1.430 m.kr. framlaga. Lagt er til að viðhaldsliður Flugvalla- og flugleiðsöguþjónustu lækki um 349 m.kr. en þar munar mest um að niður fellur tímabundið 280 m.kr. framlag vegna flýtingar framkvæmda á samgönguáætlun. Gert er ráð fyrir 217,1 m.kr. lækkun til Hafnabótasjóðs vegna breytinga á umfangi liðarins og að framlag til Tollaðstöðu á Seyðisfirði lækki um 72,3. Á móti er gert ráð fyrir framkvæmdaliður vegamála hækki um 2.775,5 og viðhaldsliður vegamála hækki um 1.564,2 m.kr. sem auk launa- og verðlagshækkana eru vegna breytinga á umfangi liðarins. Gert er ráð fyrir að framlög til Vestmannaeyjaferju hækki um 496,2 m.kr. og verði samtals 600 m.kr. Auk þess er gert ráð fyrir að framlag til Landeyjahafnar hækki um 181,2 m.kr. vegna endurskoðaðrar kostnaðaráætlunar. Aðrar breytingar eru minni og nema samtals 8,4 m.kr. til hækkunar.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með frestun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða öðrum stofnkostnaði sem nemur 3.700 m.kr. Gert er ráð fyrir að aðhald í vexti rekstrargjalda ráðuneytisins nemi samtals 136 m.kr. og tilfærsluframlaga um 64 m.kr. Vikið er nánar að helstu útgjalda-breytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Skuldbindandi samningar

Samgönguráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 3.221,3 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að

undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 5% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Samningar um áætlunarflug innanlands	B	281,4	317,0	-	-	-
Slysavarnaskóli sjómanna	B	59,6	65,1	-	-	-
Flugvalla- og flugleiðsögugjónustu	B	1.746,3	1.821,3	-	-	-
Samningar við sérleyfishafa	C	206,6	60,0	60,0	-	-
Rekstur Hriseyjarferjunnar Sævars	C	64,3	66,9	66,9	66,9	-
Rekstur Grímseyjarferjunnar Sæfara	C	65,4	-	-	-	-
Rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss	C	348,6	396,3	396,3	-	-
Rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs	C	130,2	102,2	25,6	-	-
Samningur um Mjóafjarðarferjuna Anný	C	11,2	12,5	12,5	8,3	-
Flutningar til og frá Vigur í Ísafjarðardjúpi	C	9,6	10,5	2,6	-	-
Samningur um rekstur Flugskóla Íslands	C	23,6	26,7	26,7	26,7	-
Flug milli Íslands og Narssarssuaq	C	7,5	6,5	6,5	-	-
Samningur um Vaktstöð siglinga	C	267,0	313,2	313,2	313,2	313,2
Samtals		3.221,3	3.198,2	910,3	415,1	313,2

Samningar sem bæði samgönguráðuneytið og fjármálaráðuneytið standa að eru merktir með bókstafnum B og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 2.203,4 m.kr. á árinu 2009. Samningar sem samgönguráðuneytið stendur eitt að eru merktir með bókstafnum C og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 994,8 m.kr. á næsta ári. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að jafnaði verði um 3 milljarðar króna. bundnir árlega vegna framangreindra verkefna.

Í kjölfar breyttrar verkaskiptingar ráðuneyta Stjórnarráðsins við aðra umræðu fjárlagafrumvarps 2008 færðust þrjú samningar frá samgönguráðuneyti yfir til iðnaðarráðuneytis jafnframt því sem fjárveitingar til ferðamála færðust á milli ráðuneytanna. Þetta voru samningar um markaðssetningu Íslands í N-Ameríku, samningur við Grænland og Færeyjar og samningur við sveitarfélög á sviði menningarmála.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir samgönguráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	299,9	319,5	364,7	14,1	21,6
Ýmis verkefni	156,8	160,6	200,7	25,0	28,0
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	456,7	485,1	570,4	17,6	24,9

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans hækkar um 38,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 46,5 m.kr. Helstu breytingar eru þær að á viðfangsefni *1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytisins* eru tvö tímabundin framlög vegna verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins. Annars vegar er lagt til að veitt verði 10 m.kr. framlag til verkefnisins Rafræn eyðublöð stofnana samgönguráðuneytis og hins vegar er lagt til að veitt verði 7 m.kr. framlag til verkefnisins Tilraun með rafrænar sveitarstjórnarkosningar í tveimur sveitarfélögum 2010. Auk þess er gerð tillaga um að veitt verði 10 m.kr. framlag til að sameina þjónustustöðvar Langanesbyggðar, Vega-gerðarinnar á Þórshöfn og Flugstoða á Þórshafnarflugvelli en tillagan er hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Þá er gert ráð fyrir 8 m.kr. til aðalskrifstofu ráðuneytisins til að mæta nýjum eða auknum verkefnum.

101 Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 364,7 m.kr. og jafngildir það 12,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af tveimur tilefnum. Annars vegar er gert ráð fyrir að veitt verði 8 m.kr. framlag til að mæta nýjum eða auknum verkefnum á aðalskrifstofu. Hins vegar er lagt til að tímabundin 4,8 m.kr. hagræðingarkrafa sem gerð var við aðra umræðu fjárlagafrumvarps 2008 gangi til baka.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 200,7 m.kr. og jafngildir það 26 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á *1.52 Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi* er gerð tillaga um 1 m.kr. lækkun í fjárlögum 2008 var veitt 7,5 m.kr. tímabundið framlag til tveggja ára. Samningur um flugið rennur út í árslok 2009 en samkvæmt honum á ríkið að greiða 6,5 m.kr. árið 2009. Breytingar til hækkunar á framlögum til liðarins eru þessar: Á *190 Ýmis framlög samgönguráðuneytisins* eru tvö tímabundin framlög vegna Íslenska upplýsingasamfélagsins. Annars vegar er gert ráð fyrir 10 m.kr. til verkefnisins Rafræn eyðublöð stofnana samgönguráðuneytis sem hefur að markmiði að auka rafræna þjónustu stofnana ráðuneytisins við borgarana. Verkefnið felur í sér að gera eyðublöð stofnana ráðuneytisins rafræn. Hins vegar er gert ráð fyrir 7 m.kr. framlagi til verkefnisins Tilraun með rafrænar sveitarstjórnarkosningar í tveimur sveitarfélögum 2010. Verkefnið felur í sér að gera kjósendum mögulegt að kjósa með rafrænum hætti á kjörstað.

Þá er gerð tillaga um 10 m.kr. framlag til að sameina þjónustustöðvar Langanesbyggðar, Vegagerðarinnar á Þórshöfn og Flugstoða á Þórshafnarflugvelli í eina þjónustustofnun. Gert er ráð fyrir að hún verði rekin á ábyrgð sveitarfélagsins með samningi við Vegagerðina og Flugstoðir. Áætlað er að störfum fjölgi við þetta um eitt. Tillagan er hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Eftirfarandi tvær töflur gefa yfirlit yfir ýmis verkefni og ýmis framlög samgönguráðuneytisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fastanefndir	13,4	9,5	10,3	8,4	-23,1
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	3,9	1,9	1,9	0,0	-51,3
Slysavarnaskóli sjómanna	51,1	59,6	65,1	9,2	27,4
Flugskóli Íslands	25,6	23,6	26,7	13,1	4,3
Átak í umferðaröryggismálum	0,2	50,0	50,0	0,0	-
Samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og RVKflugvelli	7,5	0,0	0,0	-	-100,0
Samn. milli Íslands og Narsarsuaq á Grænlandi	12,5	7,5	6,5	-13,3	-48,0
Ýmis framlög samgönguráðuneytis	21,6	8,5	40,2	372,9	86,1
Ferðamannaáðstaða við ferjuhafnir	21,0	0,0	0,0	-	-100,0
Samtals	156,8	160,6	200,7	25,0	28,0

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
10-190-1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis		
Þjónustumiðstöð á Þórshöfn	0,0	11,3
Tilraun með rafrænar sveitarstjórnarkosningar árið 2010	0,0	7,9
Rafræn eyðublöð stofnana samgönguráðuneytis	0,0	11,3
Vegna sameiningar sveitarfélaga og annarra verkefna á sviði sveitarstjórnarmála	0,0	5,1
Óskipt	8,5	4,6
Samtals	8,5	40,2

Vegamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 211 Rekstur Vegagerðarinnar; 212 Samgönguverkefni; 251 Umferðarstofa og 281 Rannsóknanevni umferðarslysa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstur Vegagerðarinnar	4.726,7	592,2	685,6	15,8	-85,5
Samgönguverkefni	13.709,7	30.547,7	35.470,3	16,1	158,7
Umferðarstofa	373,1	449,5	458,1	1,9	22,8
Rannsóknanefnd umferðarslysa	29,9	27,1	32,4	19,6	8,4
Samtals	18.839,4	31.616,5	36.646,4	15,9	94,5

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans að frádregnum sértekjum nemur 36.646,4 m.kr. sem jafngildir 1.013,8 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 4.016,1 m.kr. Skýring á hækkuninni er aðallega sú að útgjöld Vegagerðarinnar eru áætluð 36.155,9 m.kr. og er það 1.002,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum 2008. Í eftirfarandi undirkafla er gerð nánari grein fyrir breytingum á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokkans.

211 Rekstur Vegagerðarinnar. Gert er ráð fyrir að framlög til liðarins verði 685,6 m.kr. sem er hækkun um 93,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Breytingar á framlögum snerta eftirfarandi viðfangsefni: Gert er ráð fyrir að *1.01 Almennur rekstur* hækki um 4,2 m.kr. frá fjárlögum 2008 þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 70,6 m.kr. Á *1.02 Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna* er lögð til 18,6 m.kr. hækkun á fjárheimild til að greiða ríkissjóði þóknun fyrir innheimtu markaðra tekna Vegagerðarinnar. Samkvæmt lögum nemur þóknun 0,5% af tekjunum. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir útgjöld til vegamála.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Almennur rekstur	519,4	529,9	604,7	14,1	16,4
Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna	58,7	62,3	80,9	29,9	37,8
Umdæmi og rekstrardeildir	302,2	0,0	0,0	-	-100,0
Þjónusta	2.711,0	3.349,9	3.756,5	12,1	38,6
Styrkir til ferja og sérleyfishafa	813,1	905,9	1.030,3	13,7	26,7
Styrkir til innanlandsflugs	238,4	281,4	317,0	12,7	33,0
Rannsóknir	83,9	123,5	139,8	13,2	66,6
Viðhald	3.103,5	3.349,6	4.913,8	46,7	58,3
Framkvæmdir	10.606,2	22.537,4	25.312,9	12,3	138,7
Samtals	18.436,4	31.139,9	36.155,9	16,1	96,1

212 Samgönguverkefni. Gert er ráð fyrir að framlög til liðarins verði 35.470,3 m.kr. Helstu breytingar á framlögum eru þær að á viðfangsefni *1.07 Þjónusta* er gert ráð fyrir 32 m.kr. lækkun fjárveitingar en þar vegast á aukin útgjöld og áform um aðhald í rekstrar-

gjöldum ráðuneytisins. Á 5.10 Viðhald er lögð til 990,5 m.kr. hækkun en því til viðbótar eru launa- og verðlagshækkunar að fjárhæð 573,7 m.kr. Á 6.10 Framkvæmdir er gert ráð fyrir 979,8 m.kr. hækkun á framlögum en því til viðbótar eru launa- og verðlagshækkunar að fjárhæð 2.756,9 m.kr. Gert er ráð fyrir að framlög vegna ráðstöfunar á hluta af söluandvirði Landssíma Íslands verði 1.700 m.kr. Lögð er til 1.700 hækkun á fjárheimildum til framkvæmda sem fjármagnaðar eru með sérstakri fjáröflun þannig að þær verði 4.700 m.kr. árið 2009. Þá er gert ráð fyrir 743,6 m.kr. hækkun fjárheimildar sem fjármögnuð er með mörkuðum tekjum. Inn í heildarframlaginu til liðarins er 3.700 m.kr. lækkun fjárveitingar sem hluti af ráðstöfun söluandvirðis Landssíma Íslands til að mæta útgjaldamarkmiðum fjárlagafrumvarpsins.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Heildarfjárveiting til Vegagerðarinnar	31.139,9	36.155,9
Beinar greiðslur úr ríkissjóði		
Jarðgangaátak	3.344,4	4.623,9
Annað ríkisframlag	7.200,0	1.700,0
Styrkir til innanlandsflugs	281,4	317,0
Samtals	10.825,8	6.640,9
Skil á mörkuðum tekjustofnum	20.314,1	29.440,0
Viðskiptahreyfing á gjaldahlíð A-hluta	0,0	75,0
Ráðstöfun markaðra tekna		
Innheimtar tekjur	14.740,0	15.866,0
Afborganir af ferjulánum, v. Hvalfjarðarganga og vegna skuldar frá 1999	-188,2	-306,2
Viðskiptahreyfing (inneign, skuld)	5.762,3	13.880,2
Greitt úr ríkissjóði	20.314,1	29.440,0

Gert er ráð fyrir að heildarfjárveiting til Vegagerðarinnar verði 36.155,9 m.kr. árið 2009. Hún er fjármögnuð í fyrsta lagi með 6.640,9 m.kr. greiðslu úr ríkissjóði sem skiptist þannig að 4.623,9 m.kr. eru vegna jarðgangaátaks, 1.700 m.kr. eru í samræmi við það sem gert er ráð fyrir að ráðstafa til vegaframkvæmda af söluandvirði Landssíma Íslands og að lokum eru 317 m.kr. vegna styrkja til innanlandsflugs. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjárveiting Vegagerðarinnar verði fjármögnuð með mörkuðum tekjustofnum að fjárhæð 29.440 m.kr. Reiknað er með að innheimtar markaðar tekjur verði 15.866 m.kr. og að frádrögnum 306,2 m.kr., vegna afborgana af lánum, þá stendur eftir viðskiptahreyfing að fjárhæð 13.574 m.kr. sem færast á tekjuhlið ríkissjóðs. Þessi viðskiptahreyfing er í raun tekjur Vegagerðarinnar í framtíðinni sem greiddar eru úr ríkissjóði á árinu 2009 til að uppfylla skil á mörkuðum tekjustofnum gagnvart heildarfjárveitingu Vegagerðarinnar fyrir árið 2009. Frá árinu 2006 hafa slíkar greiðslur úr ríkissjóði vegna tekna Vegagerðarinnar í framtíðinni vaxið úr því að vera engar í það að vera rúmlega 13.574 m.kr. á næsta ári. Í þriðja lagi er

síðan gert ráð fyrir 75 m.kr. í afskriftir markaðra tekna. Í töflunni hér á undan má sjá hvernig heildarfjárveiting til Vegagerðarinnar er fjármögnuð en einnig er hægt að sjá yfirlit yfir markaðar tekjur í séryfirliti 3 í fjárlagafrumvarpinu.

251 Umferðarstofa. Gert er ráð fyrir að framlög til liðarins verði 458,1 m.kr. og jafngildir það 8,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun Umferðastofu er gert ráð fyrir að heildartekjurnar verði 458,1 m.kr. eða 117,5 m.kr. lægri en í fjárlögum 2008. Í ljósi þess er svigrúm til að auka útgjöldin um 8,6 m.kr. frá því í fjárlögum 2008.

281 Rannsóknarnefnd umferðarslysa. Gert er ráð fyrir að framlög til liðarins verði 32,4 m.kr. og jafngildir það 2,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Er sú hækkun vegna fjölgunar starfsfólks og aukins skrifstofukostnaðar. Framlagið er milli-fært frá viðfangsefni 10-481-1.01 Rannsóknarnefnd flugslysa

Siglingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkss: 335 Siglingastofnun Íslands; 336 Hafnarframkvæmdir og 381 Rannsóknarnefnd sjóslysa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Siglingastofnun Íslands	795,1	915,8	1.051,7	14,8	32,3
Hafnarframkvæmdir	858,3	2.109,4	2.501,5	18,6	191,4
Rannsóknarnefnd sjóslysa	30,4	38,2	42,5	11,3	39,8
Samtals	1.683,8	3.063,4	3.595,7	17,4	113,5

Heildarfjárveiting til málefnaflokkssins hækkar um 307,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 224,9 m.kr. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 600 m.kr. fjárveitingu til smíði nýrrar Vestmanna-eyjaferju en verkefnið mun verða á hendi ríkisins en ekki í einkaframkvæmd eins og gert er ráð fyrir í viðauka við samgönguáætlun 2007-2010. Áætlað er fyrir 181,2 m.kr. hækkun fjárveitingar til Landeyjahafnar en á móti koma 315,5 m.kr. lækkun fjárveitingar til Hafnarbótar sjóðs og 72,3 m.kr. lækkun til tollaðstöðu á Seyðisfirði.

335 Siglingastofnun Íslands. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 1.051,7 m.kr. og jafngildir það 17,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkningar að fjárhæð 118,4 m.kr. Breytingar á framlögum til liðarins eru þessar. Á 1.01 Almennur rekstur er gert ráð fyrir 1,9 m.kr. lækkun fjárveitingar. Breytingin skýrist með 3,6 m.kr. hækkun á framlagi vegna breyt-

inga á umfangi liðarins og 1 m.kr. framlagi til kennslu á frístundaskip og skemmtibáta. Á móti er gert ráð fyrir að niður falli 6,5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var vegna verkefnisins, Surtsey á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Á 6.60 *Vitabyggingar* er lögð til 7,6 m.kr. hækkun á fjárveitingu til að hraða uppbyggingu AIS-kerfisins sem væntanlega mun taka við af sjálfvirku tilkynningaskyldunni í framtíðinni. Á 6.80 *Sjóvarnargarðar* er lögð til 11,8 m.kr. hækkun en úttektir Siglingastofnunar hafa sýnt að ekki má slá slöku við í vörnum gegn landbroti af völdum ágangs sjávar.

336 Hafnarfrankvæmdir. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 2.501,5 m.kr. og jafngildir það 289,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir að fjárhæð 102,2 m.kr. Breytingar til hækkunar á framlögum til liðarins eru þessar: Á viðfangi 6.81 *Vestmannaeyjaferja* er lögð til 496,2 m.kr. hækkun framlags en á árinu 2009 er gert ráð fyrir 600 m.kr. fjárveitingu til smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju. Fyrirhugað var að ný Vestmannaeyjaferja yrði boðin út í einkafrankvæmd en þar sem viðunandi tilboð bárust ekki var hætt við það. Þess í stað hefur verið ákveðið að ferjan verði í eigu ríkisins og er smíði hennar boðin út í ár en reksturinn síðar. Áætlaður kostnaður við smíði ferjunnar er um 3 milljarðar króna og er gert ráð fyrir smíðakostnaðurinn verði um 1.100 m.kr. á árinu 2008, 600 m.kr. á árinu 2009 og 1.300 m.kr. á árinu 2010. Á 6.72 *Landeyjahöfn* er lögð til 181,2 m.kr. hækkun fjárveitingar. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að heildarkostnaðurinn verði 2.900 m.kr. sem mun skiptast þannig: 1.145 m.kr. árin 2007 og 2008, 1.016,2 m.kr. árið 2009 og 739 m.kr. árið 2010. Í fjárlögum 2008 var 835 m.kr. veitt til verkefnisins. Á 6.73 *Tollaðstaða á Seyðisfirði* er lögð til 7,7 m.kr. tímabundin hækkun framlags vegna 264 m² stækkunar húsnæðis. Á 6.76 *Ferjubryggjur* er að lokum gert ráð fyrir 0,6 m.kr. hækkun fjárveitingar. Breytingar til lækkunar á framlögum til liðarins eru þessar: Á 6.70 *Hafnarbótarsjóður* er gert ráð fyrir 315,5 m.kr. lækkun fjárveitingar. Þar af gengur til baka tímabundin 200 m.kr. frestun stofnkostnaðar sem ákveðin var í fjárlögum 2008. Undir þennan lið falla bæði A- og B-deild Hafnabótasjóðs þ.e.a.s. Hafnamannvirki og Hafnabótasjóður. Heildarframlög til þessara verkefna í fjárlögum 2008 voru 1.059,8 m.kr. en verða 744,3 m.kr. árið 2009 samkvæmt frumvarpinu. Á 6.73 *Tollaðstaða á Seyðisfirði* er lagt til að tímabundin framlög að fjárhæð 60 m.kr. og 20 m.kr. sem veitt voru í fjárlögum 2008 falli niður. Á 6.74 *Lendingabætur* er lögð til 0,3 m.kr. lækkun framlags.

Flugmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 471 Flugmálastjórn Íslands; 475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta og 481 Rannsóknanevnd flugslýsa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Flugmálastjórn Íslands	519,1	403,4	479,2	18,8	-7,7
Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	4.379,5	6.383,6	4.316,5	-32,4	-1,4
Rannsóknanefnd flugslysa	38,5	42,1	43,7	3,8	13,5
Samtals	4.937,1	6.829,1	4.839,4	-29,1	-2,0

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans lækkar um 2.467,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 477,9 m.kr. Helstu breytingar eru allar til lækkunar á framlögum en á lið Flugvalla og flugleiðsöguþjónustu er gert ráð fyrir að tímabundið 661 m.kr. framlag vegna flýtingar framkvæmda á Akureyrarflugvelli og tímabundið 456,7 m.kr. framlag vegna flughlaða við fyrirhugaða samgöngumiðstöð í Reykjavík falli niður. Sömuleiðis er ráðgert að tímabundið 290 m.kr. tilfærsluframlag fjárlaga 2008, vegna stofnkostnaðar Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli, falli niður. Lagt er til að tímabundið 280 m.kr. framlag til viðhaldsliðar Flugvalla- og flugleiðsöguþjónustu, vegna flýtingar framkvæmda á samgönguáætlun sem mótvægisáðgerð vegna niðurskurðar á þorskkvóta, falli einnig niður. Gert er ráð fyrir að niður falli tímabundið 250 m.kr. framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 á lið Flugvalla og flugleiðsöguþjónustu vegna framkvæmda við NA/SV brautar á Keflavíkurflugvelli. Þá er lögð til 219,6 m.kr. lækkun fjárveitingar til Keflavíkurflugvallar en samkvæmt endurskoðaðri ríkistekjuáætlun er gert ráð fyrir að markaðar tekjur Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli lækki um 219,6 m.kr. og verði 1.006,6 m.kr. Að lokum er gert ráð fyrir 169,8 m.kr. lækkun fjárveitingar til framkvæmdaliðar Flugvalla og flugleiðsöguþjónustu. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir breytingum á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokkans.

471 Flugmálastjórn Íslands. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 479,2 m.kr. og jafngildir það 25,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkningar að fjárhæð 49,9 m.kr. Hækkunin skýrist af 23 m.kr. millifærslu á liðinn af 10-475-1.11 *Keflavíkurflugvöllur* vegna tilfærslu verkefna milli Flugmálastjórnar Íslands og Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli á sviðum flugverndar og flugleiðsögu. Jafnframt er lögð til 4,1 m.kr. hækkun á framlagi vegna breytinga á umfangi liðarins. Á móti þessu er gert ráð fyrir 1,2 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna markmiðs um aðhald í vexti rekstrargjalda ráðuneytisins.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Heildarfjárveiting til flugvallaliða 10-471 og 10-475	6.787,0	4.795,7
Beinar greiðslur úr ríkissjóði	2.772,0	2.557,5
Skil á mörkuðum tekjustofnum	4.015,0	2.238,2
Viðskiptahreyfing á gjaldahlið A-hluta	0,0	0,0
Ráðstöfun markaðra tekna		
Innheimtar tekjur	2.653,2	2.478,6
Afborganir lána	-115,0	-480,0
Viðskiptahreyfing (inneign, skuld)	1.476,8	239,6
Greitt úr ríkissjóði	4.015,0	2.238,2

Gert er ráð fyrir að heildarfjárveiting til flugvallaliða 10-471 *Flugmálastjórn Íslands* og 10-475 *Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta* verði 4.795,7 m.kr. á árinu 2009. Fjárveitingin er fjármögnuð annars vegar með 2.557,5 m.kr. greiðslu úr ríkissjóði og hins vegar með mörkuðum tekjum að fjárhæð 2.238,2 m.kr. Reiknað er með að innheimtar markaðar tekjur verði 2.478,6 m.kr. Að frádragnum 480 m.kr., vegna afborgana af lánnum, stendur eftir viðskiptahreyfing að fjárhæð 239,6 m.kr. sem færist á tekjuhlið ríkissjóðs.

475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 4.316,5 m.kr. og jafngildir það 2.490,9 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkningar að fjárhæð 423,8 m.kr. Á 1.01 *Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta* er tillaga um 5,3 m.kr. hækkun auk 142,9 m.kr. til launa- og verðlagshækkana. Skýrist það af því að gert er ráð fyrir 5,3 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna breytinga á umfangi liðarins. Aðrar breytingar á framlögum til liðarins eru til lækkunar en þær eru þessar: Á 6.41 *Framkvæmdir* er lögð til 1.599,8 m.kr. lækkun en á móti koma 49,3 m.kr. til launa- og verðlagshækkana. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að tímabundið 661 m.kr. framlag vegna flýtingar framkvæmda á Akureyrarflugvelli falli niður. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að tímabundið 456,7 m.kr. framlag sem veitt var vegna flughlaða við fyrirhugaða samgöngumiðstöð í Reykjavík falli niður. Í þriðja lagi er miðað við að niður falli tímabundið 250 m.kr. framlag vegna norðaustur/suðvestur brautar á Keflavíkurflugvelli. Í fjórða lagi er lögð til 169,8 m.kr. lækkun í samræmi við viðauka við samgönguáætlun og í fimmta lagi er gert ráð fyrir að niður falli tímabundið 62,3 m.kr. framlag til að bæta aðstöðu innanlandsflugs. Á 1.11 *Keflavíkurflugvöllur* er gert ráð fyrir 540,4 m.kr. lækkun fjárveitingar og eru launa- og verðlagshækkningar að fjárhæð 224,6 m.kr. þá ótaldar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að tímabundið tilfærsluframlag að fjárhæð 290 m.kr. vegna stofnkostnaðar Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli í B-hluta falli niður. Í öðru lagi er lögð til 219,6 m.kr. lækkun á fjárveitingu í samræmi við áætlun um minni tekjur sam-

kvæmt endurskoðaðri áætlun um að ríkistekjur verði alls 1.006,6 m.kr. árið 2009. Í þriðja lagi er tillaga um að 23 m.kr. verði millifærðar yfir á *10-471 Flugmálastjórn Íslands* vegna tilfærslu verkefna milli Flugmálastjórnar Íslands og Flugmálastjórnar á Keflavíkflugvelli. Að lokum er gert ráð fyrir 7,8 m.kr. lækkun framlaga vegna breytinga á umfangi viðfangsefnisins og aðhaldsmarkmiða. Á *5.41 Viðhald* er gert ráð fyrir 356 m.kr. lækkun fjárveitingar en á móti koma 7 m.kr. til launa- og verðlags-hækkana. Skýringin er annars vegar sú að 280 m.kr. tímabundið framlag, vegna flýtingar framkvæmda á samgönguáætlun sem mótvægisáðgerð vegna niðurskurðar á þorskkvóta á árinu 2008, fellur niður. Hins vegar er lögð til 76 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna breytinga á umfangi liðarins.

481 Rannsóknanefnd flugslysa. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 43,7 m.kr. og jafngildir það 2,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin skýrist af því að gert ráð fyrir að samtals færist 2,6 m.kr. framlag yfir á lið *10-281-1.01 Rannsóknanefnd umferðaslysa* vegna breyttra áherslna ráðuneytisins.

Póst- og fjarskiptamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 512 Póst- og fjarskiptastofnunin; 513 Jöfnunarsjóður alþjónustu og 521 Fjarskiptasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Póst- og fjarskiptastofnunin	254,5	288,7	289,3	0,2	13,7
Jöfnunarsjóður alþjónustu	0,0	0,0	208,0	-	-
Fjarskiptasjóður	339,5	440,0	410,0	-6,8	20,8
Samtals	594,0	728,7	907,3	24,5	52,7

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 152 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 26,6 m.kr. Helstu breytingar er þær að gert er ráð fyrir að fjárlagagrunnur Jöfnunarsjóðs alþjónustu, að fjárhæð 26 m.kr., verði millifærður frá Póst- og fjarskiptastofnun á nýjan fjárlagalið *10-513 Jöfnunarsjóður alþjónustu*. Jafnframt gert ráð fyrir 182 m.kr. fjárveitingu til sjóðsins en í endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur af jöfnunargjaldi vegna alþjónustu er gert ráð fyrir að tekjurnar hækki um 182 m.kr.

512 Póst- og fjarskiptastofnunin. Lagt er til að framlög til þessa liðar verði 289,3 m.kr. sem er 26 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hún skýrist af millifærslu á 26 m.kr. fjárlagagrunni Jöfnunarsjóðs alþjónustu frá Póst- og fjarskiptastofnun á nýjan fjárlagalið *10-513 Jöfnunarsjóður alþjónustu*. Sjóðurinn hefur verið í vörslu

Póst- og fjarskiptastofnunarinnar og fé úr honum verði greitt til fjarskiptafélaga sem hafa kostnað af því að veita alþjónustu á sviði fjarskiptamála.

513 Jöfnunarsjóður alþjónustu. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa nýja fjárlagaliðar verði 208 m.kr. Breytingar á framlögum til liðarins skýrast af tveimur tilefnum. Annars vegar er gert ráð fyrir því að 26 m.kr. fjárlagagrunnur Jöfnunarsjóðs alþjónustu verði millifærður frá Póst- og fjarskiptastofnun á þennan nýjan lið. Hins vegar er gert ráð fyrir 182 m.kr. viðbótar fjárveitingu til liðarins en í endurskoðaðri áætlun um ríkis-tekjur af jöfnunargjaldi vegna alþjónustu fjarskiptafyrirtækja er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu hækki um 182 m.kr. frá fjárlögum 2008.

521 Fjarskiptasjóður. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 410 m.kr. og jafngildir það 30 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af því að áætlað er að Fjarskiptasjóður hafi 90 m.kr. vaxtatekjur af inneign hjá ríkissjóði en það eru 30 m.kr. hærri tekjur en reiknað er með í fjárlögum 2008. Beint framlag ríkissjóðs til verkefna og reksturs sjóðsins lækkar sem því nemur.

Sveitarstjórnarmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og 811 Bjargráðasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	11.830,2	12.176,0	10.747,0	-11,7	-9,2
Bjargráðasjóður	10,0	10,0	10,0	0,0	0,0
Samtals	11.840,2	12.186,0	10.757,0	-11,7	-9,1

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 10.747 m.kr. og lækki um 1.429 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Breytingar til lækkunar á framlögum til liðarins eru þessar: Á viðfangsefni *1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög* er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 161 m.kr. á milli ára að meðtöldum launa- og verðlagshækkunum að fjárhæð 556,3 m.kr. Sú áætlun miðast við spá um að skatttekjur verði 387.953 m.kr. á verðlagi næsta árs og að álagningarstofn útsvars verði 791.982 m.kr., en þá er reiknað með 9% hækkun álagningarstofnsins milli tekjuáranna 2007 og 2008. Lögbundin framlög ríkisins til Jöfnunarsjóðs eru ákvörðuð með tvennum hætti samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Annars vegar er það með framlagi úr ríkissjóði sem er 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs og hins vegar með framlagi sem er 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs. Á viðfangi *1.11 Jöfnunarsjóður sveitar-*

félaga, sérstök viðbótarframlög er í fyrsta lagi miðað við að fella niður tímabundið viðbótarframlag að fjárhæð 700 m.kr. sem veitt var árin 2007-2008 til að hækka framlög sjóðsins til sveitarfélaga sem orðið hafa fyrir fólksfækkun. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að niður falli 700 m.kr. tímabundið viðbótarframlag sem veitt var að tillögu tekjustofnanefndar árin 2006-2008. Í þriðja og síðasta lagi er áætlað að fella niður 300 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga sbr. viljayfirlýsingu félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2004. Á móti þessum lækkunum er gerð tillaga um 432 m.kr. framlag til sjóðsins vegna hlutdeildar ríkisins í hækkingu húsaleigubóta hjá sveitarfélögum í samræmi við samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga um ýmsar aðgerðir í húsnaðismálum. Þar á meðal er gert ráð fyrir að húsaleigubætur sveitarfélaganna hækki frá 1. apríl þannig að hámarksbætur hækki úr 31 þús. kr. á mánuði í 46 þús. kr. Því til viðbótar hækka sérstakar húsaleigubætur og geta að húsaleigubótunum meðtöldum orðið að hámarki 70 þús. kr. á mánuði í stað 50 þús. kr. Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði 60% af viðbótarkostnaðinum og sveitarfélögin 40%.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
10-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun iðnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:


Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.320,9	1.558,5	1.857,1	19	41
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3.686,5	3.939,9	4.623,1	17	25
Stofnkostnaður og viðhald	2,9			-	-
Samtals	5.010,3	5.498,4	6.480,2	18	29
Greitt úr ríkissjóði	-	5.182,6	6.120,8	18	-
Innheimt af ríkistekjum	-	315,8	359,4	14	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	5.498,4	6.480,2	18	-

Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 7.460 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 980 m.kr. en þær nema 13,1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 6.480 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 6.121 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 360 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.857,1 m.kr. og hækka um 298,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana að fjárhæð 198,9 m.kr. munar þar mest um að gert er ráð fyrir 157 m.kr. tímabundnu framlagi til að kosta hluta af vísindapætti djúpborunarverkefni og 58,8 m.kr. tímabundnu framlagi vegna undirbúnings greinargerðar til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna. Þá er lögð til 40,7 m.kr. fjárveiting til Samtaka iðnaðarins þar sem endurskoðuð tekjuáætlun af iðnaðarmálalagjaldi gerir ráð fyrir 40,7 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2008. Á móti falla niður nokkur tímabundin framlög til Orkustofnunar en þar ber helst að nefna 60 m.kr. vegna vinnu við rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða, 46,2 m.kr. til undirbúnings olíuleitar á Drekasvæði við Jan Mayen hrygg og 30 m.kr. vegna undirbúnings greinargerðar til landgrunnsnefndar S.Þ. Aðrar breytingar eru minni og nema samtals 20,6 m.kr. til lækkunar.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 683,2 m.kr. og verða 4.623,1 m.kr. en eru 3.939,9 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Auk launa- og verðlagshækkana að fjárhæð 306,9 m.kr. munar þar mest um 100 m.kr. tímabundna fjárveitingu til eflingar atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni og 90 m.kr. til Tækniþróunarsjóðs í samræmi við ákvörðun stjórnvalda um eflingu samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni. Þá er gert ráð fyrir 75 m.kr. fjárveitingu til markaðssóknar í íslenski ferðaþjónustu og eflingar hennar og 50 m.kr. vegna endurgreiðslna til kvikmyndagerðar á Íslandi. Aðrar breytingar eru minni og nema samtals 61,3 m.kr. til lækkunar.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Iðnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 474,2 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 6,4% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Markaðssetning Íslands í N-Ameríku	C	47,1	-	-	-	-
Markaðssetning Íslands í Evrópu	C	78,6	-	-	-	-
Samningar við Grænland og Færeyjar	C	14,5	20,1	20,1	-	-
Menningarsamningar við samtök sveitarfélaga ...	C	68,0	68,0	-	-	-
Samn. um framl. til Hönnunarmiðst. Íslands	C	10,0	10,0	10,0	-	-
Vaxtarsamningar	C	170,0	130,0	90,0	-	-
Háskólasetur Vestfjarða	C	18,0	18,0	18,0	-	-
Fræðslunet Austurlands	C	18,0	18,0	18,0	-	-
Norrænt samstarf NPP/NORA	C	50,0	50,0	50,0	-	-
Samtals		474,2	314,1	206,1	0,0	0,0

Áætlað er að kostnaður vegna samninga sem iðnaðarráðuneytið stendur eitt að verði 314,1 m.kr. en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir

samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 300 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir iðnaðarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Iðnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	149,8	211,3	239,4	13,3	59,8
Ráðstöfunarfé	129,1	8,0	8,0	0,0	-93,8
Samtals	278,9	219,3	247,4	12,8	-11,3

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 8,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 20 m.kr. Munar þar mest um að gert er ráð fyrir að veita aðalskrifstofu ráðuneytisins tímabundið 5 m.kr. framlag vegna verkefna ráðuneytisins tengdum formennsku Íslands í norrænu ráðherranefndinni.

101 Iðnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 239,4 m.kr. og jafngildir það 8,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af tveimur tilefnum. Annars vegar er lagt til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár vegna verkefna ráðuneytisins tengdum formennsku Íslands í norrænu ráðherranefndinni árið 2009. Hins vegar gengur til baka tímabundin 3,1 m.kr. hagræðingarkrafa.

Iðnaðarmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands; 240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja; 242 Tækniþróunarsjóður; 245 Samtök iðnaðarins; 251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og 299 Iðja og iðnaður, framlög.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	160,3	382,6	458,2	19,8	185,8
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	6,8	17,0	10,1	-40,6	48,5
Tækniþróunarsjóður	427,5	600,0	690,0	15,0	61,4
Samtök iðnaðarins	370,7	259,3	300,0	15,7	-19,1
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	187,1	75,0	125,0	66,7	-33,2
Iðja og iðnaður, framlög	193,4	257,7	317,9	23,4	64,4
Samtals	1.345,8	1.591,6	1.901,2	19,5	41,3

Heildarfjárveiting til málefnaflokkisins hækkar um 232,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 77,3 m.kr. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að fjárveiting til Tækniþróunarsjóðs hækki um 90 m.kr. vegna ákvörðunar stjórnvalda að efla samkeppnissjóði- og sviði vísinda og tækni. Gert er ráð fyrir 50 m.kr. tímabundinni hækkun á framlagi til endurgreiðslna á hluta af framleiðslukostnaði vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Lögð er til 40,7 m.kr. hækkun til Samtaka iðnaðarins þar sem endurskoðuð tekjuáætlun gerir ráð fyrir að tekjur af iðnaðarmálagjaldi hækki um 40,7 m.kr. frá fjárlögum 2008. Þá er lagt til að veitt verði 35 m.kr. framlag til ýmissa framlaga iðnaðarráðuneytisins vegna nýsköpunar og markaðsmála á Austurlandi. Að lokum er gert ráð fyrir 22 m.kr. framlagi til að koma á fót starfsstöð Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Sauðárkróki. Í eftirfarandi undirkafla er gerð nánari grein fyrir breytingum.

205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 458,2 m.kr. og jafngildir það 9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar til hækkunar er þessar: Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 22 m.kr. framlagi í því skyni að koma á fót starfsstöð Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Sauðárkróki. Framlaginu er ætlað að kosta þrjú sérfræðinga og starf framkvæmdastjóra þannig að störfum fjölgar um fjögur vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 10 m.kr. framlag í því skyni að koma á fót starfsstöð Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands fyrir Þingeyjasýslur á Húsavík. Gert er ráð fyrir að stöðin, í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og fleiri aðila, vinni að myndun klasasamstarfs þeirra aðila á svæðinu sem vinna að málefnum nýsköpunar og þróunar í þágu atvinnulífsins á Norðausturlandi. Áætlað er að störfum fjölgi við þetta um tvö. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 3 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til verkefnisins Gagnvirk þjónustumiðstöð fyrir einstaklinga og fyrirtæki um stofnun og rekstur fyrirtækja. Um er að ræða úthlutun af framlagi Íslenska upplýsingasamfélagsins árið 2009. Í árslok 2003 var opnuð ný heimasíða Impru þar sem unnið

út frá hugmyndum um gagnvirka handleiðslu. Hér er um að ræða áframhaldandi þróun og endurnýjun þjónustunnar. Breytingar til lækkunar á framlögum til liðarins eru þær að annars vegar er gert ráð fyrir að tímabundið 20 m.kr. framlag til Impru vegna námskeiðahalds fyrir athafnakonur á árinu 2008 falli niður og hins vegar að tímabundið 6 m.kr. framlag í fjárlögum 2008 til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins falli niður.

240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 10,1 m.kr. og jafngildir það 7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem er til komin vegna hagræðingarkröfu.

242 Tækniþróunarsjóður. Lagt er til að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 690 m.kr. og jafngildir það 90 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum 2008. Það felur í sér að fjárveiting sjóðsins hækki um 90 m.kr. í samræmi við tillögur stjórnvalda um eflingu samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni árin 2008-2011. Gert er ráð fyrir að fjárframlög til fjárlagaliðarins verði samtals 690 m.kr. árið 2009, 800 m.kr. árið 2010 og 874 m.kr. árið 2011.

245 Samtök iðnaðarins. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 300 m.kr. og jafngildir það 40,7 m.kr. raunhækkun. Skýrist hún af endurskoðaðri tekjuáætlun vegna iðnaðarmálagjalds um að tekjur af gjaldinu verði 300 m.kr. á árinu 2009 í stað 259,3 m.kr. eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum 2008.

251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Lagt er til að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 125 m.kr. og jafngildir það 50 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Um er að ræða tímabundna hækkun til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi en heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði 14% af framleiðslukostnaði sem til fellur við framleiðslu kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi. Ljóst er að samkvæmt samþykktum umsóknum um endurgreiðslu kvikmynda sem nú eru í framleiðslu og umsókna sem nú eru í umsóknaferli munu endurgreiðslur á árinu 2009 nema allt að 125 m.kr. eða 50 m.kr. umfram fjárveitingu í fjárlögum 2008.

299 Iðja og iðnaður, framlög. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 317,9 m.kr. og jafngildir það 49,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar til hækkunar á framlögum til liðarins eru þessar: Á 1.48 Átak til atvinnusköpunar er lögð til 5 m.kr. hækkun í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni fyrir árin 2008-2011. Gert er ráð fyrir að fjárframlög til viðfangsefnisins verði samtals 80 m.kr. árið 2009. Á 1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis er tillaga um 45 m.kr.

hækkun og verði þeim 94,7 m.kr. sem verða þá til ráðstöfunar á viðfangsefnaliðnum skipt eins og fram kemur í næstu töflu. Hækkunin skiptist þannig að annars vegar er lagt til að veitt verði 35 m.kr. framlag í því skyni að ýta undir nýsköpun í atvinnulífi í fámennum byggðum á Austurlandi og að aðstoða ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu við að þróa hugmyndir sínar um nýsköpun í ferðaþjónustu. Áætlað er að störfum fjölgi um þrjú vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Hins vegar er lagt til að veitt verði 10 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár vegna þjónustusamnings um reksturs Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Tilgangur hennar er að vera kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir hönnun og arkitektúr og að örva og styðja samstarf milli hönnuða, arkitekta og atvinnulífs. Á móti er gert ráð fyrir 0,4 m.kr. lækkun á framlagi á viðfangsefni *1.19 Staðlaráð* í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af tryggingagjaldi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Sundurlíðun á óskiptu viðfangsefni: 11-299-1.98 Ýmis framlög iðnaðarráðuneytis		
Íslandskynning í Brussel	5,0	0,0
Verkefni á sviði hönnunarmála	10,0	0,0
Verkefni á sviði atvinnuþróunarmála	8,5	20,0
Verkefni á sviði nýsköpunarmála	20,0	23,0
Kynningarmál	2,2	2,7
Jafnréttismál	3,0	3,2
Hönnunarmiðstöð Íslands	0,0	10,0
Nýsköpun og markaðsmál á Austurlandi	0,0	35,0
Hátæknivettvangur	0,0	3,5
Samtals	48,7	97,4

Orkumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkis: 301 Orkustofnun; 371 Orkusjóður; 373 Niðurgreiðslur á húshitun; 375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu við raforku og 399 Ýmis orkumál.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Orkustofnun	519,8	579,9	736,7	27,0	41,7
Orkusjóður	33,0	34,1	36,0	5,6	9,1
Niðurgreiðslur á húshitun	1.055,3	1.135,0	1.285,0	13,2	21,8
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	249,6	245,0	245,0	0,0	-1,8
Ýmis orkumál	53,8	197,7	174,6	-11,7	224,5
Samtals	1.911,5	2.191,7	2.477,3	13,0	29,6

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans hækkar um 64,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 221 m.kr. Helstu raunbreytingar eru þær að gert er ráð fyrir 157 m.kr. tímabundnu framlagi til Orkustofnunar til að kosta hluta af vísindabætti djúpbórunarverkefnis. Þá er gert ráð fyrir að Orkustofnun verði veitt 58,8 m.kr. tímabundið framlag til undirbúnings greinargerðar til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna. Auk þess er gert ráð fyrir að niður falli 60 m.kr. tímabundin fjárveiting til Orkustofnunar vegna vinnu við rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða, 46,2 m.kr. fjárveiting vegna undirbúnings olíuleitar á Drekasvæði og 30 m.kr. framlag vegna undirbúnings greinargerðar til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna. Í eftirfarandi undirkafla er gerð nánari grein fyrir breytingum.

301 Orkustofnun. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 736,7 m.kr. og jafngildir það 89,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á liðnum eru þrjár tillögur til hækkunar. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 157 m.kr. tímabundið framlag til að kosta hluta af vísindabætti djúpbórunarverkefnis í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar. Markmiðið er að kanna hugsanlega nýtingu varma úr rótum háhitakerfa á allt að 5 km. dýpi og virkja með því móti mun meiri orku úr háhitunum en áður hefur verið gert. Samkvæmt kostnaðaráætlun verður hlutdeild ríkissjóðs 157 m.kr. á árinu 2009 og 162 m.kr. árið 2010 sem er síðasta ár verkefnisins. Í öðru lagi er óskað eftir 58,8 m.kr. tímabundnu framlagi til undirbúnings greinargerðar til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna. Fjárförf verkefnisins er talin nema 132,3 m.kr. og dreifist þannig: 2007 14,7 m.kr., 2008 58,8 m.kr. og 2009 58,8 m.kr. Farið er fram á veitt verði 58,8 m.kr. til verkefnisins á árinu 2009 auk þess sem sótt verður um 58,8 m.kr. fjárheimild í fjárukalögum 2008 þar sem það láðist að sækja um heimildina í fjárlögum. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 10 m.kr. til nýrra verkefna Orkustofnunar. Á lið Orkustofnunar eru þrjár tillögur til lækkunar framlaga. Í fyrsta lagi að 60 m.kr. tímabundin fjárveiting í fjárlögum 2008, vegna vinnu við rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða, falli niður enda gert ráð fyrir að verkefninu ljúki árið 2009. Það ár á verkefnisstjórn að skila skýrslu til iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra um heildarmat og flokkun á þeim kostum sem teknir hafa verið fyrir við 1. og 2. áfanga rammaáætlunarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Í öðru lagi er lagt til að framlag vegna undirbúnings olíuleitar á Drekasvæðinu við Jan Mayen hrygg lækki um 46,2 m.kr. í samræmi við kostnaðaráætlun verkefnisins og verði 55 m.kr. Framlag til Orkustofnunar vegna olíuleitar var á fjárlögum ársins 2008 101,4 m.kr. Ríkisstjórnin samþykkti á árinu 2005 að hefja undirbúning olíuleitar á Drekasvæðinu og verja til þess 55 m.kr. árið 2009 vegna stjórnýslu og kaupa á ráðgjöf við undirbúning á úthlutun leyfa til rannsóknar- og vinnslu kolvetnis á Drekasvæðinu. Í þriðja lagi er lagt til að tímabundið framlag að fjárhæð 30

m.kr. vegna undirbúnings greinagerðar til landgrunnsnefndar S.Þ. um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna lækki um 30 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til verk-
efnisins árið 2009 verði 28,8 m.kr. í stað 58,8 m.kr.

399 Ýmis orkumál. Lagt er til að þessi liður fái 174,6 m.kr. fjárheimild og felur það í sér 25 m.kr. lækkingu að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkingin af tveimur til-
efnum. Annars vegar að 15 m.kr. framlag á *1.13 Hafsbotsrannsóknir* falli niður í sam-
ræmi við kostnaðaráætlun vegna vinnu við greinagerð til landgrunnsnefndar Sam-
einuðu þjóðanna um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna. Hins vegar er að *1.22*
Vistvænir orkugjafar lækki um 10 m.kr. vegna aðhaldskröfu og breyttra áherslna ráðu-
neytisins. Fyrirhugað er að ráðstafa safnliðnum *1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis*
verkefni iðnaðarráðuneytisins eins og fram kemur í töflunni á eftir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
11-399-1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis		
Kynningar- og útgáfukostnaður	1,0	0,0
Loftslagsmál	3,0	0,0
Hitaveitulög	2,0	0,0
Úrskurðar- og samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaga	3,5	3,7
Aðkeypt sérfræðipjónusta	3,0	7,0
Olíumál	5,8	2,5
Alþjóðlegt samstarf	0,0	4,3
Erlendir orkusamningar	7,0	5,0
Norræn verkefni	2,0	5,0
Samtals	27,3	27,5

Byggðamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkis: 401 Byggðaáætlun og 411
Byggðastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Byggðaáætlun	330,5	439,9	475,4	8,1	43,8
Byggðastofnun	466,3	386,3	528,0	36,7	13,2
Samtals	796,8	826,2	1.003,4	21,4	25,9

Heildarfjárveiting til málefnaflokkisins hækkar um 80 m.kr. frá gildandi fjárlögum
þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 97,2 m.kr. Munar þar
mest um 100 m.kr. tímabundna fjárveitingu til eflingar atvinnuþróunarfélaga á landsbyggð-
inni.

401 Byggðáætlun. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 475,4 m.kr. Jafngildir það 20 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum þessa árs og er í samræmi við áætlun frá árinu 2005.

411 Byggðastofnun. Sótt er um að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 528 m.kr. Felur það í sér tímabundna 100 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum þessa árs á *1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni*. Framlaginu verður varið í að efla starfsemi atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni með það að markmiði að auka stuðning við nýsköpun og þróun nýrra atvinnutækifæra og starfsemi. Tillagan er hluti af mótvægisáðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

Ferðamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 501 Ferðamálastofa og 599 Ýmis ferðamál.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ferðamálastofa	471,8	377,5	444,1	17,6	-5,9
Ýmis ferðamál	149,7	292,1	406,8	39,3	171,7
Samtals	621,5	669,6	850,9	27,1	36,9

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 91 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 90,3 m.kr. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 75 m.kr. til markaðssóknar í íslenskri ferðaþjónustu og eflingar hennar. Þá er gert ráð fyrir 20 m.kr. fjárveitingu til að efla Ferðamálastofu.

501 Ferðamálastofa. Gert er ráð fyrir 444,1 m.kr. framlagi á liðnum og jafngildir það 10 m.kr. raun hækkun frá fjárlögum þessa árs. Til hækkunar koma 20 m.kr. til að efla starfsemi Ferðamálastofu vegna aukinna verkefna. Einnig er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag til að kosta hálf t. starf ferða- og menningarmálafulltrúa á Djúpvaggi. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Á móti er gert ráð fyrir að niður falli á tímabundið 10 m.kr. framlag til að sinna verkefnum í markaðri ferðamálaáætlun og tímabundið 5 m.kr. framlag vegna verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins.

599 Ýmis ferðamál. Lagt er til að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 406,8 m.kr. og felur það í sér 81 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Annars vegar er um að ræða 75 m.kr. framlag á *1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu*. Í fjár-

lögum 2005 og 2006 voru framlög á liðnum 150 m.kr. á ári en hafa verið 30 m.kr. frá árinu 2007. Hins vegar er gert ráð fyrir 6 m.kr. tímabundinni hækkun til *1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis* og er miðað við að skipta þeim 81,4 m.kr. sem þá verða til ráðstöfunar á viðfangsefninu eins og fram kemur í töflunni hér á eftir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
11-599-1.98 Ýmis framlög iðnaðarráðuneytis		
Menningartengd ferðaþjónusta	10,0	0,0
Óskipt	5,5	10,8
Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál	58,0	68,0
Til markaðsstarfs og gestastofa	7,4	13,4
Samtals	80,9	92,2

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
11-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun viðskiptaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:


Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.496,2	1.796,7	2.204,4	23	47
Neyslu- og rekstrarilfærslur	399,7	526,5	524,9	0	31
Stofnkostnaður og viðhald	19,1			-	-
Samtals	1.915,0	2.323,2	2.729,3	17	43
Greitt úr ríkissjóði	-	755,1	715,7	-5	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.551,0	2.013,6	30	-
Viðskiptahreyfingar	-	17,1	0,0	-100	-
Samtals	-	2.323,2	2.729,3	17	-

Heildargjöld viðskiptaráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 2.768,9 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 40 m.kr. en þær nema 1,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.729 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 716 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.014 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.204,4 m.kr. og hækka um 407,7 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana að fjárhæð 100,2 m.kr. munar þar mest um 180,3 m.kr. hækkun fjárheimildar Fjármálaeftirlitsins vegna hækkunar á eftirlitsgjöldum. Gert er ráð fyrir 58,9 m.kr. hækkun til Einkaleyfastofu og 35,8 m.kr. til Neytendastofu sem að mestu verður fjármögnuð með innheimtu ríkistekna. Að lokum er gert ráð fyrir 29 m.kr. fjárveitingu til aðalskrifstofu ráðuneytisins sem að mestu leyti skýrist af 23 m.kr. auknum kostnaði eftir skiptingu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins í tvö ráðuneyti. Aðrar breytingar eru minni og nema samtals 3,5 m.kr. til hækkunar.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 1,6 m.kr. og verða 524,9 m.kr. en eru 526,5 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Auk launa- og verðlagshækkana að fjárhæð 0,5 m.kr. skýrist hækkunin annars vegar að framlag til ýmissa viðskipta- og bankamála lækkar um 2 m.kr. Þar af munar mest um 6 m.kr. fjárveitingu vegna verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins og niðurfellingu tímabundinna framlaga að fjárhæð 6,5 m.kr. Hins vegar er gert ráð fyrir að framlög til Icepro-nefndar lækki um 0,1 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar tekjuáætlunar af tryggingagjaldi.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér að neðan.



Skuldbindandi samningar

Viðskiptaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 17 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 0,5% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009. Áætlað er að kostnaður vegna samninga sem viðskiptaráðuneytið stendur eitt að verði 13,5 m.kr. en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Þjónustusamningur við Neytendasamtökin	C	12,0	8,5	8,5	8,5	8,5
Samn. við Rannsóknarsetur Verslunarinnar	C	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0
Samtals		17,0	13,5	13,5	13,5	13,5

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka ráðuneytisins.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	161,8	170,2	218,5	28,4	35,0
Ýmis verkefni	49,7	87,0	88,6	1,8	78,3
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	5,0	66,7	-
Samtals	211,5	260,2	312,1	19,9	47,6

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 30,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 21,5 m.kr. Helsta breytingin felst í 29 m.kr. hækkun fjárveitingar til aðalskrifstofu ráðuneytisins.

101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 218,5 m.kr. og jafngildir það 29 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum þessa árs. Annars vegar er gert ráð fyrir 23,5 m.kr. framlagi vegna aukins kostnaðar ráðuneytisins eftir skiptingu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins í tvö ráðuneyti. Felst sú hækkun í auknum húsnæðiskostnaði og nýjum störfum rekstrarstjóra, bókara, skjala- varðar og ritara. Hins vegar er gert ráð fyrir 5,5 m.kr. hækkun fjárveitingar og gengur við það til baka 2,5 m.kr. lækkun í fjárlögum 2008 vegna aðhalds í rekstri.

190 Ýmis verkefni. Lagt er til að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 88,6 m.kr. og jafngildir það 0,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar til hækkunar eru tvær og tengjast báðar verkefnum Íslenska upplýsingasamfélagsins. Annars vegar er gert ráð fyrir 3 m.kr. vegna verkefnisins Þarfagreining á umhverfi rafræna viðskipta á Íslandi. Markmið þess er að greina nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja samræmt og skilvirkt umhverfi rafræna viðskipta á Íslandi. Hins vegar 3 m.kr. til verkefnisins Aðlögun íslensks viðskiptaumhverfis að alþjóðlegum stöðlum og reglum. Markmið þess er að skjóta styrkari stöðum undir staðlaumhverfi fyrir rafræna reikninga og aðlaga það að þeim breytingum sem eru að gerast á innri markaði ESB. Á móti kemur að lagt er til að 4,5 m.kr. tímabundið framlag til reksturs Tryggingadeildar útflutningslána falli niður. Einnig er miðað við að niður falli tímabundið 2 m.kr. framlag til Tækniþróunarsjóðs EBRD í fjárlögum 2008 og að lokum er gert ráð fyrir að framlag til Icepro-nefndar lækki um 0,1 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar ríkistekjuáætlunar af tryggingagjaldi.

199 Ráðstöfunarfé. Farið er fram á að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 5 m.kr. og jafngildir það 2 m.kr. hækkun. Skýringin er aðskilnaðar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis í tvö ráðuneyti og aukið umfang málaflokka.

Viðskiptamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 402 Fjármálaeftirlitið; 411 Samkeppniseftirlitið; 421 Neytendastofa; 425 Talsmaður neytenda og 431 Einkaleyfastofa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaeftirlitið	563,8	935,7	1.116,0	19,3	97,9
Samkeppniseftirlitið	257,8	277,0	304,1	9,8	18,0
Neytendastofa	287,4	251,1	320,1	27,5	11,4
Talsmaður neytenda	20,8	15,7	17,0	8,3	-18,3
Einkaleyfastofan	200,2	133,5	210,0	57,3	4,9
Samtals	1.330,0	1.613,0	1.967,2	22,0	47,9

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 275 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 79,2 m.kr. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að fjárheimild Fjármálaeftirlitsins hækki um 180,3 m.kr. vegna aukinna verkefna og fjölgunar starfsmanna. Lagt er til að framlag til Einkaleyfastofu hækki um 53,9 m.kr. og Neytendastofu um 40,8 m.kr. með hliðsjón af endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur.

402 Fjármálaeftirlitið. Gert er ráð fyrir að framlög til liðarins verði 1.116 m.kr. og jafngildir það 180,3 m.kr. hækkun að raungildi vegna aukinna verkefna og fjölgunar starfsmanna hjá stofnuninni. Útgjöldin eru fjármögnuð með hækkun á eftirlitsgjaldi sem skilar auknum tekjum og færast þær á tekjuhlíð ríkissjóðs. Tillagan er í samræmi við frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

421 Neytendastofa. Áætlað er að framlög til liðarins verði 320,1 m.kr. og jafngildir það 35,8 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum þessa árs. Annars vegar er gert ráð fyrir 40,8 m.kr. hækkun í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur sem gerir ráð fyrir að tekjurnar hækki um 40,8 m.kr. og verði 221 m.kr. Hins vegar er lagt til að niður falli 5 m.kr. tímabundið framlag vegna verkefnis Íslenska upplýsingasamfélagsins.

431 Einkaleyfastofa. Gert er ráð fyrir að framlög til liðarins verði 210 m.kr. og jafngildir það 58,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Annars vegar er gert ráð fyrir 53,9 m.kr. hækkun á rekstrarfjárveitingu í samræmi við samsvarandi hækkun ríkistekna samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun. Hins vegar er lagt til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag til verkefnisins Umsóknir um vörumerki, hönnun, einkaleyfi og greiðslur. Markmið þess er að bjóða upp á öflugan gagnvirka vefsíðu til að bæta þjónustu við viðskiptavinum og auka skilvirkni. Um er að ræða úthlutun vegna verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins.

Flutningsjöfnun

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnafloks: 811 Flutningssjóður olíuvara og 831 Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga.

Reikningur	Fjárlög	Frumvarp	Breyting	Breyting
2007	2008	2009	frá fjárl.	frá reikn.
m.kr.	m.kr.	m.kr.	%	%
Rekstrargrunnur				
Flutningssjóður olíuvara	373,5	300,0	450,0	50,0
Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga	0,0	150,0	0,0	-100,0
Samtals	373,5	450,0	450,0	0,0
				20,5

811 Flutningssjóður olíuvara. Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 150 m.kr. og nemi 450 m.kr. þar sem ekki er gert ráð fyrir að Flutningssjóður olíuvara verði felldur niður eins og reiknað hafði verið með í fjárlögum 2008. Flutningssjóður olíuvara byggir á lögum um jöfnun á flutningssjóði olíuvara sem tóku gildi árið 1994. Sjóðurinn er fjármagnaður með flutningsjöfnunargjaldi sem lagt er á allar olíuvörur sem fluttar eru til landsins og hefur því hækkunin ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

831 Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga. Farið er fram á að 150 m.kr. framlag á liðnum í fjárlögum 2008 falli niður og að fallið verði frá hugmyndum um jöfnun vöruflutningskostnaðar. Ljóst er að ef fara á í slíkar aðgerðir þyrfti að koma til verulega meira fjármagn til þess að þær hefðu marktæk áhrif.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
12-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun umhverfisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.859,3	3.724,2	4.467,6	20	16
Neyslu- og rekstartilfærslur	1.883,2	1.655,4	2.031,5	23	8
Stofnkostnaður og viðhald	362,6	787,2	717,9	-9	98
Samtals	6.105,1	6.166,8	7.217,0	17	18
Greitt úr ríkissjóði	-	3.853,6	4.574,9	19	-
Innheimt af ríkistekjum	-	2.313,2	2.642,1	14	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	6.166,8	7.217,0	17	-

Heildargjöld umhverfisráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 9.412 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.195 m.kr. en þær nema 23% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 7.217 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 4.575 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.642 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 4.468 m.kr. og hækka um 743 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar mest um 73 m.kr. hækkan hjá Landgræðslu ríkisins, þar af 68 m.kr. vegna umsjónar með fyrirhleðslum sem nú flyst frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis í samræmi


við breytta verkaskiptingu ráðuneyta Stjórnarráðsins. Í öðru lagi 72 m.kr. hækkun hjá Náttúrufræðistofnun Íslands en þar af eru 47 m.kr. tengdar flutningi stofnunarinnar í nýtt húsnæði. Í þriðja lagi 69 m.kr. hækkun vegna ýmissa mála hjá Umhverfisstofnun og í fjórða lagi 50 m.kr. hækkun hjá Úrvinnslusjóði á móti samsvarandi hækkun tekna af úrvinnslugjaldi. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna en þau nema alls 62 m.kr. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar alls um 10 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 376 m.kr. og verða 2.031 m.kr. en eru 1.655 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Þyngst vegur 315 m.kr. hækkun á framlagi til Endurvinnslunnar hf. á móti hærri tekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun. Því næst 80 m.kr. hækkun hjá Umhverfisstofnun en þar af eru 74 m.kr. tengdar útgjöldum vegna hreindýraveiða sem til þessa verið vantalin á fjárlögum og loks 15 m.kr. hækkun til Skógræktarfélags Íslands samkvæmt nýjum samningi við félagið. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna en þau nema alls 63 m.kr. Einnig hafa framlög verið lækkuð alls um 4 m.kr. vegna aðhaldskröfu.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 718 m.kr. og er það 69 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 153 m.kr. lækkun á framlagi til Ofanflóðasjóðs, á móti samsvarandi hækkun vaxtatekna af inneign hjá ríkissjóði, og 85 m.kr. hækkun á framlagi til uppbyggingar í Vatnajökulspjóðgarði.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með aðhaldi í útgjöldum sem nemur 14 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 688 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Í tengslum við breytta verkaskiptingu ráðuneyta Stjórnarráðsins fluttust samningskyldur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis samkvæmt tveimur samningum til umhverfisráðuneytis. Það eru samningur við Skógræktarfélag Íslands vegna verkefnis um Landgræðsluskóga og samstarfssamningur um Hekluskóga. Samningurinn við Skógræktarfélag Íslands kveður á um 35 m.kr. árlegt framlag og gildir út árið 2013 en samningurinn um Hekluskóga kveður á um 50 m.kr. árlegt framlag og gildir út árið 2016. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu. Samtals nema samningarnir 0,9% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Skógræktarfélag Íslands	A	20,0	35,0	35,0	35,0	35,0
Hekluskógar	B	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0
Samtals		70,0	85,0	85,0	85,0	85,0

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem umhverfisráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og eru skuldbindingar vegna þeirra 35 m.kr. á ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar 50 m.kr. á ári. Að lokum eru samningar sem umhverfisráðuneytið sendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C, en ekki er um neina slíka samninga að ræða hjá umhverfisráðuneytinu. Samtals eru því 85 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir umhverfísráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Umhverfísráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Umhverfísráðuneyti, aðalskrifstofa	271,0	291,8	324,8	11,3	19,9
Ýmis verkefni	298,1	293,0	328,4	12,1	10,2
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	569,1	589,8	658,2	11,6	15,7

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 11,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Mest munar um 15 m.kr. hækkun á framlagi til Skógræktarfélag Íslands samkvæmt nýjum samningi við félagið en á móti kemur að niður fellur 7 m.kr. tímabundið framlag sem félaginu var veitt á fjárlögum 2008 til að opna ný skógræktarsvæði við þjóðleiðir landsins. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

101 Umhverfísráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 324,8 m.kr. fjárveitingu til skrifstofunnar sem er 2,9 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Fjárveiting hækkar um 4,3 m.kr. þar sem tímabundin hagræðingarkrafa í fjárlögum 2008 gengur til baka en á móti kemur krafa um 1,4 m.kr. hagræðingu í rekstri.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir 328,4 m.kr. fjárveitingu til þessa fjárlagaliðar og jafngildir það 9 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum. Framlag á viðfangi 1.44 *Skógræktarfélag Íslands* hækkar um 7 m.kr. Þar er í fyrsta lagi um að ræða 15 m.kr. hækkun á samningsbundnu framlag til félagsins sem verður 35 m.kr. á ári samkvæmt nýjum samningi um framlög ríkisins vegna verkefnis um landgræðsluskóga á árunum 2009 - 2013. Í öðru lagi fellur niður 7 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2008 til að opna ný skógræktarsvæði við þjóðleiðir landsins og í þriðja lagi lækka önnur framlög til félagsins um 1 m.kr. vegna kröfu um útgjaldaaðhald. Á viðfangi 1.98 *Ýmis framlög umhverfísráðuneytis* eru tvær tillögur. Annars vegar um 5 m.kr. tímabundið framlag í fjögur ár til fræðslustarfsemi í Sesseljuhúsi, umhverfissetri Sólheima í Grímsnesi, og hins vegar tillaga um 3 m.kr. lækkun framlags á viðfangið vegna kröfu um útgjaldaaðhald. Aðrar breytingar á fjárveitingum liðarins skýrast af launa- og verðlagsbótum. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir gjöld og fjárveitingar liðarins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áformuð framlög af óskiptri fjárheimild á viðfangsefninu ýmis framlög umhverfisráðuneytis undir þessum fjárlagalið.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
14-190-1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis		
Skráningar- og viðskiptakerfi yfir útstreymisheimildir	15,0	15,0
Frjáls félagasamtök	10,0	10,0
Professorsstaða við líffræðiskor Háskóla Íslands	9,0	9,5
Staðardagskrá 21	5,0	7,5
Umhverfisfræðsluráð	1,5	1,7
Byggingastaðlar	0,7	0,8
Samstarf við Kína á sviði umhverfismála og jarðskjálftavöktunar	4,0	4,0
Vistvæn innkaup	3,0	4,0
Ýmis umhverfisverkefni	6,8	6,8
Loftslagsbreytingar - ný verkefni	15,0	15,0
Sesseljuhús að Sólheimum í Grímsnesi	0,0	5,0
Byggingastaðlar - úttekt	0,0	3,0
ICLAI ráðstefna	0,0	3,0
Óskipt	11,5	7,6
Samtals	81,5	92,9

Umhverfisvernd

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnafloks: 202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn; 211 Umhverfisstofnun; 212 Vatnajökulsþjóðgarður; 231 Landgræðsla ríkisins; 241 Skógrækt ríkisins; 243 Hekluskógar; 281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga; 287 Úrvinnslusjóður og 289 Endurvinnslan hf.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	14,4	14,8	24,6	66,2	70,8
Umhverfisstofnun	763,6	651,5	864,1	32,6	13,2
Vatnajökulsþjóðgarður	64,5	233,4	342,5	46,7	431,0
Landgræðsla ríkisins	511,2	432,9	622,8	43,9	21,8
Skógrækt ríkisins	272,4	262,3	283,8	8,2	4,2
Hekluskógar	17,1	50,0	49,8	-0,4	191,2
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	174,3	200,0	200,0	0,0	14,7
Úrvinnslusjóður	744,5	700,0	750,0	7,1	0,7
Endurvinnslan hf.	1.163,2	985,0	1.300,0	32,0	11,8
Samtals	3.725,2	3.529,9	4.437,6	25,7	19,1

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans hækkar um 660,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Munar þar mest um 315 m.kr. hækkun á framlagi til Endurvinnslunnar hf., 127,4 m.kr. hækkun á fjárveitingum Umhverfisstofnunar, 99,3 m.kr. hækkun til Vatnajökulsþjóðgarðs, 66,5 m.kr. hækkun til Landgræðslu ríkisins og 50 m.kr. hækkun á framlagi til Úrvinnslusjóðs. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokkans.

202 Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn. Gert er ráð fyrir 24,6 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Sótt er um 8 m.kr. fjárveitingu til að vikka út starfsemi stöðvarinnar með það fyrir augum og hún verði gerð að rannsókn- og vísindasetri sem yrði miðstöð rannsókna á svæðinu. Áætlað er að störfum fjölgi um 1 í byrjun en möguleiki er á flutningi sérfræðistarfa að miðstöðinni síðar meir. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi.

211 Umhverfisstofnun. Gert er ráð fyrir 864,1 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Það jafngildir 127,4 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs og skýrist hækkunin af átta tilefnum. Í fyrsta lagi er lögð til 6 m.kr. fjárveiting vegna aðildargjalda að Efnastofnun Evrópu í kjölfar innleiðingar á svokallaðri REACH-reglugerð Evrópusambandsins með lögum nr. 45/2008, um efni og efnablöndur, en nauðsynlegt er fyrir Ísland að eiga aðild að stofnuninni. Í öðru lagi er tillaga um 6 m.kr. fjárveitingu vegna vinnu við móttöku, utanumhald og úrvinnslu gagna vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs, sbr. lög nr. 73/2008 um breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Í þriðja lagi er farið fram á 12,5 m.kr. tímabundið framlag til að halda áfram að undirbúa stjórnáætlun stofnunarinnar og starf í vinnuhópum OSPAR samningsins, um verndun norðaustur Atlantshafsins, vegna undirbúnings olíuleitar og vinnslu á Dreka-svæðinu við Jan Mayen. Tillagan er hluti af sameiginlegu verkefni iðnaðarráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis og er heildarkostnaður Umhverfisstofnunar af verkefninu er áætlaður 22,5 m.kr. Stofnunin fékk 5 m.kr. tímabundið framlag til verkefnisins í fjárlögum 2008 sem nú fellur niður og gert er ráð fyrir 5 m.kr. lokaframlagi vegna verkefnisins í fjárlögum 2010. Í fjórða lagi er sótt um 15 m.kr. fjárveitingu til reksturs gestastofu á Látrabjargi. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2008 er jafnframt tillaga um 20 m.kr. fjárveitingu sem að stærstum hluta er ætluð til að mæta stofnkostnaði. Í fjárlögum 2008 var 15 m.kr. veitt til að setja á stofn og reka gestastofu á Ísafirði sem tengist friðlandinu á Hornströndum. Með þessari tillögu bætist við framlag vegna annarrar gestastofu á Látrabjargi. Í fimmta lagi er óskað eftir 10 m. kr. fjár-

veitingu til bæta framkvæmdir á friðlýstum svæðum. Á Íslandi eru nú 98 friðlýst svæði en fæst þeirra njóta landvörslu eða lágmarks framkvæmda til varnar spjöllum vegna vaxandi aðsóknar á svæðin. Í sjötta lagi er lögð til 99,8 m.kr. hækkun fjárveitingar í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur stofnunarinnar. Munar þar mest um 74 m.kr. hækkun tekna af veiðileyfum hreindýraráðs og 20,8 m.kr. hækkun tekna af gjaldi fyrir veiðikort. Tekjurnar hafa til þessa verið vantaldar í áætlunum stofnunarinnar við undirbúning fjárlaga auk þess sem Alþingi samþykkti í vor breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum sem m.a. fól í sér hækkun á gjaldi fyrir veiðikort og er áætlað að sú hækkun gjaldsins skili 11 m.kr. tekjuauka á heilu ári. Samkvæmt lögnum skal tekjum af gjaldi fyrir veiðikort varið til rannsókna, vöktunar og stýringar á stofnum villtra dýra, auk þess að kosta útgáfu kortanna. Umhverfistofnun ver ríflega 85% tekna af sölu hreindýraveiðileyfa til greiðslu á arði til landeigenda og ábúenda og er gert ráð fyrir að stofnuninni verði heimilað að ráðstafa tekjunum til þeirra og annarra lögboðinna verkefna. Á móti kemur í sjöunda lagi að niður fellur 15 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2005 vegna náttúruverndaráætlunar 2004 - 2008 og í áttunda lagi lækkar fjárveiting um 1,9 m.kr. vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

212 Vatnajökulspjóðgarður. Lagt er til að fjárveiting til Vatnajökulspjóðgarðs verði 342,5 m.kr. og jafngildir það 99,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Rekstrarframlag hækkar um 14,3 m.kr. og verður 97 m.kr. en framlag til stofnkostnaðar hækkar um 85 m.kr. og verður 245,5 m.kr. Er það í samræmi við endurskoðaða framkvæmdaáætlun þar sem gert er ráð fyrir að uppbyggingu í þjóðgarðinum verði lokið árið 2013. Í áætluninni er gert ráð fyrir 245 m.kr. árlegum framkvæmdakostnaði til ársins 2012 og 100 m.kr. árið 2013. Stofnunin hafði 50 m.kr. fjárveitingu til stofnkostnaðar á fjárlögum 2007 og hefur 160,5 m.kr. á fjárlögum 2008. Gangi þessi áform eftir verður kostnaður við uppbyggingu í þjóðgarðinum samtals um 1.300 m.kr.

231 Landgræðsla ríkisins. Gert er ráð fyrir 622,8 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og er það 189,9 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Launa- og verðlagsbætur eru 123,4 m.kr. en þar af eru 60 m.kr. sérstakt tímabundið framlag til að mæta hækkun áburðaverðs. Vegna óvenjulegra aðstæðna á heimsmarkaði og gengislækkunar íslensku krónunnar hefur áburður sem notaður er til uppgræðslu nánast tvöfaldast í verði frá 2007. Ef miðað er við að heimsmarkaðsverðið haldist óbreytt á næsta ári en að gengi krónunnar styrkist um 15% frá miðju þessu ári fram á mitt næsta ár má reikna með að útgjöld vegna innkaupa á áburði aukist um 60 m.kr. Gert er ráð fyrir að þessi fjárheimild verði endurskoðuð á næsta ári með hliðsjón af þróun innkaupsverðsins og geti þá lækkað reynist það verða hagstæðara. Raunhækkun fjárveitinga, að frádregnum launa- og verðlagsbótum, nemur 66,5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Breytingar

eru þær að á viðfangi 1.01 fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til að minnast aldarafmælis landgræðslustarfs á Íslandi en á móti kemur tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til að efla þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði loftslagsbreytinga og tryggja virka þátttöku í þingstörfum alþjóðasáttmálans um varnir gegn eyðimerkurmyndun. Íslendingar hafa miklu að miðla öðrum þjóðum af þekkingu og reynslu sinni á þessu sviði eftir 100 ára landgræðslustarf á vegum stjórnvalda og er mikilvægt að efla tengsl við þær stofnanir sem lengst eru komnar í vörnum gegn eyðimerkurmyndun. Þá lækkar fjárveiting um 1,3 m.kr. vegna aðhaldskröfu. Umsjón með fyrirhleðslum flyst nú frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis og því er 67,8 m.kr. fjárheimild verkefnisins millifærð hingað á viðfang 1.90 *Fyrirhleðslur* af fjárlagaviðfangi 04-483-1.13. Að síðustu er lagt til að 15 m.kr. framlag verði millifært tímabundið í eitt ár af stofnkostnaðarviðfangi 6.01 *Tæki og búnaður* á viðfang 5.01 *Viðhald fasteigna*. Í tengslum við landgræðsluáætlun 2003-2014 var ákveðið að verja árlega 30 m.kr. til viðhalds fasteigna. Það hefur að mestu gengið eftir og á fjárlögum 2002 var 33 m.kr. fjárheimild millifærð af rekstri á stofnkostnað í því skyni og hefur fjármagninu verið varið til lagningar hitaveitu, malbikunar á plönnum og endurbóta á húsnæði til að mæta nýjum þörfum. Á fjárlögum 2007 gekk sú millifærsla til baka á þeim forsendum að verkefninu væri lokið. Svo er þó ekki og því er þessi millifærsla lögð til.

241 Skógrækt ríkisins. Gert er ráð fyrir 283,8 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 5,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Niður fellur 10 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til rannsókna á kolefnisbindingu en á móti kemur að gerð er tillaga um 5 m.kr. fjárveitingu til rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins að Mógilsá til að efla rannsóknir og skráningu á bindingu kolefnis með skógrækt. Er það í samræmi við langtímasýn í loftslagsstefnu íslenskra stjórnvalda um að minnka nettólosun gróðurhúsalofttegunda um 50-75% fram til 2050. Rannsóknir og skráning á bindingu kolefnis með skógrækt hafa farið fram á Mógilsá frá árinu 1998 og viðskipti með losunarheimildir sem bundnar eru í skógum munu krefjast öruggra og staðreyndanlegra upplýsinga sem aðeins fást með rannsóknum. Gert er ráð fyrir 0,8 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna kröfu um aðhald í rekstri.

243 Hekluskógar. Gert er ráð fyrir að fjárveiting liðarins lækki um 0,2 m.kr. vegna kröfu um lækkun rekstrarútgjalda og verði 49,8 m.kr.

287 Úrvinnslusjóður. Gert er ráð fyrir 50 m.kr. hækkun á fjárveitingu til Úrvinnslusjóðs. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur af úrvinnslugjaldi er reiknað með 50 m.kr. hækkun tekna af gjaldinu og að þær verði samtals 750 m.kr. Eins og jafnan áður er gert ráð fyrir að tekjunum verði öllum veitt í formi fjárheimildar til Úrvinnslusjóðs.

Áætlað er að sjóðurinn hafi 120 m.kr. sértekjur í formi vaxta af inneign sinni hjá ríkissjóði og að tekjunum verði varið til að standa undir útgjöldum. Áætluð gjöld Úrvinnslusjóðs á árinu 2009 eru 935 m.kr. og verður að það sem uppá vantar til að tekjur standi undir gjöldum fjármagnað með uppsöfnuðu eigin fé sjóðsins. Loks er lagt til að 15 m.kr. fjárheimild verði millifærð af viðfangi 1.10 *Úrvinnslusjóður* yfir á almennan rekstur sjóðsins í samræmi við bókun útgjalda.

289 Endurvinnslan hf. Framlag ríkissjóðs til Endurvinnslunnar hf. er alfarið fjármagnað með tekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir í samræmi við lög nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Áætlað er að á árinu 2009 muni þessi gjöld skila 1.300 m.kr. tekjum en það er 315 m.kr. hækkun frá áætlun fjárlaga ársins í ár. Gert er ráð fyrir að tekjurnar renni allar til Endurvinnslunnar hf. Samkvæmt lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, skulu umbúðir sem lög nr. 52/1989 taka til, falla undir fyrrnefndu lögin frá og með 1. janúar 2010 jafnframt því sem síðarnefndu lögin falla þá úr gildi.

Skipulagsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Skipulagsstofnun; 303 Skipulagsmál sveitarfélaga; 310 Landmælingar Íslands; 321 Brunamálastofnun og 381 Ofanflóðasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Skipulagsstofnun	159,8	157,9	182,3	15,5	14,1
Skipulagsmál sveitarfélaga	159,9	155,0	150,0	-3,2	-6,2
Landmælingar Íslands	240,6	221,0	255,8	15,7	6,3
Brunamálastofnun ríkisins	207,2	124,1	146,2	17,8	-29,4
Ofanflóðasjóður	71,9	288,9	135,9	-53,0	89,0
Samtals	839,4	946,9	870,2	-8,1	3,7

Heildarframlag til málefnaflokksins lækkar um 131,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar hækkanir vegna launa- og verðlagsbóta. Munar þar mest um 153 m.kr. lækkun ríkisframlags til Ofanflóðasjóðs. Framkvæmdafé sjóðsins lækkar þó ekki því vaxta-tekjur sjóðsins af inneign hjá ríkissjóði hækka að sama skapi. Framlög til Landmælinga Íslands hækka um 10,3 m.kr. og framlög til Skipulagsstofnunar og Brunamálastofnunar hækka um 8 m.kr. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

- 301 Skipulagsstofnun.** Gert er ráð fyrir 182,3 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Það jafngildir 8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og er sótt um þá fjárveitingu svo bæta megi við einu stöðugildi hjá stofnuninni. Afgreiðslumálum hennar hefur stöðugt fjölgað, einkum þeim sem tengjast deiliskipulagi sveitarfélaga.
- 303 Skipulagsmál sveitarfélaga.** Á þennan lið er veitt fé til að standa straum af hlut Skipulagssjóðs í kostnaði sveitarfélaga við gerð skipulagsáætlana. Gert er ráð fyrir 150 m.kr. fjárveitingu á liðinn og lækkar hún um 5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Lækkunin stafar af áætlaðri lækkun tekna af skipulagsgjaldi. Samkvæmt 3. tl. 34. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, skal helmingur innheimtra skipulagsgjalda, í þeim sveitarfélögum þar sem sveitarstjórn annast reglulega gerð aðalskipulags og endurskoðun þess án sérstaks samnings, yfirfærður árlega til sveitarsjóðs úr Skipulagsjóði.
- 310 Landmælingar Íslands.** Gert er ráð fyrir 255,8 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar en það er 10,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum 2008 og skýrist af þremur tiltefnum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 6 m.kr. tímabundnu framlagi í 5 ár til að byggja upp og reka net GPS staðsetningarstöðva sem verða dreifðar um allt land. Stefnt er að því að stöðvarnar verði 20 talsins og hlutverk þeirra verður að vakta landshnitakerfi landsins og viðhalda áreiðanleika þess. Þeir sem þurfa á staðsetningu að halda, hvort sem er í legu eða hæð, munu geta tengst stöðvunum í gegnum fjarskipti og fengið mjög nákvæma staðsetningu. Einnig opnar þetta mikil tækifæri fyrir rannsóknargeirann t.d. við rannsóknir á jarðskorpuhreyfingum, vöktun á hækkun sjávar og vöktun á hættusvæðum. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til verkefnisins: Samræma og samnýta skrár sem innihalda landupplýsingar. Um er að ræða úthlutun 2009 vegna framkvæmdar stefnu um upplýsingasamfélagið, 2008-2012. Markmið verkefnisins er að staðla skráningu, aðgengi og framsetningu opinberra landupplýsingagagna og rannsóknargagna. Gögnum þessum verði miðlað undir merkjum Náttúruvefsjár bæði til almennings og sérfræðinga. Gert ráð fyrir jafn háu framlagi til verkefnisins frá stofnuninni eða úr útgjaldaramma ráðuneytis hennar. Í þriðja lagi er lögð til 0,7 m.kr. almenn lækkun fjárveitingar vegna kröfu um aðhald í rekstri.
- 321 Brunamálastofnun.** Gert er ráð fyrir 146,2 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir þar 8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Gerð er tillaga um 8 m.kr. fjárveitingu til að styrkja rekstrargrunn stofnunarinnar. Á síðustu árum hafa útgjöld stofnunarinnar verið töluvert umfram þá fjárveitingu sem hún hefur haft á fjárlögum. Mjög hefur því gengið á höfuðstól stofnunarinnar að um síðustu áramót var hann svo til uppurinn.

381 Ofanflóðasjóður. Gert er ráð fyrir 135,9 m.kr. fjárveitingu til sjóðsins en það er 153 m.kr. lækkun ríkisframlags frá fjárlögum ársins í ár. Framkvæmdafé sjóðsins skerðist þó ekki því reiknað er með að sértekjur hans í formi vaxta af inneign hjá ríkissjóði hækki um 170 m.kr. og verði 550 m.kr. Áætlað er að heildargjöld sjóðsins verði 685,9 m.kr. og hækka þau um 17 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir að ljúka framkvæmdum í Fjallabyggð, Snæfellsbæ og Bildudal, halda áfram framkvæmdum í Bolungarvík og byrja á framkvæmdum í Fjarðabyggð.

Rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Náttúrufræðistofn Íslands; 403 Náttúrustofur; 407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og 412 Veðurstofa Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrufræðistofnun Íslands	273,7	308,1	400,5	30,0	46,3
Náttúrustofur	110,6	128,6	89,3	-30,6	-19,3
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	29,2	33,4	32,8	-1,8	12,3
Veðurstofa Íslands	557,9	630,1	728,4	15,6	30,6
Samtals	971,4	1.100,2	1.251,0	13,7	28,8

Heildarframlag til málefnaflokksins hækkar um 7,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar hækkanir vegna launa- og verðlagsbóta. Mest munar um 71 m.kr. ný framlög til Náttúrufræðistofnunar Íslands, þar af 47 m.kr. tengdar flutningi í nýtt húsnæði. Niður falla nokkur tímabundin framlög, samtals 78,8 m.kr. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Gert er ráð fyrir 400,5 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar en það jafngildir 53,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Í fyrsta lagi er um að ræða 47 m.kr. hækkun tengda fyrirhuguðum flutningi Náttúrufræðistofnunar næsta haust í nýtt húsnæði sem nú er í byggingu í Urriðaholti en stofnunin hefur gert samning til 25 ára um leigu þess. Hækkunin skiptist í 30 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á húsbúnaði og vegna kostnaðar við flutning og 17 m.kr. fjárveitingu vegna húsaleigu og annars kostnaðar í hinu nýja húsnæði frá 1. september 2009. Í öðru lagi er tillaga um 15 m.kr. fjárveitingu til styrkingar kjölfestuverkefnum stofnunarinnar, þ.e. rekstur vísindasafna, kerfisbundin skráning á tilvist og útbreiðslu dýra, plantna, bergs og steinda og rannsóknir á þeim, ásamt því að vinna að undirbúningi náttúruverndaráætlana. Í þriðja lagi er farið fram á 10 m.kr. tímabundið framlag í fjögur ár til að gera náttúrufraskort af landinu þar sem áhersla verður lögð á að skrá, flokka og meta náttúru landsins með samræmdum og alþjóðlega viðurkenndum

aðferðum. Með náttúrufarskortum er átt við mismunandi þekjur af upplýsingum svo sem gróður-, gróðurlenda- og vistgerðakort, kort yfir útbreiðslu tegunda og sérstæðar jarðmyndanir og náttúruvætti. Náttúrufarskort ná einnig til berg- og jarðgrunnskorta. Áhersla verður lögð á að ljúka gerð gróðurkorta af landinu og skilgreina og flokka helstu vistgerðir og jarðmyndanir. Gert er ráð fyrir að ljúka gerð vistgerðakorta af öllu landinu árið 2015 með því að nýta fjarkönnun og ýmis afleidd gögn. Niður fellur 12,5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til að ljúka rannsóknum á áhrifum sinueldanna á Mýrum vorið 2006 á náttúru og lífríki svæðisins. Einnig fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til verkefnis íslenska upplýsingasamfélagsins um Náttúruvefsjá. Loks lækkar fjárveiting um 1 m.kr. vegna kröfu um rekstraraðhald.

403 Náttúrustofur. Framlag til reksturs náttúrustofa sveitarfélaga er veitt á þennan fjárlagalið og nemur það 89,3 m.kr. en það jafngildir 48 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum 2008. Lækkunin skýrist af því að niður fellur 8 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið til hveftrar stofu á fjárlögum 2008. Lagt er til að veitt verði sérstakt 8 m.kr. framlag til Náttúrustofunnar á Húsavík til að efla vinnu við vöktun fuglalífs í Þingeyjasýslum. Áætlað er að störfum fjölgi um 1 vegna þessa verkefnis og er tillagan hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi.

407 Stofnun Vilhjalms Stefánssonar. Gert er ráð fyrir 32,8 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og lækkar hún að raungildi um 4 m.kr. þar sem niður fellur tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til að mæta auknu rekstrarumfangi hjá stofnuninni.

412 Veðurstofa Íslands. Þessi fjárlagaliður er nýr og kemur í stað liða 410 *Veðurstofa Íslands* og 411 *Vatnamælingar* og flyst fjárlagagrunnur þeirra á þennan nýja lið. Við breytta verkaskiptingu ráðuneyta Stjórnarráðsins um síðustu áramót færðist starfsemi vatnamælinga Orkustofnunar til umhverfissráðuneytis og sameinaðist Veðurstofu Íslands í nýrri stofnun sem formlega tekur til starfa 1. janúar 2009 samkvæmt lögum nr. 70/2008, um Veðurstofu Íslands. Gert er ráð fyrir að fjárveiting Veðurstofunnar verði 728,4 m.kr. en það jafngildir 5,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum 2008. Sótt er um 6,5 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á veðurfari á Drekasvæðinu við Jan Mayen vegna undirbúnings olíuleitar á svæðinu. Gert er ráð fyrir að framlagið lækki í 3 m.kr. árið 2010 og falli síðan niður. Tillagan er hluti af sameiginlegu verkefni iðnaðarráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og umhverfissráðuneytis. Farið er fram á 8 m.kr. fjárveitingu vegna vinnu við gerð tölvureiknaðra veðurspáa og samræmds hættumats á náttúruvá. Fram kemur í nýrri áfangaskýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, IPCC, að gert er ráð fyrir auknum öfgum

í veðurfari og tíðari hamförum af veður- og vatnafræðilegum toga á næstu árum. Meginmarkmið hættumats á náttúruvá er að auka öryggi landsmanna og minnka fjárhagslegt tjón af völdum náttúruhamfara. Tímabundið framlag til kortlagningar flóða á Íslandi sem veitt var á fjárlögum 2008 lækkar um 5,6 m.kr. í samræmi við kostnaðaráætlun og verður 20,8 m.kr. Gert er ráð fyrir að framlagið lækki um 0,8 m.kr. á fjárlögum 2010 og verði 20 m.kr. en falli svo að fullu niður á fjárlögum 2011. Niður fellur 1,3 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 þegar til baka gekk 5% frestun stofnkostnaðar af 25 m.kr. tímabundnu framlagi sem veitt var á fjárlögum 2007. Og að lokum er lögð til 2 m.kr. almenn lækkun fjárveitingar vegna kröfu um aðhald í rekstri.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.4 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
14-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Erlend lán	6.918,0	6.180,0	11.920,0	92,9	72,3
Spariskírteini	882,0	780,0	870,0	11,5	-1,4
Ríkisbréf	7.886,0	8.900,0	17.030,0	91,3	116,0
Ríkisvixlar	1.624,0	1.600,0	0,0	-100,0	-100,0
Önnur innlend lán	1.445,0	1.380,0	1.300,0	-5,8	-10,0
Annar vaxtakostnaður	3.301,0	2.744,0	3.480,0	26,8	5,4
Lántökukostnaður	164,0	180,0	70,0	-61,1	-57,3
Samtals	22.220,0	21.764,0	34.670,0	59,3	56,0

Áætlað er að vaxtagjöld ríkissjóðs nemi tæpum 34,7 milljörðum króna á árinu 2009 og hækki um 12,9 milljarða króna frá fjárlögum 2008 en um 3,3 milljarða frá endurmati 2008. Hækkunin skýrist að mestu af aukinni útgáfu ríkisbréfa og auknum lántökum erlendis í kjölfar sértækra aðgerða sem ákveðið var að fara í síðast liðið vor til að styðja við vaxta-myndun á innlendum fjármagnsmarkaði og til að styrkja gjaldeyrisvaraförða Seðlabankans.

Vaxtakostnaður ríkisbréfa og víxla hækkar um 6,5 milljarða króna frá áætlun í fjárlögum 2008. Hækkunin skýrist af auknum útgáfum ríkisbréfa á árinu sem lið í því að auka virkni skuldabréfa- og gjaldeyrismarkaðar. Nú er gert ráð fyrir að sérstök útgáfa ríkisbréfa innanlands á þessu ári muni nema um 100 milljörðum króna. Vaxtakostnaður erlendra lána eykst um 5,7 milljarða króna frá fjárlögum sem skýrist af þróun gengis og vaxta en þó aðallega af aukinni útgáfu erlendra lána til styrkingar gjaldeyrisvaraforða. Til viðbótar er gert ráð fyrir að jafnvirði 100 milljarða króna verði á þessu ári aflað með erlendri lántöku, ýmist með beinum lántökum eða með útgáfu víxla í erlendri mynt. Auknum vaxtakostnaði vegna þessara sértæku aðgerða er mætt að langmestu leyti með auknum vaxtatekjum af innistæðum í Seðlabanka, endurlánum og innlendum gjaldeyrisreikningum. Í vaxtaáætlun 2009 er gert ráð fyrir að afborgunum eldri lána verði mætt með nýjum lántökum.

Annar vaxtakostnaður hækkar einnig aðallega vegna inneigna Atvinnuleysistrygginga-sjóðs, Ofanflóðasjóðs, Úrvinnslusjóðs og annarra sem eiga kröfur á markaða tekjustofna hjá ríkissjóði. Hækkunin skýrist af auknum inneignum þessara sjóða og hærra vaxtastigi. Aðrir liðir vaxtagjalda breytast óverulega milli fjárlaga 2008 og frumvarps 2009. Greiddir vextir eru áætlaðir 28,5 milljarðar króna 2009 sem er 5,9 milljörðum króna meira en er áætlað 2008. Mismunur gjaldfærðra og greiddra vaxta eru tæpir 6,2 milljarðar króna sem kemur fram sem viðskiptahreyfing.

4 Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta

Til B-hluta teljast ríkisfyrirtæki, enda séu þau hvorki sameignar- né hlutafélög, sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

Framsetning áætlana í B-hluta er byggð á reikningsskilum fyrirtækja. Með rekstrartekjum er átt við heildartekjur af reglulegri starfsemi og til rekstrargjalda telst allur kostnaður sem efnt er til á árinu vegna öflunar teknanna. Þetta er óháð því hvort tekjur verða innheimtar eða gjöld greidd á árinu. Þannig eru áunnar lífeyrisskuldbindingar starfsfólks færðar til gjalda á viðkomandi ári óháð því hve stór hluti verður greiddur á árinu. Það sama á við um afskriftir. Í yfirliti um sjóðstreymi kemur fram uppruni fjármagns og ráðstöfun þess.

Í vor samþykkti Alþingi lög um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Í framhaldinu var í sumar stofnað félagið Keflavíkurflugvöllur ohf. og tekur félagið yfir rekstur Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar frá og með 1. janúar 2009. Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar fellur því úr B-hluta um næstu áramót.

Heildarrekstrartekjur fyrirtækja í B-hluta eru áætlaðar 26.542 m.kr. á árinu 2009 og rekstrargjöld 25.534 m.kr. Miðað við fjárlög 2008 hækka tekjurnar um 2.916 m.kr. en gjöldin aðeins um 307 m.kr. Helsta ástæða fyrir svo lítilli aukningu gjalda samanborið við tekjur er að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar fellur úr B-hluta um næstu áramótum en á fjárlögum 2008 eru rekstrartekjur hennar 61,5 m.kr. og rekstrargjöld 2.724 m.kr. Frá ríkisreikningi 2007 hækka tekjur B-hlutans um 1.333 m.kr. og gjöld um 1.647 m.kr. Áætlað er að fjármunatekjur verði 170 m.kr. umfram fjármagnsgjöld og er það hækkun um 103 m.kr. frá fjárlögum en lækkun um 158 m.kr. frá reikningi 2007. Ekki er gert ráð fyrir neinu rekstrarframlagi frá A-hluta ríkissjóðs til B-hlutans á árinu 2009 en í fjárlögum 2008 nam framlagið 2.811 m.kr. og rann til Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar. Miðað við framangreindar forsendur er gert ráð fyrir 1.178 m.kr. hagnaði á B-hluta ríkissjóðs á næsta ári og lækkar hann um 100 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2008 en um 392 m.kr. frá reikningi 2007.

Fjárfestingar eru áætlaðar 875 m.kr., þar af 380 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum en 499 m.kr. í áhættufjármunum. Sala varanlegra rekstrarfjármuna er áætluð 4 m.kr. Fjárfestingar aukast um 18 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2008 en um 665 miðað við reikning 2007. Munar þar mest um 659 m.kr. viðsnúning í áhættufjármunum hjá Happraætti Háskóla Íslands þar sem gert er ráð fyrir 500 m.kr. fjárfestingum á næsta ári en í fyrra skilaði verðbréfasafn fyrirtækisins 599 m.kr. innstreymi fjár á móti 440 m.kr. kaupum á eignarhaldsfélagi um fasteign þá sem m.a. hýsir starfsemi fyrirtækisins.

Engar lántökur eru áformaðar hjá B-hluta fyrirtækjum á árinu 2009 frekar en í ár.

Arðgreiðsla B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð á árinu 2009 er áætluð 210 m.kr. en er 182,5 m.kr. í fjárlögum 2008. Á árinu 2007 nam arðgreiðslan 152 m.kr. Einungis Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins greiðir arð í ríkissjóð en Happprætti Háskóla Íslands greiðir hluta af hagnaði sínum beint til Háskóla Íslands og áætlað er að á árinu 2009 nemi það framlag 415 m.kr. samanborið við 215 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs.

Gangi framangreindar forsendur eftir er áætlað að handbært fé B-hluta fyrirtækja verði 1.682 m.kr. í árslok 2009.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Rekstrartekjur	23.625,7	26.541,6
Rekstrargjöld	-25.226,7	-25.534,1
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld	67,0	170,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	-1.534,0	1.177,5
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.811,0	0,0
Önnur framlög og óreglulegar tekjur/gjöld	0,0	0,0
Hagnaður (-tap)	1.277,0	1.177,5
Sjóðstreymi:		
Hagnaður (-tap)	1.277,0	1.177,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	326,5	255,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	5,0	0,0
Handbært fé frá rekstri	1.608,5	1.432,5
Varanlegir rekstrarfjármunir	-510,0	-380,0
Áhættufjármunir	-348,5	-498,5
Sala varanlegra rekstrarfjármuna og annað	2,0	4,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-856,5	-874,5
Tekin löng lán	0,0	0,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-31,5	0,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	-182,5	-210,0
Annað	-215,0	-415,0
Fjármögnunarahreyfingar samtals	-429,0	-625,0
Breyting á handbæru fé	323,0	-67,0
Handbært fé í ársbyrjun	1.515,2	1.748,5
Handbært fé í árslok	1.838,2	1.681,5

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

201 Happprætti Háskóla Íslands. Áætlað er að á árinu 2009 verði 900 m.kr. hagnaður af rekstri happprættisins. Það er 80 m.kr. lakari afkoma en gert er ráð fyrir í fjárlögum 2008 og 32 m.kr. lakari afkoma en í reikningi ársins 2007. Tekjur og markaðshlutdeild happprættisins ráðast af samkeppnisaðstæðum á happprættismarkaði. Tekjuþróun og

markaðshlutdeild happdrættisins hefur verið hagstæð undanfarin ár og á síðasta ári fóru tekjur fram úr væntingum. Áætlun um tekjur og gjöld happdrættisins byggir á þeirri forsendu að starfsheimildir á happdrættismarkaði taki ekki stórstígum breytingum.

Samkvæmt lögum um happdrættið skal það greiða leyfisgjald í ríkissjóð sem svarar 20% af nettóársarði, þó ekki hærrí fjárhæð en 150 m.kr. Tekjur af leyfisgjaldinu renna til Tækjasjóðs, samkvæmt lögum nr. 3/2003, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, og í fjárlögum er framlagið veitt á lið *02-238 Tækjasjóður*. Eins og áður sagði er áætlað að á árinu 2009 skili rekstur happdrættisins 900 m.kr. hagnaði og 20% af þeirri fjárhæð eru 180 m.kr. Gert er ráð fyrir að 35 m.kr. af tekjum leyfisgjaldsins verði haldið eftir á viðskiptareikningi með sama hætti og í fjárlögum 2008. Framlag í Tækjasjóð á árinu 2009 verður því 115 m.kr.

Samkvæmt lögum um happdrættið skal verja ágóða af rekstri þess til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Ennfremur er heimilt að verja ágóðanum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginga, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir skólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Gert er ráð fyrir að framlag til framkvæmda og viðhalds fasteigna Háskóla Íslands verði 415 m.kr. á árinu 2009 og hækkar það um 200 m.kr. frá fjárlögum 2008. Framlagið verður eingöngu fólgið í peningalegu framlagi þar sem lán vegna fyrri byggingaframkvæmda eru uppgreidd og því er ekki lengur um að ræða neinar greiðslur vaxta og afborgana. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að fjárheimildir Háskóla Íslands til framkvæmda verði 415 m.kr. á árinu 2009. Peningalegt framlag Happdrættis Háskóla Íslands til Háskóla Íslands á árinu 2009 takmarkast við þá fjárhæð.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Rekstrartekjur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eru áætlaðar um 21 milljarðar króna á næsta ári en það er tæplega 2,6 milljarða króna hækkun tekna frá fjárlögum ársins 2008. Sala áfengis er miðuð við tekjuþróun ársins 2008 og er gert ráð fyrir 5% tekjuaukningu milli árana 2008 og 2009. Hins vegar er gert ráð fyrir óbreyttum tekjum af sölu tóbaks milli árana 2008 og 2009. Rekstrargjöld ársins 2009 eru áætluð 20,9 milljarðar króna og hækka sömuleiðis um 2,6 milljarða króna frá fjárlögum yfirstandandi árs. Vörunotkun er í samræmi við áætlaða sölu og er byggð á þeim álagningarreglum sem í gildi eru. Gert er ráð fyrir 7,8% hækkun launagjalda frá fyrra ári en mikil óvissa ríkir um þennan kostnaðarlið vegna lausra kjarasamninga á næsta ári. Einnig er hér gert ráð fyrir kostnaði vegna fræðslu starfsmanna og öðrum starfsmannatengdum kostnaði. Eftirlaunaskuldbindingar

vegna starfsmanna í B-hluta LSR eru áætlaðar 20 m.kr. Áætlað er að húsnæðis-kostnaður vaxi í samræmi við fjölgun verslana og aukin umsvif sem og bifreiða-kostnaður. Að öðru leyti byggir áætlun næsta árs á rekstraráætlun ársins 2008 að viðbættum áhrifum af verðlagsbreytingum og auknum umsvifum. Fjármunatekjur eru áætlaðar 70 m.kr. og hagnaður ársins 177,5 m.kr. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið greiði 210 m.kr. í arð til ríkissjóðs og að handbært fé í árslok verði um 760 m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

301 Íslenskar orkurannsóknir. Gert er ráð fyrir að umfang í starfsemi fyrirtækisins vaxi töluvert á árinu 2009 og að ársvelta þess verði 1.300 m.kr. samanborið við 800 m.kr. áætlun fjárlaga 2008. Búast má við talsverðum sveiflum í rekstrartekjum þess frá ári til árs eftir markaðsaðstæðum. Horfur eru nú góðar vegna mikilla framkvæmda í orku-málum, einkum á sviði jarðhita. Áætlað er að rekstrargjöld nemi 1.200 m.kr. og að fyrirtækið skili 100 m.kr. hagnaði á næsta ári. Gert er ráð fyrir að fjárfest verði í tækjum og búnaði fyrir 150 m.kr. en fyrirtækið er jafnt og þétt að byggja upp tækjakost sinn til orku- og jarðrannsóknna og er gert ráð fyrir að fjárfesta að jafnaði í slíkum búnaði fyrir um 100 m.kr. árlega. Afskriftir af tækjum og búnaði eru taldar nema 90 m.kr. Áætlað er að handbært fé aukist um 40 m.kr. á árinu 2009 og verði um 140 m.kr. í árslok.

5 Fjárreiður lánastofnana í C-hluta

Í C-hluta fjárlaga eru lánastofnanir í eigu ríkisins enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög. Fjárreiður C-hluta eru byggðar á reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri. Vísað er til umfjöllunar í upphafi 4. kafla um skýringar við reikningsskilin.

Áætlað er að á árinu 2009 verði fjármunatekjur lánastofnana í C-hluta 69,7 milljarðar króna, samanborið við 47,1 milljarð króna í fjárlögum yfirstandandi árs og 69,8 milljarða í ríkisreikningi 2007. Hækkun frá fjárlögum 2008 er 22,6 milljarðar króna, eða um 48%. Vöxtur fjármunatekna er mestur hjá Íbúðalánasjóði eða 21,2 milljarðar króna og næst mest hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna þar sem þær hækka um 1,6 milljarða. Heildarfjármagnsgjöld eru áætluð 64,1 milljarður króna en eru tæpir 44 milljarðar í fjárlögum 2008 og 64,2 milljarðar í ríkisreikningi 2007. Hækkun frá fjárlögum 2008 er 20,2 milljarðar króna, eða tæp 46%. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru þannig nánast óbreytt frá uppgjöri ársins 2007 en hækka mikið frá fjárlögum yfirstandandi árs. Sú hækkun skýrist að mestu leyti af því að í forsendum frumvarpsins er gert ráð fyrir að verðbólga á árinu 2009 verði meiri en reiknað var með á árinu 2008 við afgreiðslu fjárlaga þess árs. Þannig er í forsendum frumvarpsins reiknað með að vísitala neysluverðs hækki um 5,7% milli árana 2008 og 2009 en verðlagsforsendur fjárlaga 2008 miðuðust við 3,3% hækkun vísitölunnar milli árana 2007 og 2008. Þar sem veitt og tekin lán sjóðanna eru yfirleitt verðtryggð, eins og t.d. í tilviki Íbúðalánasjóðs, geta frávik verðlagsbreytinga frá forsendum fjárlaga og breytingar á verðlagi á milli ára valdið miklum sveiflum, bæði í fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum.

Framlög í afskriftasjóð útlána verða tæpir 3,2 milljarðar króna, eða um 3,1% af áætluðum heildarútlánnum á árinu 2009, en í fjárlögum yfirstandandi árs nemur framlagið 2,5% af áætluðum útlánnum ársins. Framlög úr A-hluta ríkissjóðs til rekstrar C-hluta sjóða eru áætluð tæpir 8,8 milljarðar króna samanborið við rúma 6,6 milljarða í fjárlögum 2008 og 5,2 milljarða í ríkisreikningi 2007. Munar þar mest um 7,7 milljarða króna framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna en framlag til sjóðsins hækkar um 1.785 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Framlag til Íbúðalánasjóðs hækkar um 180 m.kr. og framlag til Bygðastofnunar hækkar um tæpar 142 m.kr. Aðrar rekstrartekjur næsta árs eru áætlaðar 236 m.kr. sem er 805 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2008 og önnur rekstrargjöld eru áætluð 2.222 m.kr. sem er 181 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Varðandi lækkun rekstrartekna munar mest um 810 m.kr. lækkun hjá Íbúðalánasjóði vegna breyttra uppgjörsreglna og lægri seðilgjalda.

Áætlað er að C-hluta sjóðir verði reknir með um 9,2 milljarða króna hagnaði á árinu 2009, samanborið við 6,3 milljarða hagnað samkvæmt áætlun fjárlaga 2008 og 6,8 milljarða í ríkisreikningi 2007. Þyngst vegur 6,6 milljarða króna hagnaður Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem gengur til að viðhalda eiginfjárstöðu sjóðsins og standa undir framtíðarskuldbindingum hans. Hagnaður Íbúðalánasjóðs er áætlaður 2,4 milljarðar króna. Að teknu tilliti til liða sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi og breytinga á rekstrartengdum

eignum og skuldum er áætlað að handbært fé frá rekstri C-hluta sjóða verði samtals 21,6 milljarðar króna á árinu 2009. Það er 10,3 milljarða króna hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs og 45,2 m.kr. hækkun frá reikningi 2007.

Gert er ráð fyrir að veitt löng lán C-hluta sjóða á næsta ári verði samtals 101 milljarðar króna. Það er rúmlega 1,7 milljarða króna, eða 1,8%, hærri lánveitingar en áætlaðar eru á fjárlögum 2008. Munar mest um 83,7 milljarða króna lánveitingar Íbúðalánasjóðs, þar af 50,7 milljarða almenn íbúðalán og 33 milljarða til leiguíbúða. Lánveitingar Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru áætlaðar 14,2 milljarðar. Áætlað er að í heild lækki lánveitingar Íbúðalánasjóðs um 1,6 milljarða króna en að lánveitingar Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækki um 3,3 milljarða frá fjárlögum 2008. Þá er gert ráð fyrir að á árinu 2009 innheimti C-hluta sjóðir samtals 30,8 milljarða króna í afborganir af veittum löngum lánum en það er 5,7 milljarða króna lægri afborganir en áætlaðar eru á fjárlögum ársins í ár.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Fjármunatekjur	47.126,2	69.686,0
Fjármagnsgjöld	-43.956,5	-64.121,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	-2.508,3	-3.178,0
Hreinar fjármunatekjur	661,4	2.387,0
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	6.658,4	8.767,0
Aðrar rekstrartekjur	1.041,0	236,0
Önnur rekstrargjöld	-2.040,9	-2.221,6
Hagnaður (-tap)	6.319,9	9.168,4
Sjóðstreymi:		
Hagnaður (-tap)	6.319,9	9.168,4
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	5.389,0	12.551,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-428,0	-120,0
Handbært fé frá rekstri	11.280,9	21.599,4
Veitt löng lán	-99.238,5	-101.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	36.446,7	30.772,5
Varanlegir rekstrarfjármunir	-102,0	-108,0
Áhættufjármunir, nettó	914,0	475,0
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	-61.979,8	-69.860,5
Tekin löng lán	93.336,0	84.672,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-31.518,8	-32.086,0
Annað, nettó	-11.061,0	-2.721,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	50.756,2	49.865,0
Breyting á handbæru fé	57,3	1.603,9
Handbært fé í ársbyrjun	15.625,6	37.468,0
Handbært fé í árslok	15.682,9	39.071,9

Lántökur sjóða í C-hluta eru áætlaðar samtals 84,7 milljarðar króna en það er lækkun um 8,6 milljarða króna frá áætlun fjárlaga 2008. Afborganir af teknum lánnum eru áætlaðar rúmir 32 milljarðar en eru 31,5 milljarðar á fjárlögum yfirstandandi árs. Afföll af sölu verðbréfa Íbúðalánasjóðs árið 2009 eru áætluð 3,2 milljarðar en í fjárlögum yfirstandandi árs er reiknað með 11,6 milljarða króna afföllum. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins til 500 m.kr. aukið stofnfé eins og í fjárlögum 2008 og er þar um að ræða ráðstöfun á hluta af söluandvirði Landsíma Íslands.

Gangi framangreindar áætlanir eftir er gert ráð fyrir að handbært fé lánastofnana í C-hluta aukist um 1,6 milljarða króna á árinu 2009 og verði um 39 milljarðar króna í árslok.

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Útlán sjóðsins árið 2009 eru áætluð 14.176 m.kr. og aukast um 3.304 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2008 en um 5.427 m.kr. frá ríkisreikningi 2007. Samkvæmt því er gert ráð fyrir um 30% hækkun lánveitinga milli árána 2008 og 2009 en auk verðlags- og gengisþróunar munar mest um 15,5% fjölgun lánþega á Íslandi og erlendis. Því til viðbótar er áætluð 320 m.kr. hækkun vegna skólagjaldalána umfram þá hækkun sem leiðir af fjölgun lánþega. Eins og á undanförunum árum er framlag A-hluta ríkissjóðs til sjóðsins veitt á fjárlagalið 02-872 *Lánasjóður íslenskra námsmanna* og er í samræmi við það mat Ríkisendurskoðunar að framlagsþörf sé 51% af útlánnum eins og reiknað er með í fjárlögum 2008, auk framlags til að standa undir rekstri sjóðsins og vaxtastyrk til námsmanna. Framlag ríkissjóðs er samkvæmt þessu 7.723 m.kr. og þar af er áætlað að 294 m.kr. séu vegna rekstrar og 199 m.kr. vegna vaxtastyrks en hann er talinn með rekstrargjöldum. Í heild hækkar framlag ríkissjóðs um 1.785 m.kr. eða um 30% frá fjárlögum 2008.

Fjármunatekjur eru áætlaðar 6.200 m.kr., fjármagnsgjöld 4.890 m.kr. og framlög í afskriftasjóð útlána 2.000 m.kr. eða 14% af áætluðum útlánnum ársins. Hreinar fjármunatekjur eru samkvæmt þessu áætlaðar neikvæðar um 690 m.kr. en voru neikvæðar um 813,1 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og jákvæðar um 202 m.kr. í ríkisreikningi 2007. Miðað við framangreindar forsendur er áætlað að hagnaður sjóðsins verði 6.560 m.kr. sem er hækkun um 1.853 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Útlán sjóðsins eru verðtryggð og námu, að frádregnum afskriftareikningi, 83.784 m.kr. í árslok 2007. Námslán eru vaxtalaus á námstíma en fylgja neysliverðsvísitölu og bera að auki 1% vexti frá námslokum. Í árslok 2007 nam bókfært eigið fé sjóðsins 43.060 m.kr. en þar sem núvirði útlána var þá 21.836 m.kr. lægra en bókfært verðmæti þeirra nam núvirði eigin fjár 21.224 m.kr.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn innheimti 5.420 m.kr. í afborganir af veittum löngum lánnum og er það 577 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2008. Áætlað er að verja 79

m.kr. til kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum. Þá er áætlað að sjóðurinn taki 8.800 m.kr. að láni til langs tíma og greiði 5.125 m.kr. í afborganir af teknum lánum. Gangi framagreindar forsendur eftir er áætlað að handbært fé sjóðsins hækki um 20 m.kr. á árinu og verði 575 m.kr. í árslok.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

Íbúðalánasjóður

Útlán sjóðsins á árinu 2009 eru áætluð 83,7 milljarðar króna en eru 85,3 milljarðar króna í fjárlögum yfirstandandi árs og nemur lækkun milli ára tæpum 2%. Lántökur sjóðsins eru áætlaðar 72,9 milljarða króna en eru 82,3 milljarða króna í fjárlögum.

Fjármunatekjur næsta árs eru áætlaðar 61,9 milljarðar króna og hækka um 21,2 milljarða eða 52% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Fjármagnsgjöld eru áætluð 58,5 milljarðar króna og aukast um 19,8 milljarða króna eða 51% frá fjárlögum. Valda þar mestu aukin verðbólga og hærri vextir en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Áætlað er að leggja 625 m.kr. í afskriftarsjóð útlána en það svarar til 0,74% af áætluðum útlánám á árinu. Hreinar fjármunatekjur eru áætlaðar tæpir 2,8 milljarðar króna og hagnaður ársins 2,4 milljarðar.

Gert er ráð fyrir að innheimtar afborganir af veittum löngum lánum og uppgreiðsla eldri lána nemi 23,8 milljörðum króna en það er lækkun um 6,8 milljarða króna eða 22% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Afborganir sjóðsins af teknum löngum lánum eru áætlaðar 25,3 milljarðar króna og eru nánast óbreyttar frá áætlun fjárlaga.

Áætlað er að á árinu 2009 verði rekstrartekjur sjóðsins 191 m.kr. en það er 810 m.kr. eða 81% lækkun frá áætlun fjárlaga 2008. Í áætlun næsta árs er tekið mið af því að uppgjorsreglum Íbúðalánasjóðs var breytt á síðasta ári. Breytingin felst í því að uppgjörið er nú sett fram samkvæmt alþjóðlegum staðli sem nefnist IFRS. Samkvæmt IFRS reglum er gerð sú breyting á framsetningu tekna af lántökugjöldum að tekjunum er dreift á lánstíma lánanna og tekjufærðar með vaxtatekjum í rekstrarreikningi sjóðsins. Lántökugjöldin færast því ekki lengur að fullu til tekna á lánveitingarári undir tekjuliðnum aðrar rekstrartekjur eins og verið hefur til þessa. Þessi breyting veldur því að rekstrartekjur sjóðsins verða 686 m.kr. lægri en verið hefði eftir fyrri uppgjorsreglum. Auk þessa er gert ráð fyrir nokkurri lækkun á öðrum tekjum sjóðsins vegna breytingu sem gerð var á innheimtu gjalds af greiðsluseðlum, en gjaldið var lækkað úr 195 krónum í 75 krónur fyrir hvern seðil.

Rekstrargjöld næsta árs eru áætluð 1.051 m.kr. og er það 1,5% hækkun frá áætlun ársins 2008. Tekið er mið af því að kjarasamningar verða lausir á næsta ári og því er óvissa um þróun launkostnaðar. Við áætlunina er gert ráð fyrir því að starfsemi sjóðsins verði með svipuðum hætti og verið hefur.

201 Íbúðalánasjóður, húsbrefadeild.

Fjármunatekjur húsbrefadeildar á árinu 2009 eru áætlaðar 19,2 milljarðar króna og fjármagnsgjöld 16,5 milljarðar. Framlag í afskriftasjóð útlána er 140 m.kr. og hreinar fjármunatekjur 2,6 milljarðar. Rekstrartekjur deildarinnar eru áætlaðar 42 m.kr., rekstrargjöldin 51 m.kr. og hagnaður ársins 2,6 milljarðar króna. Innheimtar afborganir veittra lána eru áætlaðar 11,9 milljarðar króna og afborganir sjóðsins af útgefnum húsbrefum eru áætlaðar 6,7 milljarðar. Reiknað er með að handbært fé deildarinnar aukist um 13,3 milljarða króna á árinu og verði 32 milljarðar í árslok 2009.

205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir og aðrir lánaflokkar. Heildarlánveitingar til leiguíbúða og annarra lánaflokka á næsta ári eru áætlaðar um 33 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir fjölgun leiguíbúða og aukningu niðurgreiðslna vegna leiguíbúða fyrir fólk með tekjur og eignir undir ákveðnum viðmiðunarmörkun í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga á fyrri hluta árs 2008. Íbúðum verður fjölgað úr 400 í 750 á ári og jafnframt verður meðallán út á hverja íbúð hækkað úr 16,3 m.kr. í 18,5 m.kr. Áætluð heildarútlán vegna þessara aðgerða á árinu 2009 eru 13,9 milljarðar króna. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lána allt að 15 milljarða króna til almennra leiguíbúða á vöxtum sem taka mið af fjármögnunarkostnaði Íbúðalánasjóðs hverju sinni. Á árinu 2008 hefur orðið nokkur aukning í eftirspurn eftir lánnum til leiguíbúða. Gera má ráð fyrir að eftirspurnin aukist frekar miðað við þann samdrátt sem orðið hefur í sölu nýrra íbúða. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 700 milljónum króna í greiðsluerfiðleikalán. Loks er gert ráð fyrir að lána allt að 3,5 milljarða króna til byggingar á þjónustumiðstöðvum og íbúðum sem eru sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra. Ennfremur til byggingar eða kaupa á sambýlum fyrir fatlaða, meiriháttar utanhússviðgerða á þeim félagslegu íbúðum sem sveitarfélög hafa innleyst og til lána til einstaklinga með sérþarfir, til lána og styrkja til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði og vistheimila fyrir börn og unglinga sem rekin eru af einkaaðilum, sjálfseignarstofnunum og félagsamtökum. Reiknað er með að niðurgreiðsla vaxta vegna leiguíbúða nemi 480 m.kr. á árinu 2009. Lántökur deildarinnar á næsta ári eru áætlaðar 30,4 milljarðar en það er 4,9 milljörðum meira en áætlaðar lántökur á fjárlögum 2008. Reiknað er með að sjóðsstaða deildarinnar versni um ríflega 6 milljarða króna á árinu og verði neikvæð um 2,6 milljarða króna í árslok 2009.

211 Íbúðalánasjóður, viðbótlán. Með breytingum, sem gerð voru á lögum um húsnæðismál í desember 2004 var veitingu viðbótlána hætt. Í frumvarpinu er því hvorki gert ráð fyrir nýjum lánveitingum eða lántökum í tengslum við lánaflokkinn. Sjóðsstaða er áætluð jákvæð um 1.437 m.kr. í árslok 2009 og er það 290 m.kr. hækkun frá áætlaðri sjóðsstöðu í árslok 2008.

215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóður ríkisins og verkamanna. Áætlað er að á árinu 2009 verði 968 m.kr. tap af rekstri sjóðanna en áætlað tap þeirra í fjárlögum yfirstandandi árs er 1.112 m.kr. Sjóðirnir hafa ekki stundað útlánastarfsemi síðan Íbúðalánasjóður tók til starfa. Því er hvorki gert ráð fyrir nýjum lánveitingum eða lántökum vegna þeirra. Sjóðstaða er áætluð 8.658 m.kr. í árslok 2009 og er það 2.814 m.kr. hækkun frá áætlaðri sjóðstöðu í árslok 2008.

219 Almenn íbúðalán. Áætlað er að á árinu 2009 muni fjármunatekjur deildarinnar nema um 25,6 milljörðum króna og nemur vöxtur þeirra um 59% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Fjármagnsgjöldin eru áætluð 23,8 milljarðar og hækka um rúm 73% frá fjárlögum. Eins og áður hefur komið fram veldur hér mestu um horfur á hærri verðbólgu á árinu 2009 en reiknað var með að yrði á árinu 2008 við afgreiðslu fjárlaga þess árs. Áætlað er að leggja 302 m.kr. í afskriftasjóð útlána sem er 0,6% af áætluðum útlánnum. Hreinar fjármunatekjur eru áætlaðar 1.480 m.kr. og hagnaður ársins 855 m.kr. Gert ráð fyrir að á næsta ári verði heildarútlán deildarinnar 50,7 milljarðar króna en það er samdráttur um 13,6 milljarða frá fjárlögum 2008. Lántökur deildarinnar á næsta ári eru áætlaðar 42,5 milljarða króna og lækka um 14,3 milljarða frá fjárlögum 2008. Í áætlunum deildarinnar er reiknað með svipuðu vaxtastigi á verðbréfamarkaði á árinu 2009 og á yfirstandandi ári.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Hann fjárfestir í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum og tekur því mun meiri áhættu en aðrar lánastofnanir ríkisins. Innan sjóðsins er rekin Tryggingardeild útflutnings sem veitir tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning. Í árslok 2005 ákvað Alþingi að leggja sjóðnum til 1.500 m.kr. af söluandvirði Landssíma Íslands og verður 500 m.kr. lokagreiðsla þess innt af hendi á árinu 2009. Nýverið náðist samkomulag um stofnun Frumtaks, samlagssjóðs Nýsköpunarsjóðs, stóru bankanna þriggja og stærstu lífeyrissjóða landsins. Gert er ráð fyrir að á næstu árum muni Frumtak hafa 4,6 milljarða króna til fjárfestinga í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum sem þykja vænleg til vaxtar og útrásar. Nýsköpunarsjóður leggur fram 1,5 milljarða króna, bankarnir jafn háa fjárhæð og lífeyrissjóðirnir 1,6 milljarða. Áætlað er að reka sjóðinn með 187 m.kr. hagnaði árið 2009 eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum 2008 en árið 2007 var 201 m.kr. tap á rekstri sjóðsins. Bætt afkoma skýrist af auknum fjármagnstekjum. Að öðru leyti er gert ráð fyrir litlum breytingum í rekstri sjóðsins milli árana 2008 og 2009 og áætlað er að í árslok 2009 verði handbært fé sjóðsins 2,3 milljarðar króna.

371 Orkusjóður. Meginhlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með styrkjum eða lánum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Sjóðurinn veitir lán til jarðhitaleitar, þar sem hagkvæmt þykir, til að draga úr kostnaði við upphitun húsnæðis. Einnig veitir hann styrki til þróunarverkefna, rannsókna og fræðslu sem stuðlar að minni notkun á jarðefnaeldsneyti. Gert er ráð fyrir að á árinu 2009 fái sjóðurinn 36 m.kr. rekstrarframlag frá A-hluta ríkissjóðs og er gert ráð fyrir fjárveitingu til þess á fjárlagalið 11-371 *Orkusjóður*. Miðað er við að framlagið og hreinar fjármunatekjur að fjárhæð 15 m.kr. standi undir rekstrarútgjöldum sjóðsins. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn auki útlán sín verulega og að þau verði 122 m.kr. á næsta ári samanborið við 20 m.kr. áætlun á fjárlögum 2008. Aukin útlán skýrast af því að Orkuráð hefur lagt til við iðnaðarráðherra að veitt verði 102 m.kr. jarðhitaleitarlán úr Orkusjóði til Orkubús Vestfjarða. Rannsóknarstyrkir munu aukast vegna þátttöku Íslands í Northern European Innovative Energy Research en hlutur Íslands í því samstarfi nemur 200 þús. evrum. Samstarfsverkefninu er ætlað að hvetja til rannsókna á endurnýjanlegum og vistvænum orkugjöfum og aukinni notkun þeirra á norðurslóðum. Rekstrarstaða sjóðsins veikist verulega því gert ráð fyrir 51 m.kr. framlagi í afskriftarsjóð útlána og er áætlað tap sjóðsins á komandi ári 40,6 m.kr. Áætlað er að handbært fé sjóðsins verði 90 m.kr. í árslok 2009.

